









# FRÉTTABLAÐIÐ

Helgarútgáfa
2. apríl 2011
77. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA 2001-2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI




### Var ekki hugað líf

*Þuríður Sigurðardóttir um bransann og lífshættuna sem breytti lífi hennar.*

**tónlist** 32



### Frægasta sófagræjan

*Nýja iPad-spjaldtölvan frá Apple borin saman við helstu keppinauta.*

**tækni** 34

### Sagan í hnotskurn

*Sögulegur skáldskapur síðasta áratugar á Íslandi.*

**bækur** 38

3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu

Heimili | Allt | Allt atvinna






**FJÖLHÆFUR** Þótt Jóhann G. Jóhannsson sé best þekktur sem leikari gegnir hann fjölda annarra starfa, meðal annars sem sjónvarpsmaður, kvikmyndaframleiðandi og framkvæmdastjóri eigin fyrirtækis. **Sjá síðu 36**

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Framhaldsskólar öllum opnir í haust

**Stjórnvöld stefna á að tryggja öllum umsækjendum 25 ára og yngri framhaldsskólavist næsta haust. Nemendum í framhalds- og háskólum fjölgar um þúsund. Starfstengd úrræði fyrir 3.000 atvinnulausa.**

**MENNTAMÁL** Öllum umsækjendum í framhaldsskóla, sem eru 25 ára og yngri og uppfylla inntökuskilyrði, verður tryggð skólavist næsta haust. Þetta kemur fram í drögum að aðgerðapakka sem ríkisstjórnin kynnti fyrir aðilum vinnumarkaðarins í gær og Fréttablaðið hefur undir höndum.

Í drögunum er einnig gert ráð fyrir því að þeim sem eldri eru sé „gefinn kostur á úrræðum í framhaldsfræðslu“ og heildstætt fjarnám á framhaldsskólastigi verði í boði. Talið er að þessi úrræði og tengdar aðgerðir muni kosta ríkissjóð um 850 milljónir króna á ári.

Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, segir í samtali við Fréttablaðið að um afar þarft verkefni sé að ræða, enda sé gert ráð fyrir að úrræðið geti fjölgað námsfólki í framhaldsskólum og háskólum um eitt þúsund.

„Það er engin spurning að menntun er stór þáttur í uppbyggingu til framtíðar. Um sjötíu prósent þeirra ungmenna sem eru atvinnulaus nú eru bara með grunnskólapróf. Hugmyndin er að nota þessar menntastofnanir betur og opna fyrir þessum hópi til að koma einstaklingum aftur í nám.“

Auk þessa gera drög stjórnvalda ráð fyrir að starfstengdum úrræðum fyrir atvinnuleitendur verði fjölgað úr 1.500 í 3.000 á þessu ári, en það mun lækka útgjöld Vinnumálastofnunar um 400 milljónir króna vegna lægri bótagreiðslna.

Það er ekki síður mikilvægt úrræði að mati Gissurar.

„Það er fyrst og fremst vegna þess að starfstengd úrræði inni í fyrirtækjum eru einfaldlega langárangursríkasta úrræðið til að koma fólki af bótum og í vinnu.“

Ofantalin úrræði einskorðast í bili við næsta skólaár, en til lengri tíma litið er gert ráð fyrir enn frekari aðgerðum til að efla menntun. Meðal annars verður nám í framhaldsfræðslu samræmt framhaldsskólanámi enn frekar, svo að framhaldsskólum verði hægara um vik að meta til eininga þá áfanga sem teknir eru í framhaldsfræðslu.

Þá verði leitast við að tryggja þeim sem hafa verið á vinnumarkaði framfærslu á meðan þau stunda nám, starfstengt nám verði eflt frekar og tryggt að það auki réttindi og bæti kjör fólks á vinnumarkaði.

Að sögn Gissurar verða úrræðin kynnt á næstu vikum og mánuðum.

- þj / sjá síðu 16

### 800 synjað í fyrra

Fréttablaðið hefur að undanförnu birt ítarlegar fréttaskýringar þar sem atvinnuleysi hérlendis er krufið til mergjar. Í einni greininni var rætt við ungt atvinnulaust fólk á Suðurnesjum sem var fast í viðjum atvinnuleysis og þar kom fram skýrt dæmi um einstakling sem hafði verið synjað um skólavist tvö ár í röð.

Samkvæmt tölum Vinnumálastofnunar var 800 umsækjendum synjað um skólavist í framhaldsskólum síðasta haust. Þar af voru 200 á atvinnuleysisskrá.





Minnum á prjónakaffið hjá okkur mánudaginn 4. apríl.
kl. 19.00 - 21.30

Vorum að taka upp nýtt og yndislegt garn.

Sjón er sögu ríkari.

Garnbúðin Gauja

Garnbúðin Gauja • Álfabakka 14a • sími 571 2288 • www.gauja.is



## SPURNING DAGSINS



*Ragnheiður, var góður afrakstur eftir Mottumars?*

„Já, við rökuðum að okkur fé í þágu góðs málefnis.“

Ragnheiður Haraldsdóttir, formaður Krabbameinsfélagsins, er ánægð með útkomuna í Mottumars-átakinu. Þátttakendur hafa eflaust verið rakstri fegnir.

Alþjóðadómstóllinn vísar máli Georgíumanna vegna þjóðernishreinsana frá:

# Ríkin reyndu ekki að semja

**HOLLAND, AP** Alþjóðadómstóllinn í Haag hefur vísað frá máli Georgíu gegn Rússlandi vegna þjóðernishreinsana í tveimur héruðum Georgíu, Abkasíu og Suður-Ossetíu.

Meirihluti dómara taldi að dómstóllinn hefði ekki lögsögu í málinu vegna þess að ríkin tvö hefðu ekki reynt að semja í deilunni áður en farið var með hana fyrir dómstóla.

Georgíustjórn lagði fram kvörtun undir lok fimm daga stríðsátaka árið 2008 og hélt því fram að rússnesk yfirvöld og sveitir málaliða hefðu á tveimur áratugum myrt þúsundir Georgíumanna í héruðunum tveimur og hrakið um þrjú hundruð þúsund þeirra á flótta. Stríðið hófst 7. ágúst 2008 og því lauk með vopnahléi 12. ágúst. Rússar hafa einir ríkja viðurkennt sjálfstæði héraðanna tveggja.

Fulltrúi Georgíustjórnar sagðist vonsvikinn vegna frávísunarinnar og útilokaði ekki að nýtt mál yrði höfðað seinna. Utanríkisráðherra Rússlands var hins vegar ánægður og sagði niðurstöðuna í samræmi við málflutning Rússa.

Málinu er því lokið á vettvangi Alþjóðadómstólsins en hjá Alþjóðaglæpadómstólnum er verið að rannsaka bæði ríkin vegna gruns um stríðsglæpi í fimm daga stríðinu. **- þeb**



**ALÞJÓÐADÓMSTÓLLINN** Dómararnir sextán ganga inn í réttarsalinn í gær. Fulltrúar Georgíu og Rússlands fylgdust með. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Blóðug mótmæli í Afganistan:

## Starfsmenn SÞ meðal látinna

**AFGANISTAN** Tólf létust í mótmælum í afgönsku borginni Mazar-i-Sharif í gær, þar af þrír starfsmenn Sameinuðu þjóðanna, fjórir nepalskir öryggisverðir og fimm afganskir mótmælendur.

Mótmælendurnir réðust inn á skrifstofur Sameinuðu þjóðanna þegar þeir voru að tjá andúð sína á prestinum Wayne Sapp, sem brenndi Kóraninn í kirkju í Flórída 21. mars.

Staðfest er að einn Svíi og einn Norðmaður létust en þjóðerni hins þriðja er óþekkt. **- sh**




**OBAMA ÁKALLAÐUR** Mótmælendur söfnuðust saman í Jemen í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Krefjast afsagnar forsetans:

## Hundruð þúsunda mótmæla

**JEMEN, AP** Mótmælendur fjölmenntu í borgum Jemens til að þrýsta á um afsögn forsetans, Ali Abdullah Saleh.

Talið er að mótmælin hafi verið þau fjölmennustu til þessa og þátttakendur skipt hundruðum þúsunda.

Margar moskur í höfuðborginni voru lokaðar í gær vegna mótmælanna, sem er einsdæmi á föstudegi, bænadegi múslima.

Mótmælendur hafa í meira en mánuð krafist afsagnar forsetans, sem ríkt hefur í 32 ár og segir hættu á upplausn láti hann af embætti. **- gb**

# Glerbytna fyrir gesti í Þingvallaþjóðgarði

**Tveir skipstjórar sem vilja bjóða upp á siglingar á rafknúnum glerbotnsbáti á Þingvallavatni fá jákvæðar undirtektir í Þingvallanefnd. Á stefnuskrá þjóðgarðsins er að kynna lífríki vatnsins með því að veita gestum sýn undir yfirborðið.**

**FERÐAMÁL** Skipstjórarnir Gissur Baldursson og Snæbjörn Ólafsson hafa sótt um leyfi til að sigla með farþega á Þingvallavatni á rafknúnum bát með útsýnisbotni úr gleri.

Sérstaklega er óskað eftir heimild til siglinga í landi þjóðgarðsins við norðanvert Þingvallavatn. „Vatnið er auðvitað afburðatært. Við höfum hitt marga sem segja okkur að þarna sé mikið að sjá, sérstaklega á þessum slóðum. Bæði er landslagið ofan í vatninu alveg stórfenglegt með sínum djúpu gjám og síðan er fjölskrúðugt lífríki í vatninu,“ segir Gissur, sem lofar hljóðlátri siglingu sem ekki spilli kyrrðinni í friðlandinu.



**GISSUR BALDURSSON**

Smíða og hanna á rafbátinn hér landi og segir Gissur áætlað að hann taki um þrjátíu farþega. Gissur telur það styrkja umsókn þeirra Snæbjörns að í núgildandi stefnu fyrir þjóðgarðinn segir að áhersla „verði lögð á að kynna lífríki vatnsins fyrir gestum á áhugaverðan hátt með því að bjóða þeim að skyggnast undir yfirborðið með ýmsum ráðum“.

Þá segir Gissur mikils vert að gera tilraunir með rafbát. „Af því að dæma sem við höfum kannað geta menn nýtt þann möguleika miklu betur. Til dæmis gætu hvalaskoðunarbátar og bátar í slíkum styttri ferðum allir verið rafknúnir,“ segir hann.



**NÝJUNG Á ÞINGVÖLLUM** Ef áform tveggja skipstjóra fá meðbyr í Þingvallanefnd munu þeir líða með farþega sína í hljóðlausum rafmagnsbáti til að skoða undir yfirborð Þingvallavatns. Báturinn á myndinni er erlendur. SAMSETT MYND/GVA/NORDIC PHOTO

Umsókn Gissurar og Snæbjörns var tekin fyrir í Þingvallanefnd fyrir tveimur mánuðum. Nefndin fól þá Ólafi Haraldssyni þjóðgarðsverði að kanna málið nánar, meðal annars með tilliti til þess hvar báturinn gæti haft lægi og hvert aðstöðugjaldið ætti að vera. Einnig þyrfti að greiða úr rafmagnsmálum, en ekkert rafmagn er í Vatnskoti þar sem Gissur og Snæbjörn hafa helst hug á að vera.

Ekki náðist í Ólaf, sem er í orlofi en Gissur segir þjóðgarðsvörðinn afar jákvæðan gagnvart verkefninu og þegar hafa gert umsögn sína. Hins vegar hafi Þingvallanefnd ekki fundað aftur.

„Það hafa allir tekið mjög vel í þetta. Það eina sem okkur er vantar er leyfið og þá getum við hafist handa við að ljúka endanlegri hönnun bátsins og látið smíða hann,“ segir Gissur, sem kveðst vonast til að geta hafi siglingarnar sumarið 2012. **gar@frettabladid.is**

Féll fram af svölum í átökum:

## Tvö ár í fangelsi fyrir hrottaskap

**DÓMSMÁL** Hálffertugur maður, Ingvar Árni Ingvarsson, var í gær dæmdur í tveggja ára fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir hrottalegt ofbeldi gegn sambýliskonu sinni.

Ingvar var fundinn sekur um að hafa haldið konunni nauðugri í íbúð sinni, rifið í hár hennar og slegið hana og síðan veist að henni þegar hún reyndi að flýja fram af fjögurra metra háum svölum með þeim afleiðingum að hún féll til jarðar og slasaðist illa.

Þá var Ingvar einnig dæmdur fyrir að reyna að kúga tvær milljónir út úr konunni með því að hóta henni og bróður hennar ofbeldi, og að hóta því að limlesta son annarrar konu. Ingvar, sem á nokkurn sakaferil að baki, er dæmdur til að greiða sambýliskonunni 860 þúsund krónur í bætur. **- sh**

Forsetahöllin umkringd:

## Gbagbo komið frá á Fílabeinsströndinni

**FÍLABEINSSTRÖNDIN, AP Fylgismenn Alassane Ouattara, réttkjörins forseta Fílabeinsstrandarinnar, umkringdu forsetahöllina í Abidjan, stærstu borg landsins, í gær. Þar situr Laurent Gbagbo, forseti undanfarin 10 ár, en hann hefur neitað að láta af völdum þrátt fyrir að hafa tapað forsetakosningum í haust.**



**LAURENT GBAGBO**

**Stuðningsmenn mannanna tveggja sem tókust á í kosningunum hafa átt í átökum víða um landið. Nú sér hins vegar fyrir endann á þeim en búist er við því að Gbagbo verði komið frá völdum um helgina. - mþl**






Héraðsdómur staðfestir forsendur Icesave-samningsins:

# Heildsöluinnlán forgangskröfur

**DÓMSMÁL** Heildsöluinnlán gamla Landsbankans og Glitnis teljast forgangskröfur í þrotabú bankanna samkvæmt úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur í gær. Dómurinn úrskurðaði jafnframt að neyðarlögin svokölluðu brytu ekki í bága við eignarréttarvernd eða jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar.

Héraðsdómur tók afstöðu til alls níu mála í gærmorgun þar sem þess var krafist að heildsöluinnlán yrðu metin sem almennar kröfur í þrotabú bankanna. Slitastjórn Landsbankans hefur talið heildsöluinnlánin til forgangskrafna en slitastjórn Glitnis talið þau til almennra krafna. Héraðsdómur staðfesti mat slitastjórnar Landsbankans og þar með þær forsendur sem gengið hefur verið út frá í útreikningum um mögulegan kostnað við fyrirliggjandi Icesasve-samninga.

Samninganefnd Íslands í Icesave-deilunni sendi frá sér tilkynningu í kjölfar dómanna í gær. Þar segir að niðurstaða þeirra styrki forsendur Icesave-samninganna og dragi úr réttaróvissu um stöðu þeirra sem geri kröfu til að njóta forgangs við úthlutun úr búi Landsbankans. Af því leiði að slitastjórnin geti að öllum líkindum hraðað úthlutun úr búinu frá því sem samninganefndin hafi gert ráð fyrir. Við það dragi markvert úr kostnaði ríkisins við vaxtagreiðslum af höfuðstól þeirrar fjárhæðar sem íslenska ríkið endurgreiði Bretum og Hollendingum samkvæmt samningunum.



**HÉRAÐSDÓMUR** Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort málunum níu verður áfrýjað til Hæstaréttar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Dómurinn hefur að öðru óbreyttu þau áhrif að almennir kröfuhafar í bú Glitnis munu fá minna í sinn hlut en áður hefur verið gert ráð fyrir. **- mþl**

## SJÁVARÚTVEGUR

### Karfi hækkar í verði

Á fundi úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna í gær var ákveðið að hækka verð á karfa, sem ráðstafað er til eigin vinnslu eða seldur til skyldra aðila, um fimm prósent. Verð þetta gildir frá og með 1. apríl 2011.



tilboð
15stk
Túlipanar
999kr
FAGNAÐU VORINU
með Blómavali
Kryddplöntur
Mikið úrval stórar og flottar plöntur
Berjarunnar
Margar tegundir
Kryddplöntur:
Thymian, Oregano, Melissa, Lavender og Rósmarín
Jarðaberjaplöntur
Roman og Sengan Sengana
Sólber
Bláber
Rifsber
Útsæði
5 kg
890kr
30%
afsláttur
af blómanæringu!
KEKKILÄ
Útsæðiskartöflur
Gullauga, Helga, Premier og rauðar
Blómvendir
á betra verði!
Aðeins
1190kr
Liljur og blandaðir vendir
Blómaportið
alla föstudaga og laugardaga
KAFFI GARÐUR Skútuvogi
opið laugardag 12:00-16:00
Gulrótakaka og kaffi
290kr
blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Akranes - Ísafjörður - Selfoss - Reykjanesbær - Dalvík

## GENGIÐ 01.04.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 114,27 | 114,81 |
| Sterlingspund | 183,38 | 184,28 |
| Evra | 161,58 | 162,48 |
| Dönsk króna | 21,668 | 21,794 |
| Norsk króna | 20,646 | 20,768 |
| Sænsk króna | 18,073 | 18,179 |
| Japanskt jen | 1,3646 | 1,3726 |
| SDR | 180,56 | 181,64 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
216,2161

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir gagnrýnir björgunaraðferð meirihlutans:

# Ámælisvert að fara írsku leiðina

**BORGARMÁL** „Ég get alls ekki samþykkt að við förum „írsku leiðina“ til að bjarga Orkuveitunni,“ segir Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, um fimmtíu milljón króna aðgerðaáætlun vegna fjárhagsvanda Orkuveitu Reykjavíkur, sem samþykkt var í borgarstjórn á fimmtudag. Minnihlutinn sat hjá þegar málið var borið undir atkvæði.

„Við erum almennt á því að það þurfi aðgerðir en mér finnst ekki í lagi að allar byrðarnar séu lagðar á borgarbúa án þess að kanna hvort lánardrottnar taki ekki á sig kostnað líka enda bera þeir mikla ábyrgð.“


ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR

Hún segist hafa fengið þau svör frá meirihlutanum á borgarstjórnarfundinum á fimmtudag, þegar hún spurði hvort ekki hefði verið kannað hvort lánardrottnar hefðu til dæmis verið fáanlegir til að slá af skuldum, breyta tímasetningum eða lækka vexti, að það hefði ekki verið gert. „Þetta er ámælisvert,“ segir hún.

Með „írsku leiðinni“ vísar hún til þess þegar írska ríkisstjórnin tók á sig alla ábyrgð af skuldum írska bankakerfisins. Í Fréttablaðinu í gær kemur fram sá misskilningur blaðamanns að hún hafi viljað fara „írsku leiðina“, og leiðréttist það hér með. Hún var þvert á móti að gagnrýna þá aðferð borgarstjórnarmeirihlutans. - gb

Tæplega tvítugur ákærður:

# Með maríjúana, lauf og sveppi

**DÓMSMÁL** **Tæplega tvítugur piltur hefur verið ákærður fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra fyrir fíkniefnabrot.**

**Pilturinn var undir áhrifum fíkniefna við akstur þegar lögreglan stöðvaði hann.**

**Reyndist hann vera með töluvert af maríjúana, kannabislaufum og ofskynjunarsveppum á dvalarstað sínum.**

**Kannabisefnin hafði hann ræktað frá byrjun júlí og þar til húsleitin var gerð og hald lagt á uppskeruna.** - jss

Tölfræði um barneignir:

# Íslenskar konur þær frjósömustu í Evrópu

**FÓLK** **Frjósemi mældist hæst á Íslandi í nýlegri könnun Eurostat, tölfræðistofnunar ESB, á barneignum í ríkjum ESB, EFTA og umsóknarlöndum ESB.**

**Þar kom í ljós að hver kona á Íslandi átti 2,23 börn árið 2009, sem er aukning frá árinu 2003 þegar samsvarandi fjöldi var 1,99.**

**Næstu lönd eru Tyrkland, með 2,10 börn á hverja konu árið 2009, Írland með 2,07 og Frakkland með 2,00 börn.**

**Meðaltalið fyrir ESB-ríkin 27 var 1,60 börn árið 2009 og hafði hækkað úr 1,47 árið 2003.** - þj

Lesendur látnir hlaupa apríl:

# Tryppaeistun voru aprílgabb

**APRÍLGABB** Umfjöllun Fréttablaðsins á forsíðu og í Allt-kafla blaðsins í gær um að steikt tryppaeistu yrðu boðin til smakks í gamla söluturninum á Lækjartorgi í tilefni Hestadaga í Reykjavík var aprílgabb.

Er Úlfari Eysteinssyni matreiðslumeistara á Þremur frökkum þökkuð fyrirhöfnin og gamansemin að spila með. - þlg

## ÁRÉTTING

Í grein Svavars Gestssonar um veikt umboð í blaðinu í gær stendur að alltaf hafi verið samkomulag um stjórnarskrárbreytingar 1959, 1983, 1995 og 1999. Hið rétta er að alltaf var samkomulag nema 1959; þá vildu framsóknarmenn halda í einmenningskjördæmin.

# Sýnatöku úr íbúum vegna díoxíns lokið

**Lokið hefur verið við að taka sýni úr íbúum þriggja sveitarfélaga vegna díoxínmengunar frá sorpbrennslum. Tekin voru blóð-, brjóstamjólkur- og hársýni. Tekin voru sýni úr tug manna. Háskóli Íslands undirbýr stóra rannsókn.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Fyrsta hluta heilsufarsrannsóknar sóttvarnalæknis vegna díoxínmengunar frá sorpbrennslum á Ísafirði, Kirkjubæjarklaustri og Vestmannaeyjum er lokið. Ákveðið var að taka sýni úr íbúum til að ganga úr skugga um hvort díoxín, sem greinst hefur í skepnum, afurðum og fóðri í nálægð við sorpbrennsluna Funa á Ísafirði, hefði náð til íbúa.


HARALDUR BRIEM

Haraldur Briem sóttvarnalæknir segir að sýnatakan hafi gengið að óskum, þrátt fyrir að hún hafi dregist nokkuð frá því sem upphaflega var áformað. Íbúar hafi sýnt mikinn samstarfsvilja. Næsta skref er að koma blóðsýnum, auk brjóstamjólkursýnis, á rannsóknastofu erlendis til greiningar. Niðurstaðna er að vænta eftir fimm til sex vikur.

„Þetta er ekki stór hópur. Sennilega tugur manns sem gaf blóðsýni og ein kona sem gaf brjóstamjólkursýni,“ segir Haraldur. „Síðan verða tekin töluvert fleiri viðmiðunarsýni; tíu á Ísafirði og tíu á höfuðborgarsvæðinu í framhaldinu. Þetta verður talsvert stór hópur manna.“

Hluti af rannsókninni er að kanna blýmagn í hári, en ef blý mælist er líklegt að einnig sé þar að finna díoxín. Sérstök rannsókn á blýmagni í hári er síðan fyrirhuguð á vegum Háskóla Íslands og Matvælastofnunar; sótt hefur verið um styrki til þeirrar rannsóknar, sem gæti hafist eftir nokkra mánuði.



**BLÓÐTAKA** Tekin hafa verið sýni úr einstaklingum sem ætla má að hafi komist í snertingu við díoxín. Myndin tengist efni fréttarinnar ekki beint.

Meðal þeirra sem gáfu sýni á Ísafirði eru hjónin á Efri-Engidal, þar sem díoxín mældist upphaflega í kúamjólk. Einnig í hópnum er dóttir þeirra, sem gaf auk þess brjóstamjólkursýni, en hún bjó hjá foreldrum sínum á meðan hún gekk með barnið. Einn starfsmaður sorpbrennslunnar Funa gaf sýni.

Haraldur ítrekar að hann eigi ekki von á að fólk hafi orðið fyrir heilsutjóni af völdum mengunarinnar. Hins vegar snúi rannsóknin, sem á sér enga hliðstæðu hér á landi, að því mikilvæga atriði að leita upplýsinga um hvað gerðist í sveitarfélögunum þremur. Rannsóknin fellur inn í allsherjarútttekt þar sem Umhverfisstofnun mun meðal annars gera sérstaka rannsókn á jarðvegi í nágrenni við sorpbrennslurnar, auk annarra svæða þar sem er mengandi starfsemi. Sýnatakan er áformuð í maí næstkomandi. svavar@frettabladid.is



**FORSTJÓRI NASDAQ OMX** Robert Greifeld sagði í samtali við erlenda fjölmiðla í gær sameinaða kauphöll geta orðið sterka. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Bandarískur risi gæti orðið til:

# Nasdaq OMX býður í NYSE

**VIÐSKIPTI** Kauphallarsamstæðan Nasdaq OMX og evrópski markaðurinn Intercontinental Exchange lögðu í gær fram tilboð í hlutabréfamarkaðinn NYSE Euronext upp á 11,3 milljarða dala, jafnvirði tæpra 1.300 milljarða króna.

Nasdaq OMX samanstendur af Nasdaq-markaðnum í Bandaríkjunum, mörkuðum í fjórum Norðurlandaríkjum og í Eystrasaltsríkjunum. Kauphöllin hér er hluti af samstæðunni.

Bandaríska dagblaðið Los Angeles Times segir boðið geta sett strik í reikninginn enda hafi stjórn NYSE Euronext þegar tekið tilboði þýsku kauphallarinnar upp á 9,5 milljarða dala. - jab

## KÓPAVOGUR

### Bjóði út rekstur Salalaugar

Tveir bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokks leggja til í bæjarráði Kópavogs að rekstur Salalaugar verði boðinn út. „Útboð myndi leiða í ljós hvort hægt væri að létta á bæjarsjóði, lífga upp á rekstur laugarinnar og hækka þjónustustigið við íbúana,“ segir í tillögunni. Afgreiðslu hennar var frestað.

Rýmingarsala á málverkum



Gallery Art 2b
Opið Alla daga frá 12:00 til 18:00
Kauptún 3 - Garðabær - s: 533 22 00 - www.art2b.is

## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**HÆGLÆTIS VEÐUR** Það verður lítið hægt að kvarta undan veðrinu í dag. Hæglætis veður, úrkomulítið og nokkuð bjart. Það verður samt dálítið svalt norðaustan til og lítur út fyrir slyddu eða sjókomu þar á sunnudag. Suðvestanátt með vætu og hlýindum seint á mánudag.




| HEIMURINN | |
|---|---|
| Alicante | 21° |
| Basel | 22° |
| Berlín | 21° |
| Billund | 15° |
| Frankfurt | 23° |
| Friedrichshafen | 24° |
| Gautaborg | 12° |
| Kaupmannahöfn | 12° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 15° |
| Mallorca | 22° |
| New York | 11° |
| Orlando | 29° |
| Ósló | 6° |
| París | 22° |
| San Francisco | 16° |
| Stokkhólmur | 7° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

# Komaso, nördar!

## Fimm flott störf hjá 9. stærsta UT-fyrirtæki Norðurlanda

### AKUREYRI: Þjónustustjóri EJS

Skýrr leitar að öflugum þjónustustjóra til að stýra þjónustusviði EJS á Akureyri, sem er stærsti vinnustaður Norðurlands í þekkingariðnaði, en EJS er hluti af Skýrr. Þjónustustjóri hefur umsjón með daglegum rekstri þjónustudeildar.

Viðkomandi ber ábyrgð á skipulagningu og stjórnun verkefna, verkefnaúthlutun, verkefnaöflun og samningagerð. Einnig ber þjónustustjóri ábyrgð á samskiptum og samræmingu þjónustuaðgerða með það fyrir augum að byggja upp og viðhalda góðum samskiptum við viðskiptavini félagsins.

**Hæfniskröfur**

- Þekking og reynsla af stjórnun og rekstri
- Háskólamenntun eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af þjónustustjórnun í upplýsingatækni
- Leiðtogahæfileikar, skipulagshæfni og frumkvæði
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum

### AKUREYRI: Tæknimaður

Skýrr leitar að kraftmiklum tæknimanni til að sinna rekstri og þjónustu við tölvukerfi í hýsingu hjá EJS á Akureyri. Tæknimaður sinnir rekstri og þjónustu á kerfisleiguumhverfi EJS, rekstri og þjónustu við tölvukerfi í hýsingu og sér um aðra þjónustuveitingu á svæðinu.

Starfið felst meðal annars í uppsetningu og viðhaldi á búnaði og kerfum, ráðgjöf og samskiptum við viðskiptavini og samstarfsaðila. Viðkomandi þarf að hafa haldbæra reynslu og þekkingu á kerfisstjórn í Microsoftumhverfi og reynslu af sambærilegum rekstri. Microsoft- prófgráður og/eða aðrar prófgráður í upplýsingatækni eru æskilegar.

**Hæfniskröfur**

- Þekking og reynsla af rekstri tölvukerfa
- Háskólamenntun og/eða önnur menntun/reynsla sem nýtist í starfi
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfni, frumkvæði og mikil þjónustulund
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð

### Skýrr: Stórt og næs

Skýrr er stærsta fyrirtæki landsins í upplýsingatækni og er jafnframt níunda stærsta UT-fyrirtæki Norðurlanda með um 1.100 starfsmenn, þar af 600 á Íslandi. Skýrr býður þúsundum viðskiptavina heildarlausnir á sviði hugbúnaðar, vélbúnaðar og rekstrarþjónustu.

### Forritari veflausna (gúrú)

Skýrr leitar að snillingi til að vinna við forritun og uppsetningu vefja fyrir stóran hóp viðskiptavina fyrirtækisins. Við leitum að gúrú í vefmálum og bjóðum fjölbreytt og spennandi verkefni.

**Hæfniskröfur**

- Gott vald á CSS, HTML, JavaScript, jQuery og C#
- Þekking og reynsla af forritun í .NET
- Þekking og reynsla af forritun vefja
- Gríðarlegur áhugi á vefmálum og vefstöðlum
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð

### Sérfræðingur í Microsoft Dynamics NAV

Við leitum að hugbúnaðarsérfræðingi fyrir viðskiptalausnina Microsoft Dynamics Nav. Starfið felst í forritun, innleiðingum, uppfærslum og þjónustu við viðskiptavini fyrirtækisins á sviði Microsoft Dynamics Nav og þróun á sérlausnum Skýrr. Starfið felur jafnframt í sér ráðgjöf til viðskiptavina svo góð hæfni í samskiptum er nauðsynleg, sem og rík þjónustulund.

**Hæfniskröfur**

- Reynsla í Microsoft Dynamics Nav er æskileg og Microsoft Dynamics Nav prófgráður eru kostur
- Háskólagráða í tölvunar- eða verkfræði er jafnframt nauðsynleg

### Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar um þessi fimm störf veitir Ingibjörg Óðinsdóttir mannauðsstjóri Skýrr í 569 5100 eða ingibjorg.odinsdottir@skyrr.is.

Umsóknarfrestur er til og með 11. apríl næstkomandi. Sendið umsóknir gegnum skyrr.is. Fullum trúnaði heitið. Öllum umsóknum svarað.

### Ráðgjöf / Verkefnastjórn / Viðskiptaferlar

Skýrr þjónustar mörg stærstu fyrirtæki landsins á sviði hugbúnaðargerðar og ráðgjafar á sviði upplýsingatækni. Sérfræðingar okkar þjónusta aðila í öllum atvinnugreinum og við sinnum þar fjölbreyttum verkefnum allt frá smáum ráðgjafaverkefnum upp í sérsmíði á stórum rauntímakerfum. Við vinnum í fjölbreyttu tækniumhverfi þar sem okkar aðalmarkmið er að mæta þörfum viðskiptavinarins með fyrsta flokks þjónustu.

Við leitum nú að öflugum einstaklingum með haldgóða reynslu á sviði upplýsingatækni til að sinna verkefnastjórn og/eða ráðgjöf í verkefnum fyrir ýmsa viðskiptavini.

**Reynsla af einhverjum eftirtalinna sviða er æskileg.**

- Skjalastjórnun/skjalavistun
- Ferlagreiningar/kröfugerð
- Verkefnastjórn í stórum verkefnum
- Agile aðferðafræði, svo sem SCRUM/Kanban
- Samþætting kerfa

**Hæfniskröfur**

- Reynsla af margs konar tækniumhverfum
- Háskólamenntun í tölvunarfræði, verkfræði eða skyldum greinum
- 3–5 ára starfsreynsla

569 5100
skyrr@skyrr.is

SKÝRR
Velkomin

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 11-0447

## KJÖRKASSINN



*Heldurðu að það sé langt í kjarasamninga?*

| | |
|---|---|
| Já | 77% |
| Nei | 23% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ætlar þú að mæta og greiða atkvæði um Icesave-samninginn?*

Segðu skoðun þína á Visir.is. vísir

Samtökin Grænn apríl vilja vekja landsmenn til umhugsunar um umhverfismál:

# Umhverfisátak í aprílmánuði

**UMHVERFISMÁL** Umhverfisátakið Grænn apríl, sem stendur allan aprílmánuð, var sett af stað í gær. Tilgangur átaksins er að vekja Íslendinga til umhugsunar um umhverfismál og kynna grænar og umhverfisvænar vörur og þjónustu.

„Hugmyndin að baki átakinu er að nota aprílmánuð til þess að skoða stöðuna í umhverfismálum hér á landi. Svona mánaðarátak er einstakt á heimsvísu en 22. apríl er alþjóðlegur dagur umhverfisins,“ segir Valgerður Matthíasdóttir, meðlimur í samtökunum Grænum apríl sem nýverið voru stofnuð. „Við hér á Íslandi erum að mörgu leyti langt á eftir nágrannaþjóðum okkar hvað varðar meðvitund um umhverfismál. Við erum svo vön því að vera í svo mikilli nálægð við hreina og villta náttúru og vatnið okkar er svo gott. En við erum mjög slæm í öllu sem tengist úrgangi og rusli sem fylgir nútímaþjóðfélagi.“

Samtökin Grænn apríl hafa það að markmiði að hvetja ríkisstjórnina, sveitarstjórnir, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga til að vinna saman að því að gera apríl að grænum mánuði. Munu samtökin á næstu vikum standa fyrir fjölda fjölbreytilegra viðburða er varða umhverfismál. **- mþl**



**GRÆNN APRÍL** Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra setti átakið af stað í ráðhúsinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Statoil fann stóra olíulind:

# Stærsti olíufundur í áratug

**NOREGUR** Norska olíufélagið Statoil tilkynnti í gær að gríðarstór olíulind hefði fundist í Barentshafi, um 200 kílómetra norðvestur af Hammerfest.

Þetta er mesti olíufundur Norðmanna í meira en áratug. Talið er að olíulindin geymi á bilinu 150-250 milljónir fata af olíu.

Norskir fjölmiðlar áætla að verðmæti olíunnar þar sé á bilinu 100-165 milljarðar norskra króna, eða sem svarar 2.000 til 3.400 milljörðum íslenskra króna. **- kmu**


BJÓÐUM ALLAR TEGUNDIR
MASTERCARD
KREDITKORTA
Hafðu samband. Við hjálpum þér að velja rétta kortið.
kreditkort.is | Ármúla 28 KREDITKORT


# Priyanka sækir um ríkisfang hér á landi

**Priyanka Thapa hyggst sækja um íslenskan ríkisborgararétt til að koma í veg fyrir að hún verði send aftur til Nepals þar sem hennar bíður nauðungarhjónaband. Mannfræðingur segir að erfitt líf gæti beðið Priyönku í Nepal.**

**FÓLK** Velunnarar Priyönku Thapa hyggjast gera allt sem í þeirra valdi stendur til að halda henni hér á landi. Útlendingastofnun synjaði henni um dvalarleyfi í vikunni. Priyanka er 23 ára gömul nepölsk stúlka en í Nepal bíður hennar ókunnur fertugur karlmaður sem hefur keypt hönd hennar af fátækri fjölskyldunni. Ákveðið hefur verið að sækja um íslenskan ríkisborgararétt fyrir hana.



**SIGURÐUR ÖRN HILMARSSON**

„Við ætlum að leita allra leiða til að gera henni kleift að vera hér á landi áfram,“ segir Sigurður Örn Hilmarsson, lögmaður Priyönku. „Við teljum aðstæður hennar vera svo sérstakar að hún eigi í fyrsta lagi rétt á því að fá dvalarleyfi hér en jafnframt að þær réttlæti það að hún fái einfaldlega ríkisborgararétt frá Alþingi.“

Almennt er gerð krafa um að umsækjendur um ríkisborgararétt hafi búið hér á landi í sjö ár og hafi dvalarleyfi frá Útlendingastofnun. Ljóst er að Priyanka uppfyllir ekki þau skilyrði en fólk í hennar stöðu getur komist hjá þeim með því að sækja um ríkisborgararétt til Alþingis. „Þá setur Alþingi einfaldlega lög um að einhverjir tilteknir einstaklingar hljóti ríkisfang en það hefur Alþingi gert tvisvar á ári undanfarna áratugi,“ segir Sigurður Örn.

Priyanka hefur starfað sem barnfóstra hjá fjölskyldu á Suðurnesjum undanfarin misseri. Fjölskyldan hefur tekið ástfóstri við Priyönku og boðið henni að búa áfram hjá sér. Priyanka hefur auk þess stundað nám við háskólabrú Keilismeð mjög góðum árangri, en hún útskrifast þaðan í maí.



**PRIYANKA THAPA** Að öðru óbreyttu verður Priyönku gert að yfirgefa Ísland á næstu mánuðum. Hennar gæti beðið erfitt líf í Nepal. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Við ætlum að leita allra leið til að gera henni kleift að vera hér á landi áfram.
>
> **SIGURÐUR ÖRN HILMARSSON**
> LÖGMAÐUR PRIYÖNKU THAPA

Priyanka er óttaslegin um framtíðina en að öllu óbreyttu verður henni gert að yfirgefa Ísland á næstu mánuðum. Útlendingastofnun úrskurðaði að Priyanka uppfyllti ekki skilyrði um dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða og taldi ekki sannað að hennar biði hjónaband sem hún yrði neydd í.

Priyanka, fjölskylda hennar og lögmaður afla nú frekari sönnunargagna um stöðu hennar í Nepal. Líklegast verður farið fram á að málið verði tekið upp aftur af hálfu Útlendingastofnunar.

Ása Guðný Ásgeirsdóttir mannfræðingur hefur rannsakað stöðu kvenna í Nepal. Hún segir að Pryönku gæti beðið erfitt líf í Nepal. Landið sé meðal þeirra fátækustu í heimi og þar njóti konur almennt lítilla réttinda.

Á fimmtudag var stofnaður hópur á Facebook til stuðnings Pryönku en á tíunda tímanum í gærkvöldi höfðu rúmlega 6.000 manns gengið í hópinn.

**magnusl@frettabladid.is**


„Best væri vitaskuld að þurfa ekki að greiða neitt en frekar kýs ég það næstbesta en það versta. Þess vegna segi ég já.“



Gerður Kristný, rithöfundur

Já er leiðin áfram!

www.afram.is Áfram-hópurinn eru þverpólitísk grasrótarsamtök fólks sem telur að best sé fyrir okkur að ljúka Icesave málinu með samþykkt fyrirliggjandi samnings í þjóðaratkvæðagreiðslunni 9. apríl nk. Starf hópsins byggir á frjálsum framlögum einstaklinga og fyrirtækja og sjálfboðavinnu fjölda fólks.


Fullir kassar af málsskjölum afhentir verjendum í risavöxnu þjófnaðarmáli:

# Stórtæku þjófagengi birt ákæra

**DÓMSMÁL** Ákæra var þingfest í gær á hendur þjófagengi sem ber ábyrgð á einni mestu innbrotaöldu sem um getur á Íslandi.

Þrír mannanna hafa við skýrslutökur hjá lögreglu játað á sig 75 innbrot á höfuðborgarsvæðinu síðastliðið haust, frá september og fram að áramótum. Í öllum tilvikum var farið inn í heimahús og ýmsum munum stolið. Tjónið nemur tugum og jafnvel á annað hundrað milljónum.

Fjórði maðurinn er grunaður um að hafa keypt allt þýfið af þeim og selt með hagnaði. Sá fimmti er talinn eiga minni hlut að máli.

Þjófarnir þrír og kaupandinn tóku sér frest til að taka afstöðu til ákærunnar fyrir dómi í gær.

Fimmti maðurinn sagði við þingfestinguna að hann hefði einungis talið sig vera að hjálpa vini sínum að flytja, eins og hann hefði gert áður, en að hann hafi ekki vitað að hann væri að meðhöndla þýfi.

Verjendur mannanna fengu hver um sig í hendur fullan pappakassa af málsskjölum í héraðsdómi, enda er málið gríðarlega umfangsmikið.

Lögregla telur mennina fjóra hluta af skipulögðu glæpagengi Pólverja og Litháa hérlendis, einu fjögurra gengja sem nú skipti með sér íslenskum undirheimum. **- sh**



**STÁLU ÖLLU STEINI LÉTTARA** Enginn mannanna gekkst við sök fyrir dómi í gær. Þrír þeirra tóku sér frest til að taka afstöðu til ákærunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Nikon

*At the heart of the image*

## Með COOLPIX S2500 tekur þú skemmtilegri myndir

Nett og meðfærileg myndavél með 12.2 megapixla upplausn, NIKKOR gleiðhornslinsu, 4x aðdrætti og hristivörn. Sjálfvirkar umhverfisstillingar, stór 2.7" LCD skjár og hún fæst í 4 líflegum litum. Taktu skemmtilegar myndir við öll tilefni.

***Verð 19.995.-***

Með öllum Nikon vélum fylgir íslenskur leiðarvísir.




# I AM YOUR BEST DEAL




## NIKON D3100 Frábær fyrir alla

Frábær stafræn SLR myndavél með 14.2 megapixla C-MOS myndflögu og AFS18-55VR linsu. GUIDE valmyndakerfið auðveldar öllum að taka betri myndir á augabragði. D-Movie kvikmyndataka í fullri háskerpu (1920x1080) ásamt 11 punkta sjálfvirku fókus kerfi, háu ljósnæmi (ISO 100-3200) sem má framlengja í 12800, Live View og stórum 3"LCD skjá. Allir geta tekið betri myndir með D3100

***Verð 129.995.-***

**KAUPAUKI!**
Innifalið í kaupum á stafrænni SLR myndavél er 2,5klst byrjendanámskeið og Golla taska að verðmæti kr 17.995.-






**www.nikon.is**

**SÖLUAÐILAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**
Heimilistæki – Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík – 569 1500 - www.ht.is
Sjónvarpsmiðstöðin – Síðumúla 2, 108 Reykjavík – 568 9090 – www.sm.is
Beco – Langholtsvegi 84, 104 Reykjavík – 533 3411 - www.beco.is
Fotoval – Skipholti 50b, 105 Reykjavík – 553 9200 – www.fotoval.is
MAX – Kauptún 1, 210 Garðabær – 412 2200 – www.max.is
Hagkaup – Smáralind, 201 Kópavogur – 563 5000 – www.hagkaup.is
Tölvulistinn – Reykjavík, Hafnarfirði – 414 1700 – www.tl.is

**SÖLUAÐILAR Á LANDSBYGGÐINNI**
Samkaup – Borgarnesi, Blönduósi, Egilsstöðum, Seyðisfirði, Fáskrúðsfirði, Grundarfirði, Ísafirði; Hljómsýn – Akranesi; Blómsturvellir – Hellissandi; Skipavík – Stykkishólmi; Snerpa – Ísafirði; Kaupfélag V-Húnvetninga – Hvammstanga; Smárabær – Blönduósi; Skagfirðingabúð – Sauðárkróki; Verslunin Pan – Neskaupstað; Geisli – Vestmannaeyjum; Mosfell – Hellu; Heimilistæki – Reykjanesbæ, Selfossi, Akureyri og Húsavík; Tölvulistinn – Akureyri, Egilstaðir, Selfoss og Reykjanesbæ.

Húsafriðunarnefnd segist eiga að stuðla að varðveislu byggingararfs þjóðarinnar:

# Friðar flugturn í óþökk flugyfirvalda

**SKUPULAGSMÁL** Húsafriðunarnefnd leggur til við Katrínu Jakobsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra, að hún friði gamla flugturninn á Reykjavíkurflugvelli. Flugmálastjórn og Isavia, sem rekur flugvöllinn, leggjast eindregið gegn því að turninn standi áfram á sínum stað.

„Ástæða þess að Isavia leggst gegn þessu er að flugturninn er hindrun í flugbrautaröryggissvæði og því frávik frá öryggisreglum að hafa hann áfram á þeim stað þar sem hann er nú,“ segir Hjördís Guðmundsdóttir, upplýsingafulltrúi Isavia.

Hjördís undirstrikar að Isavia leggist eingöngu gegn friðun turnsins á núverandi stað. „Isavia gerir hins vegar ekki athugasemd við að turninn verði fjarlægður og enduruppbyggður á öðrum heppilegri stað í nágrenni flugvallarins eða annars staðar,“ segir hún.

Meðal ábendinga sem Húsafriðunarnefnd hefur fengið frá flugmálayfirvöldum er að jafnvel þótt turninn yrði friðaður og hann gerður upp myndi almenningur ekki geta notið hans. Ástæðan sé sú að byggingin sé á skilgreindu öryggissvæði sem óviðkomandi hafi ekki aðgang að.

Húsafriðunarnefnd segir hins vegar að óumdeilt sé að í aðalskipulagi Reykjavíkur fyrir árin 2001 til 2024 sé ákvæði um brottflutning flugvallarstarfsemi úr Vatnsmýrinni. Nefndinni beri „að stuðla að varðveislu byggingararfs þjóðarinnar og meta hvaða hús er rétt að friða hverju sinni og gera um það tillögur til mennta- og menningarmálaráðherra“. - gar



**GAMLI FLUGTURNINN** Auk flugmálayfirvalda hefur umhverfissvið Reykjavíkurborgar lagt til að flugturninn verði fjarlægður í þágu flugöryggis en húsafriðunarnefnd er á öðru máli. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

## VEISTU SVARIÐ?



1 Hver er formaður Samtaka atvinnulífsins?

2 Hvað safnaðist mikið í Mottumarskeppni Krabbameinsfélags Íslands?

3 Hvaða lið vann deildarkeppnina í handbolta karla?

SVÖR

1. Vilmundur Jósefsson, 2. Tæpar 30 milljónir króna, 3. Akureyri.

# Foringjaræði treyst og vald fært frá Alþingi

**Jón Bjarnason er afar gagnrýninn á frumvarp um breytingar á lögum um Stjórnarráðið. Áformaðar breytingar séu þvert á gagnrýni á vinnubrögð í aðdraganda hrunsins og í ósamræmi við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.**

**STJÓRNMÁL** Með áformuðum breytingum á lögum um Stjórnarráð Íslands er foringjaræði fest í sessi og vald fært frá Alþingi, þvert gegn margradda gagnrýni undanfarin misseri. Breytingarnar stuðla að því að hér verði einn yfirráðherra með allt að níu aðstoðarráðherrum sem yfirráðherrann ákveði hvað geri.

Þetta er mat Jóns Bjarnasonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, sem leggur til að frumvarp til breytinganna fari í tiltekinn farveg áður en það komi til kasta Alþingis. Vill hann að óvilhallir aðilar meti hvort breytingarnar samrýmist varnaðarorðum og vegvísi í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og að stjórnlagaráð veiti um það umsögn áður en það verði lagt fyrir þingið.

Jón bókaði andstöðu sína þegar frumvarpið var kynnt á fundi ríkisstjórnarinnar fyrir helgi. Efnisleg afstaða hans kemur fram í minnisblöðum sem til eru í ráðuneyti hans og Fréttablaðið hefur heimildir fyrir.

Eitt helsta gagnrýnisatriði Jóns er sú fyrirætlan að veita forsætisráðherra vald yfir hvaða ráðuneyti eru starfrækt og vald til að flytja málefni milli ráðuneyta. Alþingi fer í dag með það vald og telur Jón að þannig eigi það að vera. Flutningur valds frá þinginu til forsætisráðherra gangi þvert gegn umræðu sem verið hefur um skipan mála frá hruni.



**ÓSÁTTUR** Jón Bjarnason gerir marghháttaðar athugasemdir við frumvarp forsætisráðherra um breytingar á lögum um Stjórnarráðið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Jón geldur varhug við breytingunum og bendir á að mjög hafi verið gagnrýnt að í aðdraganda bankahrunsins hafi viðskiptaráðherra verið haldið utan við umræður og ákvarðanatökur. Slíkt verklag verði gert eðlilegt með breytingunum.

Heimild til flutnings verkefna milli ráðuneyta telur Jón geta stuðlað að gerræði þegar ágreiningur rís milli ráðherra og almennt telur hann breytingarnar gera stjórnkerfið óskýrara, vinna gegn gagnsæi og draga úr formfestu.

Að mati Jóns gengur frumvarpið gegn veigamikilli gagnrýni á skipan mála í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Telur hann réttast að nefndarfólkið; Páll Hreinsson, Sigríður Benediktsdóttir og Tryggvi Gunnarsson, geri sérstaka úttekt á frumvarpinu og máti það við gagnrýni sína.

Að auki varar Jón við að farið sé fram með málið ofan í fyrirhugaða vinnu nýskipaðs stjórnlagaráðs.

bjorn@frettabladid.is

FÉLAG RAFEINDAVIRKJA
STOFNAÐ 1968

**Aðalfundur Félags rafeindavirkja**

Aðalfundur Félags rafeindavirkja verður haldinn þriðjudaginn 12. apríl 2011 kl. 17:30 að Stórhöfða 27, gengið inn að neðanverðu (húsnæði Rafiðnaðarskólans)

**Dagskrá:**
Kynning: Námsframboð í Rafiðnaðarskólanum
Venjuleg aðalfundarstörf
Kosning fulltrúa FRV á þing RSÍ
Kosning fulltrúa á ársfund Stafa lífeyrissjóðs
Lagabreytingar
Önnur mál

Kveðja
Stjórnin

www.rafis.is/FRV

512 50 50 Auglýsingasími
Allt sem þú þarft...

**Þjónustu- og öryggisíbúðir fyrir 60 ára og eldri við Hrafnistu Hafnarfirði**

Nokkrar tveggja og ein þriggja herbergja íbúð við Hraunvang 1-3 eru til leigu. Í húsunum eru 64 glæsilegar íbúðir auk bílgeymslu fyrir 60 ára og eldri. Þetta eru tvö fjölbýlishús, sérhönnuð með þarfir eldri borgara í huga. Húsin standa á fallegum stað við Hrafnistu. **Innangengt er úr íbúðunum til Hrafnistu** og njóta íbúarnir öryggis frá heimilinu, einnig er í boði fjölbreytt þjónusta frá Hrafnistu. Íbúðirnar eru boðnar til leigu, auk leigu er greitt fyrir 30% afnotarétt og er sú greiðsla verðtryggð og er endurgreidd við flutning skv. nánari reglum. Leigjendur geta fengið húsaleigubætur skv. gildandi reglum.

- **Lausar eru örfáar tveggja herbergja íbúðir**
- **Laus er ein þriggja herbergja íbúð með glæsilegu sjávarútsýni**
- **Fjölbreytt þjónusta í boði frá Hrafnistu**



**Nánari upplýsingar**
Skrifstofa Sjómannadagsráðs, sími: 585-9301 / 585 9302 / 585-9500
asgeir.ingvason@hrafnista.is – www.hrafnista.is

das HRAFNISTA Reykjavík | Hafnarfjörður | Kópavogur
Sjómannadagsráð í Reykjavík og Hafnarfirði

# Að vel ígrunduðu máli og með langtímahagsmuni íslensku þjóðarinnar að leiðarljósi höfum við ákveðið að segja

# Já

## í kosningunum 9. apríl

Tuttugu fyrrverandi ráðherrar


**Eiður Guðnason**


**Friðrik Sophusson**


**Halldór Blöndal**


**Ingvar Gíslason**


**Jón Baldvin Hannibalsson**


**Jón Sigurðsson**


**Jón Sigurðsson**


**Jónína Bjartmarz**


**Kjartan Jóhannsson**


**Matthías Bjarnason**


**Ólafur G. Einarsson**


**Ragnhildur Helgadóttir**


**Rannveig Guðmundsdóttir**


**Sighvatur Björgvinsson**


**Siv Friðleifsdóttir**


**Sólveig Pétursdóttir**


**Sturla Böðvarsson**


**Sverrir Hermannsson**


**Valgerður Sverrisdóttir**


**Þorsteinn Pálsson**

*Áfram-hópurinn eru þverpólitísk grasrótarsamtök fólks sem telur að best sé fyrir okkur að ljúka Icesave málinu með samþykkt fyrirliggjandi samnings í þjóðaratkvæðagreiðslunni 9. apríl nk. Starf hópsins byggir á frjálsum framlögum einstaklinga og fyrirtækja og sjálfboðavinnu fjölda fólks.*

***Viljir þú leggja baráttunni fjárhagslegt lið eru b.nr: 0111-26-100244 og kt. 640311-0530. Það munar um allt.***

***Já er leiðin áfram!***

***Facebook | www.afram.is***

Við höfum mjög sterka réttarstöðu í Icesave.
En jafnvel þó við töpum er staðreyndin sú að:

**Dómur væri skárri en þessi samningur**



**Dómur:**
- Frá tjóni dragast allar endurheimtur úr búinu
- Má alltaf greiða í krónum
- Tekur örfá ár að fá niðurstöðu

**Samningur:**
- Við ábyrgjumst heimtur úr þrotabúinu
- Tap getur orðið 47-640 milljarðar
- Skal greitt í gjaldeyri
- Gildir í allt að 35 ár
- Við borgum vexti

**Taktu upplýsta ákvörðun.**
**Fellum Icesave 9. apríl!**

ADVICE www.advice.is

ADVICE hópurinn telur hagsmunum Íslands best borgið með því að fella Icesave-lögin þann 9. apríl. Auglýsingar og annað starf hópsins er greitt með frjálsum framlögum og vinnuframlagi sjálfboðaliða. Tölvupóstur: advice@advice.is

Boðuð breyting á jarðalögum sögð aðför að bændum og öðrum landeigendum:

# Nóg til af ræktanlegu landi

**STJÓRNMÁL** Landssamtök landeigenda telja enga þörf á endurskoðun jarðalaga og vara við að eigendur bújarða verði settir á klafa átthagafjötra með því að verðgildi jarða þeirra verði rýrt með vanhugsaðri lagasetningu.

Tilefni ályktunar landssamtakanna í þessa veru er ræða Jóns Bjarnasonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, á Búnaðarþingi. Í henni boðaði hann frumvarp til breytinga á jarðalögum, „einkum til að formfesta skynsamlega landnýtingu með tilliti til fæðuöryggis þjóðarinnar“.

Í tilefni þessara orða Jóns benda landssamtökin á að nóg er til af ræktanlegu landi á Íslandi og engin ástæða til að óttast um að fæðuöryggi sé stefnt í hættu vegna þess að skortur sé á landrými til landbúnaðar. Minna samtökin á að stutt sé síðan jarðalögin voru endurskoðuð og að ekki hafi verið sýnt fram á nauðsyn til breytinga. „Vonandi kemur aldrei sá tími aftur, þegar bændur vilja bregða búi, að þeir geti einungis selt eignarjörð sína fyrir sambærilegt verð og tveggja herbergja íbúð í Reykjavík kostar,“ segir í ályktuninni.



**Í SVEITINNI** Myndin er tekin undir Eyjafjöllum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Jafnframt segir að verði ábúðarskylda á jörðum lögfest muni bújarðir vafalaust falla í verði. Lagabreyting í þá veru sé því bein aðför að bændum og jarðeigendum. **- bþs**

Starfsmenn Arion í sérnámi:

## Boðar breytt vinnubrögð

**VIÐSKIPTI Þrjú hundruð starfsmenn Arion banka útskrifuðust á miðvikudag úr sérhæfðu námi frá háskólanum á Bifröst.**

**Námið hófst í fyrra og er liður í aukinni menntun starfsmanna bankans og breytingum á honum sem staðið hafa yfir.**

**Á meðal breytinganna er fækkun útibúa með sérhæfðu starfsfólki.**

**Þar verða jafnframt sérstakir fjármálaráðgjafar, sem fara í sérstakt nám til þess.**

**Í fyrsta hópnum sem fer í slíkt nám eru 47 af starfsmönnum bankans, samkvæmt upplýsingum frá Arion banka.** **- jab**





**ANGLO-IRISH BANK** Viðskiptavinir í biðröð við hraðbanka annars tveggja stóru bankanna sem ákveðið hefur verið að lifi af þjóðnýtingu bankakerfisins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Þrír á slysadeild**

Þrír voru fluttir á slysadeild með minni háttar áverka eftir árekstur strætisvagns og fólksbíls í Vesturbæ Reykjavíkur á fjórða tímanum í gær. Ekki er vitað hversu alvarleg meiðsl þeirra voru.

# Aðeins tveir af bönkunum sex fá að lifa

**Seðlabanki Evrópu kemur í veg fyrir að írsk stjórnvöld láti erlenda lánardrottna taka á sig hluta bankatapsins. Írska bankakerfið þarf meiri aðstoð en talið var. Aðeins tveir þjóðnýttu bankanna fá að lifa.**

**ÍRLAND, AP** Írska stjórnin vill enn fá því framgengt að erlendir kröfuhafar taki að hluta á sig skellinn af gjaldþroti írsku bankanna. Seðlabanki Evrópu, sem hefur höfuðstöðvar í Frankfurt, hefur hins vegar staðið í veginum.

Á fimmtudag leiddi nýtt álagspróf í ljós að björgunarféð sem írska ríkið þarf að útvega bönkunum er 70,5 milljarðar evra, eða um það bil 11.500 milljarðar króna. Þetta er 24 milljörðum evra eða nærri 4.000 milljörðum króna hærri upphæð en áður var gert ráð fyrir.

Í framhaldi af þessum upplýsingum kynnti írska stjórnin áform sín um uppstokkun á bankakerfinu: Ákvörðun hefur verið tekin um að einungis tveir af stóru bönkunum sex sem komnir eru í ríkiseigu fái að lifa áfram: Anglo-Irish Bank og Bank of Ireland.

Írska stjórnin hefur fengið samþykki hjá Seðlabanka Evrópu til þess að láta eigendur veðtryggðra skuldabréfa taka á sig fimm milljarða evra tap, en það samsvarar ríflega 800 milljörðum króna.

Michael Noonan, fjármálaráðherra Írlands, segir Seðlabankann hins vegar ekki fáanlegan til að samþykkja að forgangskröfuhafar, sem einkum eru breskir, þýskir og bandarískir bankar með óveðbundnar kröfur, taki á sig neitt tap.

Noonan sagði þetta þveröfugt við þá leið sem farin hefði verið í Bandaríkjunum, þar sem kröfuhafar fengu á sig skellinn fljótlega eftir að bankakreppan þar skall á.

> Bandaríska leiðin við að gera hlutina er að deila byrðunum og láta lánardrottna taka á sig hluta sársaukans. Evrópska leiðin er önnur.
>
> **MICHAEL NOONAN**
> FJÁRMÁLARÁÐHERRA ÍRLANDS

„Bandaríska leiðin við að gera hlutina er að deila byrðunum og láta lánardrottna taka á sig hluta sársaukans. Evrópska leiðin er önnur,“ segir Noonan.

Hann var ósáttur við áform Evrópusambandsins um að breyta þessu með nýjum reglum, sem eiga ekki að taka gildi fyrr en árið 2013, en þá yrði það orðið of seint fyrir Írland.

Noonan segir írsku stjórnina ekki ætla að ganga gegn vilja Evrópska seðlabankans í þessum efnum, en gerir sér þó vonir um að bankinn verði fáanlegur til að skipta um skoðun, enda sé ekki einhugur meðal bankastjóra hans um málið.

„Bankinn í Frankfurt er að útvega nærri 200 milljarða evrur í lausafé fyrir írska bankakerfið. Við sögðumst vilja deila byrðunum en við myndum ekki gera það einhliða,“ sagði hann.

**gudsteinn@frettabladid.is**

**Matar/sykurfíkn**
**Meðferðalausnir og vísindin!**

MFM MIÐSTÖÐIN
Meðferða og fræðslumiðstöð vegna matarfíknar og átraskana
Borgartúni 3, 105 Rvk, sími 568 3868
www.matarfikn.is

**Í byrjun apríl munu MFM miðstöðin, meðferða- og fræðslumiðstöð vegna matarfíknar og átraskana og ACORN, Food Dependency Recovery Services standa að eftirfarandi viðburðum:**

**Fyrirlestur: Matar/sykurfíkn, meðferðalausnir og vísindin!**
**Miðvikudaginn 6. apríl - kl. 20-22 í Háskólanum í Reykjavík**
**Fyrirlesarar:** Dr. Vera Tarman MD., Phil Werdell MA.
**Kynnir:** Esther Helga Guðmundsdóttir MSc.
**Verð:** Kr. 2.000.- ( Kr. 1.000.- fyrir nema, öryrkja og eldri borgara )
**Fyrirlesturinn er öllum opinn**



**Málþing: Matar/sykurfíkn, meðferðalausnir og vísindin!**
**Fimmtudaginn 7. apríl - kl. 8.30 - 17.00 Hótel Loftleiðum**
**Fyrirlesarar:** Dr. Vera Tarman MD., Phil Werdell MA., Esther Helga Guðmundsdóttir MSc.
**Kynnir:** Þorsteinn Gunnarsson, upplýsinga- og þróunarfulltrúi.
**Verð:** Kr. 12.900.- ( Nemar: Kr. 5.000.- )
**Málþingið er öllum opið, en sérsniðið að fagfólki í heilbrigðisgeiranum**



**Þann 8. - 13. apríl verður haldið 6 daga dvalarnámskeið fyrir þá sem glíma við matar/sykurfíkn eða þá sem þekkja vandann af eigin raun og hafa áhuga á að læra að vinna með þeim sem eiga við þennan vanda að stríða.**



**Fyrirlesarar:**
Dr. Vera Tarman MD., FCFP, CASAM, MSc. er yfirlæknir Renascent, sem er stærsta meðferðastöð við vímuefna- og áfengisfíkn í Kanada.

Phil Werdell MA. er stofnandi ACORN. Hann hefur sjálfur strítt við matarfíkn og anorexíu, en viðhaldið bata frá hvorutveggja í yfir 20 ár. Phil Werdell er þekktur og viðurkenndur sem leiðtogi og brautryðjandi í meðferðum vegna matarfíknar og átraskana í heimalandi sínu, Bandaríkjunum.



Esther Helga Guðmundsdóttir MSc. stofnaði MFM miðstöðina vorið 2006. Þar er boðið uppá einstaklingsmiðaða meðferð við matarfíkn og átröskun, ásamt fræðslu um málefnið fyrir fagaðila og almenning.

**Allar nánari upplýsingar eru veittar hjá MFM miðstöðinni í síma 568 3868 og matarfikn@matarfikn.is eða hjá Esther Helgu 699 2676 og esther@matarfikn.is**

**www.matarfikn.is**

TVÆR GÓÐAR Í EYMUNDSSON




# Kiljurnar sem bjarga helginni!

Spennusagan **Táknið** eftir Raymond Khoury og hin áhrifamikla skáldsaga **Mundu mig, ég man þig** eftir Dorothy Koomson eru nýjasta nýtt. Við skorum á þig að tryggja þér eintak á sérstöku **heiðríkjuverði sem gildir til 17. apríl.**

Tilboðsverð gildir til 17. apríl.

ENNEMM / SÍA / NM 46072

eymundsson.is

Eymundsson
*Bóksali frá 1872*

**FRÉTTASKÝRING:** Hver er gengisáhættan við nýjan Icesave-samning? **4. hluti**



**KYNNING** Efnahags- og viðskiptaráðherra og seðlabankastjóri kynna afnám hafta. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Höft til 2015

Áætlunin um afnám gjaldeyrishafta sem kynnt var 25. mars síðastliðinn ber með sér að ekki eigi að hætta á að óstöðugleiki verði á gjaldeyrismarkaði.

„Hversu hratt verður hægt að afnema höftin mun ráðast af því hvernig aðstæður þróast," segir í áætluninni og áréttað að einnig skipti máli hversu traustar varúðarreglur um gjaldeyrisáhættu og aðra áhættu í alþjóðlegri starfsemi innlendra fjármálastofnana verði til staðar þegar höft verða afnumin. „Með þetta í huga er lagt til að núverandi lagaheimild verði framlengd í u.þ.b. fjögur ár, sem ætti að tryggja að hægt sé að afnema höftin á þeim hraða sem aðstæður leyfa án þess að óstöðugleiki hljótist af."

Áætluninni er skipt upp í tvo áfanga. Þegar á að hefja þann fyrri en í honum er málum þannig fyrir komið að ekki reynir á gjaldeyrisforða landsins. „Áður en síðari áfangi hefst munu varúðarreglur sem takmarka gjaldeyrisáhættu fjármálastofnana verða styrktar. Einnig kæmi til greina að takmarka alþjóðlega starfsemi banka með höfuðstöðvar á Íslandi á meðan Ísland stendur utan Efnahags- og myntbandalags Evrópu og fullnægjandi samevrópsku öryggisneti fyrir slíka starfsemi hefur ekki verið komið á fót," segir í áætluninni. „Í þessum áfanga er hættan á óstöðugleika á gjaldeyrismarkaði að óbreyttu mun meiri en í fyrri áfanganum sem fjallað var um hér að framan. Líkur á að hún raungerist verða hins vegar minni eftir því sem fyrsti áfanginn hefur gengið betur og eftir því sem almennar forsendur þess að leysa höftin, sem fjallað er um í viðauka, eru betur uppfylltar. Meginskilyrðið er að ríkissjóður og viðskiptabankarnir hafi viðunandi aðgang að erlendum lánamörkuðum."

# Í höftum virðist áhættan lítil

**Kostnaður vegna Icesave getur aukist eða minnkað í samræmi við gengisþróun krónunnar. Yfirlýsingar Seðlabankans um hvernig staðið verður að losun gjaldeyrishafta draga þó úr líkum á að gengið hafi veruleg áhrif. Verði Icesave samþykkt er málið talið úr sögunni að mestu eftir tvö ár, en þá verða enn eftir önnur tvö ár í gjaldeyrishöftum.**



**KRÓNUR OG GJALDEYRIR** Í áætlun um afnám gjaldeyrishafta er rík áhersla lögð á að stíga varlega til jarðar og hætta ekki á gjaldeyrisóróa. Samkvæmt áætluninni verður höftum ekki aflétt að fullu fyrr en eftir fjögur ár eða svo. FRÉTTABLAÐIÐ/SAMSETT MYND

Með samþykkt laganna um Icesave eftir slétta viku yrði Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta (TIF) gert kleift að hefja endurgreiðslu á lágmarkstryggingu innstæðna á Icesave-reikningum Landsbankans til Breta og Hollendinga. Notaðir yrðu þeir fjármunir sem endurheimst hafa úr þrotabúi Landsbankans, eignir tryggingasjóðsins og framlag úr ríkissjóði eftir því sem á þyrfti að halda.

Skiptar skoðanir eru á því hversu stórt hlutverk gengi krónunnar leikur í mati á áhættu tengdri nýjum Icesave-samningi. Yfir níutíu prósent af þeim tekjum sem þrotabúið fær eru í erlendum gjaldeyri.

### Fjórðungsfall krónu yrði dýrt

Í nýrri umfjöllun hagdeildar Alþýðusambands Íslands (ASÍ) hefur verið dregin upp mynd af mögulegum áhrifum gengissveiflna krónunnar. Til hliðsjónar við útreikninginn var hafður fyrri útreikningur Seðlabanka Íslands. (Sjá töflu hér til hliðar.) Þar kemur fram að veikist gengi krónunnar um 25 prósent hafi það umtalsverð neikvæð áhrif á kostnað ríkissjóðs. „Hann mun þá aukast um 92 milljarða og fara í 119 milljarða," segir þar og um leið er bent á að gengisstyrking hafi aftur á móti minni áhrif, en 25 prósenta styrking krónunnar myndi lækka kostnað ríkissjóðs um 14 milljarða.

„Áætlaður kostnaður ríkissjóðs af samningnum er áætlaður um 27 milljarðar. Verði heimtur úr búinu betri en áætlanir gera ráð fyrir, greiðslur úr búinu berist fyrr og gengisþróun verði hagstæð getur kostnaður ríkissjóðs orðið engin. Þróist allir hlutir til verri vegar, heimtur úr búinu versni umtalsvert, greiðslur úr búinu dragist og gengið falli um 25 prósent getur kostnaður ríkissjóðs orðið rúmlega 200 milljarðar," segir í umfjöllun hagdeildar ASÍ, en vert er að hafa í huga að við fjórðungsgengisfall krónunnar er hætt við að ansi margt annað fari aflaga í efnahagslífinu, svo sem með því að verðbólga rjúki af stað með tilheyrandi áhrifum á verðtryggðar skuldir heimila og fyrirtækja.

### Tímasetning ekki tilviljun

Eftir stendur spurningin um hversu líklegt það sé að gengisþróun krónunnar verði óhagstæð á þeim tíma sem mestu varðar við endurgreiðslu og heimtur vegna Icesave-samningsins. Friðrik Már Baldursson, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands, hefur í nýlegri umfjöllun komist að þeirri niðurstöðu að gengisáhætta í Icesave-samningnum sé viðunandi þegar litið sé til þeirra hagsmuna sem Ísland hafi af því að ljúka málinu. Hann hefur bent á að veikist gengi krónunnar aukist heimtur úr þrotabúinu, en þar sem íslenski tryggingarsjóðurinn fái ekki meira en 677 milljarða úr því, en þeirri tölu yrði náð við um tólf prósenta veikingu, hafi öll veiking umfram það þau áhrif að skuldirnar aukist án þess að meira fáist úr þrotabúinu. Á móti bendir Friðrik á að raungengi krónunnar sé nú 20 til 30 prósentum fyrir neðan meðaltal síðustu áratuga, jafnvel þó að þensluárunum skömmu fyrir hrun sé sleppt. Þótt ekki sé hægt að útiloka sveiflur á gengi krónunnar virðist vart fyrir hendi efnahagslegar forsendur mikilla sveiflna. Þá geti Seðlabankinn að verulegu leyti stjórnað breytingum á gengi krónunnar, svo fremi sem gjaldeyrishöft séu við lýði.

„Beinir hagsmunir ríkisins af því að gengi krónunnar haldist stöðugt eru verulegir að Icesave slepptu: Hreinar erlendar skuldir opinberra aðila eru nú um 380 milljarðar króna. Ríkissjóður er einnig í ábyrgð fyrir erlendum skuldum Landsvirkjunar sem nema um 3,2 milljörðum dollara eða nálægt 370 milljörðum króna á núverandi gengi," segir í grein Friðriks Más í Fréttablaðinu 30. mars.

### Áfram lokað með óleyst mál

Þorbjörn Atli Sveinsson, sérfræðingur greiningardeildar Arion banka, bendir á að tæpast sé tilviljun að í nýrri áætlun um afnám gjaldeyrishafta sé miðað við að því ljúki ekki fyrr en árið 2015. „Þá verður þetta mál búið að mestu leyti," segir hann og kveður næstu tvö ár skipta mestu máli, bæði fyrir gjaldeyrisáhættu og endurheimtur úr þrotabúi Landsbankans.

„Það eiga að koma inn tæplega 250 milljarðar næstu tvö árin og þá er maður kominn með um það bil 50 til 60 prósent upp í þessa fjárhæð og gjaldeyrisáhættan minnkar um leið," segir Þorbjörn Atli. „Það er náttúrlega alltaf einhver áhætta fyrir hendi í báðar áttir í svona samningum, en undirliggjandi þættir á borð við viðskiptaaðgang og gjaldeyrishöft ættu að geta stutt við krónuna og rúmlega það. Seðlabankinn ætti að geta haldið áfram að kaupa, en manni þætti alveg galið ef þeir færu að kaupa gjaldeyri og veikja krónuna með snjóhengjuna sem bæði felst í Icesave og stöðu útlendinga sem vilja komast með krónur úr landi."

Í umfjöllun hagdeildar ASÍ, sem vísað er til hér að ofan, segir að verði að veruleika fjárfestingarverkefni sem þegar er unnið að mætti draga úr atvinnuleysi og aukinn hagvöxtur gæti skilað auknum verðmætum sem næmu um 120 milljörðum fyrir þjóðfélagið í heild á næstu þremur árum.

„Ekki er hægt að fullyrða að lausn Icesave deilunnar muni sjálfkrafa leiða til þess að erlendir lánsfjármarkaðir opnist og þar með verði öllum hindrunum rutt úr vegi fyrir auknum fjárfestingum og nauðsynlegri endurfjármögnun eldri lána. En það má segja með nokkuð góðri vissu að á meðan deilan er óleyst þá munu erlendu lánsfjármarkaðirnir vera lokaðir. Slíkt ástand er áskrift að stöðnun," segir í umfjöllun hagdeildarinnar.



**Óli Kristján Ármannsson**
olikr@frettabladid.is

## Meiri líkur á styrkingu

„Ég held að gjaldeyrisáhættan sé minni háttar mál. Menn hafa eitthvað verið að stilla upp einangruðum dæmum, en þetta þyrfti að skoða inni í miklu stærra líkani," segir hann og vísar til þess að gengið verði aldrei það eina sem breytist. „Og þá kemur til kasta hinna efnahagslegu fyrirvara sem í samningnum eru," segir hann.



**ÞÓRÓLFUR MATTHÍASSON**

„Núna eru líka miklu meiri líkindi á að gengið hækki en það lækki. Krónan er of lágt skráð," segir hann og bætir við að það finni hver sá sem kaupa þarf sér varning utan landsteinana. „Ég myndi setja minni líkindi á það sem gæti komið okkur illa en það sem getur komið okkur vel." Til þess að hlutir færu aflaga segir Þórólfur að til þyrftu að koma áföll sem yllu meiri háttar hamförum í íslensku efnahagslífi, svo sem kjarnorkuslys á miðunum sem kippti fótunum undan sjávarútvegi landsins. „Eða ef stóreldgos hæfist um leið í Heklu, Kötlu, Öskju og Drangajökli sem fæla myndi alla ferðamenn frá landinu."

Sé hins vegar vísað til gengisáhættu vegna innbyrðis sambands punds og evru segir Þórólfur enga ástæðu til að hafa áhyggjur af því í tengslum við Icesave-samninginn. „Lánasafn Íslands er svo stórt að hægt er að hliðra öðrum lánum á móti til þess að núlla þá áhættu."

## Áhrif gengisbreytinga á kostnað vegna Icesave

| Breytingar frá grunndæmi* | -25% | -10% | 0 | 10% | 25% |
|---|---|---|---|---|---|
| Heildargreiðslur vegna Icesave | 144 | 60 | 52 | 46 | 38 |
| Hlutur TIF (auk arðgr. Iceland Food) | -25 | -25 | -25 | -25 | -25 |
| Greiðslur ríkissjóðs vegna Icesave | 119 | 35 | 27 | 21 | 13 |

*Allar tölur eru í milljörðum króna. Heimild: Hagdeild ASÍ (í fréttabréfi 31. mars 2011)

## Þrýstingur er í veikingarátt

„Ef pundið fer í gengið sem var á móti evru árið 2007 eykst kostnaður samningsins um sem nemur 150 milljörðum króna án þess að íslenska krónan þurfi nokkuð að breytast," segir Sigurgeir Jónsson, hagfræðingur hjá bandaríska fjármálafyrirtækinu Aram Global. „Menn hafa sagt að hægt sé að verja áhættu erlendra gjaldmiðla með framvirkum samningum, en það stenst ekki skoðun. Í framvirkum samningi er verið að verja línulega gjaldeyrisáhættu fyrir fasta fjárhæð en í þessum samningi er áhættan ólínuleg. Ef pundið fer í ranga átt, þá töpum við vegna þaks á endurheimtum Tryggingasjóðs og ef það fer í rétta átt þá högnumst við lítið, þar sem eignir lækka í virði samhliða skuldum. Sama er uppi á teningnum þegar nafngengi krónunnar breytist."



**SIGURGEIR JÓNSSON**

Hvað íslensku krónuna varðar segir Sigurgeir ljóst að gangi allt upp þá sé gengiskostnaður ekki mikill. Hann segir hins vegar litla áhættugreiningu felast í að gera spá um líklega niðurstöðu. „Áhættugreining felst í því að segja hver sé áhættan ef við höfum rangt fyrir okkur," segir hann og kveður gallann við Icesave-samninginn ekki bara að greiðslur hækki ef krónan veikist, heldur hækki talan sem borga þarf í erlendri mynt. Ómögulegt sé fyrir landið að vera í þeirri stöðu að nafngengið megi ekki veikjast, því veiking nafngengis sé mikilvægur öryggisventill í hagstjórn þegar verulegt ójafnvægi sé milli framboðs og eftirspurnar.

Eins efast Sigurgeir um að hægt verði að halda gengi krónunnar stöðugu í gjaldeyrishöftum, enda gríðarlegt magn gjaldeyris sem leiti úr landi. Hann bendir á að stóran hluta síðustu 30 ára hafi krónan verið í höftum, en hafi þó nafngengi hennar veikst um sem nemur tveimur prósentum á ársfjórðungi, að meðtaltali. „Tímabil Icesave-samningsins er líka 30 ár ef allt fer á versta veg," segir hann og áréttar að núna séu þær aðstæður uppi að veiking krónunnar gæti orðið meiri, að minnsta kosti tímabundið. Verði nafngengi krónunnar haldið föstu með handafli innan gjaldeyrishafta segir hann kostnaðinn bara koma fram annars staðar.

ÍSLENZKRA FÉLAG SÍMAMANNA F.Í.S.

**AÐALFUNDARBOÐ**

Aðalfundur Félags íslenskra símamanna 2011
verður haldinn í sal RSÍ að Stórhöfða 31 1.hæð
(gengið inn að neðanverðu) miðvikudaginn 13.apríl kl. 18.10

**Dagskrá:**

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Kosning fulltrúa á RSÍ þing
3. Lagabreyting um stofnun ungliðahreyfingar RSÍ/ASÍ
(Áhugasamir geta kynnt sér tillögu þessa á skrifstofu RSÍ)
4. Önnur mál

*Stjórn Félags ísl. símamanna*

www.simamenn.is



Nýkomin sending af LSA!
LSA International
Púnsskál
11.900,- nú 8.925,-
Diskur á fæti
+ hjálmur
13.200,- nú 9.900,-
Skál
9.600,- nú 7.200,-
Skál á fæti
8.300,- nú 6.225,-
Diskur á fæti
10.300,- nú 7.725,-
7.400,- nú 5.550,-
Skálar 2 stk.
Kanna
3.100,- nú 2.100,-
7.200,-
nú 5.400,-
13.900
nú 10.425,-
6.400,-
nú 4.800,-
Margar gerðir af
vösum!
13.500,-
nú 10.125,-
Glös 4 stk.
Karafla
7.900,-
nú 5.925,-
7.600,-
nú 5.700,-
Glös 4 stk.
Diskur á fæti
10.200,- nú 7.650,-
Skál
8.300,- nú 6.225,-
Kanna
8.600,- nú 6.450,-
Kanna
8.300,- nú 6.225,-
Krús m. loki
7.200,- nú 5.400,- stk.
Bolli + undirskál
2.250,- nú 1.688,-
Matardiskur 1.750,- nú 1.313,-
12.300,- nú 9.225,-
Skál 8.300,- nú 6.225,-
Skál m. glerausu 7.200,- nú 5.400,-
25% afsláttur af öllum húsgögnum og gjafavöru
HEIMA HÚSIÐ
Opið virka daga 10-18
laugardaga 11-16
Öndvegi
mood
lifum
GALLERY GÓLF
PARKET • FLÍSAR
Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## Í VERSLUNUM BÓNUS NÝBAKAÐ




GÆÐAKLEINUR 10 STK.
**259** KR.PK



BAGUETTE BRAUÐ **129 KR.**STK

FYRIR GÓÐA TANNHEILSU




KOMIÐ AFTUR

LISTERINE MUNNSKOL
**798** KR.500ml




PEPSI MAX - PEPSI - APPELSÍN
**89** KR.500ml.

MYLLU HEIMILISBRAUÐ HÁLFT / 385g




**129** KR.STK




EMMESS TOPPAR 4 STK.
HNETU TOPPAR-DAIM TOPPAR
**398** KR.4 stk

BÓNUS *SALÖT Á BRAUÐIÐ*




RÆKJUSALAT & TÚNFISKSALAT
**198** KR. 200g




BÓNUS HRÁSALAT
**159** KR.350g




LÉTTUR AADA
MY SECRET
**1495** kr. 2ltr.




BÓNUS KALDAR GRILLSÓSUR 270 ml
HVÍTLAUKS OG PIPAR
**198** KR. 270ml



BÓNUS NÝBAKAÐAR
**KJALLARABOLLUR** *MEÐ OSTI 4 stk*
**259** KR. 4 stk.




**198** KR.FL

KOKTEILSÓSA-REMOLAÐI-HAMBORGARASÓSA-PÍTUSÓSA
**BÓNUS SÓSUR 4 TEG:** 420ml




100% ÍTÖLSK
50% MEIRA MAGN
BETRA VERÐ

EXTRA VIRGIN ÓLÍFUOLÍA
**598** KR.750ml




PEPSI & PEPSI MAX
4 FL. x 2 LTR
**698** KR.




NICKY WC PAPPÍR
12 RÚLLUR
*3JA LAGA - 160 BLÖÐ*
**798** KR.PK

AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18

**BÓNUS** BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
ÍSLANDS NAUT
Hamborgarar
10 stk. 100 g
100% NAUTAKJÖT
23 BESTU
hamborgarauppskriftirnar á einum stað
http://www.islandsnaut.is
1398 KR.PK
ÍSLANDSNAUT 10 STK. x 100g FROSNIR UNGNAUTAHAMBORGARAR
2998 KR.KG
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA FROSIÐ LAMBAFILLET
BÓNUS
285 KR. PAKKINN U.P.B
599 KR.KG
MERKT VERÐ 798 kr.kg 25% AFSLÁTTUR
BÓNUS VÍNARPYLSUR
659 KR.KG
BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
SPILUM SAMAN
BÓNUS
Kjúklingur
Bringur
1995 KR.KG
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1298 KR.KG
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA FROSIÐ LAMBALÆRI Í SNEIÐUM
Caj-P.
GRILLOLÍA 500ml
GÓÐ Á LAMBAKJÖTIÐ
398 kr.
BBQ OIL
ORIGIN
798 KR.KG
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA FROSINN LAMBABÓGUR
Sérskorið ferskt Bónus lambalæri þar sem efsti hluti mjaðmabeins og rófubeinið er skorið frá og því er meira kjöt og minna bein á lærinu!
1359 KR.KG
ÍSLANDS LAMB
ÍSLANDSLAMB SÉRSKORIÐ FERSKT LAMBALÆRI
Sérskorið kryddað lambalæri þar sem efsti hluti mjaðmabeins og rófubeinið er skorið frá og því er meira kjöt og minna bein á lærinu!
1498 KR.KG
ÍSLANDS LAMB
ÍSLANDSLAMB SÉRSKORIÐ FERSKT KRYDDAÐ LAMBALÆRI
HAMBORGAR HRYGGUR
BÓNUS
998 KR.KG
BÓNUS NÝREYKTUR
HAMBORGARHRYGGUR
Ali
898 KR.KG
ALI FERSKAR
GRÍSAKÓTILETTUR
GRÍSA Veisla
898 KR.KG
ÚR GRÍSABÓG -MERKT VERÐ 998 KR.KG
FERSK BAJONSKINKA
Mango lamb úrbeinað lambalæri
Íslandslamb úrbeinað og snyrt lambalæri í álbakka tilbúið í ofninn
Frábært verð:
1998 kr.kg
ÍSLANDS LAMB
Lambalæri
ÍSLANDS LAMB
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur
AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18

**FRÉTTASKÝRING:** Atvinnuleysi á Íslandi 9. hluti

# Fyrst og síðast menntunarvandi

Ákvarðanir næstu missera munu móta íslenskt atvinnulíf til langrar framtíðar. Grípa þarf til skammtímaaðgerða vegna fjöldaatvinnuleysis. En hvaða atvinnugreinar munu skapa þau störf sem koma atvinnuleysinu niður fyrir ásættanleg mörk til lengri tíma litið?



**VAXTARMÖGULEIKAR VÍÐA** Vandinn er langmestur í byggingariðnaði. Möguleikarnir á verulegri fjölgun starfa virðast mestir í ferðaþjónustu og í tæknigreinum. FRÉTTABLAÐIÐ/KIDDI

Hruni íslensks efnahagslífs fylgdi tómarúm sem þarf að fylla. Hagkerfið byltist á einni nóttu og atvinnulífið í leiðinni. Endurreisn þess er aðeins rétt nýhafin og fyrir dyrum stendur að taka ákvarðanir sem munu móta íslenskt þjóðfélag til langrar framtíðar. Í því felast bæði tækifæri og hættur, en keppikeflið er varanlegar undirstöður atvinnulífsins og stöðugleiki.

### Atvinnustefna

Á borðinu liggur plagg undir yfirskriftinni Ísland 2020 – sókn atvinnulífs og samfélag. Burðarvirkið í þessu stefnumarkandi plaggi stjórnvalda er atvinnustefna þessa áratugar. Allir sem vettlingi geta valdið komu að stefnumótuninni; stjórnvöld, verkalýðshreyfingin og Samtök atvinnulífsins, fulltrúar þingflokka og formenn vísindanefndar og tækninefndar.

Það má með rökum halda því fram að á Íslandi hafi aldrei verið til atvinnustefna fyrr en nú. Atvinnusköpun hefur ráðist af tilviljunarkenndum viðbrögðum við þeim tækifærum sem skolar hér upp að landinu og sem viðbrögð við vandamálum. Einhver gæti líka haldið því fram að markaðshyggja liðinna ára hafi ráðið hér einhverju um; að atvinnustefna sé lítið annað en óæskileg afskiptasemi hins opinbera af því sem frjálst hagkerfi eigi að annast. Annar gæti haldið því fram að þetta væri einfaldlega skapgerðareinkenni Íslendinga, sem lengi hafa þurft að bregðast við dyntum náttúrunnar við að draga björg í bú. Það liti ákvörðunartökuna, eða skýri af hverju ákvarðanir virðist teknar án framtíðarsýnar.

### Menntunarvandi

Einnig má halda því fram að menntakerfið í landinu dragi dám af þessu. Núna þegar bankabólan er sprungin sýna tölur yfir atvinnulausa eftirfarandi í grófum dráttum: Hlutfallslega er langstærsti hluti þeirra sem eru atvinnulausir ungt fólk með litla menntun. Á sama tíma er gríðarlegur skortur á sérhæfðu vinnuafli til að svara kalli tæknigreina, en hugverkaiðnaðurinn telur sig geta ráðið tíu þúsund manns á næsta áratug. Það eru þrjátíu prósent af þeim 35 þúsund störfum sem stefnan er sett á að verði hér til á þeim tíma. Að stórum hluta er atvinnuleysið því menntavandi; þeir sem nú eru atvinnulausir eru einna verst fallnir til að fylla ný störf sem krefjast mikillar og sértækrar menntunar. Ágætu menntakerfi hefur einfaldlega mistekist að svara kalli iðnaðarins eftir sérmenntuðu fólki og niðurstaðan er verulegt misræmi á milli framboðs og eftirspurnar á atvinnumarkaði í augnablikinu.

### Mennt er máttur

Jón Ágúst Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Marorku, hélt áhugaverðan fyrirlestur á opnum fundi ASÍ um atvinnu- og umhverfismál í janúar. Þar hélt hann því fram að þögul umbylting atvinnulífsins ætti sér stað um þessar mundir. Vísaði hann þar til uppgangs tæknifyrirtækja, sem er hraðari en búist hafði verið við. Hann kallaði eftir skýrri mennta- og atvinnustefnu sem hefði það að leiðarljósi að styðja við þær atvinnugreinar sem helst gætu vaxið. Til þess þyrfti sveigjanlegt mennta- og félagskerfi sem mætti breytilegum þörfum atvinnulífsins og miðlaði fólki í réttar áttir. Hann kallar með öðrum orðum eftir stýringu til að mennta fólk handa atvinnugreinum í vexti.

Hafa ber í huga að til að mæta eftirspurn hugverkagreinanna eftir vinnuafli þarf að útskrifa allt að tvö þúsund manns á ári í hönnun, hugbúnaðargerð og tæknigreinum. Á sama tíma stendur hugverkaiðnaðurinn nú þegar undir fimmtungi af útflutningstekjum þjóðarinnar. Það er því til mikils að vinna og við fyrstu sýn liggja sóknarfærin ekki síst í framtíðarsýn eins og Jón lýsir.

**50.000** Ferðamenn yfir veturinn til viðbótar skapa þúsund störf

### Þetta er snjór!

Ferðaþjónustan er vaxandi atvinnugrein sem mjög er litið til í uppbyggingunni eftir hrunið. Myndarlegur framkvæmdasjóður ferðamannastaða er í farvatninu sem er ætlað að skrúfa ofan af áratuga andvaraleysi gagnvart því að viðhalda og vernda helstu náttúruperlur þjóðarinnar; það sem flestir ferðamenn eru komnir til að sjá. Sjóðurinn skapar störf í byggingariðnaði og við hönnun. Ekki mörg, en mjór er mikils vísir.

Unnið er að tveimur nýsköpunarverkefnum, sem lúta annars vegar að heilsutengdri ferðaþjónustu og hins vegar að aukinni vetrarferðamennsku. Ferðamálaáætlun 2011 til 2020, sem er til umfjöllunar á Alþingi, dregur mjög dám af þessu. Samtök ferðaþjónustunnar eru að hefja samstarfsverkefni þar sem markmiðið er að leiða saman alla sem geta lagt grunninn að því að lengja ferðamannatímann.

Að nokkru er að keppa. Í dag skapa 500 þúsund ferðamenn tæplega tíu þúsund störf. Fimmtíu þúsund gestir yfir vetrarmánuðina til viðbótar skapa þúsund störf, sé þumalfingursregla notuð.

### Flaggskipið

Veiðar og vinnsla sjávarafurða í óbreyttri mynd skapa gríðarleg verðmæti en tilgangslaust er að horfa til greinarinnar hvað fjölgun starfa snertir. Sagan kennir að störfum fækkar jafnt og þétt í sjávarútvegi og það sama á við um landbúnað.

Hins vegar hefur verið á það bent að mikil tækifæri felast í frekari löndun afla innanlands. 1.500 störf hafa verið nefnd í því sambandi, sem er bratt. Það er þó óumdeilt að þarna felast tækifæri. Þá má slá því fram að tugþúsundir manna í löndum Evrópu og víðar starfa við að fullvinna íslenskan fisk í neytendaumbúðir.

### Fullvinnsla

Það er gagnrýnt að úrvinnsla úr áli hér á landi sé ekki meiri en raun ber vitni. Talað er um álbræðslur, sem er ekki réttmætt. Nokkur úrvinnsla er þegar til staðar. Fjölmörg fyrirtæki hafa þess utan sprottið úr þeim jarðvegi sem álverin hafa skapað. Hins vegar hafa forsvarsmenn áliðnaðarins bent á að það er ekki sjálfgefið að úrvinnsluiðnaður þróist hér þrátt fyrir nálægðina við frumvinnslu áls. Fjarlægð frá mörkuðum ræður þar mestu. Kostirnir virðast því í fljótu bragði vera tveir: Að auka álframleiðslu og ekki síður byggja upp fleiri tæknifyrirtæki í samstarfi við áliðnaðinn í landinu.

Til umhugsunar er vert að nefna lítið dæmi Þorsteins Inga Sigfússonar, forstjóra Nýsköpunarmiðstöðvar. Hann bendir á að framleiðandi fluguveiðihjóla á Ísafirði, Einarsson Fly Fishing, sjötíufaldi virði hvers kílós af áli sem fyrirtækið noti við sína framleiðslu.

### Nýsköpun

Þess misskilnings gætir að í nýsköpun felist fyrst og síðast stofnun stórra fyrirtækja sem byggi á stórkostlegri og frumlegri hugmynd. Fyrirtækin Össur, Marel og CCP eru þráfaldlega nefnd í þessu samhengi. Hitt gleymist að Össur er fjörutíu ára gamalt félag og það tók þrjá áratugi að ná milljarði í veltu. Marel á sér áþekka sögu. En í höfuðstöðvum íslenskrar nýsköpunar er hvatt til þess að gróin fyrirtæki í öllum greinum efli nýsköpunarstarf sitt, enda sé þar mannauður og fjármagn. Þessi nýsköpun, eða innri vöxtur fyrirtækja sem þegar eru komin á fæturna, mun skila störfum strax; á frumkvöðlastarfinu verður hins vegar frekar byggt í framtíðinni.




### Nýtt hagkerfi

Fjármálahagkerfið er dautt og það mun skýrast á næsta áratug hvar vaxtarmöguleikarnir liggja. Áfram verður byggt á grunnstoðunum þrem; fiski, orkufrekum iðnaði og ferðaþjónustu. Sú fjórða, hátækni og þekkingariðnaður, er komin á sinn stað en eftir er að styrkja hana lítillega. Framtíðin liggur í grænni atvinnuuppbyggingu í samræmi við hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar, samkvæmt stefnumótun stjórnvalda.

Leiðin til að mæta atvinnuleysinu liggur fyrst í ráðstöfunum til skamms tíma; vinnuaflsfrekum framkvæmdum er það kallað, og koma innlendri og erlendri fjárfestingu af stað með öllum ráðum, framleiða og ná upp hagvexti.

En þegar litið er til framtíðar er atvinnuleysið í landinu menntavandi. Áskorunin felst ekki í því að búa til mörg störf. Hún felst í að þjálfa sem flesta til að taka virkan þátt í verðmætasköpun, hvaða nafni sem hún nefnist. Takist það þarf ekki að kvíða langvarandi atvinnuleysi.


Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is

Lokahluti



BOSS
HUGO BOSS
SAND
strellson
eterna
Van Gils
gardeur®
HUGO
HUGO BOSS
CANALI
PAL ZILERI
POLO RALPH LAUREN
FINUCCI
collezione
bugatti
MABRUN
LLOYD
BELLINI
collezione

OPIÐ VIRKA DAGA
FRÁ KL. 11 TIL 18
LAUGARDAGA
FRÁ KL. 11 TIL 17
SUNNUDAGA
FRÁ KL. 13 TIL 17



# skoðun

greinar@frettabladid.is

Ungu atvinnulausu fólki tryggð skólavist:

## Bætir hag einstaklinga og þjóðar

Ungt fólk með litla menntun er langstærsti hópur atvinnulausra á Íslandi í dag. Fram hefur komið að meðal þess vanda sem ungt atvinnulaust fólk glímir við er að það hefur ekki fengið skólavist í framhaldsskólum. Samkvæmt tölum Vinnumálastofnunar var 800 umsækjendum synjað um skólavist í framhaldsskólum í haust sem leið og voru 200 þeirra á atvinnuleysisskrá. Þessar tölur tala sínu máli um það hversu brýnt það er að auka tækifæri ungs fólks til að afla sér menntunar.

SKOÐUN



Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is

Fyrirhugaðar aðgerðir í svokölluðum aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar þess efnis að tryggja öllum umsækjendum undir 25 ára framhaldsskólavist í haust eru því sérstakt fagnaðarefni. Ljóst er í það minnsta að þörfin er brýn, enda eru um sjötíu prósent atvinnulausra ungmenna aðeins með grunnskólapróf.

Reynsla nágrannaþjóða okkar sem hafa gengið í gegnum skyndilega aukningu atvinnuleysis, meðal annars Finna, sýnir að ungt fólk sem verður atvinnulaust áður en raunveruleg atvinnuþátttaka þess er hafin getur fest í viðjum aðgerðaleysis og í sumum tilvikum nær það ekki að fóta sig á vinnumarkaði eftir að atvinnuástand hefur batnað. Þannig eru dæmi um að atvinnuleysi sé mun meira hjá þeirri kynslóð sem var á leið út á vinnumarkaðinn þegar atvinnuleysi dundi en meðal annarra kynslóða samfélagsins. Menntun hlýtur að vera lykillinn að því að koma í veg fyrir að slíkt ástand skapist hér.

Þá ber að hafa í huga að fé sem varið er til menntunar ungs atvinnulauss fólks nýtist ekki aðeins fólkinu sjálfu til hagsbóta heldur samfélaginu öllu vegna þess að hljóti fólk menntun er það líklegra en ella til að skapa verðmæti með störfum sínum í framtíðinni.

Fram hefur komið að í tækni- og hugbúnaðargeirann muni tilfinnanlega vanta fólk með sérþekkingu á komandi árum, verði ekki brugðist við. Í þessum geira atvinnulífsins er mikill vaxtarbroddur og verðmætasköpun hans hefur aukist jafnt og þétt á undanförnum árum. Það er því mikilvægt að svelta hann ekki þegar kemur að menntun þeirra kynslóða sem halda út á vinnumarkaðinn á komandi árum. Einnig þess vegna er átak ríkisstjórnarinnar í menntamálum mikilvægt.

Ljóst er þó að til þess að átak ríkisstjórnarinnar skili þeim árangri sem vonast verður eftir er nauðsynlegt að láta kné fylgja kviði og framhaldsskólunum verði tryggt fjármagn til þess að sinna þeirri gríðarlegu fjölgun nemenda sem fyrirhuguð er, þannig að sómi sé að.

Sömuleiðis er nauðsynlegt að með fjölgun menntatilboða fyrir ungt fólk verði leitast við að mæta þeirri menntunarþörf sem blasir við þegar litið er til uppbyggingar atvinnulífsins á komandi árum og þá ekki síst í tækni- og hugverkageiranum því þar liggja greinilega stærstu tækifæri framtíðarinnar í verðmætasköpun og þar með atvinnumálum þjóðarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## SPOTTIÐ




AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Hvernig á að höggva á hnútinn?

Eiga ríkisstjórnir alltaf að höggva á hnútinn við gerð kjarasamninga? Að sönnu er löng hefð fyrir því. En spyrja má hvort það er skynsamlegur siður og nauðsynlegur. Almenna reglan ætti að vera sú að samtök launamanna og atvinnufyrirtækja gerðu samninga á eigin ábyrgð og á þeim efnahagslegu forsendum sem fyrir liggja hverju sinni.



ÞORSTEINN PÁLSSON

Í gamla verðbólguhagkerfinu gátu atvinnurekendur ekki samið fyrr en loforð var komið frá ríkisstjórn um rekstrargrundvöll. Í raun fólst í því tali ákvörðun um að lækka gengið til þess að fyrirtækin gætu staðið undir kauphækkunum sem engin innistæða var fyrir. Hærri laun voru greidd í verðminni krónum. Verkalýðshreyfingin fékk svo gjarnan félagsmálapakka sem eins konar sárabót.

Ákvarðanir ríkisstjórna sem nauðsynlegar voru taldar til að höggva á hnútinn höfðu yfirleitt neikvæð áhrif til lengri tíma. Þær sköpuðu skammtíma frið en leiddu til slaka í ríkisfjármálum og virkuðu eins og súrefni fyrir eilífðarvél verðbólgunnar.

Dæmi eru þó um jákvæð efnahagsleg og pólitísk áhrif. Síðast gerðist það 1990. Þá neyddu aðilar vinnumarkaðarins ríkisstjórnina til að ógilda með lögum launahækkanir til opinberra starfsmanna sem hún hafði sjálf samþykkt árið áður. Það hjálpaði til við að koma í veg fyrir óðaverðbólgu sem við blasti að óbreyttri stjórnarstefnu.

## Sálfræðiæfing

Í fullri hreinskilni hefur aðkoma ríkisstjórna við að höggva á hnút kjarasamninga oftar virkað eins og sálfræðiæfing fremur en efnislegt framlag með raunhæft gildi. Það sem ríkisstjórnin sagði á fimmtudag um framlag hennar að þessu sinni snerti hvergi við kjarna þess vanda sem forystumenn launafólks og atvinnurekenda standa andspænis.

Helsta útspilið var loforð um verulega auknar opinberar framkvæmdir. Engar sannfærandi skýringar um raunhæfa fjármögnun fylgdu með. Þeim er enn haldið leyndum. Tilboð um slaka í ríkisfjármálum er sannarlega ekki til bóta. Engin stefnubreyting sem gefur vonir um hagvöxt var kynnt. Fjárfesting í verðmætasköpun er til að mynda skynsamlegri en vegagerð ef fjármunir eru til.

Það eina sem virðist skipta forsætisráðherra máli er að LÍÚ hafi ekki áhrif á sjávarútvegsstefnuna. Þau mál má því ekki ræða. Rétt er að hvorki ríkisstjórn né Alþingi ber skylda til að hafa þau samtök með í ráðum. Verkurinn er hins vegar sá að enginn veit á hvaða forsendum á að semja við sjómenn og fiskvinnslufólk vegna yfirlýsinga um að gjörbreyta eigi leikreglum strax eftir samninga.

Órólega deildin í Samfylkingunni vill til að mynda fjölga útgerðum til mikilla muna. Það eykur óhagræði í rekstri. Jafnframt er boðuð veruleg hækkun auðlindagjaldsins. Þetta skiptir ekki öðru máli en því að samningar af viti eru ógerlegir þar sem menn vita ekki hvort forsendurnar leyfa takmarkaða launahækkun eða kalla á launalækkun. Svo má hitt vera að ríkisstjórnin hyggist láta almenning standa undir launahækkunum með verðminni gengisfelldum krónum eins og í þá gömlu góðu daga. En þá er rétt að segja það skýrt. Það hefur hún ekki gert.

Ef gjörbreyta á sjávarútvegsstefnunni í vor eins og boðað er hljóta nú þegar að liggja fyrir útreikningar óháðra sérfræðinga á efnahagslegum áhrifum breytinganna. Hvers vegna er þeim haldið leyndum? Ef þeir eru ekki til eru menn ekki með réttu ráði.

## Eða samkomulag um kjarna málsins?

Forsætisráðherra hefur leynt og ljóst stefnt að því að ýta Jóni Bjarnasyni úr stjórninni. Kjósi sjávarútvegsráðherra að taka þá glímu í þessu máli getur svo farið að hann kæmi standandi niður. Hvort það leysir vandann er önnur saga. Engum dylst þó að ágreiningurinn í ríkisstjórninni fléttast inn í þessar viðræður.

Að sjávarútvegsmálunum frátöldum eru tvö kjarnaatriði forsenda þess að unnt sé að semja af viti til þriggja ára. Annað er ákvörðun um virkjanir á Reykjanesi og í neðri hluta Þjórsár. Hitt er skýr stefna í peningamálum.

Án markvissrar stefnu á þessum sviðum verður ekki sá hagvöxtur á næstu árum sem er forsenda endurreisnarinnar. Áætlun ríkisstjórnarinnar um afnám hafta hefur verið gagnrýnd fyrir metnaðarleysi. Það er um margt rétt. Á hinn bóginn má segja að hún sé raunhæf í því ljósi að engin samstaða er um stefnumótun sem gæti gefið von um afnám haftanna án kollsteypu.

Getuleysi ríkisstjórnarinnar vegna ágreinings í þessum efnum er þekkt. Vitað er að hvorugur stjórnarandstöðuflokkurinn hefur lausnir í peningamálunum. Við þessar aðstæður hljóta menn að setja allt traust á forystumenn ASÍ og SA. Megni þeir að knýja fram breytta stjórnarstefnu um þessi kjarnaatriði gæti sagan frá 1990 endurtekið sig. Ella verður þetta enn ein sálfræðiæfingin.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

## FJÖLSKYLDUHÁTÍÐIN

# GOBBEDIGOBB

### ·HÁPUNKTUR HESTADAGA Í REYKJAVÍK 2011·

## -Í DAG, LAUGARDAGINN 2. APRÍL



## Skrautreið 200 hesta upp Laugaveginn

**kl. 12** Já, þetta er satt: UPP Laugaveginn (fyrsti apríl var í gær!). Kl. 12.00 á hádegi í dag, laugardag, mun skrautreið um 200 hesta og knapa leggja af stað frá BSÍ. Haldið verður eftir Fríkirkjuvegi, meðfram Tjörninni og, sem leið liggur, upp Laugaveginn.

Margt verður til gamans gert í miðborginni: Harmonikkuleikari verður í hestakerru á Lækjartorgi, fólk spásserar um á þjóðbúningum, fornbílar keyra rúntinn, ef veður leyfir og óvæntar uppákomur skreyta mannlífið á Laugaveginum.

## Fjölbreytt dagskrá í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum

**FRÍTT INN!**

**DAGSKRÁIN LAUGARDAGINN 2. APRÍL**

| | |
|---|---|
| kl. 10.00 | Garðurinn opnar |
| kl. 10.30 | Hreindýrum gefið |
| kl. 11.00 | Selum gefið |
| kl. 11.30 | Refum og minkum gefið |
| **kl. 13.40** | **Litasýning á hestum í hestagerði** |
| **kl. 14.00** | **Brokkkórinn syngur í veitingatjaldinu** |
| **kl. 14.00 - 14.30** | **Kynbótadómar í almenningi** |
| **kl. 14.30** | **Æskan og hesturinn í hestagerðinu** |
| **kl. 15.00** | **Guðjón og Hákon spila undir hópsöng í veitingatjaldinu** |
| **kl. 13.30 - 15.30** | **Hestateyming: Hestaleigurnar Íshestar, Laxnes og Íslenski hesturinn teyma undir hátíðargestum** |
| **kl. 14.00 - 16.00** | **Járningar í almenningi** |
| **kl. 13.00 - 16.00** | **Hestaþorp – markaðsþorp með handverk o.fl.** |
| kl. 15.30 | Hreindýrum gefið |
| kl. 15.45 | Dýrum í smádýrahúsi gefið |
| kl. 16.00 | Selum gefið |
| kl. 16.15 | Geitum, kindum og hestum gefið |
| kl. 6.30 | Svínum gefið og mjaltir í fjósi |
| kl. 17.00 | Garðurinn lokar |

Í dag er hápunktur **Hestadaga í Reykjavík 2011**. Hestadagar eru nú haldnir í fyrsta sinn með þessu móti og hafa viðtökur verið gríðarlega góðar. Gestir hafa m.a. heimsótt ræktunarbú og kynnt sér tamningar. Hestamannafélög á höfuðborgarsvæðinu hafa haft í mörgu að snúast, t.d. staðið fyrir söfnunarátakinu *Lífstöltinu* og farið á hestbaki í heimsókn til leikskólabarna. Það má búast við fjölmenni í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn í dag enda boðið upp á spennandi og skemmtilega dagskrá.

**Aðgangur er ókeypis.**

**Dagpassi í leiktækin á kr. 1.000.**

**Hestateymingar**
**-**
**Hestaþorp og handverksmarkaður**
**-**
**Kynbótadómar**
**-**
**Leiktæki**
**-**
**Járningar**
**-**
**Fjöldasöngur**

**Bröns að hætti hestamanna á Hilton Reykjavik Nordica kl. 11:30-14:00.**

**››Þeir allra sterkustu‹‹**

**ÍSTÖLTSSÝNING Í SKAUTAHÖLLINNI KL. 20.00 laugardaginn 2. apríl**

**Bestu hestar og knapar landsins mæta til leiks!**

**ÖRFÁIR MIÐAR EFTIR**

## HNEGGJANDI SKEMMTILEGT GAMAN!

www.hestadagar.is

**HESTADAGAR Í REYKJAVÍK 2011**

ICELANDAIR · Reykjavíkurborg · Iceland Travel · ICELANDAIR HOTELS · COME AND BE INSPIRED BY ICELAND

COME AND BE INSPIRED BY ICELAND

FABRIKAN auglýsingakontór – Ljósm. Gísli Egill Hrafnsson

# 29.900,-

**Reiðhjól**
**26" Vectra**
21" Hi Ten stell.
18 gíra Shimano Revoshift
3899998



LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

AUTHOR

framleidd eftir **evrópskum** gæðastöðlum

# VORIÐ ER KOMIÐ

**Reiðhjól Energy 20"**
- 10" Stell Hi ten
- 6 gíra Shimano Revoshift skipting
- Afturskiptir Shimano TY-18
- Álgjarðir
- Bremsur Tektro 45AL
- Þyngd 11,0kg.

3899968



**29.900,-**

FRÁBÆR BARNAHJÓL

**Reiðhjól Melody 20"**
- 10" Stell úr álblöndu 7005
- 6 gíra Shimano Revoshift skipting
- Afturskiptir Shimano TY-18
- Bremsur Tektro 45AL
- Tektro plast/ál handbremsur
- Þyngd 10,6kg.

3899971



**29.900,-**

FRÁBÆR BARNAHJÓL

## MIKIÐ ÚRVAL AF FYLGIHLUTUM

**Bretta/hjólahálmur**
XS-XL. Viðurkenndur
EN-1078
5872121-9



**3.990,-**

**Reiðhjólahálmur**
Viðurkenndur
EN-1078
5872120



**2.990,-**

## FÁÐU TILBOÐ Í PALLINN UM HELGINA!

Sérfræðingar okkar Timburmiðstöðinni Grafarholti, Skútuvogi og verslunum um land allt hjálpa þér að finna bestu lausnina á lægra verði
**- það er ekkert mál að smíða pallinn með okkur!**

1. Þú kemur til okkar með teikningar eða þínar hugmyndir.
2. Við hjálpum þér að efnistaka og útfæra pallinn og mæta þínum þörfum.
3. Þú sækir efnið eða við sendum þér það heim að dyrum.





KAFFI GARÐUR Skútuvogi
opið laugardag 12:00-16:00
Gulrótakaka og kaffi

**290kr**


Gasgrill
Outback Omega 200EX .
2 brennarar 6.2 Kw.
Grillflötur 50x36 cm.
3000235
25.890,-
Allir út að klippa!
Hekkklippur
IKRA rafmagns, 520W
5083755
6.995,-
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR
Burny Sizzler 200
Gæða gasgrill, 2 ryðfríir brennarar, postulín-glerungshúðað lok, grill og grillgrind
3000272
49.900,-
Gæðagrill, 2 brennarar
795,-
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR
Laufhrífa
5084338
NILFISK
Háþrýstidæla, frábær til að þrífa pallinn.
NILFISK, 1400W
110 Bar. 440 ltr/klst.
5254241
17.995,-
Vandaðar amerískar klippur með framlengjanlegu skafti
Greina klippur
5084652
3.375,-
4.499,-
3.375,-
4.559,-
3.375,-
4.499,-
Greinaklippur
5084653
Hekkklippur
5084651
25% AFSLÁTTUR
Stingsög
Power Plus.
500W, framkast.
5245208
3.795,-
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR
6.995,-
Ruslavagn
Claber.
5081642
Látum verkin tala!
Opið til 21:00 í Skútuvogi alla daga.
Sjá afgreiðslutíma um land allt á www.husa.is
GILDIR TIL 4. APRÍL
*Lægsta lága verðið er lægsta verð sem við bjóðum á hverjum tíma.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.
HÚSASMIÐJAN

# Það er enginn að snuða Breta og Hollendinga

Með íslensku neyðarlögunum voru hagsmunir innistæðueigenda í Bretlandi og Hollandi tryggðir mun betur en tilskipun ESB um innistæðutryggingar fer fram á: Í stað 674 milljarða munu þeir fá **1175 milljarða**.

**En þeir vilja samt meira.** Að við tökum ábyrgð á þrotabúinu og borgum líka vexti. Okkur ber engin skylda til að verða við því, hvorki lagaleg né siðferðileg.




**Taktu upplýsta ákvörðun. Fellum Icesave 9. apríl!**

ADVICE www.advice.is

ADVICE hópurinn telur hagsmunum Íslands best borgið með því að fella Icesave-lögin þann 9. apríl. Auglýsingar og annað starf hópsins er greitt með frjálsum framlögum og vinnuframlagi sjálfboðaliða. Tölvupóstur: advice@advice.is


# Hvernig tryggjum við nýnemum skólavist í framhaldsskólum?

Framhaldsskólar

**Katrín Jakobsdóttir**
mennta- og menningarmálaráðherra



Í lögum um framhaldsskóla sem sett voru árið 2008 er að finna ákvæði um að öll ungmenni 16-18 ára skuli eiga rétt á að stunda nám við hæfi í framhaldsskóla. Ekki er tilgreint nákvæmlega hvernig þessi réttur skuli tryggður en það hefur verið sameiginlegt verkefni mennta- og menningarmálaráðuneytis og framhaldsskóla landsins að útfæra hann. Þar er forgangsatriði að tryggja öllum nýnemum skólavist og nám við hæfi. Talsverðar umbætur voru gerðar á fyrirkomulagi innritunar í framhaldsskóla vorið 2010 til að ná framangreindum markmiðum en þær voru:

1. Innritun fatlaðra nemenda var flýtt.
2. Forinnritun 10. bekkinga var tekin upp.
3. Skólum í umsókn var fækkað úr fjórum í tvo (fyrsta og annað val).
4. Framhaldsskólum var gert skylt að veita 10. bekkingum sem brautskráðust úr tilteknum grunnskólum forgang að skólavist með því að taka til hliðar a.m.k. 45% plássa fyrir þá nemendur svo fremi sem þeir uppfylltu inntökuskilyrði.
5. Sameiginleg úrvinnsla umsókna þar sem tekið er fullt tillit til vals á skóla tvö fái umsækjandi ekki skólavist í skóla númer eitt.
6. Innritun eldri nemenda var flýtt.

Innritun nýnema vorið 2010 gekk í heildina vel. Um 95% umsækjenda fengu skólavist í öðrum þeirra skóla sem þeir völdu og 82% í skólanum sem þeir settu í fyrsta val. Mun greiðlegar gekk að tryggja öllum skólavist en áður en árið 2009 var stór hópur án tilboðs um skólavist allt fram í ágúst. Áberandi var að mun færri nemendur með góðan árangur í grunnskóla voru án skólavistar í lok innritunar vorið 2010 en árið áður.

**Innritun í framhaldsskóla 2010**

| Framhaldsskóli | Nýnemar alls | Úr forgangsskólum | Úr öðrum grunnskólum |
|---|---|---|---|
| Borgarholtsskóli | 235 | 141 | 94 |
| Fjölbrautaskólinn í Breiðholti | 268 | 153 | 115 |
| Fjölbrautaskólinn í Garðabæ | 189 | 107 | 82 |
| Fjölbrautaskólinn við Ármúla | 180 | 64 | 116 |
| Flensborgarskólinn í Hafnarfirði | 188 | 177 | 11 |
| Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ | 39 | 31 | 8 |
| Iðnskólinn í Hafnarfirði | 77 | 34 | 43 |
| Kvennaskólinn í Reykjavík | 154 | 58 | 96 |
| Menntaskólinn í Kópavogi | 259 | 161 | 98 |
| Menntaskólinn í Reykjavík | 211 | 93 | 118 |
| Menntaskólinn við Hamrahlíð | 262 | 80 | 182 |
| Menntaskólinn við Sund | 221 | 113 | 108 |
| Verzlunarskóli Íslands | 306 | 83 | 223 |
| **Alls** | **2.589** | **1.295** | **1.294** |

Skiptar skoðanir hafa verið um þá ákvörðun að tryggja nýnemum forgang að framhaldsskólum eftir grunnskólum. Hefur aðferðinni verið lýst sem skipulegri mismunun á aðstöðu eftir búsetu og jafnvel átthagafjötrum. Því hefur verið haldið fram að hún komi í veg fyrir að nemendur fái skólavist á eigin verðleikum. Í umræðunni virðist gleymast að forgangurinn tekur aðeins til hluta nýnema í almennu námi og bóknámi sem skólarnir áforma að veita skólavist og er gert ráð fyrir að miðað verði við 40% plássa í ár. Einnig er horft framhjá því að 30% til yfir 95% nýnema hafa um árabil sótt nám í framhaldsskólum sem teljast í þeirra nágrenni. Meðfylgjandi tafla sýnir hve margir nýnemar fengu skólavist í framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu vorið 2010 og hve margir þeirra koma úr forgangsskólum.

Um 50% nýnema á höfuðborgarsvæðinu koma úr grunnskólum sem eru forgangsskólar samanborið við um 40% árið 2009, þegar engin slík regla var við lýði. Bóknámsskólarnir fimm í Reykjavík tóku inn 1.154 nýnema í fyrra. Þar af komu 427 úr forgangsskólum sem allir uppfylla inntökuskilyrði skólanna og langflestir hefðu fengið þar skólavist óháð forgangi (voru 330 vorið 2009). Hvað breyttist þá? Ljóst er að stærri hópur nemenda sækir nú framhaldsskóla í nágrenni heimilis en áður, sem hlýtur að teljast sanngjarnt, uppfylli þeir skilyrði til skólavistar og vilji stunda þar nám. Af hverju ætti að vísa þessum nemendum í skóla fjarri heimili og jafnvel sæta óvissu um skólavist vegna smávægilegs munar á einkunnum? Auk þess verður ekki séð að hið nýja fyrirkomulag skerði að neinu marki möguleika nýnema til að komast í skóla utan síns „svæðis", hafi þeir mjög góðan undirbúning til þess að mati skólans.

Stóra verkefnið er að tryggja öllum nýnemum skólavist og til þess eigum við góða framhaldsskóla um allt land. Mikilvægast er að það sé gert á forsendum nemendanna sem eru að ljúka sínu skyldunámi. Þar þarf að ráða upplýst val byggt á styrkleikum og veikleikum hvers og eins, áhuga og áformum um framtíðarnám og störf. Mikilvægur þáttur í því er samstarf skóla á grunn- og framhaldsskólastigi. Grunnskólarnir þekkja nemendur sína og framhaldsskólarnir bjóða þá velkomna. Skipuleg tengsl grunn- og framhaldsskóla við innritun nýnema eru liður í því að styrkja þetta nauðsynlega samband.

Það er samfélagsleg skylda okkar að tryggja ungmennum nám við hæfi í framhaldsskólum. Það er trú mín að það sem hér hefur verið rakið feli í sér framfaraspor í átt að því marki.

# Bókaþjóðin gæti sín

Skólasöfn

**Kristín Helga Gunnarsdóttir**
rithöfundur



Undirstaða menntunnar er lestur. Því meiri sem lesturinn er á grunnskólaárum því betur er barnið undirbúið til að takast á við framhaldið, hvert sem lífið leiðir það.

Rannsóknir sýna enda að lestur er grunnur alls náms, hvort sem um ræðir raungreinar, stærðfræði eða aðrar námsgreinar. Að styrkja stoðir lesturs á grunnskólastigi er því lykill og aðgangur að öllu sem í vændum er.

Það er því illskiljanlegt að nú skuli vegið alvarlega að lestrarþroska grunnskólabarna með því að þrengja að skólabókasöfnum, minnka bókasafnskennslu til muna og höggva í þann mikilvæga hornstein sem skólabókasafnið er.

Sýnt hefur verið fram á að stöðugur aðgangur barna að bókum með góðri handleiðslu eykur til muna yndislestur og það er einmitt sú tegund lestrar sem eflir námsgetu og menningarlæsi.

Við höfum ekki bókasafn í okkar skóla, sagði barnakennari eitt sinn við mig, en við förum reglulega með langferðabíl í skoðunarferð á bæjarbókasafnið og fáum kakó og kex.

Þannig verður aðgangur að bókasafni nokkurs konar rannsóknarferð um bæjarfélagið fremur en eðlilegur þáttur í daglegu lífi barns á vinnustað.

Einhverjar grunnskólastofnanir á jaðrinum reka ekki bókasöfn með kennurum. Aðrar, innan opinbera kerfisins, neyðast nú hver af annarri til að draga stórlega úr bókasafnskennslu í sparnaðarskyni.

Hver er sparnaðurinn af því að leggja niður kennslu í yndislestri? Slíkur gjörningur hefur afdrifaríkar afleiðingar til framtíðar við menntun og menningaruppeldi þjóðar.

Í þeim raunveruleika sem við búum við í dag er vart hægt að gera ráð fyrir að öflug kennsla í yndislestri fari fram á hverju íslensku heimili. Þar verður grunnskólinn að gegna lykilhlutverki til að gæta jafnræðis meðal barna. Ein mikilvægasta kennarastaða grunnskólans er staða bókasafnskennara. Miklu heldur ætti að efla þá stöðu og styrkja til muna. Ófá börn hafa undir handleiðslu bókasafnskennarans lært að meta góðar bókmenntir, hverfa inn í ævintýraheima og ná tökum á stærri doðröntum. Að renna sér á sokkaleistunum úr skólastofunni yfir á bókasafn í frímínútum til að skila bókum og fá nýjar á að vera hluti af hversdegi barns – stöðugur og opinn aðgangur að öflugu bókasafni með víðtæku efni á fjölbreyttu formi.

Að svipta börn markvissri kennslu í yndislestri og torvelda aðgengi þeirra að bókmenntum er sorglegt afturhvarf til forneskju.

Nú má bókaþjóðin gæta sín.


Umsóknarfrestur er til 15. júní 2011

START

RANNSÓKNASTÖÐUSTYRKIR

Rannsóknasjóður, í samstarfi við Mannauðsáætlun Evrópusambandsins (PEOPLE / Marie Curie), auglýsir eftir umsóknum um rannsóknastöðustyrki. Umsóknarfrestur er til 15. júní 2011, kl. 16:00. Styrkirnir eru veittir í 12-24 mánuði með möguleika á allt að 12 mánaða framlengingu. Allar umsóknir og umsóknargögn skulu vera á ensku.

**Nánari upplýsingar og umsóknargögn er að finna á www.rannis.is/start**

Rannsóknasjóður

SEVENTH FRAMEWORK PROGRAMME

MARIE CURIE ACTIONS

rannís
Laugavegi 13, 101 Reykjavík
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

markhonnun.is

# nettó

Kræsingar og kostakjör



KJÚKLINGABRINGUR
FERSKAR

25% afsláttur

1.799 kr/kg
áður 2.398 kr/kg

# KRÆSINGAR OG **KOSTAKJÖR**

LAMBAHRYGGVÖÐVI (FILE)
FERSKUR M/FITU

20% afsláttur



2.798 kr/kg
áður 3.498 kr/kg

FOLALDAINNRALÆRI
KRYDDAÐ

30% afsláttur



1.959 kr/kg
áður 2.798 kr/kg

COLA
2 L




99 kr/stk.
áður 159 kr/stk.

The co-operative

HAMBORGARI
2 x 120 G

39% afsláttur



396 kr/pk.
áður 649 kr/pk.

GOÐI

LAXAFLAK
BEINLAUST M/ROÐI

Ópal Sjávarfang



1.890 kr/kg
áður 2.198 kr/kg

**Pink Lady Tilboð**
2 kg kassi

2kg kassi




698 kr/pk.
Gjafapoki fylgir með!

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**

Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

**Tilboðin gilda 31. mars - 3. apríl**
eða meðan birgðir endast

# Um óreiðumenn og annað fólk

Efnahagsmál

Friðrik Már Baldursson og Gylfi Zoëga
prófessorar í hagfræði




Í kjölfar bankahrunsins í október 2008 urðu þau orð seðlabankastjóra fleyg að almenningur ætti ekki að greiða skuldir óreiðumanna. Nú, tveimur og hálfu ári síðar, má spyrja að hversu miklu leyti almenningur hafi tekið ábyrgð á þessum skuldum.

Staðreyndin er að erlendir lánardrottnar hafa ekki aðeins tekið á sig að greiða fyrir misheppnaða útrás fjármálageirans, heldur einnig mestan hluta af neyslu og fjárfestingu heimila og fyrirtækja umfram þjóðartekjur árin 2003-2008. Þetta er óháð því hvort kjósendur segja já eða nei í kosningum eftir viku. Sú ákvörðun sem mestu máli mun skipta í þessu sambandi er ekki þjóðaratkvæðagreiðslan 9. apríl heldur væntanlegur dómur Hæstaréttar um lögmæti neyðarlaganna sem setti skuldabréfaeigendur (einkum erlendar fjármálastofnanir) og erlenda innstæðueigendur skör lægra en innstæðueigendur í útibúum bankanna innanlands.

### Fall fjármálamiðstöðvar

Stjórnvöld á Íslandi höfðu í upphafi fyrsta áratugs aldarinnar forgöngu um að hér risi alþjóðleg fjármálamiðstöð. Vöxtur og afkoma íslensku bankanna árin 2003-2007 vakti heimsathygli. Þegar bankarnir urðu uppiskroppa með lausafé í október 2008 kom hins vegar í ljós að eignasafn þeirra nægði engan veginn til þess að standa undir skuldum og lánardrottnar biðu mikið tjón. Þetta voru gjaldþrot á heimsmælikvarða. Heildareignir íslensku bankanna voru 182 milljarðar Bandaríkjadala þremur mánuðum fyrir hrunið sem er þrisvar sinnum meira en verðmæti eigna Enron fyrir fall þess fyrirtækis árið 2001. Til samans væru gjaldþrot bankanna þriggja þriðja stærsta gjaldþrot í sögu Bandaríkjanna. Íslenska ríkið átti aldrei möguleika á að koma í veg fyrir þessi gjaldþrot.

### Tjón erlendra lánardrottna og tjón Íslendinga

Áætlað heildartjón lánardrottna bankanna nam um 64 milljörðum Bandaríkjadala eða yfir sjö þúsund milljörðum íslenskra króna, þ.e.a.s. meira en sem nemur fjórfaldri landsframleiðslu Íslands. Á meðal lánardrottna var einum hópi þó forðað frá tjóni með setningu neyðarlaga 6. október 2008 en það voru innstæðueigendur sem áttu fé í útibúum bankanna á Íslandi. Þeir töpuðu engu jafnframt því sem eigendur skuldabréfa bankanna í peningamarkaðssjóðum fengu greitt meira fyrir bréfin en sem nam markaðsvirði.

Ein leið til þess að meta kostnað Íslands af bankahruninu er að reikna út hvernig erlend staða þjóðarbúsins hefur breyst frá því fyrir hrunið. Erlendar skuldir umfram eignir þjóðarbúsins (hrein erlend staða) í árslok 2002 voru 69% af vergri landsframleiðslu (VLF). Þegar búið er að taka tillit til eigna gömlu bankanna í nýju bönkunum og erlendra skulda og eigna Actavis þá áætlar Seðlabankinn að erlendar skuldir umfram eignir séu nú 23% af VLF. Icesave-skuldbindingin er reiknuð með í þessari tölu en hún er áætluð innan við 4% af VLF. Erlendar skuldir þjóðarbúsins umfram eignir hafa því ekki hækkað í kjölfar hrunsins eins og búast hefði mátt við heldur hafa þær lækkað um 46% af vergri landsframleiðslu þótt vissulega sé óvissa um endanlega skuldastöðu fyrir hendi.

Að teknu tilliti til óvissu í mati Seðlabankans vegna Icesave og uppgjörs gömlu bankanna getur bati á erlendri stöðu við útlönd frá 2002 þannig hlaupið allt frá þriðjungi til helmings landsframleiðslunnar. Þetta kemur á óvart, sérstaklega í ljósi þess að vöru- og þjónustujöfnuður árin 2003-2008 var neikvæður um 600 milljarða króna. Á sama tímabili nam samanlagður viðskiptahalli Íslands 1140 milljörðum króna en þá er tekið tillit til vaxtagreiðslna af erlendum lánum og tekjum af erlendum fjárfestingum. Til samanburðar er verg landsframleiðsla landsins um 1500 milljarðar króna. Þessi útgjöld fyrirtækja og heimila umfram þjóðartekjur falla að verulegu leyti á erlenda lánardrottna skv. þessum tölum. Skuldabyrði heimila um þessar mundir stafar því af skuldum gagnvart öðrum innlendum aðilum; en fjármálakreppan breytti eigna- og tekjuskiptingu innanlands, oft á ekki sanngjarnan hátt.

> Icesave-málið snýst í grunninn ekki um það hvort þjóðin hafi ábyrgst skuldir óreiðumanna heldur um það hvernig íslenska ríkið ráðstafaði eignum hinna föllnu banka.

### Kostnaður ríkissjóðs af hruninu

Á bóluárunum urðu lántökur banka, fyrirtækja og almennings til þess að stórauka tekjur ríkissjóðs. Hagnaður banka, fjárfesting fyrirtækja, innflutningur og einkaneysla almennings stækkaði skattstofna og hjálpaði ríkinu að greiða niður skuldir sínar. Eftir bankahrunið hafa skuldir ríkissjóðs farið vaxandi eins og við mátti búast, fjármálakreppur hafa ávallt í för með sér að skuldir ríkisins aukast. Hér hefur vegið þyngst endurfjármögnun banka og annarra fjármálafyrirtækja (18% af VLF) og endurfjármögnun Seðlabankans (11% af VLF). Þessu til viðbótar kemur halli á rekstri ríkissjóðs árin 2008 til 2010 sem var 13% af VLF árið 2008, 8,2% árið 2009 og 6,2% árið 2010. Skuldir hins opinbera (þ.e. ríkis og sveitarfélaga) hafa því vaxið mikið og eru nú um 120% af landsframleiðslu að meðtöldum lífeyrisskuldbindingum. Hreinar skuldir umfram eignir eru þó mun lægri eða 43% af landsframleiðslu sem gerir stöðuna vel viðráðanlega þótt vissulega væri æskilegt að lækka brúttóskuldir.

Beinn kostnaður af Icesave-samningnum fyrir ríkið, þegar tekið hefur verið tillit til endurheimta úr eignasafni Landsbankans og 20 milljarða inneignar í Tryggingasjóði innstæðueigenda og fjárfesta, er áætlaður 32 milljarðar króna eða um 2% af landsframleiðslu. Beinn kostnaður vegna bankahrunsins er þannig um 31% af landsframleiðslu, (18% vegna endurfjármögnunar fjármálastofnana, 11% vegna endurfjármögnunar Seðlabankans og 2% vegna Icesave-samningsins) en kostnaður vegna Icesave er lítill hluti af þessari heildartölu þótt nokkur óvissa sé um endanlega niðurstöðu.

### Lokaorð

Icesave-málið snýst í grunninn ekki um það hvort þjóðin hafi ábyrgst skuldir óreiðumanna heldur um það hvernig íslenska ríkið ráðstafaði eigum hinna föllnu banka. Það var gert þannig að þeir sem áttu sitt fé á reikningum í útibúum bankanna hérlendis fengu allt sitt óskert og án tafar en þeir sem áttu fé í útibúum erlendis áttu að mæta afgangi, þ.e. fá sitt með tíð og tíma þegar og ef þrotabúið gæti greitt þeim.

Þegar kemur að þjóðaratkvæðagreiðslu um ríkistryggingu á skuldbindingum innlánatryggingasjóðs mun „já“ atkvæði fela í sér að ríkið taki ábyrgð á kostnaði Tryggingasjóðs innstæðueigenda og fjárfesta vegna innstæðna í erlendum útibúum Landsbankans. Sá kostnaður er aðeins lítill hluti kostnaðar ríkisins vegna bankakreppunnar og brot af því tjóni sem lánardrottnar hafa orðið fyrir vegna falls bankanna og lántöku fyrirtækja og almennings.




# Vaðlaheiðargöng á 110

Vaðlaheiðargöng

Þorlákur Axel Jónsson
menntaskólakennari



Vaðlaheiðargöng munu létta umferð af einum hættulegasta kafla hringvegarins. Í því ljósi eru undarlegar fréttaskýringar og leiðaraskrif dagblaða ásamt andróðri Félags íslenskra bifreiðaeigenda gegn Vaðlaheiðargöngum.

Margir hafa látið lífið í umferðarslysum á veginum út með Eyjafirði að austanverðu. Hinn 15. febrúar síðastliðinn bar Fréttablaðið saman fjölda slysa á kafla Suðurlandsvegar frá Selfossi að gatnamótum Þrengslavegar, sem er álíka langur og sá hluti hringvegarins sem Vaðlaheiðargöng leysa af hólmi, en hann er rúmir 26 km. Með samanburði á tilteknu tímabili þar sem ekki er reiknað með umferðarþunga var niðurstaða blaðsins að fjöldi slysa og óhappa á fyrrnefnda veginum væri „727% meiri“ en á veginum norður fyrir Vaðlaheiði. Samanburður af þessu tagi er alltaf erfiður. Öll mannslíf eru dýrmæt og helst vildi ég ræða umferðarmál án þess að þurfa að draga tíðni þeirra inn í umræðuna, en það hafa FÍB og Fréttablaðið kosið að gera. Sé litið á tímabilið frá 1995 til 2008 létust fimm í umferðarslysum á veginum sem Vaðlaheiðargöng létta af umferð en hún var áætluð að meðaltali um 900 bílar á dag fyrir þessi ár. Þegar umferðarmagn er tekið inn í myndina var tíðni banaslysa á þessum vegi meira en tvöfalt hærri en á áðurnefndum kafla Suðurlandsvegar á sama tímabili þar sem umferð var nærri 5.300 bílar á dag.

Það ætti ekki að koma FÍB á óvart hversu hættulegur vegurinn er sem Vaðlaheiðargöng munu leysa af sem hluta hringvegarins. Árið 2008 sendi félagið frá sér skýrslu um mat á þjóðvegum landsins út frá umferðaröryggi sem gert var með fulltingi evrópsku vegamatsáætlunarinnar EuroRAP og stuðningi margra aðila. Sérbúin bifreið ók um vegi landsins og gaf þeim öryggiseinkunn. „Þeir kaflar sem lakast koma út á hringveginum eru frá Akureyri og út austanverðan Eyjafjörð“ segir í niðurstöðum skýrslunnar.

Athyglisverð hugmynd er sett fram í skýrslu FÍB um að með tilteknum úrbótum „mætti hækka hámarkshraðann á Reykjanesbraut í 110 og jafnvel meira“. Ljóst er að hámarkshraðinn í Vaðlaheiðargöngum verður ekki 110 km/klst. og heldur ekki meiri en það. Vaðlaheiðargöng munu aftur á móti auka umferðaröryggi á vegi þar sem tíðni banaslysa er sorglega há.

**Landsfundur Hreyfingarinnar 2011**

Fundurinn verður haldinn 14. maí 2011, kl. 14.00, á Grand hóteli, Sigtúni 38, 105 Reykjavík. Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf.

Allir sem hafa kosningarétt samkvæmt gildandi lögum um kosningar til Alþingis hafa seturétt, málfrelsi, tillögurétt og kosningarétt á landsfundi Hreyfingarinnar.

Nánari upplýsingar um fundinn og fundargögn er að finna á heimasíðu Hreyfingarinnar www.hreyfingin.is



27
milljónir
ÞETTA ER EKKI
APRÍLGABB!
Fjórfaldur Lottópottur stefnir í 27 milljónir.
Leyfðu þér smá Lottó!
Lottó
02/04 2011 | WWW.LOTTO.IS
facebook
Skráðu þig sem aðdáanda Lottó á
facebook.com/lotto.is
Fíton / SÍA

# AÐEINS

TILBOÐIN GILDA 02.04 - 03.04




**BASIC ART strimlagluggatjöld**
Vinsælu strimlagluggatjöldin okkar loksins komin aftur! Litur: Hvítt. Stærðir:
100 x 250 sm. **2.995,-** 150 x 250 sm. **3.995,-** 200 x 250 sm. **5.995,-**
250 x 250 sm. **6.995,-** 300 x 250 sm. **8.995,-**




**LORENA sængurverasett**
Efni: 100% bómull.
Stærð: 140 x 200 sm.
og 50 x 70 sm.




**TOP ROLLER plastkassi**
Stór og rúmgóður plastkassi á hjólum. Langt og gott handfang.
Stærð: 59,3 x 39,3 x 34,2 sm.




**Þurrkgrind**
Góð þurrkgrind úr hvítlökkuðum járnrörum með u.þ.b. 20 metra þurrkplássi.




**Ilmkerti**
Mikið úrval af ilmandi kertum. Frábært verð!
1 stk. **139,-** / 9 stk. **995,-**

**INDIA sængurverasett**
Efni: 100% gæðabómull.
Stærð: 140 x 200 sm. og 50 x 70 sm.







LÆKKAÐ VERÐ!




**MEGAN myrkvunargardínur**
Góðar myrkvunargardínur, fást í svörtu og beige. Stærðir:
80 x 170 sm. **1.695,-** 100 x 170 sm. **1.995,-**
120 x 170 sm. **2.495,-** 140 x 170 sm. **2.995,-**
180 x 170 sm. **3.995,-** 90 x 210 sm. **2.495,-**

**DARK myrkvunargardínur**
Þykkar og góðar myrkvunargardínur. Litur: Hvítt. Stærðir:
60 x 170 sm. **1.995,-** 80 x 170 sm. **2.495,-** 100 x 170 sm. **2.995,-**
110 x 170 sm. **3.495,-** 120 x 170 sm. **3.695,-** 140 x 170 sm. **3.995,-**
150 x 170 sm. **4.495,-** 160 x 170 sm. **4.995,-** 180 x 170 sm. **5.495,-**
150 x 250 sm. **5.995,-** 90 x 250 sm. **3.995,-** 200 x 170 sm. **5.995,-**



KÖKUDISKUR
ÁÐUR: 1.295,-
995,-

**Kökudiskur með hjálmi**
Góður kökudiskur með hjálmi og handfangi.



# ÓDÝRARI!

SPARIÐ 10.000



VENJULEGT VERÐ: 24.950,-

**14.950,-**

**THEO skrifborðsstóll**
Góður skrifborðsstóll á krómfæti með hnakkapúða og stillanlegum armpúðum. Hægt að halla baki og festa í hvaða stöðu sem er. Hægt að rugga. Litur: Svartur.

FRÁBÆRT VERÐ!



Koddi
50 x 70 sm.
4.995,-

NÝTT

Veggir

HREIN EFNI
60°

DÖNSK GÆÐAVARA

**DANICA andadúnssæng**
Gæða andadúnssæng fyllt með 600 gr. af hvítum evrópskum andadúni og fiðri. Sængin er saumuð í ferninga með veggjum á milli hólfa og því helst dúnninn jafn yfir alla sængina. Þéttofið áklæði úr 100% bómull. Stærð: 135 x 200 sm. Sængurtaska fylgir. Má þvo við 60°C.

ANDADÚNSSÆNG

**14.950,-**

ÁFÖST YFIRDÝNA

STÆRÐ: 90 X 200 SM.

SPARIÐ 25.000



VENJULEGT VERÐ: 69.950,-

**44.950,-**

Bonell gormar · Yfirdýna · Svampur

**SWEET DREAM amerísk dýna**
Vönduð og góð dýna með sterkri hliðarstyrkingu.
Í efra lagi er áföst 10 sm. þykk yfirdýna úr hágæða svampi.
Í neðra lagi eru u.þ.b. 140 LFK BÓNELL gormar pr. m².
Fætur fylgja með. Stærð: 90 x 200 sm.

FRÁBÆRT VERÐ!



BARNAFERÐARÚM

**8.995,-**

**SAMSON barnaferðarúm**
Létt og handhægt barnaferðarúm, kemur í góðri tösku. Stærð: 60 x 120 sm.



NÝIR LITIR

1 DOKKA VERÐ AÐEINS:

**319,-**

**MERINO BLEND ullargarn**
Einstaklega mjúkt og gott ullargarn. Superwash. 50 gr. dokka. Nýir og flottir litir!

MINNUM Á ENDURBÆTTA VERSLUN Á SMÁRATORGI!

FRÁBÆRT VERÐ!



**Ruslafata**
Stílhrein ruslafata úr burstuðu stáli.
Stærðir:
5 lítra
**1.995,-**
12 lítra
**2.995,-**

3JA LÍTRA

**1.495,-**

FRÁBÆRT VERÐ!



VERÐ PR. MTR. FRÁ:

**995,-**

**Fataefni**
Fataefnin loksins komin aftur! Eigum jogging-, stroff-, viscose- og rayonefni í miklu úrvali. Komdu og skoðaðu úrvalið. Frábært verð!

**GORDES skór**
Fínir skór fyrir sumarið!
Stærðir: 36-41.



SKÓR Á FRÁBÆRU VERÐI!

**595,-**

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

# Trúi ekki á kynbundinn ljóðamun

**Gyrðir Elíasson** rithöfundur fagnar fimmtugsafmæli á mánudag með útgáfu á hnausþykku safni nýrra ljóðaþýðinga, Tunglið braust inn í húsið. Í samtali við ***Bergstein Sigurðsson*** ræðir Gyrðir um ljóðin sem hafa fylgt honum, tímamótin sem hann stendur á, ferilinn og áhuga sinn á innra lífi einstaklingsins, „prívatlífi sálarinnar“, sem hann telur að sé hlunnfarið á okkar dögum.

*Af og til*
*hljótið þið líka*
*að finna fyrir þrá*
*eftir gamla hreiðrinu ykkar*
*djúpt inn á milli fjallanna*

Svo hljóðar „Fuglar í búri“ eftir japanska ljóðskáldið Ryokan, eitt þeirra ljóða sem finna má í Tunglið braust inn í húsið; safni nýrra ljóðaþýðinga Gyrðis Elíassonar sem kemur út á mánudag, á fimmtugsafmæli þýðandans. Þetta er þykkara rit en maður á að venjast frá Gyrði, rúmar þrjú hundruð síður, þar sem hann hefur safnað saman kveðskap skálda víðs vegar úr heiminum sem hafa fylgt honum í gegnum tíðina, sér í lagi kínverskra og japanskra skálda.

„Ég byrjaði snemma að lesa kínversku skáldin í enskum þýðingum og íslenskum því Helgi Hálfdanarson og fleiri hafa þýtt kínversk ljóð,“ segir Gyrðir á vinnuloftinu á heimili sínu í Grafarvogi. „Fyrsta ljóðaþýðingasafnið sem ég gaf út innihélt að hluta þessi austurlensku skáld og þegar þessi bók var að myndast byrjuðu ljóð þeirra að leita aftur til mín.“

Gyrðir segir tímaleysi austurlensku ljóðlistarinnar höfða sterkt til sín, en elsta skáld bókarinnar var uppi á fimmtu öld.

„Þessi ljóð eiga einhvern veginn við alla tíma og eru oft merkilega nútímaleg. Svo er það líka þessi nánd við náttúruna sem ég kann að meta, hvernig þau flétta saman mannlegum tilfinningum og upplifun af sköpunarverkinu.“



**GYRÐIR ELÍASSON** „En fyrir rithöfund á hækkandi aldur ekki endilega að þýða skerta starfshæfni. Margir höfundar hafa skrifað framúrskarandi verk á seinni hluta ævinnar, þó fáir nái William Heinesen, sem skrifaði eitt af meistaraverkum sínum 85 ára gamall.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Þrá sem býr með nútímamanninum

Í mörgum ljóðanna má einnig greina sterka þrá eftir nægjusemi og einfaldara lífi, sem Gyrðir telur að höfði sterkt til nútímamannsins.

„Ég held að þessi þrá búi innra með okkur öllum, mitt í þessum hasar nútímalífsins, að maður tali ekki um þegar allir eru að sligast undir fjármálafargi og veseni. Þessi skáld eiga alltaf hljómgrunn.“

Annað ljóð eftir hinn japanska Ryokan, „Ljóð sem ort var eftir skelfilegan jarðskjálfta“, rímar jafnvel skuggalega við atburði líðandi stundar.

„Það vildi svo undarlega til að bókin kom úr prentun örfáum dögum áður en skjálftinn í Japan reið yfir,“ segir Gyrðir. „Japan er auðvitað mikið jarðskjálftaland og þarna hefur Ryokan verið að bregðast við samtíma sínum á fyrri hluta 19. aldar. Samhengi ljóðsins verður enn sterkara eftir atburðina í Japan. Hins vegar rataði þetta ljóð upphaflega í bókina því mér fannst það eiga töluvert erindi við Íslendinga eftir hrunið, það lýsir í rauninni því líka. Og eins og Japan er Ísland líka náttúruhamfaraland, þannig að mér fannst þetta ljóð höfða til okkar á tveimur plönum.“

### Skáld eru skáld óháð kyni

Í bókinni eru einnig ljóð eftir ófáar konur, þekkt skáld á borð við Alice Walker, Elizabeth Bishop og Jane Hirshfield. Spurður hvort hann sé meðvitað að reyna að jafna hlut kvenna í ljóðaþýðingum, segist Gyrðir ekki líta á skáldskapinn sem kynbundinn heldur sammannlegan.

„Það má kannski segja að ég trúi ekki á kynbundinn ljóðamun. Ég var eitthvað gagnrýndur fyrir hvað það voru fáar konur í síðasta þýðingasafni. Sjálfsagt er ég eitthvað að bregðast við því en mér finnst þó varasamt að leggja of mikið upp úr svona talningum og draga ljóðskáld í dilka eftir kyni. Ég tala ekki um karl- eða kvenskáld; skáld er bara skáld, óháð kyni. Elizabeth Bishop, eitt skáldanna sem á ljóð í bókinni, vildi alls ekki að gagnrýnendur litu á hana sem skáldkonu, heldur eingöngu sem skáld.“

**Ryokan (1758-1831):**

## Ljóð sem ort var eftir skelfilegan jarðskjálfta

Dag eftir dag eftir dag
jafnt á hádegi og um miðnætti, var kuldinn nístandi.
Himninnn var kafinn svörtum skýjum sem
skyggðu á sólina
Hvassviðrið ýlfraði, snjór þyrlaðist um í tryllingi.
Úfnar öldur risu himinháar, hröktu á undan sér risafiska.
Veggir nötruðu og skulfu, fólk æpti í skelfingu sinni.
Þegar ég lít til baka síðustu fjörutíu árin
sé ég að hlutirnir voru farnir úr böndunum:
Fólkið var orðið léttúðugt og kærulaust,
lét sundurlyndi og klofning ná tökum á sér.
Það gleymdi ábyrgð sinni og skyldum,
virti að vettugi tryggð og réttlæti,
og hugsaði aðeins um sjálft sig.
Fullir sjálfsánægju hlunnfóru menn hver annan,
sköpuðu endalausa, grugguga óreiðu.
Veröldin var á barmi vitfirringar.
Enginn deildi áhyggjum mínum.
Allt versnaði þar til lokaáfallið dundi yfir –
fáum var ljóst að heimurinn var glataður
og ógnvænlega úr lagi genginn.
Ef þú vilt raunverulega skilja þessar hörmungar,
horfðu þá djúpt inn í sjálfan þig
fremur en að harma í vanmætti þínum
bitur örlög.

### Þvingar mann til umhugsunar

Fimmtugsaldurinn markar stór tímamót í lífi margra. Gyrðir neitar ekki að svo sé einnig í hans tilfelli.

„Þessi tala, 50 ár, þvingar mann einhvern veginn til að hugsa um það. Og jú, vissulega finn ég fyrir þessu, kannski meira en þegar ég varð fertugur; það er eitthvað sálfræðilegt ferli sem fer í gang þegar maður nær þessum áfanga. Hvort það kemur innan frá eða utan frá úr samfélaginu, vegna þess hvernig aðrir líta á þennan, aldur átta ég mig ekki á.

En fyrir rithöfund á hækkandi aldur ekki endilega að þýða skerta starfshæfni. Margir höfundar hafa skrifað framúrskarandi verk á seinni hluta ævinnar, þó fáir nái William Heinesen, sem skrifaði eitt af meistaraverkum sínum 85 ára gamall.“

### Verður ekki var við sérstök skil

Rithöfundarferill Gyrðis hefur verið afar gjöfull undanfarin ár; margir hömpuðu smásagnasafninu Milli trjánna frá 2009 sem hans besta verki og var bókin tilnefnd til bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs; sala á verkum hans hefur snaraukist; verk hans hafa verið þýdd á erlend tungumál og hann er meðal annars nýkominn úr upplestrarferð frá Þýskalandi, þar sem Gangandi íkorni kom út á dögunum. Auk þess hefur hann aldrei verið afkastameiri, er að ljúka við þýðingu á smásagnasafni eftir tékkneskan höfund sem kemur út í haust og vinnur að þremur prósahandritum sem hann býst við að byrji að koma út á næsta ári.

Spurður hvort hann upplifi sig á hápunkti ferils síns, segist hann ekki skynja sérstaka breytingu.

„Ég verð ekki var við sérstök skil á þessum svokallaða ferli mínum. Auðvitað tel ég mig hafa þróast eitthvað. Ég varð vissulega var við það á tímabili að fólk hafði minni áhuga á bókunum mínum. Sjálfum fannst mér ég vera að gera hluti sem sýndu rökrétt framhald. Athyglin var hins vegar bara annars staðar og tímarnir aðrir.

Það er auðvitað ágætt að finna að verk manns fái aukinn hljómgrunn, það er viss hvatning. En fyrst og fremst vinnur maður út frá eigin forsendum, innra með sér; reynir að gera sitt besta og helst ekki keppa við aðra heldur bara sjálfan sig.“

En er einhver sérstök ástæða fyrir auknum afköstum?

„Ég hef svo sem ekki velt því mikið fyrir mér. En við umhugsun virðast bækurnar að minnsta kosti hafa lengst undanfarið. Ég kann í rauninni enga skýringu á því.“

### Opin boðun ekki mín leið

Hvað sem vinsældum líður hefur Gyrðir verið einn virtasti höfundur landsins um langa hríð og mikils metinn af gagnrýnendum. Verk hans hafa fyrst fremst verið lofuð fyrir fagurfræðina í þeim meðan minni gaumur er gefinn að samfélagsgagnrýninni, sem þó kraumar oft undir yfirborðinu, til dæmis í Sandárbókinni frá 2007, sem innihélt þunga gagnrýni á samfélag góðærisáranna.

„Mér hefur alltaf fundist opin boðun frekar einföld í sér og hef því farið aðra leið,“ segir hann en kveðst þó ekki bera sig eftir að vera titlaður sem sérstakur samfélagsrýnir.

„Ég hef eins og allir aðrir mínar skoðanir sem komast einhvers staðar í gegn, misopinskátt. Ég held að ekki sé til neitt sem heitir afstöðulaust skáld; jafnvel skáld sem yrkir bara um blóm er að gefa ákveðna yfirlýsingu og staðsetja sig á einhvern hátt. Afstaðan er alltaf til staðar jafnvel þótt hún liggi ekki endilega í augum uppi.“

### Innra lífið er vanrækt

Gyrðir telur hins vegar að krafa samtímans um samfélagsgagnrýni í skáldskap sé á stundum of áleitin, sérstaklega gagnvart ljóðlistinni, og þá á kostnað annarra þátta.

„Ljóð getur falið í sér gagnrýni en það þarf ekkert endilega að gera það. Kannski boðar það ekkert sérstakt. Ljóðlistin er tæki sem er dálítið eins og tónlistin og fer oft inn í heima sem eru á mörkum þess sem hægt er að orða.

Svo er það sem ég kalla innra líf einstaklingsins, prívatlíf sálarinnar, sem er vanrækt og fáir fjalla um því það eiga allir að vera í þessari blessuðu samfélagskrítík. Þetta innra líf okkar er samt sem áður staðreynd, hver einstaklingur lifir með því, ég tel ekki að það verðskuldi minni athygli en hið ytra umhverfi okkar, þó ég sé ekki að gera lítið úr því að ytri skilyrði geti markað þetta innra líf með ýmsum hætti.“

### Sjálfsævisögulegir þræðir

Hvað um innra líf höfundarins; opinberar Gyrðir til dæmis prívatlíf sálar sinnar í verkum sínum?

„Ég held að Ófeigur Sigurðsson hafi hitt naglann á höfuðið þegar hann sagði að rithöfundar séu alltaf að skrá sjálfsævisögu tilfinningalífsins. Þetta er að minnsta kosti góð skilgreining á því hvernig ég upplifi að vera rithöfundur.

Það eru til margar tegundir af rithöfundum en ég hef á tilfinningunni að jafnvel þeir sem segjast ekki styðjast við sjálfsævisögulega hluti að nokkru leyti, geri það nú samt á einhvern hátt, jafnvel ómeðvitað.

Ég held að það sé hreinlega manninum varla mögulegt að ganga algjörlega fram hjá sjálfum sér í tjáningu. Þetta á eflaust við mig eins og aðra. Sálfræðingur gæti sjálfsagt lesið margt í verk mín, ekki síður en bókmenntafræðingur.“


HLAUPTU
ÚT Í VORIÐ
Adidas Snova S Tank
Verð: 8.990 kr.
Adidas Long Tight
Verð: 11.990 kr.
Adidas 3 S Wind Jacket
Verð: 9.990 kr.
Tilboð: 7.990 kr.
Adidas Snova
Sequence 3 W
Verð: 27.990 kr.
Adidas Snova
Gl Long tight
Verð: 11.990 kr.
Adidas Snova SS T
Verð: 7.990 kr.
Adidas RSD DS Wind jacket
Verð: 11.990 kr.
Tilboð: 9.990 kr.
Adidas Snova
Glide 3 M
Verð: 27.990 kr.
HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • WWW.UTILIF.IS
ÚTILÍF



**JÖKULFIRÐIR** Í Jökulfjörðum er meðal annars að finna stórbrotna náttúru og auðugt fuglalíf.



**SUMARDVALARSTAÐUR** Síðasti íbúinn yfirgaf þorpið árið 1952.



**LÆKNISHÚSIÐ** Í skáldsögu Yrsu Sigurðardóttur, Ég man þig, gista söguhetjurnar í Læknishúsinu þar sem dularfullir atburðir gerast, en þar hefur líka verið rekið gisti- og kaffihús. Ekki verður farið nánar út í söguþráðinn hér, en bókin hefur vakið mikla athygli. Hún hefur meðal annars verið seld til annarra landa og fyrir skemmstu tryggði Sigurjón Sighvatsson sér kvikmyndaréttinn á henni.

# Dagleið á fjörðum

**Hesteyri við Hesteyrarfjörð** í Jökulfjörðum á Vestfjörðum fór í eyði rétt eftir miðja síðustu öld, en þar eru nú tíu hús sem notuð eru sem sumarhús. Þorpið er einnig sögusvið skáldsögu Yrsu Sigurðardóttur, Ég man þig, sem kom út í fyrra. ***Stefán Karlsson*** ljósmyndari og ***Kjartan Guðmundsson*** sigldu Jökulfirðina í vikunni með Sigga Hjartar á Bjarnarnesinu og komu við á Hesteyri.



**VIÐ BRYGGJU** Mannlíf og hús byggðust upp þegar Norðmenn byggðu síldar- og hvalveiðistöð á Stekkeyri, rétt utan við Hesteyri, árið 1894. Mörg þeirra húsa standa enn í dag. Frá vori og fram á haust er reglulega boðið upp á siglingar um Jökulfirði, meðal annars til Hesteyrar.



**HAFIÐ** Á þessum árstíma þarf Siggi Hjartar á Bjarnarnesinu að notast við tuðru til að komast lokaspölinn í land við Hesteyri.

# ALLT FYRIR **FERMINGUNA**

ILVA einfaldlega betri kostur




= Verð 93.680.- **NÚ 64.900.-**

**SILENCE BASIC DREAM B4110.** 120x200 cm boxdýna með tvöfaldri bonell fjöðrun, polýestersvamp og vattstungið áklæði. **Verð 70.690.-**
**DREAM.** Tvíbreið sæng +2 koddar. Sæng 80% andadúnn, 20% andafjaðrir. 220x230 cm. **Verð 14.995,-** **AVALON.** Sængurverasett. 220x230 cm. **Verð 7.995,-**



**AUSTIN.** Skrifborðsstóll sv/grænt bak. **Verð 12.900.-**



**ILVA.** Hundamyndir. 43x43 cm. **Verð 7.995.-/stk**



**CLOCK.** Klukka m/stillimynd. Gler. Ø43 cm. **Verð 9.995,-**



**GHIA.** Svefnsófi svart textíl leður. 180x90 cm. **Verð 119.900.-**



**GAUDY GLOBE.** Kúluljós bleikt/ljóslilla. Ø36 cm. **Verð 6.995.-/stk**



**WING.** Skrifborðsstól tauákl. H. 82 cm. **Verð 39.900.-**



**RAISE OFFICE.** Skrifborð gler/stál. 150x66x70 cm. **Verð 64.900.-**



**COMPLETE.** Sængurverasett. Ýmsir litir. 140x200/60x63 cm. **Verð 5.995,-** **STOCKHOLM.** Sængurverasett. 140x200/60x63 cm. **Verð 7.995,-**



**EXPLORER.** Skrifborð fjólubl.gler/krómf. 160x80x76 cm. **Verð 29.900.-**



**SPLITBACK.** Svefnsófi futon hvítt textíl leður. 210x90x76 cm. **Verð 119.900.-**



**LUKE.** Skrifborðslampi sv/hv. H 58cm. **Verð 8.995.-/stk**

## PÁSKALEIKUR

KOMDU Í VERSLUN ILVA 1. TIL 17. APRÍL, OG TAKTU ÞÁTT.
SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTA OG ÞÚ ÁTT MÖGULEIKA ...

... á að vinna flug og gistingu fyrir tvo til Prag með Heimsferðum, páskaegg frá Nóa Síríus af stærstu gerð, einnig er fjöldi annarra glæsilegra vinninga úr verslun.

Heimsferðir · NÓI SÍRÍUS · Disney · ANDRÉS ÖND ÁSKRIFTARGJAFIR



**1. VINNINGUR.** Flug og gisting fyrir tvo til Prag með Heimsferðum.

**VINNINGAR Í PÁSKALEIK ILVA**



LUIGI borðstofustóll. · HAWK borðlampi. · GLOBE hnöttur. · Baðgjafakarfa. · HERREGAARD. · Fjöldi páskaeggja.

ILVA kaffi
Smurt brauð m/hangikjöti
490,-



VISA Lán - VAXTALAUST
Bjóðum uppá vaxtalaust lán til 6 mánaða

ILVA sendum um allt land

**ILVA Korputorgi Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík, sími 522 4500 www.ilva.is**
**mánudaga - föstudaga 11-18:30, laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18**

shop online

# Ég er ekki þessi rokkaða týpa

**Þuríður Sigurðardóttir**, ein ástsælasta söngkona þjóðarinnar um árabil, fagnar 45 ára söngafmæli á þessu ári. *Friðrika Benónýsdóttir* ræddi við hana um árin í bransanum, kjaftasögurnar og lífshættuna sem breytti lífi hennar.

Hafi ég haft einhverja tilhneigingu til að verða vandræðaunglingur þá reyndi bara aldrei á það, ég hafði engan tíma til þess,“ segir Þuríður, sem byrjaði að syngja sextán ára gömul, var sautján ára komin í fulla vinnu sem söngkona og stóð á sviðinu sjö sinnum í viku auk þess að koma fram í fjölda sjónvarpsþátta og syngja í útvarp og inn á plötur. En hvernig byrjaði ævintýrið? „Ég tróð upp í fyrsta skipti á samkomustað sem hét Lídó og var til húsa þar sem Fréttablaðið er núna. Gulli Bergmann stóð fyrir þessu skemmtikvöldi fyrir unglinga og var að leita að stelpu sem gæti sungið. Á þessum tíma var unglingamenningin að verða til og allt í einu áttu unglingar tilverurétt. Gulli var ötulasti innflytjandi unglingabyltingarinnar og vildi bara fá unglinga til að skemmta á þessum unglingasamkomum sem hann stóð fyrir. Ég ætlaði mér aldrei að verða söngkona, hafði verið fengin til að syngja einsöng með skólakórnum í Laugarnesskóla þegar ég var tólf ára, þótt ég væri ekki í kórnum og þá ákvað ég að leggja ekki sönginn fyrir mig því ég var svo titrandi nervös. Ég hefði aldrei í lífinu getað tekið þátt í Idol eða einhverja slíku, ég hefði dáið.“

### Á Röðli sex kvöld í viku

Þuríður lét þó tilleiðast þegar Gulli hafði samband, söng lagið Elskaðu mig, íslenskun á lagi Cher Baby Don‘t Go, í Lídó og boltinn fór að rúlla. „Ári seinna kom ég fram á tónleikum í Austurbæjarbíói í tengslum við fegurðarsamkeppni ungu kynslóðarinnar, söng These boots are made for walking og var dressuð upp í silfurstígvél sem náðu upp fyrir hné, rosalega flott. Magnús Ingimarsson og Vilhjálmur Vilhjálmsson voru á þessum tónleikum og Magnús hringdi í mig daginn eftir og bauð mér vinnu í hljómsveitinni. Mér fannst þetta svolítið spennandi, auk þess sem ég var að klára skólann, langaði að fara að læra myndlist og sá fyrir mér að ég gæti bara sungið í eitt eða tvö ár og átt þannig fyrir náminu.“

Árin urðu aðeins fleiri en Þuríður ætlaði sér í upphafi. „Ég söng með hljómsveit Magnúsar Ingimarssonar í fjögur ár og með þeim söng ég þau lög sem hafa lifað lengst eins og Ég ann þér enn og Ég á mig sjálf, auk þess sem við Villi sungum mikið í útvarpi og það var varla nokkur sjónvarpsþáttur tekinn upp á þessum árum án þess að hljómsveitin kæmi þar við sögu. Þannig að þessi hljómsveit hefur lifað með þjóðinni. “

Hljómsveit Magnúsar Ingimarssonar var svona frekar virðuleg hljómsveit og spilaði á Röðli þar sem aldurstakmarkið var 20 ár, langaði þig aldrei að syngja í rokkhljómsveit fyrir unglinga í þínum aldri? „Ég byrjaði nú með uppsteyt um leið og ég kom inn í hljómsveitina, heimtaði að strákarnir létu hárið vaxa og klæddu sig í samræmi við tískuna, en hljómsveitin spilaði alls konar tónlist og ég saknaði þess aldrei að syngja ekki meiri rokktónlist. Ég er bara ekki þessi rokkaða týpa.“



**ÞURÍÐUR SIGURÐARDÓTTIR** „Ég tók þennan söguburð mjög nærri mér og fannst alveg óskaplegt að fólk gæti verið svo ómerkilegt og illgjarnt að ljúga upp svona sögum.“ FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Tók söguburðinn nærri sér

Í hljómsveit Magnúsar Ingimarssonar kynntist Þuríður Pálma Gunnarssyni og þau urðu par. Eins áberandi og hljómsveitin var fór ekki hjá því að samband þeirra vekti althygli og þau lentu milli tannanna á fólki. „Ég hafði reyndar orðið vör við það áður hversu illgjarnt fólk getur verið. Ég hafði heyrt alls konar sögur um sjálfa mig, átti að hafa eignast barn og gefið það úr landi, farið heim með giftum mönnum, vera á kafi í dópi og ég veit ekki hvað og hvað. Ég tók þennan söguburð mjög nærri mér og fannst alveg óskaplegt að fólk gæti verið svo ómerkilegt og illgjarnt að ljúga upp svona sögum. Ég tók þá ákvörðun strax og ég byrjaði að syngja að hafa aldrei áfengi um hönd þegar ég væri að vinna, finnst það bara alls ekki fara saman og hef staðið við það. Pálmi lenti hins vegar enn verr í kjaftaganginum en ég, enda kemur hann mjög ungur inn í hljómsveitina austan af landi og var bara ekkert viðbúinn þeim tækifærum sem felast í því að vera tónlistarmaður. Á þessum tíma var líka allt í einu svo margt nýtt í boði, eins og hassreykingar og fleira og Pálmi réði ekki við þetta. Það reyndi auðvitað mjög á sambandið og ég var mjög ósátt við hassreykingar hans og drykkju. En sem betur fer náðum við seinna að gera upp okkar samband.“

### Var ekki hugað líf

Fæðing eldri sonarins olli straumhvörfum í lífi Þuríðar. „Ég fékk barnsfararsótt og var alveg rosalega veik. Það trúði reyndar ekki nokkur maður að það væri það sem væri að hrjá mig og það tók læknana óratíma að komast að niðurstöðu. Ég lá á sjúkrahúsi í átta vikur og var ekki hugað líf um tíma, vissi ekkert hvar ég var og gat hvorki hreyft legg né lið en var með fullri meðvitund þótt ég gæti ekki tjáð mig og sannreyndi þá að aðgát skal höfð í nærveru sálar. Þessi reynsla varð til þess að ég fór að hugsa öðruvísi og varð þakklátari fyrir lífið.“

Eftir að leiðir þeirra Pálma skildu gekk Þuríður til liðs við Hljómsveit Ragnars Bjarnasonar sem var hússhljómsveit á Hótel Sögu. „Við Raggi áttum mjög gott samstarf og Sumargleðiárin voru ótrúlega skemmtilegur tími. En ég var orðin dálítið þreytt á skemmtanabransanum, hafði lengi unnið sem flugfreyja á sumrin og fór í fullt starf hjá Arnarflugi. Svo var ég sjónvarpsþula um tíma og var með útvarpsþátt á Aðalstöðinni á meðan hún var og hét, þannig að ég hef reynt ýmislegt.“

Draumurinn um myndlistina blundaði þó alltaf í brjósti Þuríðar og árið 1996 hóf hún myndlistarnám í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti. „Ég fór í kvöldskóla og var þar fjögur kvöld í viku og ef ég skrópaði þá vissi það öll þjóðin, því þá var ég á sjónvarpsskjánum. Eftir að ég kláraði það nám sótti ég um í Listaháskólanum, útskrifaðist þaðan árið 2001 og hef síðan einbeitt mér að myndlistinni.“

Við höfum farið hratt yfir feril Þuríðar, en ætlar hún sjálf ekki að halda upp á afmælið á einhvern hátt? „Afmælið var nú strangt tekið í nóvember á síðasta ári, en ég ætla að vera með nokkurs konar afmælistónleika í Bátahúsinu á Siglufirði um páskana, þar sem ég fer yfir ferilinn með hljómsveitinni Vönum mönum. Þetta verður svona blanda af lögum sem ég hef sungið í gegnum tíðina og lögum sem tengjast Siglufirði.“

## FJÖLBREYTTUR FERILL



**Með Vilhjálmi Vilhjálmssyni** Í sjónvarpsþættinum Úr einu í annað árið 1976.



**Með Bessa og Ragga** Í sumargleðinni.



**Sjónvarpsþulan.**



**Úr sjónvarpsþættinum Litli sandur** Hann var tekinn upp á þaki sjónvarpshússins við Laugaveg.



**Í „hot pants“** Með Hljómsveit Magnúsar Ingimarssonar á Röðli.



# Ljúffeng máltíð
## og létt í maga

### *Hunangsgljáð kalkúnabringa*

*Létt lostæti sem hentar vel til hátíðarbrigða. Kjötið er fulleldað en gott er að hita það upp í ofni áður en það er borið fram. Kalkúnabringan er einnig góð köld og ofan á brauð.*







### *Reykt kalkúnasteik*

*Ljúffeng reykt kalkúnasteik með hefðbundnu hátíðarmeðlæti er matur sem öllum líkar. Kjötið er fulleldað en gott er að hita það upp í ofni áður en það er borið fram. Kalkúnasteikin er einnig góð köld og ofan á brauð.*




Íslensk framleiðsla

ÍSFUGL

Reykjavegi 36, Mosfellsbæ
Sími: 566 6103, Fax: 566 6762
isfugl@isfugl.is, www.isfugl.is

Grafika 11

# Kúrt í annað sinn með iPad

Ísland var eitt þeirra 25 landa sem fengu nýjustu **iPad-spjaldtölvuna** frá Apple um síðustu helgi. *Jón Aðalsteinn Bergsveinsson* heillaðist af fyrstu gerð tölvunnar og hefur síðastliðið ár prófað nokkrar spjaldtölvur sem hafa komið á markað. Um síðustu helgi endurtók hann leikinn frá í fyrra, lagðist upp í sófa og bar nýjustu kynslóð af heitustu sófagræju í heimi saman við tvo keppinauta.

Töluverð eftirvænting myndaðist áður en Apple setti fyrstu gerð iPad-sófatölvunnar á markað fyrir páska í fyrra. Það er kannski ofsögum sagt að tölvan hafi farið sigurför um heiminn. Á móti er vitleysa að reyna að halda því fram að tölvan hafi engu breytt. Vinsældir hennar hafa valdið því að keppinautar Apple í tæknigeiranum settu í fimmta gír í fyrra og hafa unnið að því hörðum höndum að ná í sneið af þeim markaði sem allt í einu varð til þegar iPad-tölvan leit dagsins ljós.

Tölvurnar eru álíka misjafnar og þær eru margar. Þær eru af öllum stærðum og gerðum en flestar eiga þær það sammerkt að apa eftir iPad-inum á einn eða annan hátt.

Ég fékk fyrstu iPad-tölvuna í hendur sama dag og hún kom hingað til lands í fyrra og eyddum við saman heilli helgi uppi í sófa – með nauðsynlegum hléum. Ég varð heillaður enda komin þarna græja sem ég gæti hugsað mér að eiga: Í stað þess að endasendast niður fjórar hæðir í blokkinni minni eftir dagblöðum á laugardagsmorgni og þurfa að hlaupa kaffiþyrstur upp aftur sá ég fyrir mér að geta sest með tölvuna við eldhúsborðið og flett í gegnum það helsta með sambærilegum hætti og ef ég væri með pappír í höndunum. Það sama á við um bókakaup. Ég gæti lesið nýjustu bækurnar á rafrænu formi fljótlega eftir að þær kæmu á markað í stað þess að bíða eftir sendingu að utan. Þessar væntingar mínar gengu allar eftir þegar ég prófaði mig áfram með fyrstu kynslóð iPad-sins. Það sem helst pirraði mig í fyrra var skortur á myndavél og fjölvinnsla (e. multitasking). Annað átti eftir að koma á daginn.

Þeir eru þónokkrir sem ég hef rætt við um ágæti spjaldtölva frá því ég prófaði þá fyrstu. Sumir skilja ekki kostina og spyrja hvernig eigi að vera hægt að vinna á svona græju. En það er málið. Þetta er í flestum tilvikum ekki vinnutölva, heldur sófatæki í eiginlegri merkingu. Þótt kalla megi fram lyklaborð nýtist það illa fyrir meira en færslu á vefslóð, minnispunkta eða stutt skilaboð. Þá er hvorki ritvinnsla né töflureiknir í tölvunum þótt slíkt megi setja upp. Tölvur sem þessar nýtast vel á löngum ferðalögum, í flugvélum og lestarferðum, í rútum og biðstofum hvers konar. Sem vinnutæki gefast þær í flestum tilvikum ekki vel.



**EKKI HÆGT AÐ HORFA Á FRÉTTIR RÚV** iPad-tölva Apple styður ekki við Flash og Windows Media Player sem veldur því að ekki er mögulegt að skoða allt efni á netinu. Í borð- og fartölvum er lítið mál að hala niður viðbótarhugbúnaði til að horfa og hlusta á fréttir á RÚV. Mér tókst það aldrei á iPad-tölvunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Arftakinn handleikinn

Apple virðist hafa stigið varlega til jarðar í nýjustu uppfærslunni á iPad 2. Tölvan er jafn stór og forverinn en nokkuð þynnri, um hundrað grömmum léttari og laus við kúpt bakið, sem gerir ráp, bók- og blaðalestur uppi í sófa mun þægilegri en áður. Þá gerir 1GHz dual-core Apple A5-örgjörvinn það að verkum að vélin er snarari í snúningum en áður, tilfinnanlega hraðvirkari en til dæmis nýjasta gerðin af iPod Touch. Þá veldur líftími rafhlöðunnar því að ekki þarf að setja tölvuna oft í samband. Vídeógláp og tölvuleikjaspil valda því hins vegar að engu er líkara en batteríið leki.

Þegar fyrsta gerðin af iPad-tölvunni kom á markað í fyrra kvörtuðu margir yfir skorti á myndavélum. Á þeirri nýju eru myndavélar bæði að aftan og framan. Ég verð að viðurkenna að lítill tilgangur finnst mér með bakmyndavélinni. Þetta er VGA-linsa sem tekur myndir í litlili upplausn og léleg í lítilli birtu. Kosturinn er hins vegar sá að vélin ræður við upptöku í háskerpu og gerir hún það vel. Vandamálið er hins vegar að iPad-tölvan og sambærileg tæki sem til eru á markaðnum eru of stór og ættu að mínu viti ekki að vera brúkaðar sem myndavélar. Jafnvel Galaxy Tab frá Samsung, sem er með um sjö sentímetra minni skjá en iPad-tölvan, er of stór.

Að myndavélunum undanskildum þá varð ég fyrir vonbrigðum með skjá iPad 2-tölvunnar. Áður en hún kom á markað gerðu menn sér vonir um að hana myndi prýða sambærilegur Retina-skjár og á iPhone 4-símunum og nýjustu gerðinni af iPod Touch og flaggar frábærri upplausn. Því er ekki að skipta heldur er iPad 2 með sömu skjágerð og forverinn. Hann er fínn en skilar því að ég hrópaði ekki upp yfir mig af hrifningu. Þá get ég ekki gert upp við mig hvort það sé kostur eða löstur að Apple standi fast á sínu og úthýsi stuðningi við Windows Media Player og annan hugbúnað undan hatti Microsoft. Það veldur því að ekki er hægt að sjá og hlusta á fréttir Ríkisútvarpsins og skoða myndbönd sem einungis keyra á slíkum búnaði.

### Í leit að fyrsta kikkinu

Eftir því sem lengra líður frá því ég fór höndum um iPad-tölvuna hef ég áttað mig á því að þegar fyrsta gerðin kom á markað varð ég mjög upprifinn. Mér fannst bylting handan við hornið, dagblöð á pappírsformi komin nær grafarbakkanum en nokkru sinni og tölvunotkun verða önnur en áður. Þótt ég sé enn sama sinnis um framtíð blaðaútgáfu og áður þá grunar mig tvennt; Í fyrsta lagi virðist Apple ætla að feta svipaða stigu og við þróun á iPod Touch-lófatölvunni og bæta fáeinum atriðum við græjuna í hverju skrefi. Í öðru lagi gerði ég mér of miklar vonir með tilkomu iPad 2, ég einfaldlega get ekki upplifað sömu tilfinninguna á ný og þegar ég fékk forverann í hendur.

### Eyjaskeggjar í einangrun

Einn af nauðsynlegustu fylgihlutum smátölva frá Apple er aðgangur að netbúðunum iTunes og App-hugbúnaðarversluninni. Eins og fram kemur í hliðarefni með greininni eru dyr þessara verslana lokaðar hér á landi. Ísland er ekki meðal þeirra landa sem geta átt viðskipti við verslanirnar og greiðslukort héðan ekki gjaldgeng þar.

Þetta er óþolandi og veldur því að iPad-tölvur, iPod, Apple-tölvur og iTunes-tónlistarforritið eru ekki nema hálfnýtt fyrirbæri. Og er þá hálf sagan sögð því þar er að finna gríðarstóran markað með hugbúnað, tónlist og kvikmyndir, mun meira úrval af efni og kjörum en nokkru sinni hefur verið í boði hjá nokkurri netveitu hér á landi. Fjallabaksleið og ýmsar aðrar ófærur eru hins vegar mögulegar. Vel hefði mátt gefa lesendum Fréttablaðsins kost á að sjá hvaða leiðir eru færar. Eftir því sem næst verður komist gæti slíkt hins vegar flokkast til lögbrota og því efninu kastað fyrir borð.

## TVÆR SPJALDTÖLVUR TIL SAMANBURÐAR

### Galaxy Tab frá Samsung

Á sama tíma og spjaldtölvan frá Samsung er sú minnsta sem ég hef komið höndum yfir er hún sú skemmtilegasta og liprasta sem ég hef prófað. Tölvan er með sjö tommu (17,8 sentimetrar) snertiskjá og vegur tæp 400 grömm. Hún keyrir á Android 2,2 stýrikerfinu, er með 512 MB vinnsluminni, 16 GB disk sem má stækka og keyrir á 1 GHz-örgjörva. Til viðbótar er hún með 3G-stuðning, styður við Flash, með 1 MB myndavél að framan og 3 MB myndavél að aftan sem getur tekið upp myndbönd í háskerpu. Næstum allt má gera á græjuna og vandfundið hvað ekki er mögulegt. Þá er ágætt að lesa af skjánum hvort heldur er bækur eða blöð og horfa á myndefni á hvaða formi sem er. Til viðbótar er gott að skrifa á lyklaborðið þótt skjárinn sé smár. Tölvuna má sömuleiðis nota sem síma og er þá fátt upp talið. Græjan kostar rétt rúmar hundrað þúsund krónur í Samsung-setrinu. Samsung hefur boðað nýja kynslóð af Galaxy Tab-tölvunni á næstunni og segja erlendir tölvuspekúlantar hana þá einu sem geti ógnað iPad-veldinu. Ég tek undir það.



### HP Slate 500 frá Hewlett-Packard

Spjaldtölvan HP Slate 500 er miklu frekar vinnutölva en sófagræja og hentar betur stjórnendum fyrirtækja en einstaklingum sem vilja rápa um netið. Tölvan er í raun venjuleg borð- og fartölva en með snertiskjá og keyrir á Windows 7-stýrikerfinu frá Microsoft. Tölvan er handhæg en svolítið þung, með 8,9 tommu skjá (22 sentimetrar), 2 GB vinnsluminni, kemur með 64 GB SSM-disk og vinnur á 1,86GHz Intel Atom Menlow Z530-örgjörva. Tölvan kemur með tengiboxi sem tölvan getur sest í og má tengja við hana fjölda af tengjum, þar á meðal lyklaborð. Það hentar vel enda lyklaborðið sem skjóta má upp á skjánum með svo litla stafi að erfitt er að nota þá. Lítill penni fylgir með og kemur hann sér vel. Í tölvunni eru tvær myndavélar, VGA-vél að framan en 3 MP-myndavél að aftan sem tekur ágætar myndir. Lítið er hægt að segja um tölvuna sem slíka en hún virkar eins og fartölva án lyklaborðs. Verðið liggur í kringum 150 þúsund krónur.



## AÐALDYR ITUNES LOKAÐAR Á ÍSLANDI

Íslendingar hafa oftar en ekki komið að lokuðum dyrum hjá erlendum netveitum sem selja sjónvarpsefni, hljóðbækur og tónlist á stafrænu formi. iTunes-verslun Apple er ein þeirra enda íslensk greiðslukort ekki viðurkennd þar. Þessar lokuðu dyr koma í veg fyrir að þeir sem eiga tæki frá Apple geti nýtt sér App-forritabúðina hvort heldur er til að kaupa hugbúnaði fyrir iPad, iPod Touch eða iPhone-síma eða næla sér í ókeypis efni.



Margir hafa klórað sér í hausnum yfir ástæðunni. Apple ytra á réttinn á App-versluninni auk þess sem greiða þarf skatt í heimalandi viðskiptavinarins. Apple hefur brugðist við með því að stofna App-verslun í öðrum löndum í þeim tilgangi að innheimta skattinn í hverju landi. Von er á íslenskri App-verslun á næstu misserum. Hvenær það verður hefur ekki fengist staðfest.

### Apple þarf að semja við rétthafa

Hvað tónlistarkaupin varðar þá hefur STEF, Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar, gert samning við iTunes um kaup og sölu á tónlist í gegnum NCB (Nordisk Copyright Burau). Samningurinn nær til allra Norðurlandanna auk Eystrasaltsríkjanna þriggja. Samkvæmt upplýsingum frá STEF-i fá íslenskir tónhöfundar greitt fyrir þá tónlist sem þeir selja á vefsíðum iTunes í gegnum STEF. Frá sjónarhóli STEF sé ekkert því til fyrirstöðu að iTunes opni netverslun hér. STEF upplýsti Fréttablaðið að sambandið sé ekki á móti því að iTunes opni verslun hér eða opni fyrir aðgang að einni af norrænu verslununum. Apple þurfi að semja við flytjendur og hljómplötuframleiðendur sem eiga réttinn hér á landi yfir þeim hljóðritum sem yrðu seld.

### Bakdyrnar opnar

Þrátt fyrir að aðaldyr iTunes- og App-búðanna séu lokaðar Íslendingum eru þeir netverjar til sem hafa mjakað sér inn í gegnum bakdyrnar. Þeir sem vilja hafa fengið ættingja og vini sem leið hafa átt um Bandaríkin til að kaupa fyrir sig inneignarkort með aðgangskóða í Apple-verslun. Þau kosta allt frá 10 dölum til 50, tæpra 1.200 króna til rúmra 5.700. Sömuleiðis má finna vefsíður á netinu sem selja inneignarkort og fá aðgangskóða sendan í tölvupósti. Það eitt og sér er þó ekki nóg enda nokkrum vandkvæðum bundið að setja upp aðgang hjá netbúðunum.



### Risastór afþreyingarverslun

iTunes- og App-netbúðir Apple hafa upp á mikið að bjóða. Þar má finna tónlist og kvikmyndir, sjónvarpsþætti, tölvuleiki og ýmsan hagnýtan hugbúnað. Sem dæmi um vöru er platan My Beautiful Dark Twisted Fantasy með Kanye West sem kostar 11,99 dali, jafnvirði 1.380 króna. Þetta er helmingi lægra verð en netverjar greiða hér (sama plata kostar 2.299 krónur á tonlist.is). Þá er hægt að kaupa og leigja mikið magn kvikmynda og sjónvarpsþátta, jafnvel heilu sjónvarpsseríurnar. Ein af nýlegri kvikmyndum er Black Swan með Natalie Portman í aðalhlutverki. Þeir sem vilja eiga myndina þurfa að punga út 14,99 dölum, jafnvirði 1.700 króna. Hana má leigja fyrir 3,99 dali, jafnvirði 460 króna. Þeir sem leigja myndir hafa 30 daga til að byrja að horfa á þær.



Kjúklingapylsur
Kjúklingapylsurnar frá Holtakjúklingi eru framleiddar úr besta hráefni sem völ er á. Því geta þeir sem hugsa um hollustuna nú gætt sér á þjóðarrétti okkar Íslendinga með góðri samvisku. Hvort sem þeir vilja hann með hráum, steiktum, tómat, sinnepi eða bara beint af grillinu.
Grunnur að góðri máltíð
www.holta.is
Holta
KJÚKLINGUR
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

# Hollt að hrista upp í umhverfinu

**Jóhann G. Jóhannsson** er skráður leikari í símaskránni en sinnir ótal öðrum störfum þess á milli, meðal annars sem framleiðandi, sjónvarpsmaður og framkvæmdastjóri fyrirtækis. *Kjartan Guðmundsson* ræddi við hann um fjölbreyttan ferilinn.



**FJÖLHÆFUR** Almenningur þekkir vel til Jóhanns, yfirvélstjórasonarins úr vesturbæ Kópavogs, úr fjölmörgum leikritum, kvikmyndum, sjónvarps- og útvarpsþáttum, en hann hefur einnig látið til sín taka á öðrum sviðum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Svona hef ég alltaf verið. Ég þarf alltaf að hafa allt á fullu í kringum mig,“ segir Jóhann G. Jóhannsson, sem er fyrst og fremst leikari, er kyrfilega skráður sem slíkur í símaskránni og vitund almennings, en samt svo margt fleira. Til að mynda er Jóhann einnig rekstrarhagfræðingur með MBA-gráðu í alþjóðlegum viðskiptum frá Háskólanum í Exeter í Englandi, formaður Sjálfstæðu leikhúsanna, Bandalags atvinnuleikhópa, sem berst meðal annars fyrir tilveru Tjarnarbíós, sjónvarpsmaður, útvarpsmaður og tónlistarmaður. Þá starfar hann einnig við framleiðslu kvikmynda og rekur sitt eigið fyrirtæki, Snilli, sem sérhæfir sig í því að tengja saman fyrirtæki og skemmtikrafta af flestu tagi auk annarra verkefna sem tengjast skemmtanaiðnaðinum. Svo fátt eitt sé nefnt.

Venju samkvæmt er ýmislegt í gangi hjá Jóhanni þessa dagana. Á föstudagskvöldum birtist hann landsmönnum sem umsjónarmaður hins óhefðbundna spurningaþáttar Ha?, sem notið hefur mikilla vinsælda að undanförnu, og leikur jafnframt í Farsælum farsa hjá Leikfélagi Akureyrar. Þá var í vikunni frumsýnd kvikmyndin Kurteist fólk í leikstjórn Ólafs Jóhannessonar, en í henni fer Jóhann með hlutverk og gegnir einnig starfi framleiðanda, sem Jóhann segir í raun formlegt orðalag yfir allsherjar reddara.

„Það felst í raun í því að hugsa þrjá leiki fram í tímann. Að halda öllum á tánum svo dýrmætur tími fari ekki til spillis,“ útskýrir hann.

### Þor til að taka næsta skref

Jóhann ólst upp í vesturbæ Kópavogs en býr nú á Seltjarnarnesi ásamt eiginkonu sinni, Guðrúnu Kaldal, og sonunum Jóhanni og Krumma, ellefu og átta ára.

Með ofangreinda titlaskrá í huga liggur beinast við að inna Jóhann eftir því hvort hann sé ekki á bólakafi í verkefnum 24 tíma á sólarhring, allan ársins hring.

„Jú, í rauninni er það svo,“ segir Jóhann. „Sá sem vasast í svona mörgu heldur alltaf að hann sé í fríi en er það í raun aldrei, eins skringilega og það hljómar. Það er alltaf eitthvað sem þarf að huga að, senda bréf, fara á fundi og svo framvegis. En ég kvarta ekki, því svona vil ég hafa þetta. Ég ræð vel við álagið og eyði miklum og góðum tíma með fjölskyldunni milli verkefna. Núna fer ég til dæmis norður að leika um hverja helgi og oft kemur fjölskyldan bara með. Það er afskaplega gaman þegar það er hægt.“

Hann viðurkennir þó að fjölhæfnin geti á stundum virkað hamlandi, þegar framkvæmdahliðin verður of fyrirferðarmikil á kostnað hinnar listrænu.

„Þá á ég erfiðara með að skerpa á einbeitingunni. Þegar það gerist kúpla ég mig gjarnan tímabundið út úr framleiðslunni. Tek ekki að mér verkefni sem þarfnast tölvu og farsíma. Það gerðist síðast nú í haust þegar ég var að leika í kvikmyndinni Djúpinu eftir Baltasar Kormák. Þá lagði ég öllum öðrum verkefnum á meðan.“

Spurður hvort framkvæmdagleðin stangist ekki á við erkitýpuna um listamanninn, viðkvæma blómið sem eyðir heilu dögunum í lótusstellingu, segir hann hefð fyrir því að íslenskir listamenn drífi hreinlega í hlutunum sjálfir.

„Sjáðu bara Ragnar Kjartansson. Hann er nú aldeilis sinn eigin framkvæmdastjóri, fjölmiðlafulltrúi og listamaður í senn og hefur alltaf verið. Sama má segja um Baltasar Kormák og Gísla Örn Garðarsson. Þetta eru framkvæmdamenn með heilmikinn drifkraft. Það er nauðsynlegt. Ég hugsa að við þekkjum öll fólk, ekki bara í listinni heldur á öllum sviðum, sem hafði ekki kraft og þor til að taka næsta skref. Oft er þetta hræðsla við að gera mistök,“ segir Jóhann.

> Ég hugsa að við þekkjum öll fólk, ekki bara í listinni heldur á öllum sviðum, sem hafði ekki kraft og þor til að taka næsta skref. Oft er þetta hræðsla við að gera mistök

### Sagði leikurum til sex ára

Eiginlegur leikferill Jóhanns hófst þegar hann fór með hlutverk Júlla í þáttunum um Nonna og Manna, þá sextán ára gamall, fyrir rúmum tveimur áratugum. Í kjölfarið fékk hann aðdáendabréf víða að úr heiminum, en leiklistaráhuginn kviknaði þó mun fyrr.

„Jóga systir mín tók þátt í uppfærslu Leikfélags Kópavogs á Þorláki þreytta og var með henni á öllum æfingum og sýningum, sex ára gamall. Magnús Ólafsson, Bjössi bolla, var meðal leikenda og hann minnir mig enn þá á það þegar ég, litla stýrið, lærði línurnar á undan öllum leikurunum og sagði þeim til,“ segir hann og hlær. „Þá ákvað ég að vera leikari og hef aldrei hvikað frá því.“

Eftir stúdentspróf frá Fjölbraut í Breiðholti lá leið Jóhanns til Bandaríkjanna, þaðan sem hann lauk BA-námi í leikhúss- og kvikmyndafræðum frá háskólanum í Hartford í Connecticut þremur árum síðar. Ferillinn fór svo á flug þegar hann fór með hlutverk Voffa í söngleiknum Hárinu árið 1994, sem mörgum þótti marka tímamót í uppfærslu söngleikja hér á landi. Leikhópinn skipaði fólk á borð við Hilmi Snæ Guðnason, Margréti Vilhjálmsdóttur, Ingvar E. Sigurðsson og fleiri og tekur Jóhann fram hversu heppinn hann hafi verið að fá slíkt tækifæri svo fljótlega eftir útskrift, enda sérlega mikilvægt fyrir leikara sem læra sína iðn erlendis að nýta fyrstu tækifærin til hins ítrasta.

„Í Hárinu fékk ég strax svo mikla athygli að ég þurfti ekki að hafa áhyggjur upp frá því. Hópurinn sem stóð að sýningunni var frábær, nánast eins og lítil hippakommúna, og mér þykir enn afar vænt um þetta fólk,“ segir Jóhann.

Við tóku ýmis verkefni á mörgum vígstöðum, en Jóhann lék í Borgarleikhúsinu á árunum 1997 til 2000 og er það eina tímabilið á starfsferlinum sem hann hefur verið fastráðinn.

„Þá fór í ég í MBA-námið í Englandi, að hluta til vegna þess að ég vildi öðlast aftur hungrið í leiklistina. Ég hugsaði sem svo að þar sem ég væri orðinn dálítið þreyttur á leikhúsinu ætti ég í raun ekki skilið að vera þar. Það væri hellingur af fólki sem vildi það. Eftir námið gerðist ég svo markaðsstjóri hjá Japis og svo kom hungrið í geirann aftur. Ég held að það sé öllum hollt að hrista aðeins upp í umhverfi sínu við og við.“

### Þorði ekki að semja lög

Uppvöxturinn í vesturbæ Kópavogs lagði líka grunninn að tiltölulega látlausum tónlistarferli Jóhanns, sem stofnaði rokksveitina Tríó Jóns Leifssonar ásamt æskuvinum sínum á unglingsárunum. Sveitin gaf út plötuna Komdu í byssó árið 1995 en hefur komið óreglulega saman síðan þá, nú síðast fyrir fimm árum, en hinir meðlimirnir hafa látið mikið að sér kveða í músíkinni.

Spurður hvort rokkstjörnudraumum hafi verið fyrir að fara á þessum árum neitar Jóhann því ekki. „Meinið var í rauninni að sveitin var skipuð miklum húmoristum sem höfðu kaldhæðnina að leiðarljósi. Við hræddum hver annan út í að þora alls ekki að koma með frumsamin lög á æfingar, því þá var gert óspart grín að viðkomandi. Við brugðum því á það ráð að gera grín að öðrum og þá fyrst þorðum við að semja lög. Á plötunni eru frumsömdu lögin „í anda“ einhverra annarra, eins og Sálarinnar, lag sem heitir Hver er galdurinn?, í anda Vina vors og blóma er lagið Stuð, og fleiri í anda Jet Black Joe, SSSólar og svo framvegis,“ segir Jóhann, sem sá um söng í sveitinni. „Ég var stundum með gítar á sviðinu en fékk sjaldnast að hafa hann tengdan,“ bætir hann við og skellir upp úr.

### Heldur öllu opnu

Inntur eftir helstu framtíðaráformum segist Jóhann ætla að halda öllu opnu og ekki loka á neitt. „Það hefur dugað mér vel og gerir það vonandi áfram. Ég held að ég og aðrir Íslendingar höfum bara gott af því að hugsa aðeins betur um sjálfa okkur, kúpla okkur út reglulega og gefa græðginni langt nef. Að vinna okkur inn traust og treysta öðrum. Ég held að það sé málið. Og svo bara áfram veginn.“

ftr.
Félag tæknifólks í rafiðnaði

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Félags tæknifólks í rafiðnaði
verður haldinn að Stórhöfða 31
miðvikudaginn 13. apríl 2011, kl. 16.

DAGSKRÁ

Venjuleg aðalfundarstörf
Lagabreytingar vegna ungliðahreyfingar
Rafiðnaðarsambandsins og ASÍ
Kosning til trúnaðarstarfa fyrir félagið
Önnur mál löglega upp borin

Stjórn FTR

www.rafis.is/ftr

# heimili & hönnun

[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM HÍBÝLI ]

apríl 2011



## Margt að sjá

Sigga Heimis fjallar um spennandi hönnunarviðburði.

SÍÐA 2



## Grænt hverfi

Laugarnesið með augum Eddu Ívarsdóttur, nema við Landbúnaðarháskóla Íslands.

SÍÐA 6








# MEÐ HESTA Í KJALLARANUM

Hjónin Sesselja Guðjónsdóttir og Björgvin Svavarsson hafa innréttað heimilið haganlega kringum áhugamálin.

SÍÐA 4


CANDY AFSLÁTTARDAGAR

20% afsláttur

Þvottavélar, þurrkarar, ofnar, helluborð, kæliskápar, uppþvottavélar og fleira ...



CANDY

Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

## undir sólinni



● **NORMANN COPENHAGEN** lífgar gjarnan upp með litum á þeim nýjungum sem það sendir frá sér og klukkan „Watch Me“ eða „Horfðu á mig“ eftir hönnuðinn Rasmus Gottliebsen er þar engin undantekning. Gottliebsen segist í hönnun sinni hafa verið undir áhrifum frá litaspjöldum sem notuð eru þegar litur á málningu er valinn.

● **HÚSGAGNAVERSLUNIN HABITAT** sem er landsmönnum að góðu kunn söðlar um nú í maí og flytur í nýtt húsnæði. Verslunin hefur verið rekin í Holtagörðum undanfarin ár en mun nú flytja starfsemi sína á svipaðar slóðir og IKEA er nú; í Kauptún í Garðabæ.



● **BOUROULLEC-BRÆÐURNIR** Ronan og Erwan hafa á þeim tíu árum sem þeir hafa unnið saman sent frá sér hverja hönnunina á fætur annarri sem slær í gegn. Borð sem þeir hönnuðu fyrir Magis og var frumsýnt á húsgagnasýningunni Salone del Mobile á síðasta ári eru nú nýkomin í framleiðslu hjá Magis. Þau kallast baguette og central, einföld og fáguð.




● **Forsíðumynd:** Gunnar V. Andrésson **Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000 **Ritstjórar:** Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is og Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is **Auglýsingar:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir s. 512 5439 **Útlitshönnuður:** Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is.















Herbergi 606 í SAS Royal hótelinu.

# Veislan heldur áfram

● HönnunarMars kom og fór með látum. Liðin helgi var full af frábærum uppákomum með stórkostlegum sýningum og höfuðborgin umbreyttist í hlaðborð hönnunarviðburða.

**Sigga Heimis**
**iðnhönnuður**
skrifar í Heimili&hönnun
*sigga@siggaheimis.is*



Margt var framúrskarandi, eins og prjónastofa Víkur Prjónsdóttur í gömlu húsi á Laugaveginum, og annað var síðra en umfram allt var ótrúlega margt í boði og fjölbreytileikinn mikill. Það er helst hægt að kvarta undan því að hátíðin stóð allt of stutt og hér með er vinsamlegast bent á að lengja hátíðahöldin næsta ár. Vika er lágmark fyrir veislu af þessu tagi.

Enn er þó hægt að njóta hluta HönnunarMars og tilvalið að gera það um helgina eða seinna í mánuðum.



Shoplifter gerði þetta samvinnuverkefni fyrir MOMA í New York árið 2008.

Óhætt að mæla með heimsókn í Hönnunarsafnið í Garðabæ. Þar ber sérstaklega að nefna Shoplifter, eða Hrafnhildi Arnardóttur, en sýningin hennar stendur til 29. maí. Sýningin er lítil en gefur góða mynd af fallegum útfærslum af einstökum efniviði. Snillingur þar á ferð. Í sömu ferð má skoða yfirlitssýningu Gunnars Magnússonar húsgagnahönnuðar en sú sýning stendur einnig út maímánuð.

Í Epal má enn sjá hluti sem kynntir voru á HönnunarMars enda eru margir þeirra til sölu í versluninni. Þar tekur einnig á móti gestum óvænt og einstök uppstilling sem er hluti af alheimshönnunarsögunni. Árið 1958 var eitt frægasta hótel í heimi, SAS Royal í Kaupmannahöfn, teiknað af Arne Jacobsen. Nú er herbergi númer 606 flutt inn í salarkynni Epal með upprunalegu húsgögnunum og öðrum búnaði. Arne teiknaði öll húsgögn og fylgihluti fyrir hótelið og það er vel þess virði að koma við og sjá þessa einstöku hluti. Þar eru meðal annars Eggið og Svanurinn en þessir frægu hægindastólar urðu einmitt til með tilkomu þessa umdeilda hótels.



Hönnun Alvars Alto er tímalaus eins og sést á kollinum sem er frá árinu 1954.

Að lokum má benda öllum á að kíkja í Norræna húsið en þar er ákaflega áhugaverð sýning um mat. Húsið er auk þess, eins og SAS hótelið, eitt allsherjar hönnunarlistaverk enda hannað af Alvar Aalto, einum frægasta arkitekt Finna, að innan sem utan. Hann var samtímamaður Arne og voru þeir félagarnir brautryðjendur hönnunarstéttarinnar og skrifuðu stóran hluta hönnunarsögunnar sem nú stendur almenningi til boða.

## GÓÐ KAUP ... matarborðið



Formfögur djúpsvört bambusskál undir hvers kyns meðlæti, kartöflur, salat, brauð, eða snakk með sjónvarpinu. ILVA, Korputorgi. Verð: 2.495 krónur.



Snilldaruppfinning frá hinu finnska Magisso; kökuhnífur og töng sem framreiðir tertusneiðarnar í senn. Kallast „kökuframbjóðandinn“. Fæst bæði í nokkrum litum úr plasti og svo úr stáli. Duka, Kringlunni. Verð: 4.900 krónur (plast).


ego dekor
Glerskápur
Breidd: 100cm
Verð: 118.000,-
COMO SVART VENGI
ERIC Skenkur Breidd: 170cm
Verð: 139.900,-
CARLO borð
220X100
Verð: 108.000,-
HETTHI HVÍTT HÁGLANS
Skenkur Breidd: 180cm
Verð: 178.000,-
Stækkanlegt borð 160(248)X100
Verð: 178.000,-
COMO
ERIC TV skenkur
Breidd: 210cm
Verð: 129.900,-
FALLEG HÚSGÖGN Á GÓÐU VERÐI
LUCAS leðurhornsófi
Stærð: 285X223
Verð: 339.000,-
ROMEO leðurtungusófi
Stærð: 320X165
Verð: 328.000,-
PINK DREAM tungusófi
Stærð: 292X160
TILBOÐSVERÐ: 194.650,-
NORGE horntungusófi
Stærð: 302X215
TILBOÐSVERÐ 246.600,-
TANGO stóll
VERÐ: 15.900,-
PRIMA stóll
VERÐ: 13.800,-
VEGAS leðurstóll
VERÐ: 16.900,-
NEW ENGLAND
tungusófi
m/færanlegri tungu
Stærð: 252X165
TILBOÐSVERÐ: 169.200,-
Opið mán-fös: 10.00-18.00
Opið um helgina: lau: 10.00-16.00 - sun: 13.00-16.00
Ego Dekor - Bæjarlind 12
S: 544 4420 - www.egodekor.is













Parki
INTERIORS

Dalvegi 10–14 | 201 Kópavogi | Sími 564 3500 | www.parki.is



Björgvin er silfursmiður og eftir hann liggja margir kirkjumunir.



Sesselja saumar skálmahlífar og fleira á sína sterklegu saumavél.



Stofan er búin vönduðum húsgögnum og listaver

# Með hestana í kjalla

Sesselja Guðjónsdóttir og Björgvin Svavarsson hafa skapað sér heimili á listrænan hátt og innré áhugamálin. Dæmi um það eru hestastíurnar í kjallaranum, þar sem hálfsystkinin Kjarnorka og S

Hver einasti hlutur á heimili Sesselju og Björgvins á sér sögu, fólgna í uppruna, aldri eða efni. Listhneigð og útsjónarsemi virðist þeim hjónum í blóð borin og bæði vinna þau úr ýmsum efnum. Silfursmíði leikur í höndum Björgvins enda er dýrgripi eftir hann að finna í yfir fjörutíu kirkjum landsins, auk þess sem hann fæst við viðgerðir á kirkjumunum. Sesselja situr heldur ekki auðum höndum. Hún saumar úr leðri, prjónar og orkerar, svo nokkuð sé nefnt.

Þau hjón voru bæði kennarar í áratugi en eru hætt að vinna utan heimilis og finnst það dásamlegt. Hestamennskan er sameiginlegt áhugamál og í kjallaranum hafa þau pláss fyrir fimm hesta en tveir eru á húsi núna. Skítinn geyma þau í opnum pokum í skáp og gefa til uppgræðslu. Hestarnir komast auðveldlega út í gerði um gúmmílagðar tröppur og umhverfið er notalegt bæði hestum og mönnum, hagi skammt undan og stutt á góða reiðstíga. „Við erum líka afskaplega heppin með nágranna," tekur Sesselja fram.

*-gun*



Lakagígar heitir þessi blómavasi eftir Sesselju. Hann er úr nýsilfri.



Björgvin og Sesselja gefa Skinfaxa og Kjarnorku aukatuggu í tilefni myr



Tröppurnar upp úr kjallaranum eru lagðar dekkjagúmmíi svo íbúarnir þar eigi auðvelt með að fóta sig.



Hnakktaska og peli eftir Sesselju. Sérstakt sælgætishólf er í töskunni sem auðvelt er að komast í án mikillar fyrirhafnar.



Í sólstofunni hreiðra hjónin um sig við ljúfan lækjarnið, sötra kaffi og njóta útsýnisins.



Lanc
og h



**Hátt í 200 hestar** með fjallkonu og fánabera í fararbroddi munu ríða upp Laugaveginn klukkan 12 í dag. Það verður tilkomumikil sjón. Einnig verður mikið um að vera á Lækjartorgi með lifandi tónlist og stemningu.

;ALLT
FRÉTTABLAÐIÐ
**Sölufulltrúi: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473

## NÁMSAÐSTOÐ
**Vantar þig aðstoð í einhverri námsgrein?**
íslenska – stærðfræði – enska – danska – efnafræði - lestur
eðlisfræði – þýska – franska – spænska – stafsetning o.fl
Öll skólastig - Réttindakennarar
**Nemendaþjónustan sf • www.namsadstod.is • s. 557 9233**




## SKREF AÐ SKEMMTILEGU SUMRI
**Fáðu krydd í tilveruna:**
**Námskeið um ræktun kryddjurta**
Haldið 12. apríl
**Trjárækt á sumarhúsalóðum**
Haldið 13. apríl
**Landnáma sexfætlinganna**
Hefst 2. maí
**Á ferð um Íslendingasagnaslóðir með Magnúsi Jónssyni**
Hefst 26. apríl
**Vestfirðir – fjársjóður við hvert fótmál**
Hefst 9. maí
**Í ríki Vatnajökuls:**
**Austur-Skaftafellssýsla í allri sinni dýrð**
Hefst 16. maí
ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS
**Nánari upplýsingar og skráning á endurmenntun.is eða í síma 525 4444**

friendtex



## LAGERSALA
LOKADAGUR Í DAG
ÞÚ VELUR 4. FLÍKUR OG GREIÐIR AÐEINS KR. 5.000.-
FLOTTAR GALLABUXUR KR 5.000.-
KOMDU Í MÁTUNARSTUÐI ÞAÐ BORGAR SIG
OPIÐ Í DAG LAUGARDAG FRÁ KL. 10:00 - 16:00
Bonito ehf. Friendtex
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is

**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson alþingismaður vill sinna sjálfum sér og fjölskyldunni betur um helgar:**

# *Safnar sérmerktum servéttum*



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Draumurinn er að sofa út, borða tiltölulega óhollan morgunverð, eins og pönnukökur, og reyna svo að bæta fyrir það með göngutúr. Síðan væri notalegt að leggjast yfir danska Olsen-gengið,“ upplýsir Sigmundur, sem á sjaldan heilu helgarnar lausar eftir að hann fór út í stjórnmál.

„Konan segir mig engin áhugamál hafa önnur en pólitík en það er ekki rétt. Ég þarf bara að komast í að sinna þeim betur,“ segir Sigmundur, sem eygir möguleika á slíku með hækkandi sól.

„Þá ætla ég í daglegar gönguferðir til að skoða hús og fleira sem tengist skipulagsmálum, en er líka farinn að merkja inn á kort áhugaverða staði á landsbyggðinni sem ég ætla að skoða með fjölskyldunni í sumar,“ segir Sigmundur, sem þrátt fyrir langa vinnudaga finnst gaman að standa í stjórnmálavafstri.

„Ég er ánægður að vera í aðstöðu til að hafa eitthvað um málin að segja, því stæði ég utan stjórnmála væri ég alveg jafn gramur yfir ástandinu. Stjórnmálamenn þurfa þó líka að geta slakað á því þá fá þeir ferskar hugmyndir og sjá málin í nýju ljósi,“ segir Sigmundur og telur upp fleira helgardund.

„Ég byrjaði að mála í desember þegar ég tók upp á því að búa til eigið jólakort. Það er góð leið til slökunar og setur mann í frjótt hugarástand,“ segir Sigmundur, sem einnig er ötull safnari.

„Frúnni þykir ég með of mikla söfnunaráráttu, en á tímabili var ég farinn að safna ónotuðum tepokum og sérmerktum servéttum. Nú safna ég skjölum því ég vil geyma allar upplýsingar og hefði yndi af meiri tíma til að flokka þau gögn. Á móti kemur að ég er ekki viss um að það yrði samþykkt heima.“

En er þá von á myndlistarsýningu hjá Sigmundi, sem aðallega málar landslag og bæi?

„Ekki strax, en hver veit eftir sumarið.“

*thordis@frettabladid.is*



*Mjúka fermingargjöfin*
**Úrval fermingargjafa á tilboði**
Sængurfatnaður frá 6.960 kr
100% dúnsængur 19.990 kr
Lín DESIGN
Lín Design Laugavegi 176 Sími 533 2220 www.lindesign.is



**Jónas Kristjánsson,** hestamaður og fyrrverandi ritstjóri DV, verður með leiðsögn um hesta í Þjóðminjasafninu í dag klukkan 14. Fyrirlesturinn heldur hann í tengslum við ljósmyndasýninguna Ljósmyndari Mývetninga - Mannlífsmyndir Bárðar Sigurðssonar frá upphafi 20. aldar.

# Abbasöngleikur á Íslandi

**Hin sívinsælu Abbalög munu óma í kvöld í söngleik sem stjörnur úr Leikfélagi Menntaskólans í Kópavogi frumsýna í Funalind 2. Sýningin hefst klukkan 20. Leikstjóri er Kolbrún Björt Sigfúsdóttir.**

„Við erum að frumsýna útgáfu af Mamma Mia sem er byggð á myndinni frægu,“ segir Kolbrún Björt Sigfúsdóttir, sem leikstýrir nemendum MK í umræddum söngleik. „Ég hef verið, ásamt fleirum, að þýða söngtextana við lögin eftir Abba sem allir elska,“ bætir hún við og kveðst vona að Abbaæði grípi þjóðina enn á ný enda sé um skemmtilega sýningu að ræða.

Spurð hvort hún hafi staðfært söngleikinn svarar Kolbrún. „Nei, við höldum okkur við Grikkland eftir því sem hægt er á Íslandi. Leikmyndin er eiginlega sýning út af fyrir sig því verkið gerist á svo mörgum stöðum, bar, hóteli, geitakofa, sviði, strönd og bryggju. Það hefur verið smá höfuðverkur að koma öllu fyrir á sviðinu en gengur þó ótrúlega vel. MK er í góðu samstarfi við Leikfélag Kópavogs, sem lánar okkur sýningarhúsnæði sitt í Funalind 2. Við fengum það bara síðasta mánudag og erum búin að vera í leikhúsinu frá tólf til tólf síðan.“

Kolbrún segir um þrjátíu nemendur taka þátt í sýningunni með einhverjum hætti, þeir sjái sjálfir um uppsetningu leikmyndar, hljóð og ljós og svo að sjálfsögðu söng og hljóðfæraslátt, leik og dans. Æfingar hófust fyrir rúmum átta vikum og Kolbrún tekur fram að Eva Rós Guðmundsdóttir og Nína Jóhanna Madsen sjái alfarið um dansinn. „Allt er unnið mjög hratt og við höfum orðið að tileinka okkur öguð vinnubrögð. Krakkarnir eru í fullu námi líka en njóta þó skilnings kennara skólans,“ segir Kolbrún og ber lof á sitt fólk. „Við erum ótrúlega heppin því innan leikfélagsins er mikið hæfileikafólk, frábærir söngvarar og flinkir dansarar. Þetta er bara vinnusamur hópur, samhentur og duglegur, annars væri ekki hægt að vinna þetta svona á margföldum hraða.“

Átta sýningar eru fyrirhugaðar á Mamma Mia að sögn Kolbrúnar. „Það eru bara 59 sæti í húsinu,“ segir hún „og eflaust verður slegist um þau.“ *gun@frettabladid.is*



„Þetta er vinnusamur hópur, samhentur og duglegur,“ segir Kolbrún Björt, leikstjóri Mamma Mia, um krakkana í MK sem taka þátt í sýningunni. Hér er hún fyrir miðju. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


HOLLUR BITAFISKUR

+80% prótín

Fiskneysla er góð fyrir heilabúið




GULLFISKUR

Fæst í Bónus og Inspired, Keflavíkurflugvelli



Ný sending af **MYBC!**

MYBC

Skipholti 29b • S. 551 0770




**Tallinn, Riga, Veróna, Flórens, Bologna, Feneyjar, Róm og Brügge. Verð frá 44.900-**

**Brugge í Belgíu**

**2-6. júni**



Einstök ferð til Feneyja norðurins. Í Brugge færðu að upplifa ekta miðaldaumhverfi sem er þrungið sögu, menningu og listum, svo eru sýkin með sinn sjarma eins og í Feneyjum.
Bruges (Brugge) var stofnað af víkingum á 9. öld sem settust að við enda árinnar “ de Reie” en nafn borgarinnar er talið rekjast til skandinavíska orðsins Brygge sem þýðir höfn. Verð 119.900. kr. Flug, gisting, skattar, rúta til og frá flugvelli, íslenskur fararstjóri

**Tallinn Eistlandi**

**miðaldaborg frá 11. öld, 16. - 24. júlí**

Ein fallegasta borg Evrópu og á minjaskrá Unesco. Miðaldastemning í Tallinn er engu öðru lík. Söfn, dómkirkjur, borgarhlið, borgarveggir, klaustur, borgarturnar og stórfeng-legur arkitektúr, allt á sama stað. Má nefna Torgið í gamla bænum, St Olav´s kirkju, St. Catherine götu, Maiden turninn, Toompea kastalann, Saint Mary dómkirkjuna og Ráðhúsið. Spennandi skoðunarferðir innan borgar sem utan í boði. Verð 78.800 kr. Flug, gisting, skattar, rúta til og frá flugvelli, íslenskur fararstjóri
Aðeins flug og skattar 44.900 kr.

**Miðaldir - Eistland og Lettland**

**16. - 24. júlí**

2ja landa sýn, ferðast er um bæði löndin. Við skoðum hinar fögru miðaldaborgir Tallinn og Riga, gistum m.a. á herrasetri. Skoðum hallir, kastala, markaði, söfn og keyrum i gegnum ægi fögur sveitahéruð svo eitthvað sé nefnt. Verð 148.320 kr. Flug, gisting, skattar, allar skoðunarf., íslenskur fararstjóri

**Veróna, Flórens og Feneyjar**

**8. - 15. ágúst**



Einstök ferð til Ítalíu þar sem við heimsækjum 3 af fallegustu borgun landsins. Veróna borg þar sem Júlía og Rómeó bjuggu, Flórens þar sem mörg helstu mannvirki Leonardo Da Vinci eru staðsett, Feneyjar með hin rómuðu síki og gondóla. Vínsmökkun í Valplicella, heimsókn að Garda vatninu, þéttskipuð dagskrá skoðunarferða, vín og ostar. rómuð Ítölsk stemmning frá upphafi til enda. Takmarkaður fjöldi sæta. Verð 205.912 kr. Flug, gisting, skattar, allar skoðunarferðir, íslenskur fararstjóri og m.a vínsmökkun og hádegisverður

**Veróna, Flórens og Feneyjar 15. - 22. ágúst**
**Flórens og Róm 25 júlí -1 ágúst**
UPPSELT

Trans - Atlantic
Sími 588 8900
www.transatlantic.is

SUMAR 2




# Sumarnótt við hafið

**11. - 18. júní**

Í þessari töfrandi ferð um eitt mikilvægasta hérað Ítalíu, Emilia - Romagna, kynnumst við fjölbreyttri menningu og stórbrotnum listum landsins. Ferðin hefst á flugi til Mílanó og þaðan verður ekið til Rimini þar sem við gistum í 5 nætur. Farið verður í skemmtilegar skoðunarferðir, t.d. til virkisbæjarins Gradara, þar sem er heillegur miðaldamúr og einn sá best varðveitti kastali á Ítalíu. Förum til gömlu hertogaborgarinnar Urbino og einnig til San Marino, smáríkis innan Ítalíu, minnstu borgar í Evrópu og elsta lýðveldis í heimi. Eftir góða daga verður ekið til Parma, þar sem gist verður í 2 nætur. Söngkonan Halla Margrét tekur á móti okkur og leiðir okkur um borgina. Farið verður í Parmigiano ostagerð, til Le Roncola, fæðingarbæjar Giuseppe Verdi og til Busseto, þar sem hann dvaldi síðustu árin sín. Kíkjum á kaffihús Höllu Margrétar og höldum þjóðhátíðardaginn hátíðlegan á Parma Rotta veitingastaðnum, en sá er á lista yfir bestu veitingastaði borgarinnar.

**Fararstjóri: Hólmfríður Bjarnadóttir**
**Verð:** 181.600 kr. á mann í tvíbýli **Örfá sæti laus!**
**Innifalið:** Flug, skattar, hótelgisting, allar skoðunarferðir með rútu, hálft fæði, kvöldskemmtun með Höllu Margréti og íslensk fararstjórn.

ALLIR GETA BÓKAÐ SIG Í BÆNDAFERÐIR

www.baendaferdir.is  s: 570 2790

ferðaþjónusta bænda BÆNDAFERÐIR



Fiat Ducato 2006. Gerð: Húsbíll. Ekinn: 15.000 km. Eldsneyti: Dísel. Skipting: Beinskipting. Slagrými: 2.800 cc. Hestöfl: 145. Drif: Framhjóladrif. Dekkjastærð: 15" Litur: Hvítur. Ásett verð: 7,9 miljónir TILBOÐ: 6,7 miljónir. Lýsing: Flottur rúmgóður húsbíll. Er með belti fyrir 7 farþega og svefnpláss fyrir 7. Hjónarúm upp þar sem er gott pláss fyrir hjón (með lítið barn ef vill) 2 kojur, borðin lögð niður þá er rúm fyrir 2 öðrumegin og fyrir 1 hinumeginn. Sturta og wc. Gaseldavél og ísskápur. Gott geymslurými mikið af skápum og þægilegur í þrifum. Hjólagrind er aftaná fyrir 4 hjól. Upplýsingar í síma 820 3538, Erla.



Til sölu Toyota avensis W/G EXE 10/07 ekinn 42 þús. Skipti mögul. á ódýrari bíl. Uppl. í síma 849 4583.



Til sölu Toyota Hilux árg. '04 ek. 152 þús. Bein sala eða skipti á ódýrari. V. ca. 2 millj. Hilux 07-08 staðgreiðslumilligjöf. S. 897 5758.



Volvo V40 árg. 2000. Ek. 124 þús. Sjálfsk. Vetrar+sumardekk. Vel með farinn. Ný tímareim. Verð 750 þús. Sími 660 1719. www.bilar.is



Til sölu vw póló árg. '99 1,4 beinsk ek. 136 þús. sk. 2012 grá sans, spoilerkitt, topplúga lítið stýri. verð 290 þús. gsm 868 2352.



Dodge Grand Caravan SXT, árgerð 2007. Skipti möguleg á ódýrari. Ásett verð 3.390.000. Uppl. í síma 845 9900.



Nissan Almera '97 ek. 227 þús. 5 gíra. Sk. 08/'12. Mikið endurnýjaður. Ný sumardekk. V. 165 þús. S. 865 1655.



Subaru Legacy outback árg.'05, ek. 87 þús. Bsk, leðursæti, topplúga, ac. Ný kúpling, skipti ódýrari á bíl eða hjóli. V. 2.4 millj. Uppl. í s. 825 5733.



Ski-doo MXZ600 + yfirbyggð kerra '05. Listaverð 1200. Tilboð 890 þús. Uppl. í s. 618 3074.



Nissan Terrano 2, 2,7 disel, ek. 245 þús. árg. '99. Í mjög góðu standi, smurbók, topplúga, sumardekk. Verð 590 þús. S. 849 2908, cisk.janis@gmail.com



Dodge Ram 2500 5,9 Diesel Laramie árg. 2004. Ekinn 115 þús. Leður innrétting og hús á palli. Áhv. 1,9, ásett verð 2,9. Skipti á ódýrari. Uppl. í s. 893 2401.



Tilboð Nissan Patrol GR árg.'05 Ek.149 þús, 7 manna, sjsk, 6 diska cd spilari Fæst á 2.890 þús. staðgr. Litur út sem nýr Uppl. í s. 865 6200.



MMC Pajero 3,5 árg. '03. Ek. 134 þ.km, bensín, ssk., leður, 7manna, s+v. Uppl. í síma 861 7644.



Opel Zafira árg. '01, sjsk., ek. 190 þús. V. 400 þús. S. 698 4555.



Til sölu Nissan Vanett '96, disel. V. 120 þús. S. 899 5106.



Toyota Land Cruiser 90 VX, árg.'02, ek. 208 þús, dísel, sjálfskiptur, Common Rail V. 2.500.000. Engin skipti. Uppl. í s 669 9793.



Ford F350 King Ranch 2008 með öllu. Góð 37" dekk og fallegar felgur, brettakantar, pallhús og margt fleira. Ekinn 47000 km. Bíll í toppstandi og nýskoðaður. Ekkert áhvílandi og öll skipti koma til greina. Upplýsingar í síma 821 6386.



**Polo 2008 Tilboð 1.290.þ**

Til sölu VW Polo Comfortline 1,4 bsk 5 dyra árg12/2007 ek. 52.þ nelgd vetrardekk ásett verð 1.590.þ Tilboð 1.290.þ upp. í 896 5290.



Jeep Wrangler 1990 árg. 4L HO vél, 35"-38" breyttur. 4:10 hlutföll, nýmálaður og mikið endurnýjaður. Verð 990 þús. S. 820 5658, Ívar.



Toyota LC GX, 2008 ek. 58þ. 8 manna, dráttarb. o.fl. V. 6.7m. Uppl. í s. 861 0050.



Renault Megane árg. '00 1,6 vél. Ek. 110 þús. 5 gíra. Góð nagladekk. V. 350 þús. S. 616 2597.



Toyota Tacoma 35" 2007. Ek 58þ.mílur. Pallhús GPS. 33"gangur á felgum. Ásett 4.290.000. Tilboð 2.890.000. S. 770 3322.



**Range Rover Supercharged '07**

29þ. km, 9,9m. stgr. S. 698 4316.



**890.þ stgr**

Til sölu Audi A6 Avant árg 07/99 Disel ssk.ek 218.þ km ný skoðaður 2012 ásett 1.390.þ fæst á 890.þ stgr. mikið endurnýjaður engin skipti uppl. í 896-5290.



VW Golf árg'98 1400, sparneytinn bíll. 5g, 3d, búið að breyta mikið að utan. Verðtilboð. Uppl. í s. 691 9219



Til sölu VW Passat árg.'06, 2.0 FSI. Ek. 88 þús. V. 2.4 millj. Uppl. í s. 896 3618.



**Ekinn aðeins 16 þúsund km.**

VW Multivan 2,5 disel, ssk., árg., 8/12/2006, topplúga, álfelgur, olíumiðstöð o.fl. Ásett verð 4,5. Uppl. í síma 617 6029.

**8L. per 100km.**

Renault megan sport 5 dyra 1600 Beinsk. EK.92Þkm. V. 890Þ. Samkl. 695 0443.

Toyota Corolla station til sölu, árgerð 1999, sjálfskiptur með krók, nýskoðaður. 390 þús. Uppl. í síma 897 5379.

Opel Astra Familia árg.'94. Ek. 182 þús. km. Sk.'12. 1,4. Verð 100 þús. S. 823 7151.

Verkamenn óskast í verkefni í Reykjavík. Uppl. í s. 893 6667.

Ssangyong Musso 2,3 diesel árg'00. Ek. 208 þús. Sk'11. V. 470 þús. Uppl. í s. 846 9278.

Hyundai santa fe árg. '05. Óska eftir dýrari bíl frá millj til 1500 þús . Uppl.í s. 821 6574.

Subaru Legacy árg'06, ek. 55 þús. Athuga skipti á 7.manna jeppa. V. 2.4 millj. Uppl. í s. 868 7219 Grétar.

Toyota Corolla 1,4 VVTI árg 04 Beinskiptur, ekinn 123 þús km Uppl. í s.661 5790

## 0-250 þús.

TILBOÐ 220þús!!! Nissan Almera 99árg, ek. 182þus, bsk, eyðir engu. skoðun 2012! 4dyra, þarfnast lítilsháttar lagfæringar. S.: 864 5611 Ásett 330þús.

KIA Sportage'99 Ekinn 180Þ. Þarfnast lagfæringar. Verð 100þ. S 6957850

Einstæð 4 barna móðir óskar eftir mjög ódýrum bíl. Má þarfnast lagfæringar. Uppl. í s.849 7428 848 7327.

Bátakerra Óska eftir að kaupa bátakerru fyrir 5.5 m langan bát. Upplýsingar í síma 893 3148.

Ford Fiesta '00 Bsk. 3 dyra. Ekinn 184 þús. Mikið endurnýjaður. Skoðaður '12. Verð 190 þús. Sími 690 7597.

TILBOÐ 290þús! Renault Laguna til sölu, 1998árg,ekinn 145000km, SJÁLFSKIPTUR.Góður bíll, gott að keyra. S.867 6663.

## 250-499 þús.

Toyota yaris árg. 2007. Keyrður 65þ. með 1000 vél. Aðeins 400þ kr á milli miðað við yfirtöku á ca 850þ góðu láni. Greiðslub 20þ á mán. uppl. í síma 618 0317.

## 500-999 þús.



**Tilboð 800 þús!**

Puegot 307 árg. 2003. Ek. 130þús, 5 gíra, beinskiptur, 1400 vél. Rafmagn í rúðum aksturstölva o.fl. Skoða skipti á ódýrari. Uppl. í 659 3459.

Til sölu Toyota Avensis árg. 2000, keyrður 147.000, Verð 600.000 uppl. sími 696 5642.

Silfurmoli, RAV 4, árg. 2000. 4X4,sjálfskiptur Ek.80.000. Mjög vel með farinn. V. 950þ. S 898-4958.

Toyota Corolla S/D árg'06, 4 dyra, beinsk. 5 gíra, ekinn 108þús, skoðaður 2012. Frábær bíll í góðu standi. Verð 940þús. Uppl. í síma 691-6338

## Bílar óskast

Óska eftir Nissan Terrano árg.'04 - '05. Ssk, diesel. Verðbilinu 1,7 - 2 milljónir. Uppl. í s. 896 3642.

**Bíll óskast á 25-250þús.**

Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms.

Bíl óskast fyrir 500.000 staðgreitt. Sími 892 4624.

**Corolla, Yaris eða Avensis óskast**

Árg. 1998-2002 fyrir 150-350 þúsund. Helst í góðu standi, en má þarfnast lagfæringa. Uppl. 821-2545.

Óska eftir bíl í skiptum fyrir 60fm íbúð með stæði í bílskýli. Sími 892 4624.

**Japanskur fólksbíll óskast, t.d. Toyota, Nissan, Honda eða MMC.**

Árg. 1998-2003. Vil helst bíl í góðu standi, en má þarfnast lagfæringa. Get borgað 100-350 þúsund. Uppl. 772-5450.

Óska eftir Bíl á 30 til 150 þúsund má þarfnast viðgerðar uppl. í síma 866 0552.

## Jeppar



**Landcruiser frúarbíll**

Einstaklega gott eintak, nýskráður 12.2003 ek. 109 þús, 35" breyting, einn eigandi. Verð 4.190. uppl s: 894-1298.



Toyota LC90VX Ný 32" dekk Disel. Árg. 1999. Ekinn 263þ. Verð 1.450.000. Uppl. í s. 660 2115.

Ford Bronco ll árg 88 beinsk,2,9litra 35", verð ca 350þús nánari uppl 8470770

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA - SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Ford Transit árg. 2003. Bíll í góðu standi en lakk lélegt. Verð 780.000 + VSK . Sími 898 7820

## Vörubílar

Óska eftir 6-10 tonna sendibíl með krana og palli. Uppl. í s. 895 1282.

## Húsbílar



Mercedenz Bens húsbíll skattlaus, disel, 4 cil, 5g. Ásett verð 1700 þús, tilboð óskast. Uppl. í s. 893 5701 & 568 4428.

rotor.is

Stórasta verslun húsvagnaeigenda

Rótor ehf, s. 5554900 Helluhrauni 4, H.f.

## Mótorhjól



Taktu á móti vorinu á ekta ítalskri Aprilia vespu. Gleðigræjan er með þægilegum sætum og einstaklega viðmótsþýð í samskiptum. Vatnskæld 250cc vélin notar beina innspýtingu til að skilja bíla eftir í rykinu á ljósum. Ef maður vill. Þetta dekurdýr er ekið aðeins 3.000 km frá því það kom úr verksmiðjunni í Noale við Feneyjar árið 2007. Verðhugmynd er 750 þús. en vilji einhver borga meira þá má skoða það. Nánari upplýsingar gefur Anna Margrét í síma 898 1734.



Til sölu Honda CRF 250R. Árgerð 2005. Mjög vel með farið. Topp viðhald og í góðu standi. Verð 450 þús. Uppl. í s. 864-0509

## Fjórhjól



CanAm Outlander XT MAX 2008 650cc.4.500km. Tilboð óskast:615-3404.Hlaðið aukahl.

## Kerrur



Humbaur kerrur burðargeta 620 kg. innanmál 205x110x30 cm. 13" dekk verð aðeins 150.000 kr.m.vsk. Fjölbreitt úrval af kerrum á staðnum. Viðgerða og varahlutaþjónusta. www.topplausnir.is / www.kerrusalan.is Lyngás 8, Garðabæ s. 517 7718



Til sölu lítið notuð 2ja öxla kerra, burðargeta 2t árg. 2008. Verð 600 þús. Uppl. í síma 893 2401.



Brenderup 3205S Innanmál: 204x142x35cm -burðargeta 600kg - 10" dekk - verð kr. 202.000 m/VSK. Lyfta.is - 421 4037 - Njarðarbraut 1 Reykjanesbæ.

## Vélsleðar



Polaris Drakon 600 2006 ek. 3 þús. km nelt belti upphækað styri gps snúra brúsagrindur Verð 1072 þús. tilboð 590 þús Bílalán 400 þús. 691 4441.

UltimaxXS High Performance Belts by CARLISLE

Eigum til á lager reimar í flestar gerðir vélsleða og fjórhjóla. Einnig mikið úrval af aukahlutum. www.msport.is. Opið frá kl 17:30 - 20:00

## Hjólhýsi



LMC Lord Ambassador árg. '07 með öllu og stóru fortjaldi, Sem nýtt. S. 699 3290 og 695 5611.

## Fellihýsi

Til sölu NorthStar Camper TC800 (Pallhýsi) Árgerð 2007 í topp standi. ískápur, gasmiðstöð, markísa, 2x80w sólarsellur, stór vatnstankur, vaskur og gott skápapláss. verð.1.500.000 s.896 1312.

Óska eftir fellihýsi á ca 350 - 850 þús. Allt kemur til greina. Uppl. í s. 844 0478.

## Tjaldvagnar

ÁLBOX www.ke.is

Álbox fyrir tjaldvagna, fellihýsi og húsbíla. KE Málmsmiði, Axarhöfða 18. S. 587 0626 & 696 3522. www.ke.is

Óska eftir Combi Camp tjaldvagni með eða án fortjalds. Ekki eldri en 1992. Uppl. í s. 868 3596.

## Bátar

Óskum eftir c.a. 5-8 metra yfirbyggðum skemmtibát með siglingatækjum ásamt vagni og kerru. Aðeins snyrtilegur bátur kemur til greina. Staðgreiðsla. Uppl. í s. 856 2918



**Nú er tækifærið til að láta drauminn rætast**

1/5 hluti í 39 feta skútu til sölu. Staðsett á Mallorka. Stendur til að sigla til Króatíu með haustinu. Upplýsingar í síma 895 2523.

Bátur - flugfiskur til sölu, tilboð óskast. Upplýsingar í síma 892 2732

SPECIALISTERNE Passion for details
Umsjónarfélag einhverfra

# Einhverfuráðgjafi

*Specialisterne ses. er sjálfseignarstofnun, stofnuð í ársbyrjun 2010 af Umsjónarfélagi einhverfra. Á Íslandi eru 2000 - 3000 einstaklingar á einhverfurófi og sérhæfir Specialisterne sig í þjónustu og atvinnustuðningi við þá. Starfsemi félagsins verður í samstarfi við Specialisterne í Danmörku sem hafa vakið heimsathygli við nálgun á atvinnuþátttöku einstaklinga á einhverfurófi. Markmiðið er að meta og þjálfa árlega 14 - 18 einstaklinga á einhverfurófinu og veita sem flestum þeirra atvinnu.*

*Frekari upplýsingar um Specialisterne má sjá á www.specialisterne.is*

**Stjórn Specialisterne óskar eftir að ráða ráðgjafa sem mun gegna lykilhlutverki í uppbyggingu og þróun starfseminnar á Íslandi.**

**Megin verkefni**

- Hæfnismat og gerð þjálfunaráætlana fyrir einhverfa með áherslu á styrkleika og sérstaka hæfileika hvers og eins.
- Kennsla, þjálfun og stuðningur.
- Styrkleikamat og eftirfylgd að þjálfun lokinni.
- Samskipti við Specialisterne í Danmörku og samstarfsaðila hérlendis.
- Viðkomandi hlýtur þjálfun í starfi hjá Specialisterne í Danmörku.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun á sviði fötlunarfræði, iðju-, þroskaþjálfunar, sérkennslu, félagsráðgjafar, sálfræði eða sambærilegt.
- Víðtæk reynsla af kennslu, þjálfun og/eða stuðningi við einstaklinga með einhverfu eða sérþarfir.
- Góður árangur í fyrri störfum.
- Mikið frumkvæði, þolinmæði og skipulagshæfileikar.
- Gott vald á íslensku og ensku.
- Áhugi og skilningur á þeirri hugmyndafræði sem unnið er eftir.

*Umsóknarfrestur er til og með 12. apríl n.k. Nánari upplýsingar veita Bjarni Torfi Álfþórsson framkvæmdastjóri (bta@specialisterne.com) í síma 892 1513 og Torfi Markússon (torfi@intellecta.is) í síma 587 1145. Umsókn með ferilskrá óskast fyllt út á www.intellecta.is. Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað. Með umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfi viðkomandi.*

intellecta
*Síðumúla 5, 108 Reykjavík*
*Sími 511 1225 Fax 511 1126*
*www.intellecta.is*

KALKA
Sorpeyðingarstöð Suðurnesja

# Framkvæmdastjóri

*Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf. er í eigu sveitarfélaga á Suðurnesjum. Tilgangur félagsins er að reka móttöku-, flokkunar- og eyðingarstöð Kölku í Helguvík. Brennslugeta Kölku er um 12.300 tonn af úrgangi á ársgrundvelli. Stöðin er búin fullkomnum hreinsunarbúnaði sem sér til þess að mengun frá stöðinni sé haldið í lágmarki og í samræmi við lög og reglugerðir um sorpeyðingu. Hjá Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf. starfa að jafnaði um 15 einstaklingar í fullu starfi, ásamt starfsfólki í hlutastörfum.*

*Nánari upplýsingar um stöðina má finna á heimasíðu hennar **www.kalka.is***

## Stjórn Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf. óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra

**Megin verkefni**

- Umsjón með daglegum rekstri
- Samningagerð og eftirfylgni
- Áætlanagerð og fjármálastjórnun
- Samskipti við stjórnsýslu og umhverfissvið bæjarfélaganna
- Ábyrgð á grænu bókhaldi stöðvarinnar
- Leit og greining nýrra viðskiptatækifæra og leit eftir nýjum og bættum leiðum við söfnun, flokkun, endurvinnslu og förgun úrgangs
- Samskipti við stjórn og framfylgd á stefnumótun stjórnar

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Menntun sem nýtist í starfi
- Víðtæk þekking og reynsla af stjórnun og fyrirtækjarekstri
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- Metnaður og árangursdrifni
- Góð tölvukunnátta
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Þekking eða reynsla af umhverfis- og sorphirðumálum er kostur
- Þekking eða reynsla af breytingastjórnun og/eða endurskipulagningu fyrirtækja er kostur

*Nánari upplýsingar um starfið veita Ari Eyberg (**ari@intellecta.is)** og Torfi Markússon (**torfi@intellecta.is)** í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 17. apríl nk. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. **Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfi viðkomandi í starfið.*

intellecta
*Síðumúla 5, 108 Reykjavík*
*Sími 511 1225 Fax 511 1126*
*www.intellecta.is*

www.vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144

# SÉRFRÆÐINGUR Á SVIÐI UPPLÝSINGATÆKNI

## GREIÐSLUVEITAN ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA SÉRFRÆÐING Á SVIÐI UPPLÝSINGATÆKNI TIL STARFA

**Starfssvið:**

- Rekstur netkerfis.
- Viðhald og þróun kerfa á sviði greiðslumiðlunar.
- Þátttaka í þróun netöryggis.
- Rekstur gagnagrunna og úrvinnsla gagna.
- Þróun tækniforskrifta viðkomandi rafrænni greiðslumiðlun.

**Menntunar og hæfiskröfur:**

- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði, kerfisfræði eða verkfræði æskileg. Önnur sambærileg menntun og/eða reynsla kemur til greina.
- Frumkvæði, færni og metnaður í tæknilegu tilliti.
- Þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Logi Ragnarsson framkvæmdastjóri, netfang logi@greidsluveitan.is, sími 458 0000.

Áhugasamir eru beðnir um að senda umsókn á starfsumsokn@greidsluveitan.is

Umsóknarfrestur er til **10. apríl** nk.

GREIÐSLUVEITAN

**Greiðsluveitan er sjálfstætt rekið einkahlutafélag í eigu Seðlabanka Íslands. Hjá því starfa nú tíu sérfræðingar sem sinna margvíslegum verkefnum af ýmsum toga. Reiknað er með að þeim fjölgi nokkuð á næstu mánuðum í ljósi þess að félagið hefur nýverið tekið yfir forræði og ábyrgð á rekstri ýmissa mikilvægra grunnkerfa greiðslumiðlunar. Frekari upplýsingar er að finna á vef félagsins www. greidsluveitan.is.**

---

**Barnaverndarstofa**

## STYRKT FÓSTUR

Barnaverndarstofa leitar að fólki til að taka barn í styrkt fóstur. Gjarnan er um að ræða börn með vanda af fjölbreytilegum toga þar sem reynt getur á hegðunarmótandi aðferðir, samstarf við skóla, heilbrigðisstarfsmenn, fötlunarþjónustu o.fl. Styrkt fóstur er metið sem fullt starf og jafnan er gert ráð fyrir utanaðkomandi sérfræðistuðningi við barn og fósturforeldra.

Leitað er til þeirra sem starfað hafa sem fósturforeldrar en einnig þeirra sem ekki hafa þá reynslu, en uppfylla skilyrði sem sett eru.

Menntun á uppeldissviði, reynsla af umönnun barna, áhugi á krefjandi verkefni, úthald, útsjónarsemi og sjálfstæði í starfi eru atriði sem skipta máli. Við mat á umsóknum gildir mat Barnaverndarstofu á hæfni, reynslu og eiginleikum umsækjenda.

Nánari upplýsingar veita starfsmenn Barnaverndarstofu í síma 530 2600 eða ragna@bvs.is

---








# FRAMKVÆMDASTJÓRI VÖRUSVIÐS

Nýherji hf. leitar að framkvæmdastjóra til að stýra vörusviði félagsins.

Vörusvið er annað meginafkomusvið Nýherja og ber ábyrgð á vörustjórnun, samskiptum við erlenda birgja, markaðsgreiningu og mótun vöruframboðs. Vörusvið annast auk þess innflutning, rekstur dreifingarmiðstöðvar og dreifingu til viðskiptavina Nýherja. Starfsmenn eru nær 50. Þeir starfa bæði á fyrirtækja- og einstaklingsmarkaði og annast innflutning fyrir um 6 milljarða króna á ári.

Markmið vörusviðs er að bjóða vandaðar vörur, sem uppfylla væntingar viðskiptavina innanlands og að ábyrgjast hagkvæma samninga við birgja til að tryggja eðlilega afkomu rekstrar.

**Helstu verkefni:**

- Fylgjast með þróun á upplýsingatæknimarkaði og þróa vöruframboð félagsins.
- Samskipti og samningar við erlenda birgja.
- Greining á þörfum markaðar og markaðssetning.
- Ábyrgð á stjórnun, framþróun á daglegum rekstri sviðsins.
- Ábyrgð á innflutningi, rekstri dreifingarmiðstöðvar og innlendri dreifingu.

**Menntun og hæfniskröfur:**

- Háskólapróf í verkfræði, upplýsingatækni eða viðskiptafræðum.
- Framhaldsmenntun æskileg.
- Stjórnunarreynsla nauðsynleg.
- Frumkvæði, forystuhæfileikar og lipurð í mannlegum samskiptum.

ENNEMM / SIA / NM45796

Umsóknir með upplýsingum um menntun, reynslu og fyrri störf sendist til skrifstofu forstjóra Nýherja hf. Borgartúni 37, 105 Reykjavík, eða til thordur@nyherji.is fyrir 6. apríl nk.

Hjá Nýherja og dótturfélögum starfa samtals um 540 starfsmenn á Íslandi, í Danmörku og Svíþjóð.

NÝHERJI

BETRI LAUSNIR

---

# www.vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144

# ATVINNA

## Stöður aðstoðarskólastjóra við Njarðvíkur- og Háaleitisskóla

Reykjanesbær auglýsir stöður aðstoðarskólastjóra við Njarðvíkur- og Háaleitisskóla lausar til umsóknar. Um er að ræða tvær stöður. Önnur vegna afleysinga til eins árs og hin vegna útibúsins Háaleitisskóla.
Í Njarðvíkur- og Háaleitisskóla er lögð áhersla á menntun og mannrækt, árangursríkt skólastarf og stuðning við jákvæða hegðun.
Við leitum að einstaklingum með kennsluréttindi sem hefur þekkingu á þeirri hugmyndafræði sem höfð er að leiðarljósi í skólastarfinu, reynslu af stjórnun, skipulagshæfileika, lipurð í mannlegum samskiptum og metnað til þess að gera gott skólastarf betra. Framhaldsnám í skólastjórnun er æskileg.

**Nánari upplýsingar gefa Lára Guðmundsdóttir skólastjóri í síma 4203000 og 8993020 og Ásgerður Þorgeirsdóttir í síma 4203000 og 8632426.**
**Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands.**

**Umsóknir skulu berast starfsþróunarstjóra, Bæjarskrifstofu Reykjanesbæjar, Tjarnargötu 12, 230 Reykjanesbæ fyrir 15. apríl 2011.**

**Einnig er hægt að sækja um rafrænt á upplýsingavef Reykjanesbæjar:** reykjanesbaer.is.
Netfang Njarðvíkurskóla er njardvikurskoli@njardvikurskoli.is. Veffang skólans er njardvikurskoli.is

***Starfsþróunarstjóri***

REYKJANESBÆR
reykjanesbaer.is

## Lögfræðingur

**Lyfjastofnun auglýsir eftir lögfræðingi til starfa.**
**Ráðið er í starfið til eins árs.**

Lyfjastofnun

**Helstu viðfangsefni eru á sviði lyfjalöggjafar og stjórnsýslu, m.a.:**
- Úrlausn lögfræðilegra viðfangsefna stofnunarinnar
- Lögfræðileg ráðgjöf innan stofnunarinnar
- Lögfræðileg úrlausn mála er hafa íþyngjandi áhrif í för með sér
- Umsjón með dómsmálum, kvörtunum og kærum
- Ritun lögfræðilegra álitsgerða
- Þátttaka í samstarfi lyfjastofnana á EES.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Embættis- eða meistarapróf í lögfræði
- Þekking og starfsreynsla í opinberri stjórnsýslu og á lyfjamálum æskileg
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Samstarfshæfni
- Gott vald á íslensku máli og ensku ásamt hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi opinberra starfsmanna.
Nánari upplýsingar um starfið veitir Helga Þórisdóttir (helga@ima.is) lögfræðingur Lyfjastofnunar í síma 520 2100.

**Umsóknir er hafi að geyma upplýsingar um menntun, fyrri störf, meðmælendur og annað er máli skiptir, skal skilað til Lyfjastofnunar, Vínlandsleið 14, 113 Reykjavík eða í tölvupósti á lyfjastofnun@lyfjastofnun.is merkt:**
**Starfsumsókn - lögfræðingur.**
**Umsóknarfrestur er til og með 15. apríl 2011.**
**Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.**
**Umsóknareyðublað ásamt nánari upplýsingum um Lyfjastofnun má finna á vefsíðu stofnunarinnar www.lyfjastofnun.is**

Capacent Ráðningar

## LÖGFRÆÐINGUR

SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

**Samkeppniseftirlitið auglýsir eftir umsóknum um starf lögfræðings við stofnunina. Viðkomandi ber ábyrgð á úrlausn samkeppnismála á fjölbreyttum sviðum atvinnulífsins. Jafnframt mun hann greina og fylgjast með samkeppnisstöðu fyrirtækja á tilteknum mörkuðum.**

**Æskileg menntun og reynsla**
- Kandídats- eða meistarapróf í lögfræði
- Menntun og reynsla sem nýtist í samkeppnismálum
- Menntun og reynsla sem nýtist í stjórnsýslu

**Hæfniskröfur**
- Frumkvæði við úrlausn viðfangsefna
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni í samskiptum
- Færni í rituðu máli
- Mjög góð tungumálakunnátta

Umsjón með ráðningunni hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.
Umsóknarfrestur er til og með 17. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**
Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
Samkeppniseftirlitið áskilur sér rétt til þess að ráða starfsfólk á grundvelli auglýsingarinnar næstu sex mánuði eftir birtingu hennar. Nánari upplýsingar veitir einnig Páll Gunnar Pálsson (pallgunnar@samkeppni.is) hjá Samkeppniseftirlitinu s. 5850700. Áhugasömum er jafnframt bent á heimasíðu Samkeppniseftirlitsins, www.samkeppni.is.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

## VÉLAVERK- EÐA TÆKNIFRÆÐINGUR

Elkem

Elkem leggur metnað sinn í framleiðslu á hágæða málmblendi og leggur ríka áherslu á að mæta ýtrustu kröfum viðskiptavina sinna. Fyrirtækið leggur mikla áherslu á að valda sem minnstri röskun á náttúrunni og skapa öruggt og gott vinnuumhverfi fyrir starfsmenn sína. Elkem er metnaðarfullt og framsækið fyrirtæki. Við leitum því að fólki sem hefur orku og drifkraft til að taka þátt í framtíðarþróun fyrirtækisins.

**Elkem leitar öflugum liðsmanni í tækniteymi. Tækniteymið heyrir undir framkvæmdastjóra tæknisviðs.**

**Starfssvið**
- Tæknileg ábyrgð á viðhaldi og verkefnum í einu lykilframleiðsluferli verksmiðjunnar
- Gerð viðhalds- og fjárhagsáætlana
- Tæknileg aðstoð og þjálfun starfsmanna
- Verkefnin eru fjölbreytt og spanna helstu greinar vélasviðs

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- B.Sc. gráða í vélaverkfræði, tæknifræði eða sambærilegt nám sem nýtist í starfi
- Starfsreynsla við sambærileg störf er æskileg
- Hæfni og áhugi til að vinna að fyrirbyggjandi viðhaldi og leysa verkefni í teymisvinnu
- Nákvæmni í vinnubrögðum, frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Góð íslensku- og enskukunnátta, kunnátta í Norðurlandamáli er kostur

**Elkem Ísland ehf. er staðsett á Grundartanga, sem er í u.þ.b. 30-40 mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík.**

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 17. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Hjúkrunarfræðingur óskast til afleysinga við heilbrigðisstofnunina á Vopnafirði í 4-6 vikur í sumar. Á Vopnafirði er Hjúkrunarheimilið Sundabúð sem er 12 rúma legudeild fyrir aldraða í starfstengslum við heilsugæslustöð.

Umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsferil skulu beraast til Emmu Tryggvadóttur, hjúkrunarstjóra, sem einnig veitir nánari upplýsingar í síma 470 3077 og 860 6815 eða emma@hsa.is.
**Umsóknarfrestur er til 14.apríl næst komandi.**

Sveitarfélagið ÁRBORG

## Laus staða skólastjóra við Barnaskólann á Eyrarbakka og Stokkseyri

**Sveitarfélagið Árborg auglýsir stöðu skólastjóra við Barnaskólann á Eyrarbakka og Stokkseyri lausa til umsóknar.**

Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri er elsti samfellt starfandi grunnskóli á landinu, stofnaður 1852. Skólinn hefur starfsstöðvar bæði á Eyrarbakka og Stokkseyri, annars vegar eru 100 nemendur 1. til 6. bekkjar á Stokkseyri og hins vegar 50 nemendur 7. til 10. bekkjar á Eyrarbakka. Í dag eru kennarar um 16 talsins auk skólastjóra og aðstoðarskólastjóra. Í upphafi þessa skólaárs var nýtt skólahúsnæði tekið í notkun á Stokkseyri. Leiðarljós skólans eru jákvæðni, metnaður, virðing og heiðarleiki.

Nánari upplýsingar um skólann má finna á heimasíðu skólans, www.barnaskolinn.is. Leitað er að skólastjóra til að leiða þróttmikið skólastarf og virkja starfsfólk, foreldra og nemendur til að byggja upp enn betri skóla.

Staðan er laus frá 1. ágúst 2011.

**Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:**
- Stjórnar og ber ábyrgð á daglegum rekstri og starfsemi skólans
- Hefur forystu um og skipuleggur faglegt starf innan skólans
- Umsjón með starfsmannamálum skólans
- Starfar samkvæmt lögum og reglugerðum grunnskóla, öðrum lögum er við eiga, aðalnámskrá grunnskóla og stefnu sveitarfélagsins í málaflokknum

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Kennsluréttindi og reynsla af kennslu á grunnskólastigi
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða uppeldis- og kennslufræðum
- Reynsla af stjórnun, rekstri og þróunarstarfi
- Færni í mannlegum samskiptum og viðtalstækni
- Metnaður, hugmyndaauðgi og skipulagsfærni
- Góð þekking á grunnskólalögum, aðalnámskrá og öðrum þeim lögum og reglugerðum er varða skólahald og velferð nemenda og starfsfólks
- Þekking á kjarasamningum starfsfólks grunnskóla æskilega
- Þekking á stjórnsýslu sveitarfélaga æskileg

Launakjör eru í samræmi við kjarasamning Launanefndar sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands fyrir grunnskóla vegna Skólastjórafélags Íslands.

Nánari upplýsingar veita Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Sveitarfélagsins Árborgar, sími 480-1900, netfang: asta@arborg.is, Sandra Dís Hafþórsdóttir, formaður fræðslunefndar, netfang: sandradis@arborg.is og Arndís Harpa Einarsdóttir, skólastjóri, sími 480 3200, netfang: harpa@barnaskolinn.is.

Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila berist skriflega Ástu Stefánsdóttur, framkvæmdastjóra Sveitarfélagsins Árborgar, Austurvegi 2, 800 Selfoss.

**Umsóknarfrestur er til 17. apríl 2011.**

*Húnavatnshreppur er landstórt og víðfemt sveitarfélag á Norðurlandi-vestra með 420 íbúa. Í skólunum á Húnavöllum eru 75 nemendur. Húnavallaskóli hefur verið starfræktur síðan 1969 en leikskólinn Vallaból er nýlegur og tók til starfa sumarið 2008. Góð aðstaða er til kennslu, íþrótta og tómstundastarfs í vistlegu og öruggu umhverfi. Við skólana er starfrækt mötuneyti. Húsnæði fyrir skólastjóra er til staðar. Næsta þéttbýli við Húnavelli er Blönduós í um 17 km. fjarlægð.*

## Skólastjóri við sameinaða skólastofnun Húnavatnshrepps

**Húnavallaskóli og leikskólinn Vallaból á Húnavöllum verða sameinaðir í eina skólastofnun frá og með 1. ágúst n.k. Óskað er eftir umsækjendum um stöðu skólastjóra við nýjan sameinaðan skóla.**

**Starfssvið skólastjóra:**
- Skipulagning og þróun nýrrar skólastofnunar.
- Fagleg forysta á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi.
- Stjórnun og ábyrgð á rekstri skólans og gerð fjárhagsáætlunar.
- Leiða samstarf nemenda, starfsmanna, foreldra og skólasamfélagsins í heild.

Leitað er að metnaðarfullum, hugmyndaríkum og framsýnum einstaklingi til að samþætta og leiða skólastarfið.

**Menntun og hæfniskröfur:**
- Kennsluréttindi og kennslureynsla á leik- og/eða grunnskólastigi.
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar og/eða uppeldis- og kennslufræði æskileg.
- Umsækjandi hafi sótt sér upplýsingar um nýjustu áherslur og leiðir í kennslu- og uppeldismálum.
- Reynsla af stjórnun, rekstri og þróunarstarfi.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Skipulagshæfni og sjálfstæði í starfi.

Launakjör eru samkvæmt samningi LN og KÍ.

Umsóknarfrestur er til 20. apríl nk. Öllum umsóknum verður svarað.

Umsóknir skal senda til sveitarstjóra Húnavatnshrepps, Húnavöllum 541, Blönduós.

Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf í byrjun júlí.

Nánari upplýsingar veitir Jens P. Jensen, sveitarstjóri í síma 452-4661, 863-3610, jens@emax.is

Húnavatnshreppur - Húnavöllum - 541 Blönduós - hunavatnshreppur.is - s. 452-4660

## Upplýsingatækni

# Gagnagrunnssérfræðingur og tæknimaður

Tryggingastofnun auglýsir eftir gagnagrunnssérfræðingi við rekstur gagnagrunna, ásamt tæknimanni til starfa við almenna tækniþjónustu við notendur og úrlausn tæknilegra verkefna.

### Gagnagrunnssérfræðingur

**Starfssvið:**
- Vinna við verkefni er tengjast daglegum rekstri Oracle gagnagrunna
- Uppsetningar og uppfærslur
- Gagnavinnslur
- Öryggismál
- Vefþjónustur
- Útgáfustýring kerfa
- Bregðast skjótt við tilfallandi afbrigðum sem upp kunn að koma í rekstri
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf í tölvunarfræði, kerfisfræði eða önnur sambærileg tæknimenntun
- Góð þekking og reynsla af Oracle gagnagrunnum
- Þekking og reynsla af Unix stýrikerfum
- OCP (Oracle Certified Professional) gráða er kostur
- Reynsla af hugbúnaðargerð er kostur
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð, metnaður og hæfni í mannlegum samskiptum

### Tæknimaður

**Starfssvið:**
- Dagleg tækniaðstoð við notendur upplýsingakerfa
- Vinna að úrlausn tæknilegra verkefna sem tengjast vél- og hugbúnaði notenda
- Villugreining og lausnir í hugbúnaði
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar og hæfniskröfur:**
- Góð þekking á MS Windows stýrikerfum og MS Office hugbúnaði nauðsynleg
- Góð alhliða tæknimenntun
- Forritunarþekking
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð, metnaður og hæfni í mannlegum samskiptum

**Nánari upplýsingar veita Kristín I. Atladóttir deildarstjóri tæknideildar á Upplýsingatæknisviði Tryggingastofnunar, kristin.atladottir@tr.is og Guðjón Skúlason, mannauðsstjóri, gudjon.skulason@tr.is.**

**Umsóknir sendist rafrænt á starf@tr.is eða í pósti til Starfsmannaþjónustu Tryggingastofnunar, Laugavegi 114, 150 Reykjavík fyrir 18. apríl nk. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.**

**Umsóknir gilda í a.m.k. sex mánuði ef staða losnar á ný.**

TRYGGINGASTOFNUN
Laugavegi 114 | 105 Reykjavík | Sími 560 4400

Ímyndunarafl / TR / GT0311

**Gildi Tryggingastofnunar eru traust, metnaður og samvinna.** Stefna Tryggingastofnunar er að vera öflug og traust stofnun, ákvarða og greiða réttar tryggingabætur, veita gagnlegar upplýsingar og ráðgjöf til viðskiptavina og annast eftirlit með málefnum sem TR eru falin samkvæmt lögum á faglegan, öruggan og hagkvæman hátt. Umsækjendum er einnig bent á upplýsingar á heimasíðu Tryggingastofnunar www.tr.is

SJÁVARGRILLIÐ
SEAFOOD GRILL

**Nýr veitingastaður á Skólavörðustíg 14 leitar eftir starfsfólki í eftir farandi stöður;**

Aðstoðar fólki í sal, matreiðslunemum, uppvask, ræstingar um helgar.

Upplýsingar í síma 866 5001 eða e-mail gustav@sjavargrillid.is

# Ravirki óskast!

Við leitum að vönum rafvirkja til framtíðarstarfa. Þarf að geta byrjað strax.

Áhugasamir sendi inn umsóknir á netfangið box@frett.is merkt **„Rafvirki-30"**

# Fasteignasala – sölumaður.

Öflug og rótgróin fasteignasala óskar að ráða harðduglegan sölumann strax. Einungis aðili með mikla reynslu og þekkingu á fasteignamarkaði kemur til greina.

Áhugasamir sendi inn umsókn á box@frett.is fyrir 30. mars, merkt **„Fast-Sala"**

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

## Embætti skólameistara við Fjölbrautaskóla Vesturlands

Laust er til umsóknar embætti skólameistara við Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi. Í skólanum eru í boði margar námsleiðir í bóknámi og starfsnámi.

**Starfssvið**
Skólameistari veitir framhaldsskólanum forstöðu. Hann stjórnar daglegum rekstri og starfi skólans og gætir þess að skólastarfið sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma. Hann ber ábyrgð á gerð fjárhagsáætlunar og að henni sé fylgt og hefur frumkvæði að gerð skólanámskrár og umbótastarfi innan skólans.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
Samkvæmt 14. gr. laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, nr. 87/2008, skal skólameistari hafa starfsheitið framhaldsskólakennari og viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynslu á framhaldsskólastigi.

Leitað er eftir einstaklingi með stjórnunarreynslu, leiðtoga- og samskiptahæfni, reynslu af stefnumótunarvinnu og hæfileika til nýsköpunar. Ný lög um framhaldsskóla nr. 92/2008 fela framhaldsskólum aukna ábyrgð á skilgreiningu námsbrauta, þróun námsframboðs á mörkum skólastiga og fræðsluskyldu til 18 ára aldurs. Skólameistari gegnir mikilvægu hlutverki í mótun skólastarfs á grundvelli nýrra laga. Sérstaklega er litið til þess að væntanlegur skóla- meistari beiti sér fyrir samstarfi framhaldsskóla á Vesturlandi.

**Ráðning og kjör**
Mennta- og menningarmálaráðherra skipar skólameistara til fimm ára í senn að fenginni umsögn hlutaðeigandi skólanefndar skv. 6. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008, sbr. lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins,nr. 70/1996, með síðari breytingum. Miðað er við að skipað verði í embættið frá og með 1. ágúst 2011 en æskilegt er að viðkomandi geti komið að undirbúningi skólastarfs fyrir skólaárið 2011 - 2012.

Um laun skólameistara fer eftir ákvörðun kjararáðs, sbr. lög um kjararáð, nr. 47/2006, með síðari breytingum.

**Umsóknir**
Umsóknir með upplýsingum um starfsheiti ásamt ítarlegum upplýsingum um menntun og fyrri störf skulu hafa borist mennta- og menningarmálaráðuneyti, Sölvhólsgötu 4, 150 Reykjavík, fyrir kl. 16:00, mánudaginn 25.apríl 2011. Nánari upplýsingar um starfið veitir Jens Pétur Hjaltested rekstrarstjóri í mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 1. apríl 2011.
menntamálaráðuneyti.is

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

## Embætti skólameistara við Fjölbrautaskóla Snæfellinga

Laust er til umsóknar embætti skólameistara við Fjölbrautaskóla Snæfellinga í Grundarfirði. Í skólanum eru í boði námsleiðir í bóknámi.

**Starfssvið**
Skólameistari veitir framhaldsskólanum forstöðu. Hann stjórnar daglegum rekstri og starfi skólans og gætir þess að skólastarfið sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma. Hann ber ábyrgð á gerð fjárhagsáætlunar og að henni sé fylgt og hefur frumkvæði að gerð skólanámskrár og umbótastarfi innan skólans.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
Samkvæmt 14. gr. laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, nr. 87/2008, skal skólameistari hafa starfsheitið framhaldsskólakennari og viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynslu á framhaldsskólastigi.

Leitað er eftir einstaklingi með stjórnunarreynslu, leiðtoga- og samskiptahæfni, reynslu af stefnumótunarvinnu og hæfileika til nýsköpunar. Ný lög um framhaldsskóla nr. 92/2008 fela framhaldsskólum aukna ábyrgð á skilgreiningu námsbrauta, þróun námsframboðs á mörkum skólastiga og fræðsluskyldu til 18 ára aldurs. Skólameistari gegnir mikilvægu hlutverki í mótun skólastarfs á grundvelli nýrra laga. Sérstaklega er litið til þess að væntanlegur skólameistari beiti sér fyrir samstarfi framhaldsskóla á Vesturlandi.

**Ráðning og kjör**
Mennta- og menningarmálaráðherra skipar skólameistara til fimm ára í senn að fenginni umsögn hlutaðeigandi skólanefndar skv. 6. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008, sbr. lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum. Miðað er við að skipað verði í embættið frá og með 1. ágúst 2011 en æskilegt er að viðkomandi geti komið að undirbúningi skólastarfs fyrir skólaárið 2011 - 2012.

Um laun skólameistara fer eftir ákvörðun kjararáðs, sbr. lög um kjararáð, nr. 47/2006, með síðari breytingum.

**Umsóknir**
Umsóknir með upplýsingum um starfsheiti ásamt ítarlegum upplýsingum um menntun og fyrri störf skulu hafa borist mennta- og menningarmálaráðuneyti, Sölvhólsgötu 4, 150 Reykjavík, fyrir kl. 16:00, mánudaginn 25.apríl 2011. Nánari upplýsingar um starfið veitir Jens Pétur Hjaltested rekstrarstjóri í mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti,
1. apríl 2011.
menntamálaráðuneyti.is



Viltu vinna á skemmtilegum og þægilegum vinnustað?

Stólar til útleigu

**Hágreiðslusveinn eða meistari óskast í 50 - 100% starf**

**Upplýsingar í síma 553 1033 og 696 6632**

Scala hair & makeup

REDKEN

*Lágmúli 5 • 108 Reykjavík • Sími 553 1033*

# Viltu hanga á Facebook í vinnunni?



**PIPAR\TBWA auglýsir eftir markaðsfulltrúa til starfa í sérdeild samfélagsvefja.** Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt og tekið þátt í hópastarfi í líflegu umhverfi.

**Hæfniskröfur:**
\ Góð íslenskukunnátta
\ Brennandi áhugi á markaðsmálum
\ Góð þekking á samfélagsvefjum
\ Hugmyndaauðgi
\ Gott skap
\ Stúdentspróf

Umsóknir ásamt ferilskrá og mynd skal senda á **umsokn@pipar-tbwa.is fyrir 8. apríl nk.** Umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Hjá PIPAR\TBWA starfa 20 manns. Stofan er hluti af TBWA sem er ein af framsæknustu samstarfskeðjum auglýsingastofa í heiminum. Þar starfa um 12.000 manns á 258 stofum í 77 löndum.

PIPAR\TBWA

PIPAR\TBWA – Tryggvagötu 17 – 101 Reykjavík
Sími 510 9000 – www.pipar-tbwa.is

Schindler

# Rafvirki.

**Héðinn Schindler lyftur ehf. óskar eftir rafvirkja.**

**Starfssvið:**
Eftirlit og viðgerðir á lyftum og rennistigum. Einnig önnur tilfallandi verkefni.

**Menntunar og hæfniskröfur:**
Sveinspróf í rafvirkjun er skilyrði. Tölvukunnátta, nákvæm og skipulögð vinnubrögð. Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfsstætt, hafa góða þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.

Umsókn með upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist á **schindler@schindler.is**.

Sveitarfélagið ÁRBORG

## Sveitarfélagið Árborg auglýsir eftir kerfisstjóra

**Laust er til umsóknar starf kerfisstjóra við Tölvudeild Sveitarfélagsins Árborgar. Starfið heyrir undir deildarstjóra tölvu- og fjarskiptakerfa. Starfsstöðin er á Selfossi en þjónustusvæðið er Sveitarfélagið Árborg. Starfið hentar jafnt konum sem körlum. Launakjör eru í samræmi við kjarasamning Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.**

**Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:**
- Aðstoð vegna tölvumála við starfsmenn sveitarfélagsins
- Uppsetning og rekstur notendabúnaðar
- Umsjón með notendum og heimildum notenda að net-, póst- og skráarkerfi
- Vinna í kerfissal við uppsetningar, uppfærslur og viðhald eftir því sem við á
- Rekstur prentara, síma og annarra jaðartækja

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Menntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af kerfisstjórnun í Microsoft Windows 2008 / XP / Win 7 umhverfi
- Þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum
- Nákvæmni, áreiðanleiki og skipulögð vinnubrögð
- Gild ökuréttindi

Upplýsingar um starfið veitir deildarstjóri tölvu- og fjarskiptakerfa, Árni Laugdal, í síma 480-1532 eða arni@arborg.is.

Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila berist með tölvupósti á netfangið arni@arborg.is eða með pósti til:

Sveitarfélagið Árborg,
Tölvudeild,
Austurvegi 2,
800 Selfoss.

**Umsóknarfrestur er til 17. apríl 2011.**

*Tölvukerfi Sveitarfélagsins Árborgar er með stærri kerfum landsins með yfir 500 tölvur og tæplega 2.000 notendur. Það er rekið á einu Windows léni, með eigið fjarskiptanet og nánast enga úthýsingu. Sveitarfélagið Árborg er góður vinnustaður sem allir geta unnið stoltir hjá.*


FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

ÞAÐ ERU ENGIN HÖFT Í VIÐSKIPTUM Á VÍSI

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.



Meiri Vísir. vísir


# RÁÐGJAFI Í ALMANNATENGSLUM

**Starfssvið:**
- Almenn ráðgjöf á sviði almannatengsla.
- Aðstoð við gerð áætlana um almannatengsl og framkvæmd þeirra í samráði við viðskiptavini.
- Textagerð á íslensku og ensku.
- Fjölmiðlatengsl.
- Umsjón með útgefnu efni.

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun eða sambærileg menntun.
- Starfsreynsla á sviði almannatengsla eða fjölmiðlunar.
- Skipulagshæfileikar.
- Mjög gott vald á íslensku og ensku.
- Góð þekking á viðskiptalífinu og áhugi á þjóðmálum.

Áhersla er lögð á fagmennsku, drifkraft, hugmyndaauðgi, jákvæðni og sjálfstæð vinnubrögð.
Áhugasamir vinsamlegast sendi umsókn á starf@appr.is
Skilafrestur umsókna er til 18. apríl 2011.

**Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.**

AP ALMANNATENGSL

AP almannatengsl veita fyrirtækjum, stofnunum og einstaklingum alhliða ráðgjöf á sviði almannatengsla. Komið er til móts við ólíkar þarfir fyrirtækja og stofnana með mælanlegan árangur að leiðarljósi. AP almannatengsl eru samstarfsaðili Edelman á Íslandi, en Edelman er eitt stærsta almannatengslafyrirtæki heims.

Laugavegur 182 ◢ 105 Reykjavík ◢ 514-1430 ◢ www.appr.is

Edelman

# INNKAUPASTJÓRI

## Spennandi vinnustaður í alþjóðlegu umhverfi

Fríhöfnin óskar að ráða kraftmikinn og áhugasaman innkaupastjóra til að sjá um innkaup og vöruþróun með því hæfa starfsfólki sem félagið hefur á að skipa. Um er að ræða skemmtilegt og krefjandi starf í fjölbreytilegu og alþjóðlegu umhverfi.

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**
- Innkaup og samningagerð við birgja á verslunarsviði
- Birgðahald og birgðastýring félagsins
- Áætlanagerð og eftirfylgni með innkaupum
- Ýmis innlend og erlend samskipti er snúa að innkaupamálum
- Vöruþróun og vöruframsetning félagsins í samráði við aðra aðila

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun æskileg
- Reynsla af stjórnunarstörfum er skilyrði
- Víðtæk þekking á smásölumarkaði og reynsla af erlendum samskiptum
- Hæfni í gerð samninga við innlenda og erlenda aðila
- Góð þekking á öllum helstu tölvuforritum ásamt þekkingu á Navision
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti ásamt góðri íslensku- og enskukunnáttu

**Áhersla er lögð á að umsækjandi hafi mikla samskiptahæfileika og sé sterkur stjórnandi með góða og örugga framkomu.**

Umsóknafrestur er til og með 9. apríl. Umsóknum skal skilað inn rafrænt á heimasíðu Fríhafnarinnar, sjá **www.dutyfree.is/atvinna**. Upplýsingar um starfið veitir Sóley Ragnarsdóttir, soley.ragnarsdottir@isavia.is, starfsmannaþjónustu.




Fríhöfnin hefur sett sér það markmið að vera ávallt til fyrirmyndar í jafnréttismálum. Í jafnréttisáætlun félagsins er unnið að því markmiði með margvíslegum hætti og leggur Fríhöfnin áherslu á að jafna hlutfall kynjanna í sambærilegum stöðum, einkum í stjórnunar- og áhrifastöðum eins og jafnréttislög gera ráð fyrir.

Fríhöfnin ehf. er dótturfyrirtæki ISAVIA ohf. og annast rekstur 6 verslana í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Félagið er stærsta verslunarfyrirtækið í flugstöðinni með um 100 starfsmenn. Stærstu vöruflokkarnir í verslunum félagsins eru áfengi, tóbak, snyrtivörur, sælgæti og fatnaður. Fríhöfnin er framsækið fyrirtæki í síbreytilegum ferðaheimi þar sem markmiðið er að bjóða upp á gæðavörur á góðu verði í samkeppni við verslanir á erlendum flugvöllum.

FRÍHÖFNIN KEFLAVÍKURFLUGVELLI

# STARFATORG.IS

*Laus störf hjá ríkinu*

Starfatorg.is er upplýsingavefur um laus störf hjá ríkinu. Þar er einnig að finna ýmsar upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna. Nú eru laus til umsóknar eftirfarandi störf:

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| **Nýtt** | | | |
| Lögfræðingur | Samkeppniseftirlitið | Reykjavík | 201104/015 |
| Lögfræðingur og sérfræðingur | Orkustofnun | Reykjavík | 201104/014 |
| Ritari þingmanna, sérfræðingur | Alþingi | Reykjavík | 201104/013 |
| Yfirlæknir | Heilsugæsla höfuðborgarsv. | Reykjavík | 201104/012 |
| Hjúkrunarfræðingar, sumar | Heilsugæsla höfuðborgarsv. | Haf., Álf., G.b. | 201104/011 |
| Sjúkraliðar, sumar | Heilsugæsla höfuðborgarsv. | Haf., Álf., G.b | 201104/010 |
| Sjúkraliðar, sumar | Heilsugæsla höfuðborgarsv. | Garðabær | 201104/009 |
| Gagnagrunnssérfræðingur | Tryggingastofnun ríkisins | Reykjavík | 201104/008 |
| Tæknimaður | Tryggingastofnun ríkisins | Reykjavík | 201104/007 |
| Verkefnastjóri | Íbúðalánasjóður | Reykjavík | 201104/006 |
| Doktorsnemi í tölvunarfræði | HÍ, verk- og náttúrufræðisvið | Reykjavík | 201104/005 |
| Lektor í tölfræði og aðferðafræði | HÍ, viðskiptafræðideild | Reykjavík | 201104/004 |
| Lektor í fjármálum | HÍ, viðskiptafræðideild | Reykjavík | 201104/003 |
| Lektor í listum og skapandi starfi | HÍ, menntavísindasvið | Reykjavík | 201104/002 |
| Framhaldsskólakennarar | Menntaskólinn á Ísafirði | Ísafjörður | 201104/001 |
| Hjúkrunarfræðingur | LSH, hjarta- og æðaþræðingast. | Reykjavík | 201103/100 |
| Sérfræðingur | Sýslumaðurinn í Keflavík | Reykjanesbær | 201103/099 |
| Hjúkrunarfr., hjúkrunarnemar | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Selfoss | 201103/098 |
| Lögfræðingur | Lyfjastofnun | Reykjavík | 201103/097 |
| Móttökuritari | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201103/096 |
| Deildarlæknir | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201103/095 |
| Skrifstofumaður | Sýslumaðurinn á Húsavík | Húsavík | 201103/094 |
| Sérfr., rannsóknir og viðbúnaður | Seðlabanki Íslands | Reykjavík | 201103/093 |
| Sérfræðingur, greiðslukerfi | Seðlabanki Íslands | Reykjavík | 201103/092 |
| Kerfisstjóri | Seðlabanki Íslands | Reykjavík | 201103/091 |
| Forritari | Seðlabanki Íslands | Reykjavík | 201103/090 |
| Framhaldsskólakennari | Verkmenntaskóli Austurlands | Fjarðabyggð | 201103/089 |
| Framkvæmdastjóri lækninga | Landspítali, bráðasvið | Reykjavík | 201103/077 |
| Forseti hug- og félagsvísindasviðs | Háskólinn á Akureyri | Akureyri | 201103/083 |

**Upplýsingar um áður auglýst störf er að finna á Starfatorg.is**

Á Starfatorg.is má finna ítarlegri umfjöllun um framangreind störf ásamt upplýsingum um tengiliði. Þeir sem ekki hafa vefaðgang geta snúið sér til viðkomandi stofnunar varðandi frekari upplýsingar.
~ Fjármálaráðuneytið hefur umsjón með Starfatorg.is ~

**Starfatorg.is**

# Útboð á sorphirðu

**Rekstrarfélagið Ago ehf. auglýsir eftir áhugasömum aðilum til að taka þátt í útboði á sorphirðu vegna starfsemi í Hörpu, tónlistar- og ráðstefnuhúsinu í Reykjavík.**

HARPA
TÓNLISTAR- OG RÁÐSTEFNUHÚSIÐ Í REYKJAVÍK

Rekstrarfélagið Ago ehf. auglýsir eftir áhugasömum aðilum til að taka þátt í útboði á sorphirðu vegna starfsemi í Hörpu, tónlistar- og ráðstefnuhúsinu í Reykjavík.

Útboðsverkið nær til samfelldrar reglubundinnar sorplosunar og sorpförgunar ásamt umhirðu og leigu á sorpílátum í fimm ár fyrir tímabilið frá 6. maí 2011 til 30. apríl 2016.

**Útboðsgögn má nálgast frá og með þriðjudeginum 5. apríl 2011, á útboðsvef VSÓ Ráðgjafar, www.vso.is**

Tilboðum ásamt fylgiskjölum skal skila á skrifstofu VSÓ Ráðgjafar, Borgartúni 20, 105 Reykjavík, eigi síðar en **kl. 14:00, föstudaginn 15. apríl 2011**, þar sem þau verða opnuð í viðurvist þeirra bjóðenda sem þess óska.

ÍSLENSKA SIA.IS POR 54429 04.2011




## Til sölu 22 ára gamalt skuldlaust, ehf. fyrirtæki.

**Ekki í rekstri lengur og því enginn lager.
Yfirfæranlegt tap. Góð hrein kennitala.
Upplýsingar í síma 865 1947**

SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

## Lága – Kotey, Skaftárhreppi.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið auglýsir til leigu eyðijörðina Lágu–Kotey í Meðallandi, Skaftárhreppi, til slægna og beitar. Áætlaður leigutími er 10 ár.

Gróinn hluti jarðarinnar er 125 ha, tún 24,9 ha.

Umsóknarfrestur er til 28. apríl 2011.

Umsóknareyðublöð eru á heimasíðu ráðuneytisins og í afgreiðslu á 5. hæð, Skúlagötu 4, 101 Reykjavík. Frekari upplýsingar birtast á heimasíðu ráðuneytisins, www.sjavarutvegsraduneyti.is

Fyrirspurnir sendist á netfangið postur@slr.stjr.is

Hér með auglýsir Kirkjubyggingarsjóður Reykjavíkurborgar eftir umsóknum um styrki vegna ársins 2011. Sjóðnum er ætlað að veita fjármunum til að byggja kirkjur og safnaðarheimili í Reykjavík, en einnig má styrkja endurbætur og meiriháttar viðhald á kirkjum í borginni.

**Umsóknir um styrki sendist Ráðhúsi Reykjavíkur merktar kirkjubyggingarsjóður fyrir 20. apríl nk.**

Þau skilyrði eru sett fyrir því að umsókn sé tekin til greina að henni fylgi greinargóðar upplýsingar um fyrirhugaðar framkvæmdir, ársreikningur 2010, ráðstöfun fyrri styrkja sé um þá að ræða, svo og um fjármögnun verksins að öðru leyti. Frekari upplýsingar fást hjá stjórn sjóðsins.

**Netföng stjórnarmanna eru sem hér segir:**
Karl Sigurðsson: karl.sigurdsson@reykjavik.is
Gísli Jónasson: gisli.jonasson@kirkjan.is
Jóhannes Pálmason: palmason@simnet.is

# Hótel Loftleiðir og Icelandair

## Endurgerð lóðar

Reitir Fasteignafélag óskar eftir tilboðum í endurgerð lóðarinnar við Hótel Loftleiðir og skrifstofur Icelandair við Nauthólsveg, Reykjavíkurflugvelli.

Um er að ræða um 9.000 m² svæði og tekur verkefnið m.a. til þess að fjarlægja eldri lóðarfrágang að hluta til, endurnýja regnvatnslagnir, leggja ídráttarrör fyrir rafstrengi, skipta um jarðveg að hluta, hæðarsetja upp á nýtt, malbika, helluleggja með snjóbræðslu, hlaða veggi, grasleggja og gróðursetja.

Verkinu er áfangaskipt og skal fyrsta hluta þess lokið fyrir 1. júní n.k.

Bjóðendi þarf að geta lagt fram framkvæmdatryggingu til þess að koma til greina sem viðsemjandi.

Bjóðendur geta óskað eftir útboðsgögnum með tölvupósti á netfangið eidur@landslag.is frá og með hádegi mánudaginn 4. apríl 2011.

Tilboðum skal skila til Landslags ehf, Skólavörðustíg 11, 101 Reykjavík eigi síðar en kl 11:00 föstudaginn 8. apríl 2011.

## Frá yfirkjörstjórn Suðvesturkjördæmis Þjóðaratkvæðagreiðsla 9. apríl 2011 um gildi laga nr. 13/2011

Yfirkjörstjórn Suðvesturkjördæmis mun hafa aðsetur í Íþróttahúsinu Kaplakrika í Hafnarfirði á kjördag, þar sem talning atkvæða fer fram að loknum kjörfundi kl. 22. Fyrstu kjörkassar verða opnaðir kl. 19. og hefst þá flokkun atkvæða.

*28. mars 2011.*
*Yfirkjörstjórn Suðvesturkjördæmis,*
*Jónas Þór Guðmundsson*
*Hörður Zóphaníasson*
*Guðbjörg Sveinsdóttir*
*Ástríður Sólrún Grímsdóttir*
*Elín Jóhannsdóttir*

SELTJARNARNESBÆR

## Félagsráðgjafi

Við leitum að félagsráðgjafa til starfa. Viðkomandi mun starfa við félagsráðgjöf og barnavernd. Í starfinu er m. a. lögð áhersla á ráðgjöf við unglinga og starfað er náið með grunnskóla. Viðkomandi mun einnig starfa að forvarnarmálum bæjarins.

Reynsla á sviði félagsþjónustu, barnaverndar og málefna fatlaðra æskileg. Lögð er áhersla á frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum og lipurð í mannlegum samskiptum.
**Umsóknarfrestur er til 12. apríl nk.**

Nánari upplýsingar um starfið veita Snorri Aðalsteinsson og Sigrún Hv. Magnúsdóttir í síma 5959100, netföng: snorri@seltjarnarnes.is, sigrunhv@seltjarnarnes.is

Félagsmálastjóri Seltjarnarnesbæjar
www.seltjarnarnes.is

### Útboð nr. 14926 – Mötuneyti ríkisins

**RÍKISKAUP, ÓSKA EFTIR TILBOÐUM Í REKSTUR MÖTUNEYTA FYRIR STARFSMENN FYRIR HÖND EFTIRTALINNA AÐILA.**

**A.** Mötuneytið Borgartúni 7, Ríkiskaup.
**B.** Mötuneytið Hverfisgötu 113-115, Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu.
**C.** Mötuneytið Skúlagötu 4, Hafrannsóknarstofnunin.
**D.** Mötuneytið Tryggvagötu 19, Tollstjóri.

Í verkinu er fólgin framleiðsla og framreiðsla matar, afgreiðsla á öllum matvælum samkvæmt tilboðsblöðum, umsjón með matsölum, ræstingum, og rekstur kassakerfis. Markmiðið með útboðinu er að tryggja sem lægst vöruverð samfara gæðum og góðri þjónustu en um leið að tryggja að fjölbreytileiki og hollusta í samsetningu matvæla uppfylli fjölbreyttar þarfir/kröfur viðskiptavina.
Heimilt er að bjóða í einstaka hluta útboðsins það er, að bjóða í rekstur mötuneytis á einum stað eða fleirum. Heimilt er að bjóða afslátt af einingaverði ef boðið er í rekstur allra mötuneytanna.

Nánari upplýsingar má finna í útboðsgögnum, sem eru aðgengileg á vef Ríkiskaupa, (www.rikiskaup.is). Skila skal tilboðum til Ríkiskaupa, Borgartúni 7c, 105 Reykjavík þar sem þau verða opnuð þann 10. maí 2011, kl. 11:00 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

RÍKISKAUP
*Útboð skila árangri!*

## Félag íslenskra alþýðuskólakennara (FÍASK)

heldur aðalfund sinn 30. apríl 2011.
Fundurinn hefst kl. 18.30 hjá Ragnheiði og Hans.
Félagsmenn eru vinsamlegast beðnir um að tilkynna þátttöku á netfangið krikk@simnet.is fyrir 15. apríl nk.

BÚSETI
Öryggi til framtíðar, frelsi þegar þér hentar

## Aðalfundur Búseta hsf. Reykjavík

**Aðalfundur verður haldinn 19. apríl n.k. kl. 17.00 á Grand Hótel Reykjavík. Dagskrá samkvæmt samþykktum.**

## VIGTARMENN

Námskeið til löggildingar vigtarmanna verður haldin hjá Neytendastofu, Borgartúni 21, dagana 2., 3. og 4 maí 2011. Endurmenntunarnámskeið verður haldið 9. maí

Skráning á námskeiðin fer fram á heimasíðu Neytendastofu, www.neytendastofa.is, undir hlekknum „Skráning á námskeið" (ekki þörf á innskráningu) eða undir Mælifræðisvið.

Athygli er vakin á því að gerðar eru kröfur um íslenskukunnáttu þar sem öll kennsla fer fram á íslensku - það gildir einnig um skriflegar spurningar á prófi og svör við þeim.

Löggildingar vigtarmanna gilda í 10 ár frá útgáfu skírteina.

Allar nánari upplýsingar, svo og aðstoð við skráningu þátttakenda, eru á heimasíðu Neytendastofu og í síma 510 1100. Skráningu lýkur 15. apríl n.k.

NEYTENDASTOFA

Borgartúni 21 · 105 Reykjavík · Sími 510 1100 · Bréfasími 510 1101
postur@neytendastofa.is · www.neytendastofa.is

FRÆÐSLUSKRIFSTOFA RAFIÐNAÐARINS

## Sveinspróf í rafiðngreinum

Sveinspróf í rafiðngreinum fara fram í júní 2011.
Umsóknarfrestur er til 1. maí 2011.
Nemar í skóla hafi samband við deildarstjóra í viðkomandi skóla.
Upplýsingar og umsóknareyðublöð liggja frammi hjá:

**Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins, Stórhöfða 27, 110 Reykjavík, Sími 580 5253.**

Einnig er hægt að nálgast umsóknareyðublöðin á heimasíðu Fræðsluskrifstofunnar, veffang http://www.fsraf.is
Ath. Greiða þarf leyfisgjald fyrir sveinsbréf kr. 5.500- við innritun.

**Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins**
**2. apríl 2011**

## Fasteignir




## Ferjuvað 7

**Opið hús laugardaginn 2. apríl kl. 13:00-15:00.**
Búseturéttur fyrir 50 ára og eldri.



**Til sölu:** Búseturéttur í 3ja herbergja íbúð að Ferjuvaði 7, íb. 103 í Norðlingaholti Reykjavík. Íbúðin er hluti af húsnæðisfélagi Búmanna hsf. Um er að ræða rúmlega 90m2 íbúð á jarðhæð auk stæðis í bílakjallara í þriggja hæða fjölbýlishúsi með lyftu ásamt yfirbyggðu garðrými. Ásett verð búseturéttar er **kr. 5,1 millj.**
**Frekari upplýsingar** veitir Sigurður í síma 895 6910.

**Reynigrund 39**
**– opið hús sunnudag milli kl. 14-16.**




Til sýnis og sölu 127 fm raðhús á 2 hæðum ásamt 26 fm sérstæðum bílskúr. 4 svefnherb, góður suðurgarður. Frábær staðsetning í barnvænu umhverfi í Fossvogsdalnum. **Verð 34,8 millj.**

**Einbýlishús Kaupmannahöfn.**
**Tækifæri fyrir þá sem vilja flytja til Kaupmannahafnar!**



Erum með í sölu fallegt einbýlishús, með séríbúð í kjallara við Klintekongevej í Herlev í Kaupmannahöfn. Húsið er 174fm og af því er 66fm séríbúð í kjallara með sérinngangi. Húsið hefur verið mikið endurnýjað. Stór gróin lóð er í kringum húsið.
**Skipti skoðuð. Allar frekari uppl. um húsið, áhvílandi lán og fleira, veitir Heiðar í s:693-3356.**

VALHÖLL FASTEIGNASALA

**Ingólfur Gissurarson lgf.**
**Valhöll fasteignasala • Síðumúla 27 • Sími:588-4477.**

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
10 ÁRA
2001-2011

# Yfirburðir Fréttablaðsins á dagblaðamarkaði staðfestir

Við vitum sem er að dagblað á að vera skemmtilegt og upplýsandi. Það á að veita innsýn í líf fólks og varpa ljósi á atburði sem skipta okkur máli. Við hlustum á raddir lesenda og erum lifandi vettvangur fyrir skoðanaskipti.




**Prentmiðlakönnun Capacent Gallup.**
Janúar til mars 2011, meðallestur á tölublað 18–49 ára.




**Allt sem þú þarft...**



Til sölu Bayliner Capri 195 með 175 hö. Suzuki mótor fjórgengis árg. '08. Lítil eyðsla og enginn hávaði mjög sprækur og góður sjóbátur. Skoða skifti á stærri bát. Sími 892 5855.



Til sölu 40.farþega bátur, tilvalin til ferðaþjónustu t.d sjóstangaveiði, Hvalaskoðun og fl. Nýjar vélar, gengur allt að 40.mílur! Uppl. í s. 896 5002

Óska eftir nýlegum hraðbát úr plasti eða harðbotna slöngubát innan við 6 metra. Uppl. í s. 662 6818.

**Grásleppuveiðimenn**
Nálfeld grásleppunet, 12 mm flot- 10 mm blý og margt fl. Vorum að fá sendingu af grásleppunetum, vönduð vara. Heimavík, S. 892 8655. www.heimavik.is

## Bílaþjónusta




Flytjum vinnuvélar og bifreiðar af öllum gerðum. VAKA SÍMI: 5676700




MOTHERS Bón & Bílhreinsivörurnar fást hjá WWW.MOTHERS.is og hjá Höfðabílum Fosshálsi 27 fyrir ofan Ölgerðina S.8982832 eða mothers@mothers.is

## Hjólbarðar




**!!!TIL SÖLU!!!**
Ný alveg ónotuð Firestone Dekk til sölu P 215/75 R15 Uppl: 772-6238 /Einar b

Ný Bridgestone sumardekk 205/60 R16 fást fyrir lítið. Uppl. í s. 898 6375.

Sumardekk á 20" felgum passa á Land cruiser 200 uppl. S. 895 1109.

## Varahlutir




**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

**Japanskar Vélar Varahlutasala**
Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. S. 565 3400 & 893 2284. www.carparts.is japvel@carparts.is

# ÞJÓNUSTA

## Veitingastaðir




Salur, Take away og Heimsendingaþjónusta. S. 55 12345 / italiano.is

## Pípulagnir

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

## Hreingerningar

**A-Ö Þrif&Hreinlæti**
**S. 662 0662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

Flutningsþrif, gólfbónun, ræsting, teppahreinsun og gluggaþvottur www.hreingerningar.is S. 772 1450

## Garðyrkja

**TRJÁKLIPPINGAR**
Klippi, felli og snyrti tré og runna. Alm. garðavinna. Ágúst Haukur garðyrkjufræðingur s. 848 9600.

**MINIGRAFA**
tilvalinn í garðinn gröfum fyrir öllu. Staurabor - Fleygur Fast verð eða tímavinna. Uppl. í síma 771 9800.

**Trjáklippingar**
Trjáfellingar og runnaklippingar. Alhliða garða þjónusta. Eirikur Sæland garðyrkjufræðingur. Sími : 848 1723.

Trjá- og runnaklippingar! Baldur Gunnlaugs. skrúðgarðameistari s.848-6972 eða groinn.is
















Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokartþjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig viðgerðir á fjórhjólum. JS Vélaverkstæði. S. 554 0661.




Nú er rétti tíminn fyrir trjáklippingar og grisjun gróðurs ásamt því að fá tilboð í sumarverkin. Ánægðir viðskiptavinir frá 1988! Garðar best ehf. Sími 698 9334 gardarbest.is netfang: gardarbest@gardarbest.is Facebook: Garðar best.

## Bókhald

Framtöl - bókhald- ársreikningar. Mikil reynsla - sanngjarnt verð. www.fob.is s. 517-3977

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Þarftu að láta mála hjá þér? Inni og útimálun. Endurmálun, nýmálun. Gerum tilboð þér að kostnaðarlausu. S. 858 7531, Pétur.

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Litið Mál ehf. S. 896 5758.

**Málarameistari**
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

**Málarar**
Alhliða málingarþjónusta, getum bætt við okkur verkefnum inni og úti, hagstæð verð í boði. S. 823 8547.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald




ERU RENNURNAR FARNAR AÐ LEKA OG KOMINN TÍMI Á AÐ LAGA ÞÆR. Tek að mér Lagfæringar, Upppsetningar, Þakviðgerðir, Viðgerðar á Bárjárnsklæðningu og alla aðra Blikksmíðavinnu. Uppl. s. 694 8448 Ólafur.




Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 568-3063 eða inná www.k2.is







**Húsaviðgerðir - Nýbyggingar**
Múrarar, málarar, smiðir - gluggar og hurðir, rafvirkjar og píparar með mikla reynslu í viðhaldi fasteigna geta bætt við sig verkum. Nýbyggingar og allt viðhald fasteigna inni og úti. Viðhaldsverk ehf S. 699 0712 & 618 7712 verk@vidhaldsverk.is







**Múrviðgerðir, tröppur og málun**
Múrviðgerðir, málun og tröppuviðgerðir (hitastrengur). Hinrik, s. 892 9499.

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR.
Múrviðgerðir og flísalagnir.
Vönduð vinna tilb./tímav.
S. 899 4254.

**Vatns og rakaviðgerðir**
Gerum við og þéttum leka sem koma inn með t.d sprungum og steypusamskeytum. Með því að dæla þéttiefni í t.d sprungu verður minna rask og lítið sem ekkert sést eftir viðgerð. Gerum tilboð án endurgjalds. Frekari uppl. í síma 867 3449 og 867 9271 eða egillth@gmail.com

## Nudd

THE BEST!!!LUXURY WHOLE BODY MASSAGE IN DOWN TOWN ANY TIME! !869 8602.

Gott nudd - good massage. S. 857 4850 & 844 0329.

**Nudd**
Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

**ERUM EKKI MEÐ SEX NUDD,**
en æðislegt LÍKAMSSKRÚBB, heita POTTA og margar teg. af NUDDI. Einnig DETOX-úthreinsun, FÓTAAÐGERÐIR, SNYRTING og veitingar. Viðráðanleg verð og þú kemst fljótt að. Opið frá 12-18 alla daga nema sun. JB Heilsulind. S. 823 8280

Konudekur? Býð konum uppá erótískt nudd, slökun og unnað, 100% trúnaður og toppþjónusta. S. 821-5323

GOOD MASSAGE WITH TWO OR FOUR HANDS 659 62 69

New whole body massage. S. 864 8449, Isabella.

## Spádómar

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**661 3839 - Símaspá**
Tímapantanir frá kl. 13.00. um helgar og 16 virka daga.

**Spásími 908 6060**
Tarot, miðlun, trúnaður, draumar. Hvað viltu vita á nýju ári.Opið frá 12-23 S. 894 9228 Steinunn visa/euro.




## Rafvirkjun




**RAFVIRKJUN S. 896 6025**
Tökum að okkur raflagnir og viðhald raflagna, dyrasímaþjónusta. Rafneisti ehf.

## Trésmíði



**Bergiðjan ehf**
**Íslensk farmleiðsla**
Einingargróðurhúsi 14 Fm komnir með 2 tegundir af rólum til sýnis Tangarhöfða 2. Minigolfi, vinsælt á pallinn,í bústaðinn og garðinn er með 3 holum og 3 þrautum auðvelt að spila 6 til 9 holur. Erum að hefja framleiðslu á garðvörum úr Íslenskum trjábolum. Uppl. í s. 774 6633 & 869 1690. Bergiðjan ehf, Tangarhöfði 2, 110 RVK. pukinn@simnet.is Erum einnig á facebook.

Smiðir geta bætt við sig stórum sem smáum verkefnum. Tilboð eða tímavinna. Uppl. í s. 856 5555.

## Önnur þjónusta




## Námskeið

**STANGAVEIÐIMENN ATH!**
Nýtt námskeið í fluguköstum í TBR húsinu Gnoðarvogi 1, hefst sunnudaginn 3. apríl kl. 20.00.
Kennt verður 3. 10. 17. apríl og 1. maí, við leggjum til stangir. Skráning á staðnum gegn greiðslu (ekki kort).
Mætið tímalega og munið eftir inniskóm. Verð kr. 12.000 en kr 10.000kr til félagsmanna. Þetta er síðasta námskeið vetrarins. Upplýsingar í síma 894 2865 Gísli og 896 7085 Svavar. KKR, SVFR og SVH



**Green-house**
Fallegur danskur fatnaður. Eldri vörur seldar með afslætti. Opið í dag 11-16. Green-house Rauðagerði 26

# KEYPT & SELT

## Til sölu




**Heimilisþjófavörn**
Þjófavörn fyrir heimahús, hringir í 3 símanúmer. Örfá stk eftir.

Eigum nokkur stk. 80cc kitt í 4 gengis skellinöðrur. Viðgerðarmaður setur þær í fyrir þig.



Vorum að fá nýja sendingu af okkar vinsælu Ál-römpum, fyrir flesta tegundir bíla. Taka allt að 150kg. Verð 37,500 kr. Erum að selja nokkrar notaðar 50cc vespur.

**City Runner ehf**
**Laugarvegur 168, 105 Reykjavík**
**Sími: 567 1040**
**Opið frá 13 til 18 mánudaga til föstudaga.**



rkum.

# aranum

ettað það haganlega kringum
kinfaxi búa.



ndatökunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



llæknistöskur geyma reiðföt gesta. Hnappelda
nakkgjörð úr hrosshári hanga á þili.

**SÉRSTAKT GILDI** Þessi klukka er forngripur með órjúfandi hlutverk í yfir 100 ár því hún hefur talið tímana frá því fyrir aldamótin 1900. Hún gengur enn, svo greinilega hefur ekki verið kastað til höndunum við gerð hennar upphaflega. Klukkan er ein þeirra hluta sem hafa sérstakt gildi á heimili Sesselju Guðjónsdóttur og Björgvins Svavarssonar í Mosfellsbænum.




FORSÍÐA VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

m.visir.is
Fáðu Vísi í símann!



ÞAÐ ERU
ENGIN HÖFT
Í VIÐSKIPTUM Á VÍSI

Má bjóða ykkur meiri Vísi?

Meira úrval afþreyingar, frétta og myndskeiða í topp-upplausn með greiðara og einfaldara aðgengi fyrir allar tölvur og farsíma. Horfðu, hlustaðu og fylgstu með öllu því sem gerist, hvar og hvenær sem er á Vísi.

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval.

Þú færð meira af öllu á Vísi.



Meiri Vísir.

vísir

# Algerlega grænt hverfi

● Hugmyndalegt frelsi nýtur sín vel í verkefnum þeirra sem leggja stund á umhverfisskipulag við Landbúnaðarháskóla Íslands. Dæmi um það eru teikningar Eddu Ívarsdóttur af nýju hverfi við Laugarnesið.

„Þétt íbúðarbyggð einkennir hverfið en það er þó algerlega grænt því innan þess eru engar bílagötur. Fólk má samt eiga bíla og fyrir þá eru geymslur í hálfniðurgröfnum bílakjöllurum sem mynda braggaform á yfirborðinu,“ byrjar Edda Ívarsdóttir þegar hún er beðin að útskýra teikningar sínar af nýju skipulagi við Laugarnesið.

Edda er að læra umhverfisskipulag við Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri en það er inngangur að landslagsarkitektúr og skipulagsfræði. Miðað er við að ljúka því á þremur árum en Edda tekur það á tveimur og hálfu og er á lokasprettinum. Eitt af verkefnunum í vetur snerist um að teikna nýtt íbúðarhverfi þar sem iðnaðarhverfið er við Klettagarða og Köllunarklettsveg og tengja það byggðinni í nágrenninu; græna svæðinu á Laugarnesinu sjálfu, fjörunni og Laugardalnum. Það var unnið í þremur hlutum; tveir þeir fyrri voru unnir í hóp en hver einstaklingur í hópnum útfærði sínar hugmyndir í síðasta hlutanum.

Edda gerir ráð fyrir um 900 íbúðum á svæðinu. Þar verða engir einkagarðar en hins vegar sér hún fyrir sér gróðurhús ofan á þökum á hafnarsvæðinu og göngustíga þangað. Einnig stíga inn á Laugarnesið og strandlengjuna, sem er sú síðasta náttúrulega við norðurströnd Reykjavíkur. „Ég setti einn náttúruleikskóla inn á kortið sem tengist græna svæðinu og ströndinni. Svo færu grunnskólabörn í Laugarnesskóla og Laugalækjarskóla yfir göngubrýr eða um undirgöng.“ En sér hún fyrir sér að hugmyndir hennar eigi eftir að verða að veruleika? Þá hlær hún. „Þetta er auðvitað skólaverkefni og verður að skoðast sem slíkt.“

*- gun*




**Edda Ívarsdóttir við teikningar af hinu nýja hverfi í grennd við Klettagarða. Þær eru skólaverkefni hennar í umhverfisskipulagi við Landbúnaðarháskóla Íslands.** MYND/ÁSKELL ÞÓRISSON



Göngustígar og brú yfir lækinn setja svip á umhverfið.



Fjölbýlishúsahverfið. Þar sést í bílageymslurnar, sem eru hálfniðurgrafnar og með braggaþökum.







# SUMARBÚÐIR KFUM OG KFUK

- ★ VATNASKÓGUR
- ★ VINDÁSHLÍÐ
- ★ ÖLVER
- ★ KALDÁRSEL
- ★ HÓLAVATN







Netskráning
í fullum gangi á
www.kfum.is

KFUM KFUK

# heimili & hönnun

## HEIMA VIÐ



Tónlistarkonan Unnur Birna Björnsdóttir leikur á ýmis hljóðfæri á Ballinu á Bessastöðum. Hún hefur lokið burtfararprófi á fiðlu og er að klára djasssöngnám frá Tónlistarskóla FÍH. Auk þess er Unnur Birna eina stelpan í karlakórnum Fjallabræðrum.

● **SÍÐASTI HLUTURINN SEM ÉG KEYPTI MÉR** var 2011-kreppuútgáfa af flatskjá: 19 tommu krútt.

● **EFTIRLÆTISHÚSGAGNIÐ MITT** rafmagnspíanóið mitt.



● **Í AUGNABLIKINU LANGAR MIG Í** flygil, en hann myndi fylla upp í stofuna. Sem væri bara fínt.

● **STOFAN MÍN VÆRI EKKI EINS ÁN** kistilsins frá mömmu og pabba sem er bæði stofuborð og draslgeymsla í senn.



● **NÆSTA FRAMKVÆMD Í HÚSINU VERÐUR** að snúa stofunni við, enn einu sinni. Og taka niður jólaskrautið.



● **UPPI Á VEGG HANGIR** mandólín, gítar, gítarlele, úkúlele og myndir af köttum og Jesú.





Goran Micic íþróttafræðingur hjálpar þér að ná líkamlegum og huglægum framförum og stíga örugg en einföld skref í átt að bættri heilsu.

Superform matartaska

Matartaskan inniheldur allan mat sem þú þarft yfir daginn og er útbúin sérstaklega af Goran fyrir þig með þína orkuþörf í huga og tryggir þér þannig hámarks árángur í ræktinni.

Vilt þú:
- Efla orku þína og komast í form?
- Léttast og bæta meltinguna?
- Styrkja ónæmiskerfið og heilsuna?
- Koma jafnvægi á hormónana?
- Auka andlega vellíðan?
- Bæta minni og einbeitingu?

Kenndir eru 5 tímar á viku og kemst takmarkaður fjöldi að. Þáttakendur fá persónulega næringaráðgjöf hjá Goran og ráðgjöf við matarinnkaup. Boðið er upp á frítt herðanudd í pottum eftir hverja æfingu.

Þitt er valið:

| 4 vikna námskeið | 6 vikna námskeið | 8 vikna námskeið |
|---|---|---|
| Verð án matartösku: 19900,- | Verð án matartösku: 29900,- | Verð án matartösku: 39900,- |
| Verð með matartösku: 69900.- | Verð með matartösku: 89900.- | Verð með matartösku: 109900.- |

Námskeiðið er hægt að greiða með léttgreiðslum til þriggja mánaða. Námskeiðið hefst 4. apríl en þú getur byrjað í dag!

GrandSpa

Grand Spa | Sigtúni 38 | 105 Reykjavík | Sími 578 8200 | www.grandspa.is




NINTENDO 3DS
Á SÉR ENGA HLIÐSTÆÐU Í HEIMI LEIKJATÖLVA

Upplifðu að spila tölvuleiki í ÞRÍVÍDD án þess að nota gleraugu. Hægt að tengjast þráðlaust á Internetið, spila þráðlaust við aðrar Nintendo DS leikjatölvur, taka ljósmyndir í 3 vídd og margt, margt fleira.

Komdu og sjáðu þetta undratæki með eigin augum!

ORMSSON
VERSLANIR OG UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
Sjá nánar á www.ormsson.is
Níu mánaða vaxtalausar raðgreiðslur í boði!


Viltu fá flottari rass og læri?
30% meiri ávinningur í EasyTone!
30%
11%
Söluaðilar:
Útilíf
Steinar Waage
Sportver Glerártorgi
Toppmenn og Sport
Verslunin Nína Akranesi
Skóbúð Selfoss
Skóbúð Húsavíkur
Axel Ó Vestmannaeyjum
Reebok EASYTONE

# Sagan í skáldskap síðasta áratugar

Haft er fyrir satt að bókaárið sem leið hafi öðru fremur einkennst af sögulegum skáldskap og glímu rithöfunda við menningararfinn. Hvað sem því líður hefur **sögulegur skáldskapur** lengi átt upp á pallborðið á Íslandi. *Bergsteinn Sigurðsson* rýndi í Bókatíðindi undanfarinna tíu ára og komst að því hvaða rithöfundar gerðu sér mat úr sögunni á fyrsta áratug 21. aldar.

## SAGAN Í HNOTSKURN

Alls kom út 41 söguleg skáldsaga á Íslandi á árunum 2001 til 2010, sem gerir um fjórar á ári að meðaltali. Flestar sögulegar skáldsögur komu út árið 2004, alls átta, en fæstar árið 2006, aðeins ein. Tuttugasta öldin var vinsælasti sarpurinn sem leitað var í. Sautján bækur gerðust á fyrri hluta 20. aldar og fram á 7. áratuginn. Þar á eftir kom 19. öldin en alls sjö bækur gerast á henni. Engin skáldsaga gerðist á 10. eða 14. öld.

Athygli vekur að flestir rithöfundanna sem á annað borð fengust við sögulegan skáldskap á áratugnum sem leið hafa skrifað fleiri en eina. Að baki titlunum 41 eru 27 höfundar. Flestar skrifaði Ragnar Arnalds, alls þrjár. Allmargir skrifuðu tvær sögulegar skáldsögur á árbilinu sem um ræðir, þar á meðal Pétur Gunnarsson en þess má geta að fyrsti hluti í þríleik hans um Skáldsögu Íslands kom út árið 2000 og er því ekki talinn með.

Talsvert fleiri karlar fengust við sögulegan skáldskap á áratugnum sem leið, alls 22 á móti fimm konum.

### 9. ÖLD




**Auður**
*Vilborg Davíðsdóttir*
**2009**

Auður djúpúðga er í hópi þekktustu landnema Íslands. Hér kynnast lesendur henni á unga aldri og fylgja henni inn í stormasamt hjónaband með Ólafi hvíta Dyflinnarkonungi.

### 12. ÖLD




**Leiðin til Rómar**
*Pétur Gunnarsson*
*2002*

Annar hluti í sagnaflokki Péturs, Skáldsaga Íslands. Sú fyrsta, Myndin af heiminum, kom út 2000. Á 12. öld leituðu menn til Rómar í leit að sáluhjálp og freista þess að greiða götu hennar til himna. Á 21. öld fer Máni þangað á puttanum.

### 13. ÖLD




**Drottning rís upp frá dauðum**
*Ragnar Arnalds*
*2010*

Þýskur kaupmaður siglir til Íslands á 13. öld. Þar hittir hann klerk sem verið hafði verið kennari Margrétar konungsdóttur í Noregi, sem sögð var hafa dáið í Orkneyjum áratug fyrr og hulunni er svipt af leyndarmálinu um hvarf hennar.




**Óvinafagnaður**
*Einar Kárason*
*2001*

Árið 1238 snýr Þórður kakali aftur til Íslands til að hefna föður síns og bróður sem voru felldir í Örlygsstaðabardaga. Óvígur her undir forystu Kolbeins unga og Gissurar Þorvaldssonar hefur þar með hnekkt veldi Sturlunga og lagt landið undir sig.




**Ofsi**
*Einar Kárason*
*2008*

Sjálfstætt framhald Óvinafagnaðar. Gissur Þorvaldsson snýr heim úr Noregsför, fús til sátta við Sturlungana. Fjölmenn brúðkaupsveisla til að innsigla friðinn er haldin á Flugumýri en ekki mæta allir sem boðið var; nýsaminn friður er ekki allra.




**Sveigur**
*Thor Vilhjálmsson*
*2002*

Óbeint framhald Morgunþulu í stráum frá 1998. Guðmundur skáldi elst upp við kröpp kjör á róstusömum tímum 13. aldar en kemst í vist með munkum þar sem hann lærir til bókar. Fulltíða lendir hann í slagtogi með helstu höfðingjum aldarinnar, þar á meðal Sturlu Sighvatssyni.

### 15. ÖLD




**Vélar tímans**
*Pétur Gunnarsson*
*2004*

Þriðji hlutinn í sagnabálknum Skáldsaga Íslands. Í byrjun 15. aldar hefur Svarti dauði kvistað niður landslýðinn. Unglingspilturinn Natan er einn eftir af munkum Þykkvabæjarklausturs. Hann slæst í fræga för með Birni Jórsalafara til Jerúsalem. Jafnframt er dvalið við nútímann og hann skoðaður í aldarspegli hins liðna, og öfugt.




**Hrafninn**
*Vilborg Davíðsdóttir*
*2005*

Naaja er ung kona sem elst upp meðal Inuíta á Grænlandi en er gerð brottræk úr samfélaginu ásamt sérvitrum föður sínum. Þá eiga sér stað voveiflegir atburðir sem reyna á styrk hennar.

### 16. ÖLD




**Maríumessa**
*Ragnar Arnalds*
*2004*

Saga Þórdísar í Sólheimum, heimasætu í Skagafirði, sem Herluf Daa höfuðsmaður sótti til saka snemma á 16. öld.




**Öxin og jörðin**
*Ólafur Gunnarsson*
*2003*

Skáldsaga um Jón biskup Arason og syni hans, sem voru hálshöggnir árið 1550. Bókin hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin.

### 17. ÖLD




**Reisubók Guðríðar Símonardóttur**
*Steinunn Jóhannesdóttir*
*2001*

Árið 1627 hertóku ofbeldismenn frá Alsír um fjögur hundruð Íslendinga og fluttu til þrældóms í Barbaríinu. Ein þeirra var Guðríður Símonardóttir, tilvonandi eiginkona Hallgríms Péturssonar. Steinunn fylgir Guðríði á hennar löngu reisu í þrælakistuna í Alsír.




**Hrapandi jörð**
*Úlfar Þormóðsson*
*2003*

Skáldsaga um Tyrkjaránið. Fylgst er með afdrifum nokkurra sögupersóna sem kippt er út úr íslensku brauðstriti og kastað inn í óvissu, myrkur og þjáningar við sunnanvert Miðjarðarhaf.




**Heimanfylgja**
*Steinunn Jóhannesdóttir*
*2010*

Skáldsaga um uppvöxt Hallgríms Péturssonar byggð á heimildum um ættfólk hans og samtíð.




**Hallgrímur**
*Úlfar Þormóðsson*
*2008*

Skáldsaga um ævi Hallgríms Péturssonar. Hér er fjallað um baráttu hans við Guð, ástir hans og Guðríðar, sáran dótturmissi og tilurð Passíusálmanna.




**Rökkurbýsnir**
*Sjón*
*2008*

Árið er 1635 og rithöfundurinn og myndasmiðurinn Jónas lærði Pálmason er dæmdur fyrir útbreiðslu galdra og sendur í útlegð í Gullbjarnarey. Skáldsagan Rökkurbýsnir byggist á lífi og hugarheimi þessa sjálfmenntaða Íslendings.

### 18. ÖLD




**Skáldsaga um Jón ...**
*Ófeigur Sigurðsson*
*2010*

Skáldsaga um eldklerkinn Jón Steingrímsson sem ungan mann. Árið 1755 hrekst hann úr Skagafirði suður í Mýrdal, þar sem Katla gýs eldi og eimyrju. Jón sest að í helli við Reynisfjöru og skrifar konu sinni bréf um fortíðina, gestakomur í hellinn og daglegt líf.




**Allt hold er hey**
*Þorgrímur Þráinsson*
*2004*

Árið 1992 fékk Þorgrímur Þráinsson rithöfundur símtal frá ókunnugri konu kunnri af skyggnihæfileikum, sem vildi segja honum sögu af ungri konu sem dó 200 árum fyrr. Allt hold er hey er saga hennar.

### 19. ÖLD




**Eldhuginn**
*Ragnar Arnalds*
*2005*

Skáldsaga um Jörund hundadagakonung og byltingu hans á Íslandi.

HÚSGAGNAHÖLLIN

# Vortilboð

MJÚKT OG ÞÆGILEGT FYRIR ÞIG OG ÞÍNA Í VOR!

SPILUM SAMAN



30% AFSLÁTTUR

149.990
FULLT VERÐ: 219.990

**BARTALI** hornsófi. Antrazit áklæði. 180x240 H:72 cm.
Fæst með vinstri og hægri tungu.



49.990
FULLT VERÐ: 99.990

50% AFSLÁTTUR

**CAYENNE** stóll á snúningsfæti, áklæði. Fæst einnig með leðri. **59.990** fullt verð: ~~129.990.~~



19.990
FULLT VERÐ: 29.990

30% AFSLÁTTUR

**LINLEY** hægindastóll, grátt eða orange áklæði.



Sófasett 3+1+1 35% AFSLÁTTUR

299.990
FULLT VERÐ: 469.970

**PIROCCO** sófasett 3+1+1, svart leður.
B:203/107 D:84 H:92 cm.



30% AFSLÁTTUR

19.990
FULLT VERÐ: 29.990

**LENE** eldhúsborð, hvítt. 120 x 76 cm.



LA-Z-BOY 35% AFSLÁTTUR

69.990
FULLT VERÐ: 109.980

**MARTINI** La-z-boy, fæst með natur áklæði. B:84 D:80 H:101 cm.



LA-Z-BOY 20% AFSLÁTTUR

87.980
FULLT VERÐ: 109.980

**RIALTO** La-z-boy, fæst með brúnu, natur og rústrauðu áklæði. B:80 D:90 H:150 cm.



20% AFSLÁTTUR

7.990
FULLT VERÐ: 9.990

**MARCUS** eldhússtóll, grænn, gulur, hvítur, svartur, grár eða lilla.



35% AFSLÁTTUR

99.990
FULLT VERÐ: 159.990

**STING** 3 sæta sófi, Antrazit áklæði. B:222 D:90 H:82 cm.
**STING** 2 sæta. B:167 D:90 H:82 cm. Kr. **69.990** fullt verð kr. ~~119.990.~~

**HÚSGAGNAHÖLLIN** • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200 **OPIÐ:** Virka daga 10 - 18. laugard. 12 - 18. sunnud. 13 - 17.

EXPO - www.expo.is




**Skugga-Baldur**
*Sjón*
*2003*
Rómantísk skáldsaga sem gerist um miðja 19. öld. Aðalpersónur eru presturinn Baldur, grasafræðingurinn Friðrik og vangefna stúlkan Abba sem tengist hefur afrifaríkt áhrif á líf mannanna.




**Glóið þið gullturnar**
*Björn Th. Björnsson*
*2004*
Fjallar um Fritz Hendrik Berndsen, sem kom til Skagastrandar upp úr miðri 19. öld og var einn þeirra dönsku kaupmanna sem störfuðu hér.




**Þegar kóngur kom**
*Helgi Ingólfsson*
*2009*
Árið 1874 taka Hjaltalín læknir, Borgfjörð lögregluþjónn og skólapilturinn Móritz að rannsaka dularfullt dauðsfall í sömu andrá og Kristján IX. kemur til landsins.




**Baróninn**
*Þórarinn Eldjárn*
*2004*
Heimildarskáldsaga um franska baróninn Charles Gouldrée Boilleau, sem Barónsstígur er kenndur við. Vorið 1898 steig hann á land í Reykjavík. Þórarinn rekur ævi þessa dularfulla manns sem hafði stutta viðdvöl hér og setti mark sitt á fábrotið samfélagið.




**Svo skal dansa**
*Bjarni Harðarson*
*2009*
Skáldsaga um baráttu kvenna, hetjusaga hinna snauðu og ættarsaga hinna ættlausu. Sagan hefst seint á 19. öld í óvenjulegu gistihúsi utan Reykjavíkur og lýkur um hundrað árum síðar í Efstasundinu og Houston í Texas.




**Ljósa**
*Kristín Steinsdóttir*
*2010*
Örlagasaga konu sem elst upp í Suðursveit seint á 19. öld og glímir við geðhvarfasýki.

## ■ 20. ÖLD




**Himnaríki og helvíti**
*Jón Kalman Stefánsson*
*2007*
Í byrjun 20. aldar róa Strákurinn og Bárður um nótt á sexæringi út á víðáttur Djúpsins að leggja lóðir. Þótt peysurnar séu vel þæfðar smýgur heimskautavindur auðveldlega í gegn og það er stutt á milli lífs og dauða.




**Harmur englanna**
*Jón Kalman Stefánsson*
*2009*
Sjálfstætt framhald af Himnaríki og helvíti.




**Vonarstræti**
*Ármann Jakobsson*
*2008*
Hér er sögð saga Skúla og Theodóru Thoroddsen, sem snemma árs 1908 fóru til Kaupmannahafnar til að taka þátt í samningum um framtíð Íslands í danska ríkinu. Um haustið hafði hins vegar allt breyst. Íslendingar höfðu gert hljóðláta uppreisn og stefndu nú að sjálfstæði.




**Höfuðlausn**
*Ólafur Gunnarsson*
*2005*
Um stundarsakir breytist Reykjavík úr þorpi í borg þegar hópur leikara og listamanna kemur til landsins til að filma „Sögu Borgarættarinnar“. Jakob Ólafsson gerist bílstjóri útlendinganna og ný veröld lýkst brátt upp fyrir honum.




**Karitas án titils**
*Kristín Marja Baldursdóttir*
*2004*
Dramatísk örlagasaga ungrar stúlku í upphafi 20. aldar, sem bregður jafnframt upp mynd af hlutskipti kvenna fyrr og síðar.




**Óreiða á striga**
*Kristín Marja Baldursdóttir*
*2007*
Sjálfstætt framhald metsölubókarinnar Karitas án titils og er öðrum þræði aldarsaga, saga þjóðfélags í mótun, saga kvenna og frelsisbaráttu.




**Yfir Ebrofljótið**
*Álfrún Gunnlaugsdóttir*
*2001*
Haraldur er einn þeirra ungu manna á fjórða áratug 20. aldar sem héldu til Spánar til þess að berjast gegn fasistastjórn Franco. Þrír Íslendingar börðust í spænsku borgarastyrjöldinni og er bókin að nokkru leyti byggð á frásögn eins þeirra.




**Enn er morgunn**
*Böðvar Guðmundsson*
*2009*
Ungur þýskur tónlistarmaður af gyðingaættum kemur til Reykjavíkur 1936 eftir að hafa hrakist undan nasistum. Hann setur svip á menningarlíf höfuðstaðarins. aðlagast fljótt og finnur ástina. En það eru viðsjárverðir tímar, styrjöld að brjótast út og í maí 1940 hernema Bretar Ísland.




**Flóttinn**
*Sindri Freysson*
*2004*
Þegar Bretar hernámu Ísland vorið 1940 lagði ungur Þjóðverji, Thomas Lang, á flótta. Höfundur rekur sögu þessa manns og hvernig honum tókst að fara huldu höfði í rúmt ár.




**Dóttir mæðra minna**
*Sindri Freysson*
*2009*
Hermenn með alvæpni ganga á land á Ísafirði 1941. Þeir handtaka sjö heimamenn, þar á meðal sautján ára stúlku og móður hennar. Stúlkan rekur sögu þeirra í fangavist í Bretlandi.




**Sakleysingjarnir**
*Ólafur Jóhann Ólafsson*
*2004*
Dagur Alfreð Huntingfield fæddist á fyrri hluta 20. aldar. Bernska hans er viðburðarík, hann flyst út í heim og í lífi hans vegast á ljós og skuggar. Í bókinni fléttast óvenjuleg ævi og örlög Dags Alfreðs inn í sögu 20. aldar.




**Höll minninganna**
*Ólafur Jóhann Ólafsson*
*2001*
Fjallar um Íslending sem hvarf að heiman um dimma nótt frá fjölskyldu sinni og vinum og endaði sem einkaþjónn hjá bandaríska auðkýfingnum William Randolph Hearst eftir fyrri heimsstyrjöld.




**Svar við bréfi Helgu**
*Bergsveinn Birgisson*
*2010*
Aldraður bóndi skrifar bréf til ástkonunnar sem honum bauðst að fylgja til borgarinnar um miðja 20. öld. Hann rifjar upp liðna tíð og úr verður svipsterk aldafarslýsing.




**Konungsbók**
*Arnaldur Indriðason*
*2006*
Ungur íslenskufræðingur heldur til náms í Danmörku árið 1955 og finnur þar fyrir landa sinn, gamlan prófessor. Sá býr yfir skelfilegu leyndarmáli sem tengist Konungsbók Eddukvæða, sem leiðir þá tvo í mikla háskaför um Evrópu. Halldór Laxness og Indriði G. Þorsteinsson, faðir Arnaldar, koma við sögu.




**Útlagar**
*Sigurjón Magnússon*
*2010*
Í lok sjötta áratugarins halda íslenskir sósíalistar til náms í Austur-Þýskalandi. Þar eystra bíður þeirra annar veruleiki en marga dreymir um.




**Flateyjargáta**
*Viktor A. Ingólfsson*
*2002*
Lík finnst í útskeri á Breiðafirði 1. júní 1960 og óreyndur fulltrúi sýslumanns á Patreksfirði er sendur á vettvang til að kanna málið. Bókin sem við eyna er kennd, Flateyjarbók, gegnir lykilhlutverki við lausn málsins.




**Borgir og eyðimerkur**
*Sigurjón Magnússon*
*2003*
Skáldsaga um Kristmann Guðmundsson rithöfund. Gerist á einum degi í lífi skáldsins árið 1964. Kristmann ákveður að mæta ekki í réttarsal vegna meiðyrðamáls hans gegn Thor Vilhjálmssyni. Þess í stað heldur Kristmann til Hveragerðis og reynir að endurmeta eigið líf.


GRIFFILL
ALLTAF ÓDÝRARI
líttu á verðið !!
PHILIP'S
CONCISE ATLAS OF THE WORLD
3.995
UNDIR SAMA ÞAKI
BT
dúndur stjörnutilboð
takmarkað magn
8.999
verð áður 14.999
34.999
verð áður 39.999
CELESTRON
stjörnusjónauki
með aukahlutum
Wii
Sport Resort leikur
og Motion Plus fylgja
1.999
verð áður 3.499
18.999
verð áður 24.999
5.999
verð áður 8.999
Verbatim
multimedia headset
Verbatim
flakkari 1,5TB VE47513
4.499
verð áður 6.999
12.999
verð áður 15.999
SCOTT
útvarpsvekjari
SCOTT
DVD spilari
hama
fartölvutaska
JO NESBØ
SNJÓKARLINN
1.699
3.495
ÍSLENSK ORÐABÓK
7.999
verð áður 9.999
OLYMPUS
T-10 stafræn myndavél
10 MP - 2,4" skjár
109.999
verð áður 139.999
SAMSUNG
42" Plasma C435
Upplausn: 1024x768 - HD Ready
skemmtilegt dót
1.499
áður 3.999
1.999
áður 3.995
easy A
3D
399.999
verð áður 469.999
1.499
SAMSUNG
46" LED C8705
Upplausn: 1920x1080 - Full HD
bakpokar
2.995
7.999
verð áður 10.999
DRAGON AGE II
HOMEFRONT
149.999
verð áður 199.999
SAMSUNG
50" Plasma C435
Upplausn: 1365x768 - HD Ready
Griffill sími 533-1010 - www.griffill.is - SKEIFAN 11 - OPIÐ ALLA DAGA TIL 22 - BT sími 550-4444 - www.bt.is

# Tíu hvítar rósir handa mér

Þegar **poppstjörnur** halda tónleika er þeirra siður að setja fram ákveðnar kröfur um aðbúnað baksviðs, sem oft vekja blendnar tilfinningar hjá sauðsvörtum almúganum. *Kjartan Guðmundsson* leit á nokkur misjafnlega jarðbundin dæmi um slíkar kröfur.

Þegar Manchester-tvímenningarnir í Hurts héldu óþægilega rafmagnslausa tónleika hér á landi fyrir skemmstu fóru þeir fram á að ýmsir hlutir biðu þeirra í búningsherberginu í Vodafone-höllinni. Einna mesta athygli vakti eindregin ósk þeirra um að rakatæki fyrir andlit væri til staðar baksviðs en auk þess báðu Bretarnir um tíu hvítar rósir, straujárn, straubretti, stóran spegil og loks að þrjár myndir af frægum súpermódelum yrðu hengdar á vegginn í búningsherberginu. Téðar myndir máttu þó alls ekki vera klámfengnar, enda Hurts-bræður annálaðir séntilmenn.

Þessi svokallaði kröfulisti Hurts-liða verður að teljast ansi hreint hófsamur miðað við þann aðbúnað sem margir aðrir tónlistarmenn krefjast baksviðs fyrir tónleika, enda hefur sveitinni nýskotið upp á stjörnuhimininn og líklegt er að kröfulistinn lengist í takt við auknar vinsældir. Góðu heilli hafa fjölmiðlar verið ötulir við að draga kröfulista þeirra listamanna sem heimsótt hafa landið á undanförnum árum upp úr tónleikahöldurum og deila þeim með alþjóð, enda eru slíkar fréttir vel til þess fallnar að svala forvitni, velþóknun, hneykslunargirni eða þórðargleði landans, allt eftir smekk hvers og eins.



**ENGAR BRÚNAR KÚLUR** Van Halen ber ábyrgð á alræmdasta kröfulista hljómsveitar í poppsögunni.

### Mikilvægi handklæða

Lífseig er til dæmis sagan af því þegar Bob Dylan hélt sína fyrri tónleika á Íslandi, árið 1990, og heimtaði Budweiser-bjór í flöskum með löngum hálsi og brún handklæði, ásamt fleiru smálegu. Ef sú saga á við rök að styðjast virðast svo hversdagslegir hlutir sem handklæði vera stjörnum skemmtanabransans afar hugleiknir, en þegar plötusnúðurinn Carl Cox kom fram á Nasa vorið 2006 krafðist hann handklæða sem máttu ekki undir neinum kringumstæðum vera hvít á litinn. Þá biður Elton John iðulega um 74 handklæði baksviðs, en virðist vera nokk sama um hvernig þau eru á litinn.

En stjörnurnar þurfa líka að dreifa huganum og leika sér svolítið. Gítargoðið Eric Clapton fer helst ekki nema með forláta fótboltaspilsborð með sér og fékk gott pláss fyrir áhugamálið í Egilshöllinni um árið, á meðan John Fogerty bað um eitt stykki X-Box leikjatölvu, sem síðar kom í ljós að var fyrst og fremst ætluð sjö ára gömlum syni rokkarans. Þá þykir Íslandsvininum Damon Albarn fátt þægilegra en að grípa í einn og einn borðtennisleik baksviðs á tónleikum til að róa taugarnar.

X-Factor söngvarinn með óheppilega nafnið, Paul Potts, vildi fá íslenskan bjór þegar hann tróð upp ásamt Björgvini Halldórssyni í Laugardalshöllinni um jólin og þýska tvíeykið Booka Shade, sem kom fram á aðdáendahátíð íslenska EVE Online á sama stað um síðustu helgi, bað sérstaklega um að íslenska sælgætið Tromp yrði á boðstólum.

### Alræmdar M&M-kúlur

Allt eru þetta þó smámunir miðað við alræmdasta kröfulista tónlistarsögunnar, þann sem gjarnan er talinn hafa lagt línuna fyrir mestu heimtufrekju samtímans, en heiðurinn af honum eiga bandarísku rokkararnir í Van Halen. Á tónleikaferðalagi sínu um heiminn árið 1982 lögðu meðlimir sveitarinnar fram 53 síðna langan kröfulista um allan aðbúnað innan sviðs og utan á hverjum tónleikum og kenndi þar ýmissa grasa. Meðal annars báðu þeir um stóra skál af M&M-kúlum, en þess þurfti að gæta sérstaklega að tína allar brúnu kúlurnar úr.

Margir supu hveljur þegar orðrómur um þessar bjánalegu kröfur Van Halen hóf að spyrjast út, en löngu síðar skýrðu hljómsveitarmeðlimir mál sitt á þann hátt að þeim hefði að sjálfsögðu verið skítsama um litinn á M&M-kúlunum, þó það nú væri. Raunverulegur tilgangur kröfunnar hefði verið að tryggja það að tónleikahaldararnir læsu listann þeirra vel og vandlega. Ef brúnar kúlur væri að finna í skálinni í búningsherberginu væri allt eins líklegt að mikilvægari atriði, líkt og þau sem varða öryggismál, hljómburð og lýsingu, væru einnig í ólagi. Trúlegt er að slíkt hið sama sé uppi á teningnum hjá mörgum þeim sem setja upp óheyrilegar kröfur um hin ýmsu smáatriði.



## Tyggjóið í ruslið

Kröfur dívunnar Mariuh Carey um aðbúnað baksviðs eru óheyrilegar. Meðal þess sem söngkonan biður um er að kettlingar og hvolpar séu viðstaddir í herberginu og einn starfsmaður sinni eingöngu því starfi að taka við notuðu tyggigúmmíi Mariuh og setja í þar til gerðar ruslafötur. Þá vill hún kampavín, sem hún harðneitar að drekka nema með beygjanlegum sogrörum.

Merkilegt nokk virðist varaforsetaframbjóðandinn fyrrverandi Sarah Palin einnig hafa blæti fyrir sogrörum sem hægt er að beygja til og frá, en hún biður um kassa af slíkum rörum þegar hún heldur fyrirlestra víða um heim. Söngkonan Madonna heimtar heila 25 kassa af Kabbalah-vatni, en engin rör, hvorki beygjanleg né annars konar.




## Eftirhermu Bob Hope krafist



Guðfaðir pönksins, Iggy Pop, eða raunar rótari í þjónustu hans að nafni Jos Grain, ku bera ábyrgð á einum skemmtilegasta kröfulistanum í tónlistarbransanum. Þegar Iggy fer á túr leggur hann fram átján síðna lista þar sem meðal annars koma fram eftirfarandi óskir varðandi skreytingar í búningsherbergi rokkarans:

*„Herbergið á ekki að líkjast dæmigerðu rokk og ról búningsherbergi. Fáið bara einhvern afslappaðan með smá listrænan stíl til að hanna það. Þekkið þið einhvern samkynhneigðan?“*

Iggy og hans fólk biðja einnig um Bob Hope eftirhermu og „eintak af blaðinu USA Today sem hefur að geyma grein um sjúklega feitt fólk“.

## Blindur er bóklaus maður



Trúbadorinn ástsæli KK hlýtur að vera með þeim hógværari í bransanum, í það minnsta ef tekið er mið af þeim kröfum sem hann setur við tónleikahald um landið. Í ævisögu KK kemur nefnilega fram að það eina sem hann biður um er að leslampi sé á hótelherberginu hans.

Annar reynslubolti, sjálfur Willie Nelson, þykir líka varkár í sínum kröfum. Það vekur athygli að Willie, sem er einn þekktasti málsvari kannabisreykinga um víða veröld, tekur ekki annað í mál en að búningsherbergið sé reyklaust.




ATVINNULEIÐIN
ÚT ÚR KREPPUNNI

AÐALFUNDUR SAMTAKA ATVINNULÍFSINS 2011
FIMMTUDAGINN 7. APRÍL Á HILTON REYKJAVÍK NORDICA
OPIN DAGSKRÁ KL. 14-16.

Dagskrá og skráning á www.sa.is

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

10 ÁRA
2001-2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

# Yfirburðir Fréttablaðsins á dagblaðamarkaði staðfestir

Við vitum sem er að dagblað á að vera skemmtilegt og upplýsandi. Það á að veita innsýn í líf fólks og varpa ljósi á atburði sem skipta okkur máli. Við hlustum á raddir lesenda og erum lifandi vettvangur fyrir skoðanaskipti.




**Prentmiðlakönnun Capacent Gallup.**
Janúar til mars 2011, meðallestur á tölublað 18–49 ára.




**Allt sem þú þarft...**



Sjónarhorn
Ljósmynd: Vilhelm Gunnarsson

**KANKVÍS Í KRIKANUM** Forsetahjónin Dorrit Moussaieff og Ólafur Ragnar Grímsson voru heiðursgestir á grannaslag FH og Hauka í handboltanum í Kaplakrika á fimmtudagskvöld. Þau létu sér ekki nægja að heilsa upp á leikmenn og þjálfara liðanna heldur líka lukkudýr FH-inga, og vakti gjörningurinn mikla kátínu hjá viðstöddum.


## ERT ÞÚ AÐ HUGSA UM AÐ FARA Í FRAMHALDSNÁM EN ÁTT EFTIR AÐ ÁKVEÐA ÞIG?

FÉLAGSVÍSINDASVIÐ



Við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands er boðið upp á óvenju fjölbreytt og skemmtilegt framhaldsnám þar sem nemendur þjálfast í að vinna sjálfstætt, tileinka sér sjálfstæða, gagnrýna hugsun, viðsýni og frumleika sem nýtist í fjölbreytilegum störfum.

**Meistara- og doktorsnám í Félags- og mannvísindadeild:**

- **Blaða- og fréttamennska** (MA nám)
- **Félagsfræði** (MA og Ph.D. nám)
- **Hagnýt þjóðfræði** (MA nám)
- **Mannfræði** (MA og Ph.D. nám)
- **Norræn trú** (MA nám)
- **Þjóðfræði** (MA og Ph.D. nám)
- **Bókasafns- og upplýsingafræði** (MA, MLIS og Ph.D. nám)
- **Fötlunarfræði** (MA og Ph.D. nám)
- **Hnattræn tengsl, fólksflutningar og fjölmenningarfræði** (MA nám)
- **Náms- og starfsráðgjöf** (MA og Ph.D. nám)
- **Safnafræði** (MA og Ph.D.nám)
- **Þróunarfræði** (MA og Ph.D.nám)

Nemendur deildarinnar eiga möguleika á að taka þátt í rannsóknum á vegum kennara og framhaldsnemar starfa jafnvel sem aðstoðarkennarar.

Góð aðstaða er fyrir nemendur sem stunda nám í deildinni.

**Kynning á framhaldsnámi deildarinnar og fræðasviðsins verður þriðjudaginn 5. apríl nk. kl. 15:30-18:00 Í Odda.**

Nánari upplýsingar um námsgreinar deildarinnar er að finna á heimasíðu deildar: **www.felagsogmannvis.hi.is** eða á deildarskrifstofu í síma 525-5444. Jafnframt má finna upplýsingar um hvaða námsleiðir bjóða upp á fjarnám.

**Frestur til að sækja um framhaldsnám er til 15. apríl nk.**
Rafrænt umsóknareyðublað er á heimasíðu Háskóla Íslands, www.hi.is.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ
FÉLAGS- OG MANNVÍSINDADEILD




# PHILIPS



## AMBILIGHT BAKLÝSING

Aukin upplifun verður með Ambilight Spectra 2. Þessi einkaleyfavarða hönnun Philips stækkar skjáinn með að varpa ljósi út frá tækinu á vegginn bakvið tækið. Ambilight breytir sjálfkrafa lit og birtu í takt við myndina á skjánum svo upplifunin verður framúrskarandi. Ljósið má stilla í takt við lit á vegg þannig að upplifunin helst óbreytt sama hvernig litur er á veggnum bakvið tækið. Myndir hreinlega lifna við með Ambilight Spectra 2.

**Philips 32PFL7605H**
32" Full HD LCD LED sjónvarp með 1920x 1080p upplausn, Pixel Precise HD, 100Hz Clear LCD, AMBILIGHT SPECTRA 2 baklýsingu, HD natural motion, 500.000:1 skerpu, 2ms svartíma, 40w RMS Virtual 2.1 hljóð, stafrænum háskerpu DVB-T móttakara, USB, VGA, Scart, 4x HDMI, Net TV (YouTube o.fl) ofl.

**TILBOÐ 159.995**
FULLT VERÐ 229.995

ambi light · Pixel Precise HD · 100Hz CLEAR LCD 2 ms · HD Natural Motion · Full HD 1080p · 20W RMS SOUND · Net TV · dlna CERTIFIED · DVB T C TERRESTRIAL/CABLE

**37" Philips 37PFL7605H** — **TILBOÐ 229.995** — FULLT VERÐ 279.995

**42" Philips 42PFL7655H** — **TILBOÐ 249.995** — FULLT VERÐ 299.995

**46" Philips 46PFL7605H** — **TILBOÐ 349.995** — FULLT VERÐ 449.995






## UMHVERFISVÆNSTA SJÓNVARPIÐ

### FJARSTÝRING MEÐ SÓLARRAFHLÖÐU

**Philips 42PFL6805H**
42" Full HD LED SJÓNVARP með 1920x1080p upplausn, Pixel Precise HD, HD natural motion, 100Hz Clear LCD, 500.000:1 skerpu, 2ms svartíma, 20w RMS Invisible hljóði, stafrænum HDTV DVB-T móttakara, USB - MP3, VGA, 2x Scart, 4x HDMI, JPEG og Video afspilun, CI/CI+ lesara ofl.

EISA AWARD · Best Product 2010-2011 · GREEN TV · Philips 42PFL6805

**TILBOÐ 219.995**
FULLT VERÐ 249.995

LED · Pixel Precise HD · Clear Sound · DVB T C TERRESTRIAL/CABLE · solar remote control · zero power switch · 60% energy savings




**Philips 32PFL3605H**
32" Full HD 1080p LCD sjónvarp með 1920x 1080p upplausn, Progressive Scan, Digital Crystal Clear, dýnamískri 50.000:1 skerpu, 20w RMS Incredible Surround víðómahljóði, stafrænum HDTV DVB-T móttakara, USB, VGA, 2x Scart, 2x HDMI ofl.

**TILBOÐ 99.995**
FULLT VERÐ 139.995




LED

**Philips 32PFL5605H**
32" Full HD LED LCD SJÓNVARP með 1920x1080p upplausn, Pixel Plus HD, 100Hz Clear LCD, HD natural motion, dýnamískri 500.000:1 skerpu, 40w RMS Virtual 2.1 hljóði, stafrænum HDTV DVB-T móttakara, USB, VGA, Scart, 3x HDMI ofl.

**TILBOÐ 129.995**
FULLT VERÐ 169.995




Philips HDMI kapall fylgir!

**Philips 42PFL5405H**
42" Full HD 1080p LCD sjónvarp með 1920x1080 upplausn, Pixel Plus HD, Progressive Scan, HD natural motion, 100Hz Clear LCD, 100.000:1 skerpu, 2ms svartíma, 40w RMS Virtual 2.1 hljóði, stafrænum HDTV DVB-T móttakara, USB, VGA, Scart, 3x HDMI ofl.

**TILBOÐ 159.995**
FULLT VERÐ 229.995

**VAXTALAUS LÁN TIL ALLT AÐ 12 MÁNAÐA**

**Heimilistæki** ht.is

*UMBOÐSMENN UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 36 **AKUREYRI** S: 460 3380 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**HANS CHRISTIAN ANDERSEN** rithöfundur (1805-1875) var fæddur þennan dag.

*„Lítil fjöður getur orðið að fimm hænum."*



†

*Elskuleg frænka okkar,*

**Freyja Jóhannsdóttir**

Kjarnalundi dvalarheimili á Akureyri,

lést fimmtudaginn 24. mars. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju miðvikudaginn 6. apríl kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Kjarnalund.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**María S. Stefánsdóttir.**



†

*Hjartans þakkir sendum við öllum þeim er sýndu virðingu og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Guðrúnar Erlendsdóttur**

Sæbóli, Blönduósi.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk á hjúkrunarheimilinu Mörk, 5. hæð suður, fyrir hlýja og góða umönnun. Guð blessi ykkur öll.

**Gísli Ófeigsson** **Ester Garðarsdóttir**
**Sigrún Guðmundsdóttir** **Ásgeir Axelsson**
**Þórarinn Baldursson** **Guðrún Kristnsdóttir**
**Magnús E. Baldursson** **Helga I. Sigurðardóttir**
**Þrándur Ó. Baldursson** **Emilía M. Stefánsdóttir**
**Sigurbjörg H. Baldursdóttir** **Hreiðar Margeirsson**
**Steinvör M. Baldursdóttir** **Friðrik Steingrímsson**
**Sigurlaug B. Baldursdóttir** **Eiríkur Garðarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Innilega þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Halldórs Kristjánssonar**

Einilundi 10e, Akureyri.

**Kristján Halldórsson** **Olga Guðnadóttir**
**Sólveig Halldórsdóttir** **Garðar Jóhannsson**
**Harpa Halldórsdóttir**
**Halla B. Halldórsdóttir** **Brynjar Bragason**
**Hjördís Halldórsdóttir** **Magnús Rúnar Magnússon**
**Sólveig Hjaltadóttir**
**afa- og langafabörn.**



†

*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og vinahug vegna fráfalls okkar ástkæra*

**Magnúsar Þórs Helgasonar**

Kirkjuvegi 1, Keflavík,

og heiðruðu minningu hans.

**Einar Magnússon** **Ingibjörg Bjarnadóttir**
**Grétar Magnússon** **Margrét Borgþórsdóttir**
**Guðríður Magnúsdóttir** **Magnús Karlsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

**ÞETTA GERÐIST: 2. APRÍL 2005**

## *Jóhannes Páll páfi annar lést*



Jóhannes Páll páfi andaðist þennan mánaðardag árið 2005 áttatíu og fjögurra ára að aldri. Banamein hans var hjarta- og nýrnabilun. „Englarnir bjóða þig velkominn," var sagt á sjónvarpsstöð Vatíkansins eftir að Navarro-Valls, talsmaður Páfagarðs tilkynnti andlátið. Tugir ef ekki hundruð þúsunda manna komu saman á Péturstorginu í kjölfar tilkynningarinnar Páfagarðs og flaggað var í hálfa stöng um alla Ítalíu og í kaþólskum löndum víða um heim.

Jóhannes Páll hét réttu nafni Karol Wojtyla. Hann var fyrsti Pólverjinn á páfastóli. Jafnframt var hann sá páfi 20. aldar sem var langyngstur er honum hlotnaðist sá heiður árið 1978. Hann sat næstlengst allra páfa sögunnar á páfastóli, eða í 27 ár. Aðeins einn páfi hafði setið lengur, það var Píus IX. sem sat í 32 ár.



**ÁNÆGJULEGUR DAGUR** Sigrún ásamt Bjarna Torfa Álfþórssyni, framkvæmdastjóra Specialisterne á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

UMSJÓNARFÉLAG EINHVERFRA: OPNAR STARFSSTÖÐ OG GEFUR ÚT BÓK

# Þrælgáfaðir og geta unnið flókin störf á tæknisviði

Alþjóðlegur dagur einhverfra er í dag og mikið um að vera hjá Umsjónarfélagi einhverfra hér á landi. Í fyrsta lagi verður opnunarhátíð klukkan tvö í nýju húsnæði Specialisterne á Íslandi að Suðurlandsbraut 24. Það fyrirtæki hefur að meginmarkmiði að þjálfa fólk sem er á einhverfurófinu til þátttöku í atvinnulífinu, annaðhvort úti í þjóðfélaginu eða með því að fá verkefni þangað inn.

„Þetta eru alger tímamót og við vonum að atvinnumarkaðurinn sýni þessu framtaki velvild og kunni að meta það," segir Sigrún Birgisdóttir, framkvæmdastjóri Umsjónarfélags einhverfra. „Innan hóps fólks á einhverfurófinu eru þrælgáfaðir einstaklingar sem geta unnið flókin störf á tæknisviði, meðal annars við hugbúnaðargerð. Oft þarf aðeins að hagræða þeirra vinnuaðstöðu því þeir geta verið með skyntruflanir þannig að lýsing og hljóð í umhverfinu trufli þá. Því eru sumir þeirra einangraðir núna yfir sinni tölvu heima," segir Sigrún.

Specialisterne er sjálfseignarstofnun sem Umsjónarfélag einhverfa og nokkrir einstaklingar standa að. Það er að fyrirmynd Specialisterne í Danmörku og stofnandi þess fyrirtækis, Thorkil Sonne, verður meðal gesta við opnunina í dag. „Við fáum að nota nafnið og sækja þekkingu til Dananna, til þess fengum við styrk frá Leonardo menntaáætlun ESB. Það er gríðarleg vinna á bak við þetta verkefni og sú vinna er unnin af foreldrum í félaginu." segir Sigrún.

Hátíðin í dag er tvíheilög því auk opnunar starfsstöðvarinnar Specialisterne kemur út bókin Frík, nördar og Asperger-heilkenni í þýðingu Guðna Kolbeinssonar. Hún er gefin út af Forlaginu í samstarfi við Umsjónarfélag einhverfa. „Bókin er skrifuð af þrettán ára dreng sem segir sögu sína og er afskaplega góð lýsing á unglingsárum einstaklings með Asperger-heilkenni. Hann skrifar um einelti, tilfinningar, breytingar og vináttu á heiðarlegan en jafnframt skemmtilegan hátt," lýsir Sigrún og heldur áfram. „Bókin hefur vakið heimsathygli. Laufey Gunnarsdóttir þroskaþjálfi hefur unnið að því að fá hana útgefna hér á landi því að hennar mati, og margra annarra, er þetta með því besta sem hefur verið skrifað um líf fólks á einhverfurófi."

**gun@frettabladid.is**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Aðalheiður Karlsdóttir**

frá Fáskrúðsfirði, til heimilis að Laufvangi 7,

lést þriðjudaginn 29. mars. Útförin fer fram frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði mánudaginn 4. apríl kl. 13.00.

**Þorbjörg Erla Jónsdóttir**
**Hans Óli Rafnsson** **Berglind Ósk Agnarsdóttir**
**Elís Þór Rafnsson** **Bryndís Jóna Jónsdóttir**
**Rafn Heiðar, Ellen Rós, Svanhvít Lilja, Unnar Ari, Ingi Rafn, Andri Fannar.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Ásgerður Ágústa Pétursdóttir**

Árskógum 8, Reykjavík, síðast til heimilis að Hjúkrunarheimilinu Sóltúni,

lést 29. mars síðastliðinn. Útförin fer fram frá Háteigskirkju 7. apríl kl. 15.00.

**Pétur Vilhjálmsson** **Auður Sjöfn Tryggvadóttir**
**Sigríður Vilhjálmsdóttir**
**Jóhanna Vilhjálmsdóttir** **Örn Guðmarsson**
**Jóhann Sigurfinnur Vilhjálmsson**
**Barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

Ár slaufunnar

CHEVROLET
Gæði í 100 ár

CHEVROLET

# Uppseldur!




Nýr Captiva 2011

## Glænýr Captiva kemur um mánaðamótin maí - júní

Ár slaufunnar er í algleymingi. Chevrolet fagnar 100 ára afmæli sínu með heilum flota af nýjungum. Ein af mest spennandi slaufum afmælisársins er nýr Captiva. Nú geta kröfuharðir ökumenn byrjað að hlakka til **- hér er á ferðinni gegnheill glæsileiki frá Chevrolet,-sjá benni.is.** Við eigum von á fyrstu Captiva bílunum um mánaðamótin maí - júní, en tökum við pöntunum strax.

Frábært verð - Dæmi:
Captiva LT - 7 sæta - Tau - 2.4L bensín - 167 hestöfl
5 gíra beinskiptur - Tausæti - Hlaðinn staðalbúnaði.

**Verð aðeins kr. 4.990 þús.**

Captiva LT - 7 sæta - Leður - 2.4L bensín - 167 hestöfl
6 gíra sjálfskipting - Leðursæti - Hlaðinn staðalbúnaði, sjá benni.is.

**Verð aðeins kr. 5.590 þús.**

Bíll á mynd: Captiva LTZ með 19 tommu álflegum. Verð eru háð gengi hverju sinni og geta breyst án fyrirvara.




Floti af nýjungum frá Chevrolet

www.benni.is **Opið laugardaga frá 12 til 16**

Bílabúð Benna - Chevrolet sýningarsalur - Tangarhöfða 8-12 - Reykjavík - sími 590 2000 - www.benni.is
Bílabúð Benna - Njarðarbraut 9 - Reykjanesbæ - sími 420 3330
Bílaríki - Glerárgötu 36 - Akureyri - sími 461 3636

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

# Forvarnir teknar föstum tökum

Málþing Bifhjólasamtaka lýðveldisins, Snigla, um öryggi og aðstæður bifhjólafólks á Íslandi hófst í gær og heldur áfram í dag.

Vinna Sniglanna upp á síðkastið, forvarnir og framtíðin er á meðal umræðuefna á málþinginu, sem stendur yfir í húsnæði Menntavísindasviðs Háskóla Íslands við Stakkahlíð frá klukkan 10 í dag.

Þá flytur Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra ávarp og tekur þátt í pallborðsumræðum ásamt fulltrúum frá FÍB, lögreglunni, vegamálastjóra og Umferðarstofu.

Að svo búnu verða meðal annars nokkur öryggisatriði rifjuð upp á lokuðu svæði kringum skólann, kynningar og prufuakstur í boði.

Málþingið er opið öllu bifhjólafólki.



Hagsmunir bifhjólafólks verða til umræðu á málþingi í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Leiklistarhátíð haldin í Listagili

Um 150 norðlensk ungmenni taka þátt í Leiklistarhátíð Þjóðleiks Norðurlandi sem haldin er í Listagilinu á Akureyri um helgina.

Upphafið var markað af skrúðgöngu frá Rósenborg niður Listagilið í gær auk þess sem leiksýningar voru á klukkutíma fresti. Í dag heldur hátíðin áfram og verður með sama sniði þannig að leiksýningar verða á klukkutíma fresti frá klukkan 10 til 19.

Uppsetningarnar sjö eru á tveimur glænýjum íslenskum leikverkum eftir upprennandi íslensk leikskáld, en hóparnir gátu valið milli þriggja verka til að setja upp. Þau voru: Mold eftir Jón Atla Jónasson, Kuðungarnir eftir Kristínu Ómarsdóttur og Íris eftir Brynhildi Guðjónsdóttur og Ólaf Egil Egilsson.

Hátíðin hefur átt sér langan aðdraganda þar sem flestir hópar hafa æft og frumsýnt í sinni heimabyggð en koma nú saman undir einum leiklistarhátíðarhatti og sýna alls 15 leiksýningar á tveimur dögum. Þjóðleikur á Norðurlandi er samstarfsverkefni Þjóðleikhússins og fjölda aðila á Norðurlandi.



Listagil á Akureyri er miðstöð Þjóðleiks, leiklistarhátíðar ungs fólks á Norðurlandi.



†

*Okkar ástkæri*

**Ólafur Óskar Halldórsson**

lést á heimili sínu að Hraunbæ 128 síðastliðinn miðvikudag.

**Sylvía Kristín Ólafsdóttir**
**Astrid Helene Ólafsdóttir**
**Grete Sjursen**
**Ásrún Laila Awad**
**Guðrún Ása Brandsdóttir**
**Bjarni Óskar Halldórsson**
**Hrafnhildur Halldórsdóttir**
**Sigríður Halldórssdóttir**
**Sigurður Óskar Halldórsson**



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Kirsten Larsen Ingimarsson**

andaðist miðvikudaginn 30. mars. Útför hennar fer fram frá Háteigskirkju miðvikudaginn 6. apríl kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á barnauppeldissjóð Thorvaldsensfélagsins.

**Gunnar Ingimarsson**
**Kristján Gunnarsson**
**Helgi Gunnarsson** **Margrét Irene Schwab**
**Ása Rakel Gunnarsdóttir** **Carsten Olesen**
**barnabörn og barnabarnabörn**



†

*Okkar innilegustu þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Halldóru Jónu Stefánsdóttur**
áður Dunhaga 13, Reykjavík,

sem lést á hjúkrunarheimili DAS, Boðaþingi 5, Kópavogi, 8. mars sl. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki hjúkrunarheimilis DAS Boðaþingi 5 fyrir frábæra umönnun og hlýhug í okkar garð og Fylgd ehf. útfararþjónustu á Selfossi og Lögreglukór Reykjavíkur fyrir veitta aðstoð.

**Emil Brynjar Karlsson** **Sigrún Sigtryggsdóttir**
**Anna Sigríður Karlsdóttir** **Bjarni Rúnar Þórðarson**
**Örn Karlsson** **Siriworraluck Boonsart**
**barnabörn og barnabarnabörn**



†

*Okkar bestu þakkir til allra þeirra fjölmörgu sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför móður okkar og tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Ragnheiðar Jónsdóttur**
frá Hjarðarholti í Vestmannaeyjum, síðast til heimilis á Hjúkrunarheimilinu Grund.

Sérstakar þakkir til starfsfólksins á Grund.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Halldóra Traustadóttir** **Einar Jónasson**
**Guðjón Traustason**
**Kornelíus Traustason** **Elín Pálsdóttir**
**Símon Eðvald Traustason** **Ingibjörg Jóhannesdóttir**
**Sigurður S. Wiium**
**Vörður Leví Traustason** **Ester K. Jacobsen**
**G. Ingveldur Traustadóttir** **Geir Jón Þórisson**
**barnabörn og barnabarnabörn**



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Magnús S. Ólafsson**
síðast til heimilis að Dvalarheimilinu Felli, Skipholti 21, Reykjavík,

andaðist á líknardeild Landakots fimmtudaginn 24. mars. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Sérstakar þakkir færum við öllu starfsfólki Dvalarheimilisins Fells í Skipholti, öldrunarlækningadeild B4 í Fossvogi sem og starfsfólki líknardeildar Landakots fyrir frábæra umönnun.

**Ólafur R. Magnússon** **Ása Gíslason**
**Erla Magnúsdóttir** **Benedikt E. Gunnarsson**
**Jakob Magnússon** **Sigríður Jakobínudóttir**
**Hulda Magnúsdóttir** **Sigurður Sigurjónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**



†

*Bestu þakkir til allra sem heiðruðu minningu okkar ástkæru*

**Önnu Júlíu Magnúsdóttur**
frá Siglufirði

og sýndu fjölskyldunni samhygð við andlát hennar og útför. Sérstakar þakkir til starfsfólks á Grund fyrir góða umönnun, ástúð og hlýju.

**Skúli Guðbrandsson** **Þóra Björg Guðmundsdóttir**
**Hildur Guðbrandsdóttir** **Ævar Sveinsson**
**Anna Gígja Guðbrandsdóttir** **Haraldur Eiríksson**
**Magnús Guðbrnadsson** **Jónína G. Ásgeirsdóttir**
**Kristín Guðbrandsdóttir** **Friðbjörn Björnsson**
**Filippía Þóra Guðbrandsdóttir**
**Þorsteinn Guðbrandsson** **Margrét D. Ericsdóttir**
**og ömmubörn**



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, stjúpmóðir og amma,*

**María Björk Skagfjörð**

andaðist á krabbameinsdeild Landspítalans mánudaginn 28. mars. Jarðarförin auglýst síðar.

**Hannes Hall**
**Jón Ingi Jónsson** **Jóhanna Sveinsdóttir**
**Ragnheiður Hall**
**Steinunn Hall**
**María Eir Jónsdóttir**
**Anna Sigríður Jónsdóttir**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, bróðir, mágur, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Hjálmar Víkingur Hjálmarsson**
Hábergi 3, Reykjavík,

lést á Landspítalanum í Fossvogi miðvikudaginn 30. mars.

**Anna Andrésdóttir**
**Erla Hlín Hjálmarsdóttir** **Trausti Bertelsson**
**Kristjana Andrésdóttir**
**Rósa Margrét Hjálmarsdóttir** **Jón Halldór Björnsson**
**Erla Hlín Hjálmarsdóttir** **Davíð Bjarnason**
**Kristín Björg Pétursdóttir**
**Andrea Pétursdóttir** **Ársæll Magnússon**
**Jón Pétursson** **Sigrún Linda Guðmundsdóttir**
**og barnabörn**



†

*Ástkæra móðir okkar, tengdamóðir, amma, og langamma,*

**Unnur Kjartansdóttir**
Hvassaleiti 18, Reykjavík,

andaðist miðvikudaginn 23. mars á LHS Fossvogi. Útför hennar fer fram frá Grensáskirkju mánudaginn 4. apríl kl. 13.00.

**Hreinn V. Ágústsson** **Dóra Jónsdóttir**
**Björn Á. Ágústsson** **Þuríður Magnúsdóttir**
**Einar Ágústsson** **Unnur H. Pétursdóttir**
**Kjartan Ágústsson** **Þóra S. Ingimundardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**



NÝR ÍSLENSKUR GLEÐILEIKUR FRÁ VESTURPORTI
ÖLL TRIXIN Í BÓKINNI OG NOKKUR TIL
HÚSMÓÐIRIN
forsýning mið. 6/4 kl. 20 örfá sæti
forsýning fös. 8/4 kl. 20
forsýning sun. 10/4 kl. 20
forsýning þri. 26/4 kl. 20
frumsýning mið. 27/4 kl. 20 UPPSELT
fim. 28/4 kl. 20 UPPSELT
fös. 29/4 kl. 20 aukasýn.
lau. 30/4 kl. 20 UPPSELT
þri. 3/5 kl. 20 UPPSELT
mið. 4/5 kl. 20 UPPSELT
fim. 5/5 kl. 20 aukasýn.
fös. 6/5 kl. 20 UPPSELT
lau. 7/5 kl. 20 UPPSELT
sun. 8/5 kl. 20 UPPSELT
fös. 13/5 kl. 20 UPPSELT
sun. 15/5 kl. 20 UPPSELT
þri. 17/5 kl. 20 UPPSELT
mið. 18/5 kl. 20 UPPSELT
fim. 19/5 kl. 20 aukasýn.
fös. 20/5 kl. 20 UPPSELT
sun. 22/5 kl. 20 UPPSELT
þri. 24/5 kl. 20 UPPSELT
mið. 25/5 kl. 20 UPPSELT
lau. 28/5 kl. 20 aukasýn.
sun. 29/5 kl. 20 UPPSELT
þri. 31/5 kl. 20 UPPSELT
mið. 1/6 kl. 20 UPPSELT
fim. 2/6 kl. 20 UPPSELT
fös. 3/6 kl. 20 UPPSELT
Forsalan hafin - Tryggðu þér miða strax!
Þegar uppselt á 22 sýningar!
VesturPort
Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is
Borgarleikhúsið

# krakkasíðan

krakkar@frettabladid.is



**WWW.BORED.COM** er vefsíða þar sem finna má ýmsa skemmtilega leiki bæði fyrir stelpur og stráka.






## BRANDARAKISTAN

**Læknir, læknir, ég held ég þurfi gleraugu!**
**Það er augljóst herra minn því þetta er bakarí.**

**Læknir, læknir, ég gleypti pennann minn, hvað á ég að gera?**
**Notaðu blýant þangað til ég kem.**

**Læknir, læknir, ég er með vindgang. Getur þú gefið mér eitthvað við því?**

**Já, hér er flugdreki, gjörðu svo vel.**

**Læknir, læknir, ég fæ alltaf illt í augað þegar ég drekk kaffi.**
**Hefur þú reynt að taka skeiðina úr bollanum?**

**Læknir, læknir, mér finnst ég vera guð.**
**Hvenær byrjaði þetta?**
**Nú, fyrst skapaði ég sólina, svo jörðina …**

*Þú getur sent brandara til* ***krakkar@frettabladid.is***

CISV iceland
building global friendship

## Einstakt sumarævintýri

**CISV eru alþjóðleg sjálfboðaliðasamtök sem hefur frá árinu 1951 staðið fyrir sumarbúðum víðsvegar um heiminn. Þátttaka í sumarbúðum á vegum CISV er þroskandi upplifun sem eykur víðsýni gefur tækifæri til að kynnast ólíkum menningarheimum. Forseti Íslands er verndari samtakanna.**
**Ennþá eru nokkur laus pláss fyrir árið 2011:**

**Fyrir 11 ára:**
Indland – Mumbai – 15.júní – 12. júlí. Laust fyrir tvo stráka
Brasilía – Sao Paulo – 27. des – 23. jan. Laust fyrir tvo stráka

**Fyrir 14 ára:**
Ísland – Hella – 1. júlí – 23.júlí. Laust fyrir strák

Einnig er í boði fararstjórn fyrir 21 árs og eldri sem fara með hópa í sumarbúðir.
Nánari upplýsingar veitir Ásta í síma 861 1122 eða asta@cisv.is www.cisv.is

# SKAPSTÓR FROSKAGLEYPIR

**Upprennandi leikhússtjarna stígur á svið í dag þegar Leikfélag Hafnarfjarðar frumsýnir barnaleikritið um Fúsa froskagleypi. Elmar Þórarinsson leikur sjálft hrekkjusvínið Fúsa sem á í skrautlegum samskiptum við bæjarbúa Hafnarfjarðar.**

***Hvenær byrjaðirðu að leika og hvernig kviknaði áhuginn?*** „Ég hef verið að leika alveg síðan ég lék tré í leikskólanum mínum. Ég fékk áhuga á leiklist eftir að ég sá Kardemommubæinn í Þjóðleikhúsinu 1995. Ég var svo heillaður af ræningjunum og ljóninu og sá strax að það var skemmtilegast að leika vonda karlinn."

***Er þetta stærsta verkefnið þitt hingað til?*** „Já, alveg óumdeilanlega. Fúsi er stór persónuleiki."

***Hvernig strákur er Fúsi froskagleypir?*** „Hann er alveg ótrúlega misskilinn unglingur með stórt skap og algjört mikilmennskubrjálæði í þokkabót."

***Hvar er Fúsi á ferðinni um þessar mundir?*** „Hann Fúsi tekur yfir Gaflaraleikhúsið 2. apríl og verður þar allar helgar fram í maí."

***Hvað er það versta sem Fúsi froskagleypir hefur gert?*** „Þegar hann ætlaði að ná í hnakkadrambið á strákunum sem neituðu honum um kveikjara en stangaði þess í stað bankastjórafrúna óvart í magann!"

***Hefurðu kynnst hrekkjusvíni á við Fúsa froskagleypi í alvörunni?*** „Úff, sem betur fer ekki."

***Hverjir fleiri koma við sögu en Fúsi?*** „Jakob og vinur hans sem heitir einfaldlega bara „Ég". Þá má nefna óðan smið, reiðar mömmur, feitan hund og heilan sirkus með öllu tilheyrandi, Bardínó-sirkusinn."

> Það pælir enginn nema maður sjálfur í mistökum og ef maður er feiminn við að gera mistök þá gerir maður aldrei neitt.

***Er leikritið spennandi og fær Fúsi fólk til að hlæja?*** „Já, það er mjög spennandi. Það er oft sem Fúsi ætlar að ná sér niðri á strákunum í hverfinu og er á hælunum á eftir þeim. En hann Fúsi er svo glórulaus stundum að þeir ná oftar en ekki að snúa á hann, en þó ekki alltaf. Fúsi heldur oft að allir séu að hlæja með honum, þó allir séu í raun að hlæja að honum."

***Er sungið í sýningunni?*** „Heldur betur. Dúndur hljómsveit, kór og læti."

***Hefurðu sjálfur lesið bókina um Fúsa froskagleypi og hvert er eftirlætisatriðið þitt?*** „Já, ég hef lesið bókina og ég vissi strax þegar ég var beðinn um að leika Fúsa hvað yrði skemmtilegast við hlutverkið, en það er fallbyssuskotið sem Fúsi tekur þátt í og það er einmitt eftirlætisatriðið mitt í sýningunni. Að fljúga!"

***Hvernig eiga krakkar sem langar að leika eða verða leikarar að láta þann draum rætast?*** „Með því að æfa sig, byrja smátt og vinna sig síðan upp frá því. Læra af aðstæðum, sjá möguleika í öllu og vera ófeimin við að láta heyra í sér. Það pælir enginn nema maður sjálfur í mistökum og ef maður er feiminn við að gera mistök þá gerir maður aldrei neitt, trúið mér."





## KRAKKAKYNNING

### Rósanna Þórarinsdóttir

**Í hvaða skóla ertu:** Laugarnesskóla.
**Í hvaða stjörnumerki ertu:** Nautinu.
**Áttu happatölu?** Nei.
**Hvað gerirðu í frístundum þínum?** Leik mér.
**Eftirlætissjónvarpsþáttur:** Spaugstofan.
**Besti matur?** Píta.
**Eftirlætisdrykkur?** Appelsín.
**Hvaða námsgrein er í uppáhaldi?** Enska.
**Áttu gæludýr?** Ef svo er, hvernig dýr og hvað heitir það? Já, ég á kisu sem heitir Stella.
**Skemmtilegasti dagurinn og af hverju?** Föstudagur, því þá kemur helgi.
**Uppáhaldslitur?** Rauður.
**Hvað gerðirðu í síðasta sumarfríi?** Ég fór vestur á Suðureyri?
**Skemmtilegasta bók sem þú hefur lesið?** Nancy og dularfulla húsið.
**Hvað ætlarðu að verða þegar þú ert orðin/n stór?** Ég veit það ekki enn þá.



## HITT OG ÞETTA



**GÝPUGARNAGAUL er barnaleikrit sem verður frumsýnt í Gerðubergi á morgun klukkan 14. Í dag klukkan 14 er opin forsýning.**

**GOBBEDÍGOBB er fjölskylduhátíð í Húsdýragarðinum í dag. Ókeypis er inn í garðinn og síðan verða tæki garðsins prufukeyrð í dag og tilboð á dagpössum.**



# VORIÐ

## er komið í Intersport!

Gildistími: 2. - 8. apríl.





**9.990**
(fullt verð 13.990)

FRÁBÆRT TILBOÐ!

**NIKE AIR SKYRAIDER**
Hlaupaskór með loftpúðum í hæl.
Yfirbygging úr leðri og neti. Dömustærðir.

**Hlauptu af stað út í vorið!**



**9.990**
(fullt verð 12.990)

FRÁBÆRT TILBOÐ!

**NEWLINE RACE JACKET**
Hlaupajakki með mjög góðri öndun. Vind- og regnheldur.
Dömustærðir: Rauður, svartur. Herrastærðir: Blár, svartur.



**6.990**
(fullt verð 8.990)

FRÁBÆRT TILBOÐ!

**NEWLINE BASE TIGHTS**
Hlaupabuxur úr teygjanlegu efni með mjög góðri öndun.
Dömu- og herrastærðir.



**3.990**

FRÁBÆRT VERÐ!

**NEWLINE COOL T-SHIRT**
Hlaupa- og æfingabolur úr léttu efni með mjög góðri öndun. Dömustærðir: Rauður, svartur, fjólublár, ljósblár.
Herrastærðir: Rauður, blár, svartur.



**6.990**
(fullt verð 8.490)

GÓÐUR STUÐNINGUR!

**NEWLINE SPORTSBRA**
Hlaupatoppur með góðum stuðningi og öndun. Saumlaus.




**1.990**

VERTU SÝNILEGUR!

**INTERSPORT VESTI**
Hlaupavesti með endurskini.



**1.290**

**1.290**

FRÁBÆRT VERÐ!

**PRO TOUCH HNÉHLÍF**
**PRO TOUCH ÖKKLAHLÍF**

# INTERSPORT

**AKUREYRI SÍMI 460 4890** OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 **BÍLDSHÖFÐA SÍMI 585 7220** OPIÐ: mán. - fös. 10 - 19. lau. 10 - 18. sun. 12 - 18 **LINDUM SÍMI 585 7260** OPIÐ: mán. - fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 12 - 18
**SELFOSSI SÍMI 480 4611** OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 **SMÁRALIND SÍMI 585 7240** OPIÐ: mán. - mið. 11 - 19. fim. 11 - 21. fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 13 - 18

EXPO - www.expo.is

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** ló, **6.** guð, **8.** tal, **9.** loga, **11.** kusk, **12.** lofa, **14.** urga, **16.** klafi, **17.** slöngu, **18.** málmur, **20.** hljóm, **21.** hófdýr.

**LÓÐRÉTT**
**1.** trappa, **3.** kringum, **4.** hugarró, **5.** nögl, **7.** sambandsríkis, **10.** gyðja, **13.** sjáðu, **15.** formóðir, **16.** munda, **19.** ónefndur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** kusk, **6.** ra, **8.** mál, **9.** eld, **11.** ló, **12.** prísa, **14.** ískra, **16.** ok, **17.** orm, **18.** tin, **20.** óm, **21.** asni.
**LÓÐRÉTT: 1.** þrep, **3.** um, **4.** sálarró, **5.** kló, **7.** alríkis, **10.** dís, **13.** sko, **15.** amma, **16.** ota, **19.** nn.

NÁMSKEIÐ FYRIR VERÐANDI BYGGINGASTJÓRA - 16. APRÍL

# Ábyrgð byggingastjóra

**Þetta námskeið er nauðsynlegt fyrir alla þá sem ætla sér að starfa sem byggingarstjórar og stýra byggingaframkvæmdum í samræmi við samþykktir, lög og reglur.**

Fjallað er um byggingarleyfi og önnur samskipti sem byggingarstjóri þarf að eiga við byggingayfirvöld. Farið yfir hlutverk byggingarstjóra við verkframkvæmdir og meðhöndlun uppdrátta, lög, reglugerðir, tryggingar og tryggingaslit. Kynnt gildi og framkvæmd úttekta, s.s. áfanga-, fokheldis, stöðu- og lokaúttektir.

Á námskeiðinu er kynnt og afhent Byggingarstjóramappa, en hún er vísir að gæðakerfi fyrir byggingarstjóra. Í lagafrumvarpi að nýjum Mannvirkjalögum er gert ráð fyrir því að byggingarstjórar hafi gæðakerfi vegna starfa sinna.

Kennarar verða Magnús Sædal, byggingarfulltrúi og Gunnar Pétursson lögfræðingur.

**Kennt verður í húsnæði IÐUNNAR fræðsluseturs að Skúlatúni 2 í Reykjavík, laugardaginn 16. apríl frá kl. 9.00 – 16.00.**

**Skráning á www.idan.is og í síma 590 6400**

IÐAN fræðslusetur
Skúlatún 2 - 105 Reykjavík
Sími 590 6400 - www.idan.is

## FÓÐUR EÐA FÆÐA

MATVÍS stendur fyrir málþingi um mat í skólamötuneytum, 6. apríl kl. 15:00 að Stórhöfða 31, gengið inn að neðanverðu

MATVÍS

MATVÍS stendur fyrir opnu málþingi fagmanna og framleiðanda um þá gagnrýni sem hefur komið fram á mat í mötuneytum skólanna. Þar eru ásakanir um að fóður sé borið á borð en ekki fæða.

Til þess að fara yfir þessi mál hefur MATVÍS boðið eftirtöldum aðilum að gera grein fyrir sínum sjónarmiðum með framsögu og sitja síðan í pallborði.

**Dagskrá:**
Setning: Níels S. Olgeirsson formaður MATVÍS.

**Framsögur.**

**Sigurrós Pálsdóttir, Sigurveig Káradóttir og Margrét Gylfadóttir tala fyrir hóp þriggja mæðra sem hafa skorið upp herör gegn óhollum mat í skólunum.**
*Fjalla um óhollustuna og hvar hún liggur.*

**Grímur Þór Gíslason hjá Grímur kokkur.**
*Innihald og næringargildi þeirra vöru sem hann selur til mötuneyta og annarra.*

**Eðvald S Valgarðsson frá Kjarnafæði.**
*Stefna Kjarnafæðis hvað varðar söltun, reykingu og aukefni í þeirra afurðum.*

**Ólafur Reykdal frá Matís.**
*Yfirlit um niðurstöður rannsókna á næringargildi brauð- og kjötvara.*

**Hólmfríður Þorgeirsdóttir hjá Lýðheilsustöð.**
*Ráðleggingar Lýðheilsustöðvar um matarframboð í skólum byggt á handbók fyrir skólamötuneyti*

**J. Trausti Magnússon matreiðslumeistari í grunnskóla.**
*Fer yfir hvernig hann velur sína birgja og á hvað hann leggur áherslu á við innkaup á matvöru.*

**Pallborðsumræður.**

**Fundarstjóri Ólafur Jónsson hjá Iðunni fræðslusetri**

**Matvæla- og veitingafélag Íslands Stórhöfða 31 110 Reykjavík**
**Sími 580-5240 Fax 580-5210 www.matvis.is**

# Sérhyggjan á dögum flokksræðisins

**BAKÞANKAR**
**Davíðs Þórs Jónssonar**



Eitt hafa þeir, sem náðu kjöri á stjórnlagaþingið sáluga, umfram alþingismenn. Þeir hafa persónulegt umboð kjósenda sinna. Þeir voru kosnir sem einstaklingar og sætin eru þeirra. Þess vegna er auðvelt að bera virðingu fyrir stjórnlagaþingmönnum sem ekki hafa áhuga á að sitja í stjórnlagaráði og þiggja þannig umboð sitt frá Alþingi. Það var ekki það sem lagt var upp með.

**ALÞINGISMENN** eru aftur á móti ekki kosnir á þing. Flokkar eru kosnir á þing. Alþingismenn þiggja sæti sín frá flokkunum sem fengu atkvæðin. Þingsætin ættu því að vera flokkanna en ekki einstaklinganna. Því miður hefur séreignarhyggja þingmanna gagnvart þingsætum sínum þó komið í veg fyrir að þeir geri sér grein fyrir þessu augljósa grundvallaratriði með oft afkáralegum afleiðingum. Ljótasta myndin sem ég man eftir að svik þingmanna af þessu tagi við kjósendur flokkanna hafi tekið á sig, var þegar Kristinn H. Gunnarsson, þá þingmaður Alþýðubandalagsins, sagði sig úr flokknum vegna persónulegra óvinsælda og gekk til liðs við Framsóknarflokkinn. Þá stóðu allaballar á Vestfjörðum allt í einu frammi fyrir því að með atkvæði sínu höfðu þeir eflt ríkisstjórn Davíðs Oddssonar. Erfitt er að ímynda sér að það hafi vakað fyrir þeim á kjörstað.

**NÚ HEFUR** það enn gerst að þingmenn treysta sér ekki til að sitja á þingi sem fulltrúar flokkanna sem þeir voru kosnir til að sitja á þingi fyrir. Fyrir vikið endurspegla hlutföllin á Alþingi ekki lengur niðurstöðu kosninganna. Í íslensku er til gott orð yfir það þegar niðurstöður lýðræðislegra kosninga eru virtar að vettugi. Orðið er „kosningasvindl“.

**ÞESS VEGNA** verður að gera þá kröfu til þingmanna að reynist þeim um megn að tolla í flokkunum, sem kjörnir voru á þing, þá láti þeir sæti sín eftir einhverjum sem hafa í sér dug til þess. Það er þversögn í því að kjósa flokka en ekki einstaklinga og sitja svo uppi með einstaklinga en ekki flokka.

**REYNDAR** er til betri lausn. Það er ekki eins og reynslan af flokksræðinu ætti að vekja ugg gagnvart breytingum. Við gætum kosið einstaklinga en ekki flokka. Einstaklingarnir, sem næðu kjöri, gætu síðan raðað sér í flokka eða kosið að standa utan þeirra eftir atvikum. Þá færi ekkert á milli mála hverjum þingsætin tilheyrðu og þingmenn myndu standa kjósendum sínum, ekki kjósendum flokka, reikningsskil í kosningum.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





**ÓTTAST HAMFARIR** Ashton Kutcher er hræddur um að einhvers konar hamfarir muni skella á Los Angeles. NORDICPHOTOS/GETTY

# Kutcher við öllu búinn

Tímaritið In Touch Weekly greindi frá því nýverið að leikarinn Ashton Kutcher hafi farið og birgt sig upp af ýmsum neyðarbúnaði ef vera skyldi að hamfarir myndu skella á Los Angeles.

„Hann er sannfærður um að annaðhvort jarðskjálfti eða einhvers konar uppþot eigi eftir að eiga sér stað innan skamms og hann vill vera við öllu búinn. Hann birgði sig upp í versluninni Surplus Value Center sem sérhæfir sig í ýmsum útivistarútbúnaði,“ sagði innanbúðarmaður. Leikarinn mun hafa fest kaup á handknúnum útvarpstækjum, neyðarteppum, vasaljósum og þurrmat.



**FAGNA SAMAN** Tónlistarhópurinn REYK VEEK fagnar nýrri plötuútgáfu ásamt hönnuðunum Bóasi Kristjánssyni og Munda.

# Koma saman og fagna

**Tónlistarhópurinn REYK VEEK og hönnuðurnir Bóas Kristjánsson og Mundi standa fyrir skemmtikvöldinu Ultra Violence sem fram fer á Faktorý í kvöld.**

**Að sögn Heimis Héðinssonar tónlistarmanns var ákveðið að setja saman teiti til að fagna útgáfu nýs disks frá REYK VEEK og nýjum haustlínum þeirra Bóasar og Munda. „Við í REYK VEEK erum að gefa út safndisk með íslenskri neðanjarðartónlist sem aldrei hefur heyrst áður. Þetta er allt frumsamið efni sem við ákváðum að safna saman á einn disk. Það er svo planið að halda fleiri partí í framtíðinni þar sem við munum halda áfram að blanda saman tónlist, tísku og hönnun,“ útskýrir Heimir.**

**Tónleikarnir hefjast á miðnætti og fyrir 1.000 krónur fæst aðgangur að skemmtuninni og diskurinn í kaupbæti.**

# Sakar Richardson um ósiðsamlegt boð

Ljósmyndarinn Terry Richardson hefur aftur verið sakaður um kynferðislegt áreiti af ungri fyrirsætu. Vefsíðan Fashionista.com greinir frá því að fyrirsætan Felice Fawn hafi fengið ósiðsamlegt boð frá Richardson í gegnum spjallþráð. Stúlkan birti samtalið á bloggsíðu sinni fyrir stuttu en tók hana niður stuttu síðar. Samtalið má þó finna í heild sinni á síðu Fashionista.com.

Svo virðist sem Richardson hafi haft frumkvæðið að samskiptum þeirra og byrjar á því að hrósa stúlkunni fyrir unglegt útlit. Hann segist svo vera tilbúinn til að gera hana að stjörnu gegn því að hún sofi hjá honum. „Fyrirsætubransinn er kynlíf, fíkniefni og rokk og ról. Ekki segja mér að þú vitir það ekki?“ spyr ljósmyndarinn og Fawn svarar; „Ég er meðvituð um það. En ég neyti ekki fíkniefna og mun alls ekki sofa hjá til að öðlast frægð.“ Richardson þakkar Fawn þá fyrir samtalið og óskar henni góðs gengis í framtíðinni.

Árið 2010 ásakaði danska fyrirsætan Rie Rasmussen ljósmyndarann um að misnota aðstöðu sína gangvart ungum og óreyndum fyrirsætum. Fyrirsætan Jamie Peck kom fram stuttu síðar og sagði Richardson hafa hegðað sér mjög ósæmilega gagnvart henni.



**AFTUR Á KREIK?** Fyrirsætan Felice Fawn segir ljósmyndarann Terry Richardson hafa lofað henni frægð og frama gegn því að sofa hjá honum. NORDICPHOTOS/GETTY



# menning

menning@frettabladid.is

! **SPOTTARNIR Á ROSENBERG** Hljómsveitin Spottarnir heldur sína árlegu vortónleika á Café Rosenberg við Klapparstíg þriðjudaginn 12. apríl klukkan 21. Hljómsveitin hefur nú starfað í sex ár og spilað og sungið á blúshátíðum, á tónleikum í miðbæ Reykjavíkur og á landsbyggðinni. Hljómsveitin hefur frá upphafi lagt megináherslu á tónlist og texta sænska söngvaskáldsins Corneliis Vreeswijk. Einnig eru á efnisskránni lög eftir Megas, Magnús Eiríksson, Magnús Einarsson, Woody Guthrie, Hank Williams og fleiri.


50% AFSLÁTTUR

TORTILLA M/OSTI OG SKINKU, BORIÐ FRAM M/SALATI. ÁÐUR 690.-

NÚ 345.-

ILVA einfaldlega betri kostur



TILBOÐIÐ GILDIR DAGANNA 1. - 17. APRÍL

ILVA Korputorgi, Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík, sími 522 4500 www.ilva.is
mánudaga - föstudaga 11-18:30
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18




**ÚR GÝPUGARNAGAULI** Þjóðsagan af Gýpu er hryggjarstykkið í sýningu Möguleikhússins, en í henni segir frá Gýpu, sem var sísvöng og át allt sem á vegi hennar vegi varð án þess að hirða um afleiðingarnar.

# Góðar sögur eiga alltaf erindi

**Gamlar íslenskar munnmælasögur og kveðskapur lifnar við í leiksýningunni Gýpugarnagauli, sem Möguleikhúsið frumsýnir í Gerðubergi á morgun.**

„Góðar sögur eiga alltaf erindi óháð aldri. Það er hins vegar okkar að finna flöt til að tengja þær samtímanum og höfða til krakka á okkar dögum," segir Pétur Eggerz hjá Möguleikhúsinu um Gýpugarnagaul, sem frumsýnt verður í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi á morgun.

Gýpugarnagaul byggir á gömlum íslenskum munnmælasögum og kveðskap. Við efnissöfnun var víða leitað fanga, í hljóðritasafni Árnastofnunar sem og í rituðum heimildum. Sögum sem lengi hafa lifað í munnlegri geymd er fléttað saman við vísur og kvæði svo úr verður eitt samfellt ævintýri kryddað söng og hljóðfæraleik.

„Við renndum dálítið blint í sjóinn með þetta," segir Pétur, „án þess að vita í rauninni hvernig við ætluðum að útfæra þetta."

Smám saman tók verkið á sig mynd og var ákveðið að gera þjóðsöguna um Gýpu, sem át allt sem fyrir henni varð, að hryggjarstykki sýningarinnar. Auk hennar koma við sögu Snæja snjótittlingur, sem breytist í sólskríkju þegar sólin hækkar á lofti, risinn með gullhárin, prinsessan Dettiklessa og fleiri furður. Allt er þetta kryddað með vísum og kviðlingum, söng og leik.

„Það er svo gaman með söguna af Gýpu að hún er til í svo mörgum útgáfum," segir Pétur. „Við erum í rauninni bara að bæta við enn einni útgáfunni, því galdur munnmælasagnanna er að þær eru ekki til í endanlegri útgáfu, heldur sífellt að breytast eftir tíðaranda og tíma."

Pétur vann handritið ásamt Sigrúnu Valbergsdóttur, sem jafnframt leikstýrir, en þeim til halds og trausts var Rósa Þorsteinsdóttir, þjóðfræðingur og rannsóknarlektor á þjóðfræðisviði hjá Stofnun Árna Magnússonar.



PÉTUR EGGERZ

Umsjón tónlistar er í höndum Báru Grímsdóttur en leikmynd og búninga hannar Messíana Tómasdóttir. Flytjendur verksins eru þrír, leikkonan Alda Arnardóttir, söngkonan Þórunn Elín Pétursdóttir og tónlistarmaðurinn Birgir Bragason.

„Við unnum handritið í náinni samvinnu við þau," segir Pétur, „og þau bregða sér öll í ólík hlutverk."

Gýpugarnagaul verður sýnd „jafn oft og þurfa þykir" að sögn Péturs. „Við gerum ráð fyrir að sýna verkið allt að 200 sinnum. Það er eðli sýninganna hjá okkur að ganga lengi. Við verðum í Gerðubergi í vor og sumar en förum síðan á flakk með haustinu."

bergsteinn@frettabladid.is


„Rödd skynsemi minnar segir já við þessum samningum hvernig sem ég horfi á málið. Ég vil hjálpa til við að koma því út úr heiminum með mínu atkvæði!"



Guðmundur Oddur Magnússon, prófessor

Já er leiðin áfram!

www.afram.is *Áfram-hópurinn eru þverpólitísk grasrótarsamtök fólks sem telur að best sé fyrir okkur að ljúka Icesave málinu með samþykkt fyrirliggjandi samnings í þjóðaratkvæðagreiðslunni 9. apríl nk. Starf hópsins byggir á frjálsum framlögum einstaklinga og fyrirtækja og sjálfboðavinnu fjölda fólks.*

FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

MEIRA AF LANDSBYGGÐINNI

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

vísir

## Þórður Tómasson í Skógum 90 ára
### Skógasafn 60 ára

Í tilefni af 90 ára afmæli Þórðar Tómassonar í Skógum þann 28. apríl næstkomandi og 60 ára afmæli Skógasafns mun koma út ný og glæsileg bók eftir Þórð. Bókin heitir *Svipast um á söguslóðum* og fjallar einkum um og þjóðlíf og minjar í Vestur-Skaftafellssýslu og kynni höfundar af fólki í héraðinu á seinni hluta 20. aldar.




Velunnurum Þórðar og safnsins býðst að skrá nafn sitt á heillaóskaskrá fremst í bókinni honum til heiðurs.

Þeir sem óska að skrá nafn sitt á heillaóskaskrána fá bókina með góðum afslætti, eða á kr. **5.990** í stað 7.490 og er sendingarkostnaður innifalinn. Hægt er að panta bókina á heimasíðu Skruddu, **www.skrudda.is**, senda tölvupóst á **skrudda@skrudda.is** eða hringja í síma **552-8866**, fyrir 15. apríl nk.

SKRUDDA
Eyjarslóð 9 – 101 Reykjavík
S. 552 8866 – skrudda@skrudda.is




## Nei ráðherra! **Tveggja tíma hláturskast**

★★★★½

**„Mjög vel heppnaður farsi, hraður og ótrúlega fyndinn“**– IÞ, Mbl

**„Feiknafyndin, þétt og flott sýning“**– KHH, Fréttatíminn

**„Fimm stjörnu farsi“** – HG, Bylgjunni

**„Óstöðvandi, hömlulaus hlátur“** – BS, pressan.is

**„Óhætt að lofa góðum hláturgusum“** – EB, Fbl

| | | | |
|---|---|---|---|
| lau. | 2/4 | kl. 19 | **UPPSELT** |
| sun. | 3/4 | kl. 20 | **UPPSELT** |
| fim. | 7/4 | kl. 20 | **UPPSELT** |
| lau. | 9/4 | kl. 19 | **UPPSELT** |
| lau. | 9/4 | kl. 22 | **UPPSELT** |
| sun. | 10/4 | kl. 20 | **UPPSELT** |
| sun. | 17/4 | kl. 20 | **UPPSELT** |
| fös. | 29/4 | kl. 19 | **UPPSELT** |
| fös. | 29/4 | kl. 22 | örfá sæti |
| lau. | 30/4 | kl. 19 | **UPPSELT** |
| lau. | 30/4 | kl. 22 | örfá sæti |
| fim. | 5/5 | kl. 20 | **UPPSELT** |
| lau. | 7/5 | kl. 19 | **UPPSELT** |
| sun. | 8/5 | kl. 20 | örfá sæti |
| fös. | 13/5 | kl. 19 | örfá sæti |
| fös. | 13/5 | kl. 22 | |
| sun. | 15/5 | kl. 20 | örfá sæti |
| fim. | 19/5 | kl. 20 | **UPPSELT** |

**Yfir 23.000 miðar seldir!**

## Strýhærði Pétur: **Hryllilega krassandi ruslópera**

★★★★

**„Mikið er nú gaman í leikhúsi þegar það er gaman!“** – EB, Fbl

**„Skemmtileg og hressandi leikhúsupplifun, öðruvísi og ögrandi“** – IÞ, Mbl

**„Dásamlegt sjónarspil... mæli eindregið með sýningunni“** – SA, TMM

**„Frumleg og afskaplega flott sýning“** – KHH, Fréttatíminn

**„Afar vel heppnuð leiksýning, skemmtileg, lifandi og óvænt“** – SG, Víðsjá

| | | | |
|---|---|---|---|
| lau. | 2/4 | kl. 20 | örfá sæti |
| sun. | 3/4 | kl. 20 | **UPPSELT** |
| mið. | 6/4 | kl. 20 | **UPPSELT** |
| fim. | 7/4 | kl. 20 | örfá sæti |
| fös. | 8/4 | kl. 20 | **UPPSELT** |
| lau. | 9/4 | kl. 20 | **UPPSELT** |
| sun. | 10/4 | kl. 20 | örfá sæti |
| sun. | 17/4 | kl. 20 | **UPPSELT** |
| fim. | 28/4 | kl. 20 | **UPPSELT** |
| fös. | 29/4 | kl. 20 | **UPPSELT** |
| lau. | 30/4 | kl. 20 | **UPPSELT** |

Verkið tekur um 75 mínútur í flutningi og áhorfendur standa á meðan. Sýningin er ekki við hæfi ungra barna.

SNARPUR SÝNINGARTÍMI




Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is

Borgarleikhúsið

„Í uppeldi skiptir mestu að spyrja hvernig við gerum gott úr öllu í stað þess að þrástagast á „hver byrjaði". Við þurfum núna á allri okkar jákvæðni að halda og rétta sáttarhönd til alþjóðasamfélagsins, til okkar sjálfra og til framtíðarinnar. Ég segi já."



Margrét Pála Ólafsdóttir, skólastjóri

Já er leiðin áfram!

www.afram.is Áfram-hópurinn eru þverpólitísk grasrótarsamtök fólks sem telur að best sé fyrir okkur að ljúka Icesave málinu með samþykkt fyrirliggjandi samnings í þjóðaratkvæðagreiðslunni 9. apríl nk. Starf hópsins byggir á frjálsum framlögum einstaklinga og fyrirtækja og sjálfboðavinnu fjölda fólks.

# Leikið á dórófón í Listasafni Íslands

Frumflutt verða fjögur verk fyrir dórófón á tónleikum í Listasafni Íslands í dag.

Sandra Ósk Snæbjörnsdóttir leikur á dórófóninn í öllum verkunum en þau eru öll samin fyrir dórófón og eitt hefðbundið hljóðfæri.

Dórófónar eru rafhljómrænn strengjahljóðfæri sem Halldór Úlfarsson hefur þróað undanfarinn áratug. Hljóðfærið byggir á endurómun hljóðs og hefur verið útfært í nokkrum mismunandi gerðum.

Dórófónar hafa verið sýndir á hönnunar- og listsýningum víðs vegar um Evrópu og nokkrir tónsmiðir hafa notað þá í tónsmíðum sínum. Meðal annars var leikið á dórófón í uppfærslu Þjóðleikhússins á Lé konungi í vetur þar sem Sólrún Sumarliðadóttir lék verk Hildar Guðnadóttur.



**SANDRA SNÆBJÖRNSDÓTTIR** Leikur á dórófón í fjórum tónverkum sem frumflutt verða á tónleikum í Listasafni Íslands í dag.

Tónverkin sem flutt verða í Listasafninu í dag eru 295° fyrir dórófón og básúnu eftir Áka Ásgeirsson. Ingi Garðar Erlendsson leikur á básúnuna; Tónverk fyrir dórófón og harmóníku eftir Hafdísi Bjarnadóttur. Paula Engel leikur á harmóníku; Miniature nr. 6 fyrir dórófón og flygil eftir Hallvarð Ásgeirsson Herzog. Tinna Þorsteinsdóttir leikur á flygil; Amsterdam fyrir dórófón og hörpu eftir Jesper Pedersen. Katie Buckley leikur á hörpu.

Tónleikarnir í Listasafni Íslands í dag hefjast klukkan 14.

TJARNARBÍÓ
Söngleikjastund með Margréti Eir 2
Perlur söngleikjanna í tali og tónum
Darí Darí Dance Compani/ Steinun og Brian 3|6|10
2 íslensk dansverk
FRAMUNDAN:
Daníel Ágúst TÓNLEIKAR 13
Janis Joplin Bryndís Ásmunds. 30
Óperudraugurinn 7. MAÍ
NÁNAR Á WWW.TJARNARBIO.IS
Miðasalan er opin virka daga frá kl. 13-15
Sími: 527 2100
www.tjarnarbio.is
TJARNARBÍÓ Tjarnargötu 12 - 101 Reykjavík

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Laugardagur 2. apríl 2011**

### ➔ Tónleikar

**16.00 Lúðrasveit verkalýðsins** heldur árlega vortónleika sína í hátíðarsal Menntaskólans við Hamrahlíð í dag kl. 16. Þema tónleikanna er popp- og rokktónlist. Allir velkominir. Aðgangur ókeypis.

**21.30** Hljómsveitin **Humania Nota** heldur tónleika á **Café Haiti** í kvöld kl. 21.30. Hljómsveitarmeðlimir koma frá Tékklandi, Frakklandi, Íslandi og Guineu. Flutt verða lög á átta tungumálum. Miðaverð 1000 kr.

### ➔ Hátíðir

**15.00 Vinjettuhátíð** á Ísafirði verður haldin í Arnardal frá kl. 15-17 í dag. Um tónlist annast **Húsband Menntaskólans á Ísafirði.** Ármann Reynisson les ásamt fleirum.

**18.00 Vinjettuhátíð** á Flateyri verður haldin í **Vagninum** frá kl. 18-20 í kvöld. Fjölbreytt tónlistaratriði. Ármann Reynisson les ásamt fleirum.

### ➔ Opið Hús

**14.00 Félag eldri borgara** í Kópavogi verður með opið hús í Félagsheimilinu Gjábakka kl. 14 í dag. Boðið verður upp á tískusýningu. Harmonikuleikur á milli atriða.

### ➔ Tónlist

**14.00** Frumflutningur fjögurra verka fyrir dórófón fer fram í Listasafni Íslands í dag kl. 14. **Sandra Ósk Snæbjörnsdóttir** leikur á dórófóninn í öllum verkunum.

### ➔ Markaðir

**13.00 Fataleiga Garðabæjar** stendur fyrir fatamarkaði á Garðatorgi í dag frá kl. 13-18. Notaðar og nýjar vörur. Allir velkomnir.

### ➔ Útivist

**10.00 Landssamtök hjólreiðamanna** bjóða í hjólreiðaferð í dag kl. 10. Lagt verður af stað frá Hlemmi kl. 10.15. Allir velkomnir. Þátttaka ókeypis.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.**

Auglýsingasími 512 50 50
Allt sem þú þarft...

LYFJA – Lifið heil
www.lyfja.is

+15% afsláttur í apríl af 204 stykkja Nicotinell Fruit
Verð með afslætti:
2 mg 4.329 kr.
4 mg 6.119 kr.
Lægra verð í Lyfju

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing
FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing
Allt sem þú þarft...


KORPÚLFSSTÖÐUM - Laugardaginn 2.apríl - kl.13-17
• Sýning á verkum nemenda í útibúi skólans og opnar vinnustofur listamanna.
HRINGBRAUT 121 - Sunnudaginn 3. apríl - kl.12-18.
• Sýning á verkum nemenda Myndlistaskólans í Reykjavík.
• Kynning kl.14-16 á fullu námi: Mótun, Teikningu og Textíl og Myndlista- og hönnunarsviði.
• Köku- og keramik-tombóla - söfnun í ferðasjóð nemenda.
• Útgáfa 4.tölublaðs myndasögublaðsins AAA!!!
• BÍÓ - hreyfimyndir og stuttmyndir eftir börn og fullorðna.
VORSÝNING
MYNDLISTASKÓLINN Í REYKJAVÍK
www.myndlistaskolinn.is

Hringdu í síma 512 50 60 ef blaðið berst ekki

# _ Ó _ _ _

# STENDUR ALLTAF FYRIR SÍNU

GEFÐU GOTT VEGANESTI
TIL FRAMTÍÐAR

Stórglæsilegar fræðslubækur
í geysivinsælli ritröð









## Íslenskir málshættir & Íslensk orðtök

Eigulegar handbækur um
íslenskt mál í fallegri öskju

## Íslensk orðabók

Ómissandi leiðarvísir í
hentugri mjúkspjaldaútgáfu



FORLAGIÐ
www.forlagid.is



**15** *Bassaleikarinn Árni Hjörvar og félagar í bresku hljómsveitinni The Vaccines eru í 15. sæti breska breiðskífulistans þessa vikuna með plötuna What Did You Expect from The Vaccines.*



**MÖMMUSTELPA** Kate Hudson segir móður sína, leikkonuna Goldie Hawn, yngjast með árunum. NORDICPHOTOS/GETTY

## Hrósar mömmu

**Leikkonan Kate Hudson segist varla eiga orð yfir ágæti móður sinnar, Goldie Hawn, í viðtali við Daily Express. „Móðir mín lítur frábærlega út og er í rosalega formi miðað við aldur. Hún er að verða 65 ára og samt í betra formi en ég," segir Hudson en hún á von á sínu öðru barni með söngvara Muse, Matt Bellamy. „Ég er viss um að mamma á eftir að lifa lengur en við öll með þessu áframhaldi enda lítur hún betur út með hverju árinu."**

# MOTTUR Í MASSAVÍS Á BOSTON

**Hin árlega Tom Selleck-mottukeppni var haldin á skemmtistaðnum Boston á miðvikudaginn var. Samkeppnin var hörð en Friðrik Ingvar Ingimundarson bar sigur úr býtum en Styrmir Guðmundsson hreppti annað sætið. Útvarpsmaðurinn knái, Andri Freyr Viðarsson, var kynnir kvöldsins og sá um að halda uppi fjörinu á milli atriða.**



Styrmir Guðmundsson þótti vera með næstbestu mottu kvöldsins. Hér er hlýtur hann verðlaun sín.



**SIGURVEGARI KVÖLDSINS** Friðrik Ingvar Ingimundarson skartaði stórkostlegri mottu og var kosinn sigurvegari kvöldsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Valdi Garðars mætti í líki varðstjóra í villta vestrinu.



Þeir Ragnar Guðmundsson og Hilmar Friðrik Árnason voru flottir að sjá.



Ægir Ingimundarson var vígalegur á að líta er ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði.



Eins og sjá má var fjölmennt á Boston á miðvikudaginn. Leikkonan María Birta Björnsdóttir var á meðal áhorfenda.

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is




Skemmtileg vikuferð í sólina á Spáni þar sem fléttað er saman hreyfingu, gleði, dekri og fræðslu. Heilsukokkur matreiðir kræsingar fyrir hópinn. Hentar fyrir einstaklinga og hópa, konur og karla á öllum aldri. Gist er á litlu, fallegu hóteli sem er eingöngu fyrir Heilsuborgarhópinn.

Orihuela Costa Resort
12. – 19. maí
Verð frá 159.900 kr.*
og 15.000 Vildarpunktar
á mann m.v. 2 í tvíbýli
Innifalið: Flug til Alicante, flugvallaskattar, akstur til og frá flugvelli, gisting með hálfu fæði og íslensk fararstjórn.
* Verð án Vildarpunkta 169.900 kr.



Sirrý og Anna Borg sjúkra- og einkaþjálfari sjá um fararstjórn og námskeið á Spáni.

Vildarklúbbur
Þú getur notað Vildarpunktana hjá okkur
Hjá VITA getur þú lækkað verðið á ferðinni þinni um allt að 10.000 kr. með 15.000 Vildarpunktum. Auk þess eru veittir 2.500 Vildarpunktar fyrir allar keyptar ferðir í leiguflugi með VITA. Þannig öðlast þú stöðugt fleiri tækifæri til þess að njóta lífsins.

VITA er í eigu Icelandair Group.
ICELANDAIR GROUP
VITA er lífið
VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

## Brestir í sambandinu

Leikararnir Sean Penn og Scarlett Johansson hafa verið að stinga saman nefjum um nokkurt skeið. Tímaritið The Enquirer heldur því fram að Penn sé þó orðinn svo stjórnsamur að Johansson þoli ekki lengur við.

Penn er sagður heimsækja Johansson á tökustað kvikmyndarinnar We Bought a Zoo daglega og fellur hegðun hans ekki í kramið hjá samstarfsfélögum Johansson. „Hann verður fúll út í hvern þann mann sem svo mikið sem horfir í áttina að Scarlett og heimtar að starfsfólkið sinni öllum hennar þörfum. Ef Scarlett er svöng þá sendir Penn einhvern á næsta veitingastað til að ná í mat handa henni. Ef honum finnst eitthvað að förðuninni fær hann sminkurnar til að laga það. Þetta er allt mjög einkennilegt," var haft eftir innanbúðarmanni.

Sambandið er ekki talið eiga eftir að verða langlíft enda er Johansson nýskilin við leikarann Ryan Reynolds. „Scarlett hélt að það yrði gaman að eyða stund með Sean eftir skilnaðinn en hún vill ekki eyða tíma með einhverjum sem hagar sér eins og faðir hennar."



**SAMBANDSSLIT Í AÐSIGI** Samband Scarlett Johansson og Seans Penn gengur ekki vel. Hann þykir með eindæmum stjórnsamur.

## Minnast Morrison

Robby Krieger og Ray Manzarek, fyrrverandi liðsmenn hljómsveitarinnar The Doors, halda tónleika í júlí í tilefni þess að þrjátíu ár verða liðin síðan Jim Morrison dó. Tónleikarnir verða haldnir í París þar sem söngvarinn lést í baðkari 3. júlí 1971. Krieger og Manzarek eru á leiðinni í tónleikaferð í sumar þar sem þeir ferðast einnig til Ísraels, Rússlands og Hollands. The Doors hefur selt yfir áttatíu milljónir platna um heim allan. Árið 1991 leikstýrði Oliver Stone myndinni The Doors þar sem Val Kilmer lék Jim Morrison.



**JIM MORRISON** Þrjátíu ár verða liðin frá dauða goðsagnarinnar í júlí næstkomandi.

# VORSPRENGJA

# 40% - 70%

AFSLÁTTUR

**Aðeins þessa helgi**

Opið
laugardag milli kl. 11 og 16
sunnudag milli kl. 13 og 17

VÖRUR FRÁ:

STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN
KRINGLAN - SMÁRALIND

ecco
Kringlan - Smáralind

Kaupfélagið
Kringlunni - Smáralind

skór.is
KRINGLAN • SMÁRALIND

Þú finnur okkur á: facebook

Toppskórinn Outlet

VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109




4 vikna námskeið
- Sérhannað árangursríkt æfingakerfi
- Mótar og styrkir upphandleggi og efri part
- 2 fastir tímar á viku
- 2 tímar í tækjasal með einkaþjálfara
- Handklæði og herðanudd í pottunum
- Geggjaður árangur!

Hefst 5. apríl

Losaðu þig endanlega við slappa upphandleggsvöðva!

Skráðu þig strax í síma 444-5090

Nýtt námskeið - „Byssur í stað BINGÓVÖÐVA“! Frábært námskeið fyrir konur sem hefst n.k. þriðjudag kl. 19:30. Æfingarnar miða að því að styrkja “BINGÓ-vöðvann sem margir kalla og breyta honum í “BYSSU” (eins og strákarnir segja). Skemmtilegur tími sem styrkir og mótar efri part líkamans.

NORDICASPA
Hilton Reykjavík Nordica - Suðurlandsbraut 2
Sími 444 5090 - www.nordicaspa.is

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRI SKEMMTUN
Meiri Vísir.
vísir

# Taylor kveður með stæl

**Elizabeth Taylor virðist ætla að kveðja með stæl. Hún skilur eftir sig slóð leyndarmála og auðæva og það má búast við hörðum deilum erfingja um hver hljóti allt góssið.**



**LEYNDARMÁL** Elizabeth Taylor bjó yfir leyndarmáli James Dean sem nú hefur verið afhjúpað; Dean var kynferðislega misnotaður í æsku af presti skömmu eftir andlát móður hans. NORDICPHOTOS/GETTY

Elizabeth Taylor andaðist á sjúkrahúsi í síðustu viku og þar með lauk merkilegum kafla í sögu Hollywood. En þótt leikkonan væri horfin á vit feðra sinna hefur hún enn talsverð áhrif út fyrir eigin gröf. Leyndarmál frægra Hollywood-stjarna, sem Liz geymdi í hjarta sínu, eru afhjúpuð.

Meðal þeirra leyndarmála er saga James Dean, stórleikarans sem lést langt fyrir aldur fram. Taylor og Dean léku saman í The Giant og urðu fljótt miklir vinir enda jafnaldrar. Dean lifði hratt, elskaði hraðskreiða bíla og reykti eins og strompur. Samkvæmt vefsíðunni Huffington Post trúði Dean Taylor fyrir sínum dýpstu leyndarmálum og hann tók af henni það loforð að saga hans mætti ekki koma fram í dagsljósið fyrr en eftir daga þeirra beggja. Þegar Dean var ellefu ára missti hann móður sína og var prestur fenginn til að leiðbeina honum gegnum sorgina. Sá reyndist hins vegar vera úlfur í sauðargæru því hann misnotaði leikarann kynferðislega. „Við töluðum mikið um þetta, vöktum saman á næturnar. Þetta fylgdi honum alla tíð, held ég,“ sagði Taylor.

En það eru ekki bara leyndarmál Hollywood-stjarna sem Taylor geymdi því leikkonan skildi eftir sig umtalsverð auðævi. Samkvæmt Daily Mail eru eignir hennar metnar á einn milljarð dollara og hún er þar með ein af fjórtán konum sem státað geta af því. Taylor átti glæsilegt safn skartgripa sem metnir eru á 150 milljónir dollara og þar að auki fjöldann allan af húseignum, meðal annars glæsivillu í Los Angeles sem metin er á 150 milljónir dollara.

Taylor gekk kirfilega frá erfðaskránni og eignum hennar á að skipta á milli barnanna hennar fjögurra og þeirra góðgerðastofnana sem hún hefur lagt nafn sitt við. Hins vegar eru þegar risnar upp miklar deilur milli barnanna um hver eigi að erfa Taylor-veldið því það mun áfram græða peninga þrátt fyrir dauða leikkonunnar. Arden-fyrirtækið ætlar til að mynda að framleiða viðhafnarútgáfu af ilmvatni Taylor og svo má fastlega gera ráð fyrir því að varningur tengdur Taylor eigi eftir að seljast eins og heitar lummur. freyrgigja@frettabladid.is

# Tengdó hefur slæm áhrif á sambandið

Hjónaband leikkonunnar Katherine Heigl og eiginmanns hennar, Josh Kelley, gengur ekki nógu vel, ef marka má fréttir The National Enquirer. Tímaritið greinir frá því að Kelley sé orðinn þreyttur á að hafa tengdamóður sína stanslaust inni á heimilinu.

„Josh er mjög þolinmóður maður en hann er orðinn þreyttur á því að koma alltaf í öðru sæti á eftir Nancy, tengdamóður sinni. Hún býr í næsta nágrenni við þau hjónin en eyðir mestum tíma sínum inni á heimili þeirra. Hún ferðast meira að segja með þeim þegar þau eiga frí og þetta er farið að hafa áhrif á hjónalíf þeirra,“ var haft eftir heimildarmanni.

Heigl og móðir hennar eru ekki aðeins bestu vinkonur, móðir hennar er einnig umboðsmaður Heigl og viðskiptafélagi og því eyða þær umtalsverðum tíma saman. „Þetta er of mikið fyrir Josh. Hann verður stanslaust pirraður og honum líður eins og hann sé kvæntur tveimur konum, Katherine og móður hennar.“



**ERFIÐLEIKAR** Samband Katherine Heigl við móður sína er farið að hafa slæm áhrif á hjónaband hennar. NORDICPHOTOS/GETTY

# Travolta sem Gotti

John Travolta hefur samþykkt að leika hinn alræmda glæpaforingja John Gotti í nýrri kvikmynd um ævi hans. Travolta hefur verið orðaður við hlutverkið í dálítinn tíma og stutt er síðan fregnir bárust af fundi hans og Johns Gotti yngri. Hann hefur lagt blessun sína yfir aðild Travolta að myndinni, rétt eins og systir hans Victoria. Myndin heitir Gotti: Three Generations og leikstjóri verður Nick Cassavetes. Travolta lék síðast í hasarmyndinni From Paris With Love þar sem Jonathan Rhys Meyer lék á móti honum.



**LEIKUR GLÆPAFORINGJA** John Travolta leikur John Gotti í mynd um ævi hans.



# LAGERSALA

**MIKIÐ ÚRVAL AF GLÆSILEGUM ÚTIVISTAR- OG GOLFFATNAÐI**

## ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR

| VERÐDÆMI | ÁÐUR | NÚ |
|---|---|---|
| **Útivist:** | | |
| 3 laga jakkar | 37.990 | **15.900** |
| 3 laga buxur | 37.990 | **18.900** |
| Útivistarjakkar | 24.990 | **9.900** |
| Barnaúlpur | 17.990 | **7.900** |
| Skíðabuxur barna | 13.990 | **6.900** |
| Skíðaúlpur 2 laga | 29.990 | **14.900** |
| Skíðabuxur | 22.990 | **9.900** |
| Soft shell barnapeysur | 14.990 | **2.900** |
| Barnagallar | 11.990 | **5.900** |
| Barnaregnjakkar | 10.990 | **4.900** |
| Regnbuxur | 12.990 | **7.900** |
| Göngubuxur | 22.990 | **7.900** |
| Soft shell jakkar | 15.990 | **3.900** |
| **Golf:** | | |
| Golfjakkar | 19.990 | **9.900** |
| Golfbolir | 10.990 | **5.900** |
| Golfpeysur | 13.990 | **7.900** |
| Golfregnbuxur | 22.990 | **12.900** |
| Golfbuxur | 13.990 | **7.900** |

| OPNUNARTÍMAR | | |
|---|---|---|
| Laugardagur | 2. apríl | kl. 10–18 |
| Sunnudagur | 3. apríl | kl. 11–18 |
| Mánudagur | 4. apríl | kl. 12–20 |



**Lagersala ZO-ON - Nýbýlavegi 18 (Dalbrekkumegin) - Kópavogi - www.zo-on.is**

ZO•ON ICELAND
www.zo-on.is

# Ævintýri að spila með Allen

**Samúel Jón Samúelsson er mjög spenntur fyrir tónleikum Stórsveitar sinnar og nígeríska trommuleikarans Tony Allen. Þeir hittust fyrst á klúbbi í London og hafa verið í sambandi síðan.**

Stórsveit Samúels Jóns Samúelssonar spilar í Tjarnarbíói 1. júní á Listahátíð í Reykjavík með einu af átrúnaðargoðum hans, nígeríska trommuleikarum Tony Allen.

Fréttablaðið greindi á síðasta ári frá fundi þeirra Samúels og Allen á tónlistarhátíðinni Nattjazz í Noregi. Þá reyndi Samúel að fá Allen til Íslands og tók Allen vel í það. „Ég hitti hann fyrst fyrir nokkrum árum baksviðs þegar hann var að spila á sama klúbbi og Jagúar í London. Ég spjallaði við hann og setti mig svo í samband við umboðsmann hans. Ég reyndi að fá hann til Íslands 2008 en það gekk ekki. Svo hitti ég hann aftur í vor og hafði í kjölfarið samband við umboðsmanninn. Núna er búið að lenda þessu," segir Samúel og er að sjálfsögðu sáttur við niðurstöðuna. „Hann kemur hérna og æfir aðeins með okkur og svo höldum við þessa tónleika. Þetta verður geðveikt ævintýri."

Tony Allen er þekktur fyrir að hafa spilað með landa sínum Fela Kuti í rúman áratug og er einn af mönnunum á bak við „afrobeat"-tónlistarstefnuna. Undanfarin ár hefur hann spilað með ýmsum flytjendum, þar á meðal Damon Albarn, Flea, Sebastien Tellier og frönsku hljómsveitinni Air.

Spurður út í frekara samstarf við Allen segir Samúel: „Við sjáum bara til. Ég stefni á að vera með nýja músík á prógramminu og ég ætla líka að taka upp tónleikana. Við sjáum til hvað kemur út úr þessu."

freyr@frettabladid.is



**GÓÐUR LIÐSSTYRKUR** Stórsveit Samúels J. Samúelssonar á Íslensku tónlistarverðlaununum fyrir skömmu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**SPILA SAMAN** Samúel Jón Samúelsson og Tony Allen í Noregi í fyrra. Þeir spila saman í fyrsta sinn í Tjarnarbíói í sumar.


SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ FULLKOMIN GÆÐI!




SMÁRABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| KURTEIST FÓLK | KL. 1 - 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| KURTEIST FÓLK LÚXUS | KL. 1 - 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| HOPP ÍSLENSKT TAL | KL. 1 (750 kr) - 2 - 3.15 - 4.15 - 5.50 | L |
| LIMITLESS | KL. 8 - 10.20 | 14 |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 3.30 - 5.45 - 8 | L |
| BATTLE: LA | KL. 10.15 | 12 |
| NO STRINGS ATTACHED | KL. 8 - 10.20 | 12 |
| RANGO ÍSLENSKT TAL | KL. 1 (750 kr) | L |

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — 5%

| | | |
|---|---|---|
| KURTEIST FÓLK | KL. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.10 | L |
| HOPP ÍSLENSKT TAL | KL. 3 (750 kr) - 5.45 | L |
| LIMITLESS | KL. 8 - 10.20 | 14 |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.10 | L |
| BIUTIFUL | KL. 6 - 9 | 12 |
| RANGO ÍSLENSKT TAL | KL. 3.20 (750 kr) | L |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| HOPP ÍSLENSKT TAL | KL. 2 (600KR) - 4 - 6 | L |
| RANGO ÍSLENSKT TAL | KL. 2 (600KR) | L |
| KURTEIST FÓLK | KL. 6 - 8 - 10 | L |
| LIMITLESS | KL. 10 | 14 |
| NO STRINGS ATTACHED | KL. 8 | 12 |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 4 | L |

Nánari upplýsingar og miðasala á midi.is 5%
facebook/smarabio • facebook/haskolabio
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ GILDA EKKI Í BORGARBÍÓI

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075




Tilboð í bíó. Gildir á fyrstu sýningar dagsins.

LAUGARÁSBÍÓ — Sýningartímar

| | |
|---|---|
| HOPP - ISL TAL | 2(700 kr), 3, 4 og 5 |
| HOPP - ENS TAL | 6, 8 og 10 |
| KURTEIST FÓLK | 4, 6, 8 og 10 |
| NO STRINGS ATTACHED | 8 og 10.10 |
| RANGO - ISL TAL | 2(700 kr) |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| SUCKER PUNCH | kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| SUCKER PUNCH | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| THE ADJUSTMENT BUREAU | kl. 8 - 10:20 | 10 |
| THE ADJUSTMENT BUREAU | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | VIP |
| UNKNOWN | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| MÖMMUR VANTAR Á MARS-3D M/ ísl. Tal | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| HALL PASS | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| THE WAY BACK | kl. 5:40 | 12 |
| RANGO M/ ísl. Tal | kl. 1:30 - 3:40 | L |
| JUSTIN BIEBER MOVIE Með texta | kl. 3:40 - 5:50 - 8 | L |
| THE RITE | kl. 10:20 | 16 |
| GEIMAPARNIR 2 M/ ísl. Tal | kl. 1:30 | L |
| YOGI BEAR M/ ísl. Tal | kl. 2 - 3:50 | L |
| ÆVINTÝRALEGUR FLÓTTI M/ ísl. Tal | kl. 1:30 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| SUCKER PUNCH | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| MÖMMUR VANTAR Á MARS-3D M/ ísl. Tal | kl. 2 - 4 | L |
| THE ADJUSTMENT BUREAU | kl. 6 | 10 |
| GEIMAPARNIR 2 M/ ísl. Tal | kl. 2 | L |
| JÓGI BJÖRN | kl. 4 | L |
| HALL PASS | kl. 6 | 12 |
| UNKNOWN | kl. 8 - 10:20 | 12 |

SPARBÍÓ KR 650 Á SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU OG KR. 950 Á 3D MERKT GRÆNU

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| SUCKER PUNCH | kl. 5.25 - 8 - 10.35 | 12 |
| LIMITLESS | kl. 5.25 - 8 - 10.35 | 14 |
| UNKNOWN | kl. 5.25 - 8 - 10.35 | 16 |
| BATTLE: LOS ANGELES | kl. 5.20 | 12 |
| HALL PASS | kl. 8 | 12 |
| ADJUSTMENT BUREU | kl. 10.35 | 10 |
| MARS NEEDS MOMS-3D M/ ísl. Tali | kl. 1 - 3.10 | L |
| RANGO M/ ísl. Tali | kl. 1 - 3.10 | L |
| JUSTIN BIEBER-3D textalaus | kl. 3.15 | L |
| JÓGI BJÖRN-3D M/ ísl. Tali | kl. 1 - 3.10 | L |
| TANGLED-3D M/ ísl. Tali | kl. 1 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| SUCKER PUNCH | kl. 1:40 - 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| ADJUSTMENT BUREAU Númeruð sæti | kl. 6-8:20-10:30 | 10 |
| UNKNOWN Númeruð sæti | kl. 10:20 | 16 |
| MÖMMUR VANTAR Á MARS-3D M/ ísl. Tali | kl. 2 - 3:50 | L |
| THE KING´S SPEECH Númeruð sæti | kl. 5:40 | L |
| TRUE GRIT Númeruð sæti | kl. 8 | 16 |
| YOGI BEAR-3D M/ ísl. Tali | kl. 4 | L |
| ÆVINTÝRALEGUR FLÓTTI M/ ísl. Tali | kl. 1:20 -3:30 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| HOP ísl. Tal | kl. 2 - 4 - 6 - 8 | L |
| KURTEIST FÓLK | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 7 |
| SEASON OF THE WITCH | kl. 10:10 | 14 |
| MÖMMUR VANTAR Á MARS ísl. Tal | kl. 1:30 | L |
| RANGO ísl. Tal | kl. 3:40 | L |

BAR & CAFÉ BÍÓ PARADÍS
LAUGARDAGUR/SUNNUDAGUR

| | |
|---|---|
| BLUE VALENTINE (L) | 17:50, 20:10, 22:30 |
| FOUR LIONS (L) | 18:00, 20:00, 22:00 |
| BLACK SWAN (14) | 17:50, 20:00, 22:10 |
| LOVE AND OTHER DRUGS (L) | 22:10 |
| ANOTHER YEAR (L) | 17:40 |
| MAX OPHULS MÁNUÐUR: MADAME DE | 20:00 |




MUNIÐ AÐGANGSKORTIN! Allt að 37% afsláttur
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS

SPARBÍÓ
VERIÐ ÖRUGG - VERSLIÐ Á SPARBÍÓSÝNINGARNAR Á WWW.SAMBIO.IS




TILBOÐSSÝNINGAR MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 950 Á GRÆNT OG KR. 650 Á APPELSÍNUGULT







adidas
all light all fast
Jói útherji
síðan 1999
adizero™
adidas.com/football

**sport**
sport@frettabladid.is



**BIRNA VALGARÐSDÓTTIR**, fyrirliði Keflavíkurliðsins í Iceland Express-deild kvenna í körfubolta, verður í dag fyrst til að taka þátt í tíu úrslitaeinvígum um Íslandsmeistaratitilinn í kvennakörfunni. Birna var fyrst með í lokaúrslitum vorið 1999 og hefur fimm sinnum orðið Íslandsmeistari. Fyrsti leikur Keflavíkur og Njarðvíkur fer fram klukkan 16.00 í Keflavík en það lið sem vinnur fyrr þrjá leiki verður Íslandsmeistari í Iceland Express-deild kvenna.



**PISTILLINN**
**Helga Margrét Þorsteinsdóttir** frjálsíþróttakona

## Hvers virði er að klífa Everest með lokuð augun?

Flestir íþróttamenn vita hversu mikilvægt og hvetjandi það er að setja sér markmið. Ef þú veist ekki hvert þú stefnir þá endar þú örugglega einhvers staðar annars staðar.

Ég legg mjög mikið upp úr markmiðssetningu og hef gert í nokkur ár. Það var þó ekki fyrr en síðasta haust sem ég gerði mér grein fyrir því að það er í raun ekki áfangastaðurinn sjálfur sem skiptir mestu máli heldur vegferðin að áfangastaðnum.



Ég áleit að til þess að uppskera þyrfti ég fyrst að taka út góðan skammt af vanlíðan og þjáningu. Lífið myndi svo loksins hefjast þegar ég væri búin að ná markmiðinu. Það nær enginn árangri í vanlíðan.

Lykillinn að árangri er að líða vel, vera sáttur og njóta líðandi stundar. Auðvitað þarf maður að færa ýmsar fórnir en það á heldur ekki að vera auðvelt að ná markmiði sínu. Maður ætti að njóta þess að leggja sig allan fram í æfingar dagsins en ekki álíta þær einhverja kvöð sem maður „verði“ að klára ætli maður sér að ná markmiðum sínum. Þá er markmiðið ekki lengur vegvísirinn heldur íþyngjandi byrði.

Í mínum huga skiptir upplifunin mestu máli. Að gefa sér tíma til að staldra við, líta í kringum sig og upplifa öll litlu kraftaverkin sem munu skila manni alla leið á toppinn.

Ekki flýta sér of mikið, taka eitt skref í einu og leyfa hlutunum að hafa sinn gang. Ég hef a.m.k. engan áhuga á því að líta til baka þegar ferlinum lýkur og uppgötva þá að ég gleymdi alveg að njóta þess sem felst í því að vera afreksíþróttamaður, einfaldlega vegna þess að ég var of upptekin af því að hugsa um endamarkið.

Ég ætla miklu frekar að njóta vegferðarinnar og safna dýrmætum minningum – ég ætla að hafa augun opin á meðan ég klíf Everest, og hafa myndavélina á lofti!

# KEFLVÍKINGAR ENN Á LÍFI

**Keflavík slapp undan sópnum og tryggði sér fjórða leikinn í einvíginu á móti KR eftir dramatískan 139-135 sigur í framlengdum leik í DHL-höllinni í gær. Andrija Ciric skoraði 31 af 42 stigum sínum í seinni hálfleik og framlengingu.**

**KÖRFUBOLTI** Keflvíkingar höfðu engan áhuga á að fara í sumarfrí og unnu frábæran sigur í þriðja leiknum gegn KR í undanúrslitum um Íslandsmeistaratitilinn í Iceland Express-deild karla, 135-139, í framlengdum leik í Vesturbænum í gærkvöldi. Fjórði leikurinn er á mánudagskvöld.

Leikurinn var hraður, jafn og spennandi og fengu fjölmargir áhorfendur svo sannarlega mikið fyrir peninginn í gærkvöldi. Allt annað var að sjá til Keflvíkinga en í undanförnum leikjum og börðust þeir af krafti í alla bolta. Marcus Walker fann sig ekki í fyrri hálfleik hjá KR en hann komst ekki á blað. Staðan í hálfleik var 49-53 fyrir gestina.

Lokamínútur leiksins voru æsispennandi. Þegar skammt var eftir af leiknum virtust Keflvíkingar vera að sigla sigrinum í hús en eins og körfuboltaáhugamenn ættu að vera búnir að læra þá gefst KR aldrei upp. Þegar sjö sekúndur voru eftir af leiknum hafði Keflavík þriggja stiga forystu. Brynjar Þór Björnsson setti þá niður svakalegan þrist fyrir heimamenn þegar tvær sekúndur voru eftir og tryggði KR-ingum framlengingu, 106-106. Sigurður Gunnar Þorsteinsson var ekki langt frá því að tryggja Keflvíkingum sigurinn úr síðustu sókn leiksins en niður vildi boltinn ekki.

KR-ingar voru komnir í villuvandræði fyrir framlenginguna og höfðu meðal annars misst Fannar Ólafsson af velli með fimm villur. Keflvíkingar gengu á lagið í framlengingunni og innbyrtu sigur í frábærum körfuboltaleik sem verður áhorfendum leiksins vafalaust lengi í minnum hafður.

Andrija Ciric átti magnaðan leik fyrir Keflavík í gær því hann skoraði alls 42 stig og hefur líklega aldrei leikið betur hér á landi. Hjá KR var Marcus Walker atkvæðamestur með 29 stig þrátt fyrir að hafa ekki sett niður stig í fyrri hálfleik. Pavel Ermolinskij náði þrefaldri tvennu þegar hann skoraði 12 stig, tók 15 fráköst og gaf 17 stoðsendingar.

Guðjón Skúlason var afar kátur í leikslok. „Eftir að hafa misst leikinn í framlengingu þá er þetta afar sætt og ég er stoltur af liðinu. Við stigum upp sem lið og sýndum að við erum í þessu af alvöru. Við vorum ekki tilbúnir að fara í sumarfrí. Við eigum meira inni og við förum með mikið sjálfstraust inn í fjórða leikinn.“

Hreggviður Magnússon átti frábæran leik fyrr KR og skoraði alls 28 stig. Hann var vonsvikinn í leikslok. „Ég hefði frekar kosið að skora núll stig og vinna. Sóknarleikurinn hjá okkur var góður en varnarlega vorum við daprir. Við fengum alltof margar villur og dómararnir voru kannski að flauta meira á okkur. Við mætum tvíefldir til Keflavíkur.“ **- jjk**



**10 stig á 43 sekúndum**

Brynjar Þór Björnsson náði að koma KR-liðinu í framlengingu með því að skora fjórar körfur og 10 stig á síðustu 43 sekúndunum í fjórða leikhluta og á meðan fór staðan úr 96-103 fyrir í Keflavík í 106-106.

**BAR KEFLAVÍKURLIÐIÐ Á HERÐUM SÉR** Andrija Ciric átti frábæran leik í DHL-höllinni í gærkvöldi, sérstaklega í seinni hálfleik og framlengingunni. Hér skorar hann tvö af 42 stigum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**KR-Keflavík 135-139 (49-53, 106-106) Staðan: 2-1**

**Stig KR:** Marcus Walker 29, Hreggviður Magnússon 28 (21 mín.), Brynjar Þór Björnsson 25 (7 frák./5 stoðs.), Finnur Atli Magnússon 14, Pavel Ermolinskij 12 (15 frák./17 stoðs.), Fannar Ólafsson 12, Jón Orri Kristjánsson 5, Skarphéðinn Freyr Ingason 5, Ólafur Már Ægisson 3, Ágúst Angantýsson 2.

**Stig Keflavíkur:** Andrija Ciric 42, Thomas Sanders 22 (7 frák./9 stoðs.), Magnús Þór Gunnarsson 21, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 20 (11 frák.), Hörður Axel Vilhjálmsson 14 (9 stoðs.), Gunnar Einarsson 12, Þröstur Leó Jóhannsson 4, Jón Nordal Hafsteinsson 4.

**Staðan í einvíginu** er 2-1 fyrir KR og næsti leikur er í Keflavík á mánudagskvöldið.

Hannes Þorsteinn Sigurðsson samdi við FH í gær:

## Þarf að missa nokkur kíló

**FÓTBOLTI** Framherjinn sterki Hannes Þorsteinn Sigurðsson skrifaði í gær undir samning við uppeldisfélag sitt, FH. Samningurinn er út þessa leiktíð.

Hannes hefur undanfarin ár verið í atvinnumennsku en framtíð hans hefur verið í óvissu síðustu mánuði.

„Það er gríðarlegur léttir að vera búinn að klára mín mál og gott að vera kominn heim,“ sagði Hannes, sem hefur verið talsvert meiddur síðustu vikur en er kominn á fullt.

„Ég á nokkuð í land og þarf einnig að losa mig við einhver kíló. Það kemur allt saman,“ sagði Hannes sem fór með FH-liðinu í æfingaferð erlendis í dag. **- hbg**



**HRESSIR** Hannes handsalar hér samninginn við Jón Rúnar Halldórsson, formann knattspyrnudeildar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




# ecco® Golf Street

## Vinsælustu golfskórnir í dag

### Dömu



Golf Street golfskór
**Verð kr. 18.995**
